

**I EES-STOFNANIR****1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

<b>98/EES/42/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn ..... 1
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa ..... 3
<b>98/EES/42/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn ..... 10
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/97 frá 11. júní 1997 um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ..... 11
<b>98/EES/42/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn ..... 12
	Tilskipun ráðsins 97/26/EB frá 2. júní 1997 um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskírteini ..... 13
<b>98/EES/42/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn ..... 16
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/34/EB frá 6. júní 1997 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/75 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins ..... 17
<b>98/EES/42/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn ..... 18
	Ályktun ráðsins 97/C 194/03 frá 17. júní 1997 um notkun fjarvirkni við flutninga á vegum, einkum að því er varðar rafræna innheimtu gjalda ..... 19
<b>98/EES/42/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn ... 22
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB frá 20. júní 1997 um breytingu á viðauka C við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE ..... 23

<b>98/EES/42/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn ..... 25	25
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/89/EB frá 17. desember 1996 um breytingu á tilskipun 95/12/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota ..... 26	26
<b>98/EES/42/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 27	27
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/55/EB frá 4. september 1996 um aðra aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (klóruð leysiefni) ..... 28	28
<b>98/EES/42/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 30	30
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/10/EB frá 26. febrúar 1997 um þriðju aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (krabbameinsvaldandi, stökkbreyti-valdandi og þeirra sem hafa eiturrhif við æxlun) ..... 31	31
<b>98/EES/42/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 35	35
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/65/EB frá 11. október 1996 um fjórðu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 88/379/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum og breytingu á tilskipun 91/442/EBE um umbúðir hættulegra efna sem skulu vera þannig að börn geti ekki opnað þær ..... 36	36
<b>98/EES/42/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 39	39
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1492/96 frá 26. júlí 1996 um breytingu á II. og III. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna ..... 40	40
<b>98/EES/42/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn ..... 72	72
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB frá 3. mars 1997 um bótakerfi fyrir fjárfesta ..... 73	73
<b>98/EES/42/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins ..... 82	82
	Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1400/97/EB frá 30. júní 1997 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins um heilsugæslu innan aðgerðarammans á sviði almannageilbrigðis (1997 til 2001) ..... 83	83

<b>98/EES/42/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn .....	93
	Tilskipun ráðsins 96/97/EB frá 20. desember 1996 um breytingu á tilskipun 86/378/EBE um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna innan almannatryggingakerfa einstakra starfsgreina .....	94
<b>98/EES/42/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn .....	99
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga .....	100
<b>98/EES/42/16</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn .....	110
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/283/EB frá 21. apríl 1997 um samræmdar mælingaraðferðir til að ákvarða massastyrk díoxína og fúrana í útblæstri í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB um brennslu hættulegs úrgangs .....	111
<b>98/EES/42/17</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn .....	112
	Tilskipun ráðsins 95/64/EB, KBE frá 8. desember 1995 um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó .....	119
	Tilskipun ráðsins 95/57/EB frá 23. nóvember 1995 um söfnun tölfræðilegra upplýsinga á sviði ferðaþjónustu .....	135
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 frá 22. maí 1995 um hagskýrslur um vöruviðskipti milli bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins .....	143
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/96 frá 18. janúar 1996 um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess .....	148
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 840/96 frá 7. maí 1996 um tiltekin ákvæði til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 að því er varðar hagskýrslur um utanríkisverslun .....	155
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2744/95 frá 27. nóvember 1995 um hagskýrslur um launakerfi og dreifingu tekna .....	166
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysliverðs .....	170
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/14/EB frá 19. desember 1995 um fresti til að skila Hagstofu Evrópubandalaganna niðurstöðum kannana um nýtingu bújarða 1995 .....	174
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/170/EB frá 15. febrúar 1996 um aðlögun á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 um skipulag kannana bandalagsins á nýtingu bújarða frá 1998 til 1997 og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 89/651/EBE um skilgreiningar könnunaratriða og um skrána yfir landbúnaðarafurðir með tilliti til fyrrnefndra kannana .....	176

	Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 959/93 frá 5. apríl 1993 um tölfræðilegar upplýsingar sem aðildarríkjunum ber að skila um aðrar ræktunarfurðir en korn .....	189
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2597/95 frá 23. október 1995 um að aðildarríki sem stunda fiskveiðar á tilteknum svæðum utan Norðvestur-Atlantshafs leggi fram aflaskýrslur .....	204
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 788/96 frá 22. apríl 1996 um skil aðildarríkjanna á hagtölum um afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni .....	242
<b>98/EES/42/18</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins .....	249
<b>98/EES/42/19</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn .....	250
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2600/97 frá 19. desember 1997 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3094/95 frá 22. desember 1995 um aðstoð til skipasmíða .....	251
<b>98/EES/42/20</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn .....	252
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE frá 18. desember 1996 um bandalagsreglur um ríkisaðstoð við stáliðnaðinn .....	254

### 3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

### 4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

### 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

### 2. Eftirlitsstofnun EFTA

### 3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

### 1. Ráðið

### 2. Framkvæmdastjórnin

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES42/01

nr. 1/98  
frá 30. janúar 1998

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/96 frá 4. október 1996<sup>(1)</sup>.

XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/96 frá 31. maí 1996<sup>(2)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilskipun 97/5/EB gildir einnig um færslu fjármuna milli landa í gjaldmiðlum Liechtenstein, Íslands og Noregs.

Tilskipun 97/5/EB skal felld inn í IX. viðauka og skráð í XIX. viðauka við samninginn í upplýsingarskyni eingöngu.

### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 16. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„16a. **397 L 0005:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa (Stjttíð. EB nr. L 43, 14. 2. 1997, bls. 25).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- Í 1. gr. komi orðin „gjaldmiðlum aðildarríkjanna eða EFTA-ríkjanna“ í stað „gjaldmiðlum aðildarríkjanna“;
- Í stað c-liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„fjármálastofnun“ merkir:

- lánastofnanir samkvæmt skilgreiningu í 1. undirlið 1. gr. tilskipunar 77/780/EBE,
- váttryggingafélög samkvæmt skilgreiningu í a-lið 1. gr. tilskipunar 92/49/EBE,
- tryggingafélög samkvæmt skilgreiningu í a-lið 1. gr. tilskipunar 92/96/EBE,
- fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/611/EBE,
- fjárfestingarfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE,
- önnur fyrirtæki sem annast sambærilega starfsemi og fyrirtækin sem vísað er til í fyrri undirliðum eða sem starfa einkum að öflun peningalegra eignarhluta eða umbreyta fjárkröfum.“.

#### 2. gr.

Eftirfarandi komi aftan við lið 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB) í XIX. viðauka við samninginn:

„7c. **397 L 0005:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB<sup>(1)</sup> frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa (Stjttíð. EB nr. L 43, 14. 2. 1997, bls. 25).

<sup>(1)</sup> Skráð hér eingöngu í upplýsingarskyni. Að því er varðar beitingu sjá IX. viðauka“.

#### 3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 21, 23. 1. 1997, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 4, 23. 1. 1997, bls. 48.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 237, 19. 9. 1996, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 41, 19. 9. 1996, bls. 79.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 43, 14. 2. 1997, bls. 25.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**5. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/5/EB

frá 27. janúar 1997

### um færslu fjármuna milli landa(\*)

#### EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álit Peningamálastofnunar Evrópu,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 22. nóvember 1996,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Umfang greiðslna milli landa fer stöðugt vaxandi þar eð stofnun innri markaðarins og sú þróun sem á sér stað í átt til fullkominnar einingar í efnahags- og peningamálum leiðir til aukinna viðskipta og ferða fólks innan bandalagsins. Færslur fjármuna milli landa eru verulegur hluti af greiðslum milli landa, bæði að umfangi og verðgildi.
- 2) Það er mikilvægt fyrir einstaklinga og fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, að geta fært fjármuni á skjótan, áreiðanlegan og ódýran hátt frá einum hluta bandalagsins til annars. Í samræmi við tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu samkeppnisreglna Evrópubandalagsins gagnvart færslum fjármuna milli landa <sup>(4)</sup> ætti aukin samkeppni á markaðinum fyrir færslur fjármuna milli landa að leiða til betri þjónustu og lægra verðs.
- 3) Með þessari tilskipun er leitast við að stuðla að frekari framförum í þá átt að koma innri markaðinum á, einkum

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 43, 14. 2. 1997, bls. 25, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 360, 17. 12. 1994, bls. 13 og Stjtið. EB nr. C 199, 3.8. 1995, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 236, 11. 9. 1995, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 19. maí 1995 (Stjtið. EB nr. C 151, 19. 6. 1995, bls. 370), sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. desember 1995 (OJ nr. C 353, 30. 12. 1995, bls. 52) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. mars 1996 (OJ nr. C 96, 1. 4. 1996, bls. 74). Ákvörðun ráðsins frá 19. desember 1996 og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. janúar 1997.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. C 251, 27. 9. 1995, bls. 3.

að því er varðar afnám hafta á fjármagnsflutningum, til að stuðla að einingu í efnahags- og peningamálum. Ákvæði tilskipunarinnar skulu gilda um færslur fjármuna í gjaldmiðlum aðildarríkjanna og í ekum.

- 4) Í ályktun sinni frá 12. febrúar 1993 <sup>(5)</sup> fór Evrópuþingið fram á að samin yrði tilskipun ráðsins um reglur er lúta að gagnsæi og skilvirkni greiðslna milli landa.
- 5) Fjalla ber um þau málefni, sem þessi tilskipun nær til, aðskilið frá þeim kerfismálum sem eru áfram til meðferðar hjá framkvæmdastjórninni. Nauðsynlegt getur orðið að leggja fram enn eina tillögu sem fjalli um þessi kerfismál, einkum að því er varðar lokauppgjör.
- 6) Tilgangurinn með þessari tilskipun er að bæta þjónustu á sviði færslu fjármuna milli landa og aðstoða þannig Peningamálastofnun Evrópu (EMI) við að gera greiðslur milli landa skilvirkari með undirbúning þriðja áfanga Efnahags- og myntbandalagsins í huga.
- 7) Þessi tilskipun ætti, í samræmi við markmiðin í öðrum inngangslíð, að gilda um allar færslur fjármuna sem nema allt að 50 000 ekum.
- 8) Með hliðsjón af þriðju málsgrein 3. gr. b í sáttmálanum og með það í huga að tryggja gagnsæi er í þessari tilskipun mælt fyrir um nauðsynlegar lágmarkskröfur til að tryggja viðskiptamönnum fullnægjandi upplýsingar, bæði áður en og eftir að færsla fjármuna milli landa er afgreidd. Þessar kröfur fjalla meðal annars um ábendingar um kosti, sem viðskiptamönnum stendur til boða og lúta að kærur og bótum, og hvernig má nýta sér þá. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um lágmarkskröfur um afgreiðslu, einkum að því er varðar skilvirkni, sem stofnanir, sem bjóða þjónustu á sviði færslu fjármuna milli landa, skulu uppfylla, þar með talin sú skuldbinding að færsla fjármuna milli landa skuli afgreidd í samræmi við fyrirmæli viðskiptamanns. Þessi tilskipun fullnægir skilyrðunum sem rekja má til meginreglnanna sem eru settar fram í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 90/109/EBE frá 14. febrúar 1990 um upplýsingaskyldu banka í sambandi við fjármála- viðskipti milli landa <sup>(6)</sup>. Þessi tilskipun er með fyrirvara um tilskipun ráðsins 91/308/EBE frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að peningakerfið sé notað til peningaþvottar <sup>(7)</sup>.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. C 72, 15. 3. 1993, bls. 158.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 67, 15. 3. 1990, bls. 39.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. L 166, 28. 6. 1991, bls. 77.

9) Þessi tilskipun ætti að stuðla að því að stytta þann hámarkstíma sem færsla fjármuna milli landa tekur og vera þeim stofnunum, sem afgreiða slíkar færslur nú þegar á mjög skömmum tíma, hvatning til að halda því áfram.

2. gr.

**Skilgreiningar**

10) Framkvæmdastjórninni ber, í skýrslunni sem hún leggur fyrir Evrópuþingið og ráðið innan tveggja ára frá framkvæmd þessarar tilskipunar, að skoða sérstaklega frestinn sem gildir þegar sendandi og stofnun hans hafa ekki komið sér saman um ákveðinn frest, að teknu tilliti bæði til tækniþróunar og ríkjandi ástands í hverju aðildarríki.

11) Stofnanir ættu að vera endurgreiðsluskyldar ef ekki tekst að ljúka færslu fjármuna. Endurgreiðslukvöð fylgir ábyrgðarskuldbinding fyrir stofnanir sem gæti, ef tímamörk eru engin, haft áhrif á getu þeirra til að uppfylla kröfur um gjaldhæfi. Endurgreiðslukvöð ætti því að gilda um fjárhæðir allt að 12 500 ekum.

12) Ákvæði 8. gr. hafa ekki áhrif á almenn ákvæði innlendra laga um að stofnun beri ábyrgð gagnvart sendanda ef ekki tekst að ljúka færslu fjármuna milli landa vegna mistaka stofnunarinnar.

13) Nauðsynlegt er að greina á milli þeirra aðstæðna sem stofnanir, sem eiga þátt í færslu fjármuna milli landa, geta staðið frammi fyrir, meðal annars aðstæðna sem tengjast gjaldþroti og óviðráðanlegu aðstæðna. Sú skilgreining á óviðráðanlegum aðstæðum, sem sett er fram í 6. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka <sup>(1)</sup>, skal lögð til grundvallar.

14) Þörf er á fullnægjandi og skilvirkri málsmeðferð í aðildarríkjunum, sem lýtur að kærnum og bótum, og nota má við lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli viðskiptamanna og stofnana, þar sem stuðst er við þau úrræði sem fyrir eru, ef unnt er.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

## I. ÞÁTTUR

**GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR**

## 1. gr.

**Gildissvið**

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda um færslur fjármuna milli landa í gjaldmiðlum aðildarríkjanna og ekum, sem jafngilda allt að 50 000 ekum, enda hafi aðrir en þeir sem um getur í a-, b- og c-lið 2. gr. beðið um þær og lánastofnanir eða aðrar stofnanir afgreitt þær.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lánastofnun“: stofnun samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar ráðsins 77/780/EBE <sup>(2)</sup>, að meðtöldum útibúum í merkingu þriðja undirliðar sömu greinar sem staðsett eru í bandalaginu og eru útibú lánastofnana með aðalskrifstofur utan bandalagsins sem annast færslur fjármuna milli landa;

b) „önnur stofnun“: einstaklingur eða lögpersóna sem annast færslur fjármuna milli landa og er ekki lánastofnun;

c) „fjármálastofnun“: stofnun samkvæmt skilgreiningu í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3604/93 frá 13. desember 1993 um ákvörðun skilgreininga með tilliti til framkvæmdar banns við sérstökum aðgangsréttindum sem um getur í 104. gr. a í sáttmálanum <sup>(3)</sup>;

d) „stofnun“: lánastofnun eða önnur stofnun; að því er varðar 6., 7. og 8. gr. skulu öll útibú sömu lánastofnunar, sem eru staðsett í ýmsum aðildarríkjum og eiga þátt í færslu fjármuna milli landa, teljast sérstakar stofnanir;

e) „milliliður“: stofnun sem er hvorki stofnun sendanda né viðtakanda og á þátt í færslu fjármuna milli landa;

f) „færsla fjármuna milli landa“: viðskipti, sem fara fram að frumkvæði sendanda, um stofnun eða útibú stofnunar í aðildarríki, í þeim tilgangi að hafa ákvæðna fjárhæð til reiðu fyrir viðtakanda í stofnun eða útibúi stofnunar í öðru aðildarríki; sendandi og viðtakandi geta verið einn og sami aðili;

g) „beiðni um færslu fjármuna milli landa“: hvers konar bein fyriræli án skilyrða sem sendandi gefur stofnun um að færa fjármuni milli landa;

h) „sendandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem leggur fram beiðni um færslu fjármuna milli landa til viðtakanda;

i) „viðtakandi“: síðasti móttakandi færðra fjármuna milli landa sem fær þá lagða inn á reikning sem hann hefur aðgang að;

j) „viðskiptamaður“: sendandi eða viðtakandi, eftir því sem við á;

k) „viðmiðunarvextir“: vextir sem eru bætur og ákveðnir í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í aðildarríkinu þar sem stofnunin, sem þarf að greiða viðskiptamanninum bæturnar, er staðsett;

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB nr. L 158, 23. 6. 1990, bls. 59.

<sup>(2)</sup> Stjótt. EB nr. L 322, 17. 12. 1977, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB (OJ nr. L 168, 18. 7. 1995, bls. 7).

<sup>(3)</sup> Stjótt. EB nr. L 332, 31. 12. 1993, bls. 4.



- l) „dagsetning samþykkis“: dagurinn sem öllum skilyrðum er fullnægt sem viðkomandi stofnun setur um afgreiðslu beiðni um færslu fjármuna milli landa og varða fullnægjandi tryggingarfé og nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að afgreiða beiðnina.

## II. ÞÁTTUR

### GAGNSÆI SKILYRÐA FYRIR FÆRSLU FJÁRMUNA MILLI LANDA

#### 3. gr.

#### Fyrirliggjandi upplýsingar um skilyrði fyrir færslum fjármuna milli landa

Stofnanir skulu hafa til reiðu skriflegar upplýsingar fyrir núverandi og væntanlega viðskiptamenn sína um skilyrði fyrir færslum fjármuna milli landa, einnig eftir rafrænum leiðum, þar sem það á við, og í auðskiljanlegri mynd. Veita ber að minnsta kosti upplýsingar um eftirfarandi:

- hve langur tími líður, þegar viðkomandi stofnun afgreiðir beiðni um færslu fjármuna milli landa, áður en fjárhæðin er lögð inn á reikning stofnunar viðtakanda. Taka ber skýrt fram hvenær þetta tímabil hefst,
- hve langur tími líður, við móttöku færðrar fjárhæðar milli landa, áður en fjárhæðin, sem er lögð inn á reikning stofnunarinnar, er lögð inn á reikning viðtakanda,
- hvernig umboðslaun og gjöld, sem viðskiptamanni ber að greiða stofnuninni, eru reiknuð út, ásamt vöxtum þar sem það á við,
- gildisdag sem stofnunin miðar við, ef við á,
- málsmeðferðarkostir sem lúta að kærnum og bótum og viðskiptamanni standa til boða og hvernig hann getur nýtt sér slíka kosti,
- það viðmiðunargengi sem er notað.

#### 4. gr.

#### Upplýsingar að lokinni færslu fjármuna milli landa

Að lokinni færslu fjármuna milli landa eða móttöku fjármuna, sem eru færðir milli landa, skulu stofnanir veita viðskiptamönnum sínum skýrar skriflegar upplýsingar í auðskilinni mynd, einnig eftir rafrænum leiðum, þar sem það á við, nema þeir síðarnefndu hafni því beinlínis. Veita ber að minnsta kosti upplýsingar um eftirfarandi:

- með hvaða hætti viðskiptamaður getur borið kennsl á færslu fjármuna milli landa,
- upphaflega fjárhæð þeirra fjármuna sem eru færðir milli landa,
- fjárhæð allra gjalda og umboðslauna sem viðskiptamanni ber að greiða,
- gildisdag sem stofnunin miðar við, ef við á.

Hafi sendandi tekið fram að viðtakandi skuli bera allan kostnað af færslu fjármuna milli landa eða hluta kostnaðarins skal stofnun þess síðarnefnda tilkynna honum það.

Sé fjárhæð breytt í annan gjaldmiðil skal stofnunin sem annast það tilkynna viðskiptamanni sínum um gengið sem er notað.

## III. ÞÁTTUR

### LÁGMARKSSKULDBINDINGAR STOFNANA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FÆRSLU FJÁRMUNA MILLI LANDA

#### 5. gr.

#### Sérstakar skuldbindingar stofnunar

Við færslu fjármuna milli landa samkvæmt sérstöku fyrirmælum skal stofnun gefa formlegt loforð, að beiðni viðskiptamanns, að því er varðar afgreiðslufrest færslunnar og þau umboðslaun og gjöld sem greiða ber, önnur en þau sem tengjast því gengi sem er notað, nema hún óski ekki eftir að eiga viðskipti við viðskiptamanninn.

#### 6. gr.

#### Skuldbindingar vegna þess tíma sem færslan tekur

1. Stofnun sendanda skal annast þá færslu fjármuna milli landa sem um ræðir innan þess frests sem samið hefur verið um við sendanda.

Sé umsaminn frestur ekki virtur eða hafi enginn frestur verið settur skal stofnun sendanda greiða sendanda bætur hafi féð ekki verið fært á reikning stofnunar viðtakanda fyrir lok fimmta bankastarfsdags frá þeim degi sem beiðni um færslu fjármuna milli landa var samþykkt.

Í bótum felst greiðsla á vöxtum sem eru reiknaðir út með hliðsjón af viðmiðunargöxtum af fjárhæð þeirra fjármuna sem eru færðir milli landa fyrir tímabilið frá:

- lokum umsamins frests eða, hafi enginn frestur verið settur, frá lokum fimmta bankastarfsdags frá þeim degi sem beiðni um færslu fjármuna milli landa var samþykkt, til
- þess dags sem féð er fært á reikning stofnunar viðtakanda.

Það sama gildir þegar milliliður á sök á því að færsla fjármuna milli landa er ekki afgreidd fyrir lok umsamins frests eða, hafi enginn frestur verið settur, lok fimmta bankastarfsdags frá þeim degi sem beiðni um færslu fjármuna milli landa var samþykkt og skal milliliðurinn þá greiða stofnun sendanda bætur.

2. Stofnun viðtakanda skal hafa fé, sem er til komið vegna færslu fjármuna milli landa, til reiðu fyrir viðtakanda innan þess frests sem samið hefur verið um við hann.

Ef umsaminn frestur er ekki virtur, eða hafi enginn frestur verið settur, skal stofnun viðtakanda greiða viðtakanda bætur, hafi féð ekki verið fært á reikning hans við lok fyrsta bankastarfsdags eftir daginn sem féð var fært á reikning stofnunar viðtakanda.

Í bótum felst greiðsla á vöxtum sem eru reiknaðir út með hliðsjón af viðmiðunarvöxtum af fjárhæð þeirra fjármuna sem eru færðir milli landa fyrir tímabilið frá:

- lokum umsamins frests eða, hafi enginn frestur verið settur, frá lokum fyrsta bankastarfsdags eftir daginn sem féð var fært á reikning stofnunar viðtakanda, til
  - þess dags sem féð er fært á reikning viðtakanda.
3. Ekki skal greiða bætur samkvæmt 1. og 2. mgr. ef stofnun sendanda eða stofnun viðtakanda, eftir því sem við á, getur sýnt fram á að sendandi eða viðtakandi, eftir því sem við á, eigi sök á töfinni.
  4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. eru alfarið með fyrirvara um önnur réttindi viðskiptamanna og stofnana sem hafa átt þátt í að afgreiða beiðni um færslu fjármuna milli landa.

#### 7. gr

##### **Skuldbinding þess efnis að færa fjármuni milli landa í samræmi við fyrirmæli**

1. Eftir daginn sem beiðni um færslu fjármuna milli landa er samþykkt er stofnun sendanda, öllum milliliðum og stofnun viðtakanda skylt, hverjum og einum, að afgreiða heildarfjárhæð umræddrar færslu, nema sendandi hafi tiltekið að viðtakandi skuli bera allan kostnað af færslunni eða hluta hans.

Fyrsta undirgrein er með fyrirvara um ráðrúm stofnunar viðtakanda til að leggja gjald á viðtakanda fyrir umsýslu vegna reiknings hans í samræmi við viðeigandi reglur og venjur. Stofnuninni er þó óheimilt að nota þessi gjöld til að víkja sér undan þeim skyldum sem felast í fyrrnefndri undirgrein.

2. Með fyrirvara um aðrar kröfur sem kunna að verða gerðar er stofnun sendanda skylt, ef hún eða milliliður hefur dregið af fjárhæð þeirra fjármuna sem eru færðir milli landa gagnstætt ákvæðum 1. mgr., að yfirfæra til viðtakanda, að beiðni sendanda, fjárhæðina sem var dregin frá, án nokkurs frádráttar og á eigin kostnað, nema sendandi fari fram á að fjárhæðin verði færð á reikning hans sjálfs.

Milliliður, sem hefur dregið frá gagnstætt ákvæðum 1. mgr., skal færa fjárhæðina sem var dregin frá, án nokkurs frádráttar og á eigin kostnað, til stofnunar sendanda eða, ef stofnun sendanda fer fram á það, til viðtakanda fjármunanna sem eru færðir milli landa.

3. Eigi stofnun viðtakanda sök á því að sú skylda að afgreiða beiðni um færslu fjármuna milli landa í samræmi við fyrirmæli sendanda er ekki uppfyllt, og með fyrirvara um aðrar kröfur sem kunna að verða gerðar, ber stofnun viðtakanda að leggja, á eigin kostnað, allar fjárhæðir, sem hafa ranglega verið dregnar frá, inn á reikning viðtakanda.

#### 8. gr

##### **Endurgreiðslukvöð á stofnunum ef færsla er ekki afgreidd**

1. Ef réttar fjárhæðir eru ekki færðar á reikning stofnunar viðtakanda eftir að stofnun sendanda hefur samþykkt beiðni um færslu fjármuna milli landa, og með fyrirvara um aðrar kröfur sem kunna að verða gerðar, skal stofnun sendanda leggja færslufjárhæðina inn á reikning sendanda, allt að 12 500 ekur, auk:
  - vaxta sem eru reiknaðir út með hliðsjón af viðmiðunarvöxtum af fjárhæð þeirra fjármuna sem eru færðir milli landa fyrir tímabilið frá dagsetningu beiðni um færslu fjármuna milli landa fram að dagsetningu innlagnar á reikning, og
  - gjalda sem sendandi hefur greitt í tengslum við færslu fjármunanna milli landa.

Þessar fjárhæðir skulu hafðar til reiðu fyrir sendandann innan fjórtán bankastarfsdaga frá dagsetningu beiðni hans, nema fé sem samsvarar færslunni milli landa hafi í millitíðinni verið fært á reikning stofnunar viðtakanda.

Þessháttar kröfu er óheimilt að gera fyrr en fresturinn er útrunninn, sem stofnun sendanda og sendandi sömdu um, til að afgreiða beiðnina um færslu fjármuna milli landa eða, sé ekki um slíkan frest að ræða, fyrir lok frestsins sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.

Eins ber hverjum millilið, sem hefur samþykkt beiðnina um færslu fjármuna milli landa, skylda til að endurgreiða stofnuninni, sem gaf milliliðnum fyrirmæli um að afgreiða beiðnina, færslufjárhæðina úr eigin sjóðum, þar með talinn tengdan kostnað og vexti. Hafi færslu fjármuna milli landa ekki verið lokið vegna mistaka eða skorts á upplýsingum í þeim fyrirmælum sem fyrrnefnd stofnun gaf skal milliliðurinn leitast við að endurgreiða færslufjárhæðina eftir því sem unnt er.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. ber stofnun viðtakanda, ef færslu fjármuna milli landa var ekki lokið vegna þess að milliliður sem stofnunin valdi afgreiddi ekki færsluna, skylda til að hafa fjárhæðina til reiðu fyrir viðtakandann, allt að 12 500 ekur.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal stofnun sendanda og aðrar hlutaðeigandi stofnanir leitast við að endurgreiða færslufjárhæðina, eins og þeim er frekast unnt, ef færslu fjármuna milli landa var ekki lokið vegna mistaka eða skorts á upplýsingum í þeim fyrirmælum sem sendandinn gaf stofnun sinni eða vegna þess að milliliður, sem sendandi valdi sérstaklega, afgreiddi ekki færsluna.

Hafi stofnun sendanda endurheimt fjárhæðina ber henni skylda til að leggja hana inn á reikning sendanda. Í því tilviki ber stofnunum, einnig stofnun sendanda, ekki skylda til að endurgreiða áfallin gjöld og vexti og er heimilt að draga frá kostnað vegna endurheimtar sé hann tilgreindur.

#### 9. gr.

#### Óviðráðanlegar aðstæður

Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 91/308/EBE skal leysa stofnanir, sem eiga þátt í að afgreiða beiðni um færslu fjármuna milli landa, undan þeim kvöðum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, geti þær borið fyrir sig óvenjulegar aðstæður, sem tengjast ákvæðum þessarar tilskipunar, þ.e.a.s. afbrigðilegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður sem viðkomandi fær ekki ráðið við og ekki hefði verið unnt að komast hjá þrátt fyrir ákafa viðleitni í þá átt.

#### 10. gr.

#### Lausn deilumála

Aðildarríkin skulu sjá til þess að völ sé á fullnægjandi og skilvirkri málsmeðferð sem lýtur að kærnum og bótum og nota má við lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli sendanda og stofnunar hans eða viðtakanda og stofnunar hans, þar sem stuðst er við þau úrræði sem fyrir eru, ef unnt er.

#### IV. ÞÁTTUR

#### LOKAÁKVÆÐI

#### 11. gr.

#### Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslu-fyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 14. ágúst 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

#### 12. gr.

#### Skýrsla til Evrópuþingsins og ráðsins

Framkvæmdastjórninni ber, eigi síðar en tveimur árum eftir að tilskipun þessi kemur til framkvæmda, að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar, ásamt tillögum um endurskoðun hennar þar sem það á við.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem ríkja í hverju aðildarríki og þeirrar tæknilegu þróunar sem átt hefur sér stað skal skýrslan fjalla sérstaklega um frestinn sem settur er fram í 1. mgr. 6. gr.

**13. gr.****Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**14. gr.****Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**J. M. GIL-ROBLES**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**G. ZALM**

forseti.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING EVRÓPUÞINGSINS, RÁÐSINS OG  
FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin gera sér ljósan vilja aðildarríkjanna til að hrinda í framkvæmd lögum, reglugerðum og stjórnsýslufyrirmælum sem eru nauðsynleg til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1999.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/02**

**nr. 2/98**  
**frá 30. janúar 1998**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/97 frá 29. maí 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/97 frá 11. júní 1997 um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Þörf er á að aðlaga XIII. viðauka í kjölfar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Í 21. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85) í XIII. viðauka við samninginn:

a) bætist við eftirfarandi undirliður:

„- **397 R 1056:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/97 frá 11. júní 1997 (Stjttíð. EB nr. L 154, 12. 6. 1997, bls. 21).“;

b) falli aðlögunarliður a) og upphafssetningin niður.

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún gildir frá 1. janúar 1996.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 270, 2. 10. 1997, bls. 19 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 41, 2. 10. 1997, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 154, 12. 6. 1997, bls. 21.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1056/97**

frá 11. júní 1997

**um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2479/95 <sup>(2)</sup>, einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun á rafeindaskráningarbúnaði við flutninga á vegum.

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2479/95 ber að verja leiðslurnar sem tengja skráningarbúnaðinn merkjasendingum, nema sambærileg vörn gegn handfjötlu sé veitt með öðrum hætti (t.d. með rafrænum eftirlitsbúnaði svo sem merkjadulritun). Samskeyti með innsigliðum tengingum teljast órofin.

Skráningarbúnaður sem settur er í öll ný ökutæki sem tekin eru í notkun fyrsta sinni eftir 1. janúar 1996 skal vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Iðnaðurinn og framleiðendur vélknúinna ökutækja áttu í verulegum erfiðleikum með að setja varðar leiðslur í ökutæki í flokki M 1 og N 1, þar sem boð um hraða/fjarlægð berast um sambyggða nema eða ABS-nema.

Slíkir nemar eru ekki hannaðir með ísetningu varinnar leiðslu í huga. Nauðsynlegt er að heimila að tenging nema og aðlögunarbúnaðar með varinni leiðslu verði ekki skyldubundin, heldur skuli það aðeins eiga við um tengingu aðlögunarbúnaðar og skráningarbúnaðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Neil KINNOCK*

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 154, 12. 6. 1997, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8.

(2) Stjttö. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 8.

Þar af leiðandi er nauðsynlegt að breyta reglugerðinni í samræmi við það.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 að tækniframförum.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi málsgrein bætist við 5. tölul. í V. kafla I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/85.

„Að því er varðar framkvæmd þessa tölulíðar eru ökutæki M 1 og N 1 skilgreind í A-hluta II. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE (\*). Í þeim ökutækjum sem búin eru snúningshraðarita í samræmi við þessa reglugerð og ekki eru hönnuð þannig að hægt sé að koma fyrir varinni leiðslu milli fjarlægðar- og hraðanema og skráningarbúnaðar skal koma aðlögunarbúnaði fyrir sem næst fjarlægðar- og hraðanemum.

Koma skal varinni leiðslu fyrir milli aðlögunarbúnaðarins og skráningarbúnaðarins.

(\*) Stjttö. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.“

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/03**

**nr. 3/98**  
**frá 30. janúar 1998**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/97 frá 10. mars 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 97/26/EB frá 2. júní 1997 um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskírteini<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 24a (tilskipun ráðsins 91/439/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0026:** Tilskipun ráðsins 97/26/EB frá 2. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 150, 7. 6. 1997, bls. 41).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 97/26/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 8, 10. 7. 1997, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 150, 7. 6. 1997, bls. 41.



## TILSKIPUN RÁÐSINS 97/26/EB

frá 2. júní 1997

### um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskírteini(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

1. Í tilskipun ráðsins 91/439/EBE frá 29. júlí 1991 um ökuskírteini <sup>(4)</sup> er kveðið á um að útgefin innlend ökuskírteini skuli vera í samræmi við fyrirmynd bandalagsins sem lýst er í I. viðauka eða I. viðauka a við hana og að í þeim skuli tilgreint hvaða skilyrði ökumaður þarf að uppfylla til að fá leyfi til aksturs.
2. Í fyrrnefndum I. viðauka og I. viðauka a er kveðið á um að tilgreina beri viðbótarupplýsingar eða viðbótartakmarkanir með flokkunarnúmeri.
3. Flokkunarnúmer og undirflokkar þeirra, er varða skilyrði fyrir útgáfu sem falla undir tilskipun 91/439/EBE, gilda alls staðar í bandalaginu.
4. Í samræmi við dreifræðisregluna er nauðsynlegt að bandalagið grípi til aðgerða í því skyni að gera fólki kleift að skilja ökuskírteinin, ná fram gagnkvæmri viðurkenningu þeirra og auðvelda frjálsa för fólks með því að forða ökumönnum, farmflytjendum á vegum, yfirvöldum og eftirlitsmönnum frá vanda er lýtur að framkvæmd sem þau stæðu annars andspænis ef aðildarríkin notuðu ólík flokkunarnúmerakerfi.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 150, 7. 6. 1997, bls. 41, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 110, 16. 4. 1996, bls. 7 og Stjttíð. EB nr. C 31, 31. 1. 1997, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 204, 15. 7. 1996, bls. 20.

<sup>(3)</sup> Álitni var skilað 5. september 1996 (Stjttíð. EB nr. C 277, 23. 9. 1996, bls. 15), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. desember 1996 (Stjttíð. EB nr. C 69, 5. 3. 1997, bls. 7) og ákvörðun Evrópubingsins frá 9. apríl 1997 (Stjttíð. EB nr. C 132, 28. 4. 1997).

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 237, 24. 8. 1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/47/EB (Stjttíð. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 1).

5. Kveða ber á um einfaldaða málsmeðferð vegna aðlögunar tæknilegra þátta samhæfðra flokkunarnúmera bandalagsins, sem eru talin upp í I. viðauka og I. viðauka a, og aðlögun II. og III. viðauka við tilskipun 91/439/EBE.

6. Til glöggvunar og í samræmi við tilskipun ráðsins 92/61/EBE frá 30. júní 1992 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum <sup>(5)</sup>, ber að nýta tækifærið sem gefst samhliða þessari breytingu og breyta skilgreiningu á hugtakinu „bifhjól“ með hliðsjón af hraða sem er ákveðinn með hönnun.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 91/439/EBE:

1. Í 3. mgr. 3. gr.:

- a) komi „45 km/klst“ í stað „50 km/klst“ í öðrum undirlið;
- b) komi eftirfarandi í stað þriðja undirliðar:

„- „bifhjól“: ökutæki á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, með sprengirými yfir 50 cm<sup>3</sup> ef það er knúð með brunahreyfli og/eða er hannað fyrir hámarkshraða yfir 45 km/klst.“

2. Eftirfarandi greinar bætist við:

„7. gr. a

1. Skilgreina ber undirflokk samhæfðra flokkunarnúmera bandalagsins í I. viðauka og I. viðauka a í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr. b, einkum fyrir flokkunarnúmerin 04, 05, 44 og 55.

Fylgja ber og sömu málsmeðferð þegar tekin er ákvörðun um hvort rétt sé að lögbinda, ef nauðsyn krefur, notkun tiltekinna undirflokka samhæfðra flokkunarnúmera bandalagsins.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 225, 10. 8. 1992, bls. 72. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

2. Samþykkja ber nauðsynlegar breytingar til að aðlaga hluta I. viðauka og I. viðauka a, er varða samhæfð flokkunarnúmer, og II. og III. viðauka að vísindalegum og tæknilegum framförum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr. b.

7. gr. b

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um ökuskírteini, hér eftir kölluð „nefndin“, sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álitni, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

3. Í 2. lið I. viðauka, blaðsíðu 4 í ökuskírteininu, og í 12. tölul. a-liðar í 2. lið I. viðauka a, blaðsíðu 2 í ökuskírteininu (bakhlíð), komi eftirfarandi í stað fyrsta undirliðar:

„- flokkunarnúmer 01 til 99: samhæfð flokkunarnúmer bandalagsins

- 01 Leiðrétting sjónar
- 02 Heyrnartæki/samskiptastoð
- 03 Gervilimir/stoðtæki fyrir fætur og hendur
- 04 Með fyrirvara um að gilt læknisvottorð sé fyrir hendi
- 05 Akstur er háður takmörkunum af læknisfræðilegum ástæðum
- 10 Gírkassa hefur verið breytt
- 15 Tengslisbúnaði hefur verið breytt
- 20 Hemplakerfi hefur verið breytt
- 25 Eldsneytisgjöf hefur verið breytt

30 Samtengdu hemplakerfi og eldsneytisgjöf hefur verið breytt

35 Skipulagi stjórntækja hefur verið breytt

40 Stýrisbúnaði hefur verið breytt

42 Baksýnispeglis(speglum) hefur verið breytt

43 Ökumannssæti hefur verið breytt

44 Breytingar á bifhjólum

45 Einungis bifhjól með hliðarvagni

50 Takmarkast við ökutæki/undirvagn með sérstöku númeri

51 Takmarkast við tiltekið ökutæki/skráningarmerki

55 Samtengdar breytingar á ökutæki

70 Skipt á ökuskírteini nr. ... sem var útgefið af ... (einkennisstafir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) fyrir þriðju lönd)

71 Afrit af ökuskírteini nr. ... (einkennisstafir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) fyrir þriðju lönd)

72 Takmarkast við ökutæki í flokki A sem hafa 125 cm<sup>3</sup> hámarksþrengirými og 11 kW hámarksafli (A1)

73 Takmarkast við ökutæki í flokki B sem eru vélknúin þrí- og fjórhjól(B1)

74 Takmarkast við ökutæki í flokki C þar sem leyfilegur hámarksmassi fer ekki yfir 7 500 kg (C1)

75 Takmarkast við ökutæki í flokki D sem hafa 16 sæti að hámarki auk ökumannssætis (D1)

76 Takmarkast við ökutæki í flokki C þar sem leyfður hámarksmassi fer ekki yfir 7 500 kg (C1), tengd eftirvagni þar sem leyfður

hámarksmassi er yfir 750 kg, að því tilskildu að leyfður hámarksmassi ökutækjalestarinnar sem þannig er samsett fari ekki yfir 12 000 kg og að leyfður hámarksmassi eftirvagnsins sé ekki meiri en massi óhlaðinnar dráttarþreifreiðar (C1 + E)

77 Takmarkast við ökutæki í flokki D, sem hafa 16 sæti að hámarki auk ökumannssætis (D1), tengd eftirvagni með leyfilegum heildarmassa yfir 750 kg, að því tilskildu að: a) leyfður heildarmassi ökutækjalestarinnar sem þannig er samsett fari ekki yfir 12 000 kg og leyfður heildarmassi eftirvagnsins sé ekki meiri en massi óhlaðinnar dráttarþreifreiðar og b) eftirvagninn sé ekki notaður til fólksflutninga (D1 + E)

78 Takmarkast við ökutæki með sjálfskiptingu (önnur málsgrein í lið 8.1.1 í II. viðauka)

79 (...) Takmarkast við ökutæki sem er í samræmi við forskriftirnar sem eru tilgreindar í svigum, í tengslum við beitingu 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar.“

**2. gr.**

1. Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina skulu aðildarríkin samþykka nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau hafa samþykkt eða verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 2. júní 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

**H. VAN MIERLO**

forseti.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/04**

**nr. 4/98**  
**frá 30. janúar 1998**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/97 frá 14. mars 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/34/EB frá 6. júní 1997 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/75 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 55a (tilskipun ráðsins 93/75/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0034:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/34/EB frá 6. júní 1997 (Stjttíð. EB nr. L 158, 17. 6. 1997, bls. 40), eins og hún var leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 162, 19. 6. 1997, bls. 56.“

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/34/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 40 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 41.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 158, 17. 6. 1997, bls. 40.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/34/EB****frá 6. júní 1997****um breytingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/39/EB <sup>(2)</sup>, einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Að því er varðar tilskipun 93/75/EBE er í f-lið 2. greinar kveðið á um að alþjóðareglur um siglingu með hættulegan farm (IMDG-reglurnar) skuli gilda í því formi sem þær eru 1. janúar 1996.

Siglingaöryggisnefnd breytti IMDG-reglunum enn frekar á 66. fundi sínum. Breyting nr. 28-1996 á IMDG-reglunum öðlaðist gildi 1. janúar 1997.

Rétt er að taka þessa breytingu inn í tilskipunina.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 12. gr. tilskipunar 93/75/EBE.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 93/75/EBE:

Í stað orðanna „í því formi sem hann/þær eru 1. janúar 1996“ í f-lið 2. gr. komi „í því formi sem það/þær eru 1. janúar 1997“.

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**3. gr.**Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. júní 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Neil KINNOCK*

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 158, 17. 6. 1997, bls. 40, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 247, 5. 10. 1993, bls. 19.

(2) Stjtið. EB nr. L 196, 7. 8. 1996, bls. 7.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/05**

**nr. 5/98**  
**frá 30. janúar 1998**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/96 frá 26. mars 1996<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins 97/C 194/03 frá 17. júní 1997 um notkun fjarvirkni við flutninga á vegum, einkum að því er varðar rafræna innheimtu gjalda<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 86. lið (ályktun ráðsins 95/C 264/01) í XIII. viðauka við samninginn:

„87. **397 Y 0625(01)**: Ályktun ráðsins 97/C 194/03 frá 17. júní 1997 um notkun fjarvirkni við flutninga á vegum, einkum að því er varðar rafræna innheimtu gjalda (Stjttfð. EB nr. C 194, 25. 6. 1997, bls. 5).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 97/C 194/03 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

(<sup>1</sup>) Stjttfð. EB nr. L 124, 23. 5. 1996, bls. 29 og EES-viðbætur við Stjttfð. EB nr. 23, 23. 5. 1996, bls. 71.

(<sup>2</sup>) Stjttfð. EB nr. C 194, 25. 6. 1997, bls. 5.

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 17. júní 1997

### um notkun fjarvirkni við flutninga á vegum, einkum að því er varðar rafræna innheimtu gjalda(\*)

(97/C 194/03)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

- 1) sem hefur hliðsjón af ályktun ráðsins 94/C 309/01 frá 24. október 1994 um fjarvirkni á sviði flutninga <sup>(1)</sup>, orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 4. nóvember 1994 um fjarvirkni á sviði flutninga og ályktun ráðsins 95/C 264/01 frá 28. september 1995 um nýtingu fjarvirkni við flutninga á vegum <sup>(2)</sup>,
  - 2) sem hefur hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 1692/96/EB frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur bandalagsins við þróun samevrópska flutninganetsins <sup>(3)</sup>,
  - 3) sem hefur hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins frá 27. maí 1997 um röð viðmiðunarreglna fyrir samevrópskt fjarskiptanet,
  - 4) sem hefur hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um verndun einstaklinga í tengslum við meðferð persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga <sup>(4)</sup>,
  - 5) sem hefur hliðsjón af ályktun ráðsins 96/C 376/01 frá 21. nóvember 1996 um nýja forgangsröðun við stefnumótun um upplýsingaþjóf félagið <sup>(5)</sup>, sem viðurkennir mikilvægi tæknilegrar samhæfingar fyrir þróun alþjóðlega upplýsingaþjóf félagsins,
  - 6) sem hefur hliðsjón af ákvörðun ráðsins 94/801/EB frá 23. nóvember 1994 um sérstaka áætlun um rannsóknir og tækniþróun, meðal annars tilraunaverkefni á sviði almennrar notkunar fjarvirkni (1994 til 1998) <sup>(6)</sup> og ákvörðun ráðsins 94/914/EB frá 15. desember 1994 um sérstaka áætlun um rannsóknir og tækniþróun, meðal annars tilraunaverkefni á sviði flutninga (1994 til 1998) <sup>(7)</sup>,
- (\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 194, 25. 6. 1997, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.
- 7) og tekur tillit til eftirfarandi:
    - 7) Nýting fjarvirknibúnaðar getur stuðlað að sjálfbærum hreyfanleika einstaklinga og vöru.
    - 8) Nýting fjarvirkni við flutninga á vegum getur stuðlað að útbreiðslu skilvirkrar, öruggar og vistvænnar flutningaþjónustu á vegum, skapað evrópskum iðnaði markaðstækifæri og eflt samkeppnisstöðu hans.
    - 9) Eigi að nýta fjarvirkni við flutninga á vegum um gervalla Evrópu verður að innleiða þau kerfi og þann búnað sem tryggja best samhæfi og samfellda þjónustu við notandann.
    - 10) Í 129. gr. c sáttmálans er fjallað um að koma á fót og þróa samevrópsk netkerfi, og kveðið á um að aðildarríkin skuli, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, samræma sín á milli þá stefnu sem fylgt er innanlands, sem kynni að hafa veruleg áhrif á þau markmið, að koma á innri markaði og efla efnahagslega og félagslega samheldni.
    - 11) Hvert einstakt aðildarríki tekur ákvörðun um hvort rafræn innheimta gjalda (RIG) verði innleidd.
    - 12) Tryggja verður viðunandi samhæfi milli RIG-kerfa í bandalaginu, svo hægt sé að veita notanda bestu þjónustu sem völ er á, á viðráðanlegum kjörum og án þess að auka á skriffinnsku.
    - 13) RIG-kerfi hafa verið þróuð og innleidd með góðum árangri í sumum aðildarríkjanna.
    - 14) Aðildarríki sem taka upp ný RIG-kerfi skulu leitast við að samhæfa kerfin eftir föngum.
    - 15) Almennrar starfsáætlunar um samleitni RIG-kerfa er þörf innan hæfilegra tímamarka svo að samhæfi verði náð innan Evrópu, að teknu tilliti til kerfa og verkþekkingar sem þar eru fyrir, og enn fremur til verka evrópskra staðlastofnana.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 264, 11. 10. 1995, bls. 1.

<sup>(3)</sup> OJ nr. L 228, 9. 9. 1996, bls. 1 og Stjtið. EB nr. L 15, 17. 1. 1997, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 281, 23. 11. 1995, bls. 31.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. C 376, 12. 12. 1996, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 334, 22. 12. 1994, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. L 361, 31. 12. 1994, bls. 56.

16) Í ályktun 95/C 264/01 fór ráðið þess á leit við evrópskar staðlastofnanir að þær fjalli um alla tæknilega þætti skammdrægra fjaraskipta og auk þess farsímasendinga og sendinga um gervihnetti.

## I

1. FAGNAR því starfi sem framkvæmdastjórnin hefur hafið með liðsinni vinnuhóps háttsettra fulltrúa sem aðildarríkin hafa tilnefnt til að undirbúa almenna starfsáætlun og aðgerðaáætlun um nýtingu fjarvirkni við flutninga á vegum.

2. VIÐURKENNIR að einkageirinn hljóti að gegna veigamiklu hlutverki við á sviði nýtingar fjarvirkni við flutninga á vegum.

## II

1. MINNIR Á tilmæli sín í ályktun 95/C 264/01 til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna að þau hraði vinnu sinni varðandi rekstrarsamhæfi rafræna vegatollkerfa innan Evrópu, innan hins samevrópska vegakerfis, og kanni hvað komi í veg fyrir samleitni við þau kerfi sem fyrir eru.

2. FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina:

- að þau taki mið af nauðsyn þess að ná fram rekstrarsamhæfi við þróun og beitingu RIG-kerfa, og
- að þau móti starfsáætlun um samleitni RIG-kerfa svo viðunandi rekstrarsamhæfi verði að veruleika innan Evrópu, með tilliti til kerfa sem fyrir eru og framlaga evrópskra staðlastofnana.

3. FER ÞESS Á LEIT við evrópskar staðlastofnanir að þær taki þátt í mótun slíkrar áætlunar með því að skilgreina tæknistaðla og forskriftir fyrir samhæfð RIG-kerfi innan Evrópu, svo unnt sé að framkvæma aðgerðir á mörgum reimum og innleiða annars konar þjónustu með sömu tækni. Markmiðið er að slíkir staðlar verði samþykktir innan þriggja ára í síðasta lagi.

4. GERIR SÉR GREIN FYRIR þeim ásetningi þeirra aðildarríkja sem taka upp RIG-kerfi og nota til þess sérhæfð, skammdræg fjaraskipti sem fyrsta áfanga, að byggja slík kerfi upp innan ramma Staðlasamtaka Evrópu í fullu samræmi við 5. lið II. þáttar.

5. FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin, að sé þörf á að endurnýja, uppfæra eða innleiða RIG-kerfi, verði það gert í samræmi við aðgerðaáætlun um samleitni allra RIG-kerfa.

6. FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin að þau hraði vinnu við að skilgreina og fjarlægja aðrar hindranir í vegi rekstrarsamhæfis RIG-kerfa, þar á meðal

vinnu við CARDME (Concerted Action for Research on Demand Management in Europe) og MOVE IT (Motorway Operators Validate EFC for Interoperable Transport) sem lýtur að lagalegum atriðum og öðrum stofnanabundnum málefnum.

7. FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin að þau geri tillögur að og taki þátt í vettvangstilraunum til prófunar á ýmsum þáttum RIG-kerfa, á grundvelli tæknilegra forstaðla, að teknu tilliti til niðurstaðna yfirstandandi og fyrirhugaðra rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (RTD&D) og -aðgerða í aðildarríkjunum. Slík verkefni miði að því að staðfesta nothæfi RIG-kerfa, einkum yfir landamæri, og taki einnig til lagalegra atriða, skipulagsmála og stofnanabundinna málefna.

## III

1. GERIR SÉR GREIN FYRIR að framkvæmdastjórnin hyggst leggja fram í náinni framtíð stefnumótun og aðgerðaáætlun um nýtingu fjarvirkni við flutninga á vegum, en að henni er unnið með fulltingi vinnuhóps háttsettra fulltrúa sem aðildarríkin hafa tilnefnt. Aðgerðaáætlunin miðast við RIG og einnig við aðra möguleika fjarvirkni við flutninga á vegum, einkum RDS/TMC (Radio Data System/Traffic Message Channel), miðlun gagna um flutninga og upplýsingastjórnun, notendaskil og kerfishögun, samanber fyrri umræður innan ráðsins.

2. FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin að þau geri tillögur að og taki þátt í verkefnum til að staðfesta notagildi fjarvirknilausna og/eða innleiða slíkar lausnir á flutningavandamálum, að teknu tilliti til niðurstaðna yfirstandandi og fyrirhugaðra verkefna og aðgerða á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna í aðildarríkjunum, og þau hvetji einkageirann með slíkum verkefnum til virkrar þátttöku í nýtingu fjarvirkni við flutninga á vegum.

3. FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin, framkvæmdastjórnina og aðra frammámenn, að þau beiti sér fyrir því að RDS/TMC, ásamt þjónustu á sviði gagnamiðlunar/stjórnunar upplýsinga um flutninga, verði tekin upp, meðal annars með því að útvega með hraði RDS/MTC móttökutæki búin tungumálaeiningum fyrir öll tungumál aðildarríkjanna.

4. HVETUR framkvæmdastjórnina, í samráði við aðildarríkin og iðnaðinn, til að leggja fram starfsreglur varðandi notendaskil sem taki einkum til upplýsingabúnaðar í ökutækjum.

5. FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin að þau láti til sín taka og greiði fyrir því að stöðlunarferlinu verði hraðað á grundvelli almennrar aðgerðaáætlunar, og stuðli að því að samþykkt verði rammaáætlun um nýtingu fjarvirkni við flutninga á vegum, að teknu tilliti til sjónarmiða iðnaðarins og notenda.



6. HVETUR framkvæmdastjórnina og aðildarríkin til að taka tillit til þess, að aðgerða er þörf á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilrauna til að efla hagnýta fjarvirkni við flutninga á vegum, þar með að uppfæra kerfin sem fyrir eru.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/06**

**nr. 6/98**  
**frá 30. janúar 1998**

**um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 22/97 frá 30. apríl 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB frá 20. júní 1997 um breytingu á viðauka C við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0038:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB frá 20. júní 1997 (Stjttíð. EB nr. L 184, 12. 7. 1997, bls. 31).“

**2. gr.**

Í lok aðlögunarliðar c) við lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn bætast við orðin „eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB“.

**3. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**5. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 242, 4. 9. 1997, bls. 69 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 37, 4. 9. 1997, bls. 14.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 184, 12. 7. 1997, bls. 31.

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/38/EB

frá 20. júní 1997

### um breytingu á viðauka C við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE(\*)

(Texti sem varðar EES)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/43/EB <sup>(2)</sup>, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Stjórn Breska konungsríkisins hefur lagt fram rökstudda beiðni um að þrjú starfsþjálfunarnámskeið á vegum þess verði felld brott úr viðauka C við tilskipunina.

Breska konungsríkið hefur gert breytingar á menntun og þjálfun vísindalegra aðstoðarmanna við læknarannsóknarstofur, sem merkir að þetta nám felur nú í sér þriggja ára æðra nám og fellur því undir tilskipun 89/48/EBE <sup>(3)</sup>. Af þessum sökum fellur menntun og þjálfun vísindalegra aðstoðarmanna við læknarannsóknarstofur ekki lengur undir viðauka C, þar eð handhafar vitnisburða, sem var aflað samkvæmt eldri ákvæðum og sem tilskipun 92/51/EBE tekur til, geta sótt um að hljóta sömu meðferð í krafti a-liðar 1. gr. tilskipunar 89/48/EBE.

Starf gervilimasmiðs er ekki lögverndað í Breska konungsríkinu.

Starf tilsjónarmanns er ekki lengur lögverndað í Breska konungsríkinu.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 15. gr. tilskipunar ráðsins 92/51/EBE.

Gjört í Brussel 20. júní 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Mario MONTI**

framkvæmdastjóri.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Viðauka C við tilskipun 92/51/EBE er hér með breytt eins og segir í viðauka þessarar tilskipunar.

##### 2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

##### 3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

##### 4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 184, 12. 7. 1997, bls. 31, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 209, 24. 7. 1992, bls. 25.

(2) Stjtið. EB nr. L 184, 3. 8. 1995, bls. 21.

(3) Stjtið. EB nr. L 19, 24. 1. 1989, bls. 16.

## VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka C við tilskipun 92/51/EBE:

Í „5. Nám í Breska konungsríkinu sem er viðurkennt sem National Vocational Qualifications or Scottish Vocational Qualifications“, falla eftirfarandi undirliðir brott:

- „- vísindalega aðstoðarmenn við læknaannsóknarstofur (Medical Laboratory Scientific Officer),
- tilsjónarmenn (Probation Officer),
- gervilimasmiði (Prosthetist),“.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/07**

**nr. 7/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,****2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi bætist við í lið 11b (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB) í IV. viðauka við samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„, eins og henni var breytt með:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/97 frá 9. desember 1997<sup>(1)</sup>.

- **396 L 0089:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/89/EB frá 17. desember 1996 (Stjttfð. EB nr. L 338, 28. 12. 1996, bls. 85).“.

**3. gr.**

IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/97 frá 9. desember 1997<sup>(2)</sup>.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/89/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/89/EB frá 17. desember 1996 um breytingu á tilskipun 95/12/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

**4. gr.****ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**1. gr.****5. gr.**

Eftirfarandi bætist við í lið 4b (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB) í IV. kafla II. viðauka við samninginn:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

„, eins og henni var breytt með:

- **396 L 0089:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/89/EB frá 17. desember 1996 (Stjttfð. EB nr. L 338, 28. 12. 1996, bls. 85).“.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjttfð. EB nr. L 193, 9. 7. 1998, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjttfð. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjttfð. EB nr. L 193, 9. 7. 1998, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjttfð. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 21.

<sup>(3)</sup> Stjttfð. EB nr. L 338, 28. 12. 1996, bls. 85.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/89/EB**

frá 17. desember 1996

**um breytingu á tilskipun 95/12/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum<sup>(1)</sup>, einkum 9. og 12. gr.,með hliðsjón af tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB frá 23. maí 1995 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota<sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í núverandi mæliaðferðum og upplýsingum er ekki gert ráð fyrir viðeigandi merkingum þvottavéla án innri vatnshitara. Því nær tilskipun 95/12/EB ekki til slíkra tækja.

Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 10. gr. tilskipunar 92/75/EBE.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Við 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 95/12/EB, í skránni yfir þær gerðir þvottavéla til heimilisnota sem tilskipunin nær ekki til bætist eftirfarandi:

Gjört í Brussel 17. desember 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Christos PAPOUTSIS*

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 338, 28. 12. 1996, bls. 85, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttö. EB nr. L 297, 13. 10. 1992, bls. 16.<sup>(2)</sup> Stjttö. EB nr. L 136, 21. 6. 1995, bls. 1.

„- fram að 30. júní 1998, tækjum án innri vatnshitara.“

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. apríl 1997. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um þessar ráðstafanir. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 15. maí 1997.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu greina framkvæmdastjórninni frá ráðstöfunum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**3. gr.**Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/08**

**nr. 8/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/97 frá 9. desember 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/55/EB frá 4. september 1996 um aðra aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (klóruð leysiefni)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0055:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/55/EB frá 4. september 1996 (Stjtíð. EB nr. L 231, 12. 9. 1996, bls. 20).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/55/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 58.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB nr. L 231, 12. 9. 1996, bls. 20.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/55/EB**

frá 4. september 1996

**um aðra aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslu-  
fyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun  
tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (klóruð leysiefni)(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/769/EBE <sup>(1)</sup> frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/60/EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. gr. a, sem var tekin upp með tilskipun ráðsins 89/678/EBE <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Sum klóruð leysiefni eru hættuleg heilsu/umhverfi og þau ber ekki að nota í efni og efnablöndur sem sett eru á markað fyrir almenning.

Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/60/EB um 14. breytingu á tilskipun 76/769/EBE er tilgreint að átta klóruð leysiefni megi ekki nota í efni og efnablöndur sem sett eru á markað fyrir almenning.

Síðan hefur komið í ljós að þessi klóruðu leysiefni gætu einnig reynst hættuleg heilsu/umhverfi ef þau eru notuð í stað leysiefna sem nú eru notuð í opnum kerfum, svo sem yfirborðshreinsun og efnahreinsun.

Nú ber einnig að banna notkun þessara átta klóruðu leysiefna í efni og efnablöndur sem eru markaðssett til slíkrar notkunar í opnum kerfum.

Í þeim takmörkunum, sem í þessari tilskipun eru settar á notkun klóraðra leysiefna, er tekið tillit til núverandi þekkingar og tækni að því er varðar öruggari valkosti.

Þessi tilskipun er byggð á bráðabirgðagreiningu á hættum sem felast í klóruðum leysiefnum og kostum og göllum takmarkana. Nú stendur yfir almennt mat á hættum klóróforms fyrir menn og umhverfi samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 <sup>(4)</sup> og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 <sup>(5)</sup>.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf bandalagsins þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um vernd starfsmanna og finna má í tilskipun ráðsins 89/391/EBE <sup>(6)</sup> og í einstökum tilskipunum sem byggðar eru á henni, einkum tilskipun ráðsins 90/394/EBE <sup>(7)</sup>.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með hættuleg efni og efnablöndur.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Hér með er I. viðauki við tilskipun 76/769/EBE lagaður að tækniframförum eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 31. desember 1997 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 30. júní 1998.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 231, 12. 9. 1996, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 201.

(2) Stjttíð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 1.

(3) Stjttíð. EB nr. L 398, 30. 12. 1989, bls. 24.

(4) Stjttíð. EB nr. L 84, 5. 4. 1993, bls. 1.

(5) Stjttíð. EB nr. L 161, 29. 6. 1994, bls. 3.

(6) Stjttíð. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

(7) Stjttíð. EB nr. L 196, 26. 7. 1990, bls. 1.



**3. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. september 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.

**VIÐAUKI**

Í I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE komi eftirfarandi liðir í stað liða 33 til 40 (að báðum meðtöldum):

**Tilgreining efnisins, efnahópsins eða efnablöndunnar**

- „33. Klóróform CAS-nr. 67-66-3
- 34. Kolefnistetraklóríð CAS-nr. 56-23-5
- 35. 1,1,2-tríklóretan CAS-nr. 79-00-5
- 36. 1,1,2,2-tetraklóretan CAS-nr. 79-34-5
- 37. 1,1,1,2-tetraklóretan CAS-nr. 630-20-6
- 38. Pentaklóróetan CAS-nr. 76-01-7
- 39. 1,1-díklóretýlen CAS-nr. 75-35-4
- 40. 1,1,1-tríklóretan CAS-nr. 71-55-6

**Takmarkanir**

Má ekki nota í styrkleika sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd í efnunum og efnablöndum sem á að markaðssetja og selja almenningi og/eða í opnum kerfum svo sem yfirborðshreinsun og efnahreinsun.

Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal á umbúðum slíkra efna og efnablandna sem innihalda þau í styrkleika sem er jafn eða meiri en 0,1% eða meiri vera eftirfarandi með læsilegu og óafmáanlegu lettri:

„Aðeins til nota í iðjuverum.“

Þetta ákvæði gildir þó ekki um:

- a) lyf eða dýralyf í skilningi tilskipunar 65/65/EBE<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/39/EBE<sup>(2)</sup>;
- b) snyrtivörur í skilningi tilskipunar 76/768/EBE<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/35/EBE<sup>(4)</sup>.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. 22, 9. 2. 1965, bls. 369/65.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 22.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

(<sup>4</sup>) Stjtið. EB nr. L 151, 23. 6. 1993, bls. 32.“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/09**

**nr. 9/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/97 frá 9. desember 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/10/EB frá 26. febrúar 1997 um þriðju aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi og þeirra sem hafa eiturrif við æxlu)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0010:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/10/EB frá 26. febrúar 1997 (Stjttíð. EB nr. L 68, 8. 3. 1997, bls. 24).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/10/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 58.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 68, 8. 3. 1997, bls. 24.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/10/EB**

frá 26. febrúar 1997

**um þriðju aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/ um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi og þeirra sem hafa eiturrhif við æxlun)(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/55/EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. gr. a, sem var tekin upp með tilskipun ráðsins 89/678/EBE <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, hafa samþykkt ákvörðun 90/238/KBE, KSE, EBE <sup>(4)</sup> um aðgerðaáætlun frá 1990 til 1994 í tengslum við áætlunina „Evrópa gegn krabbameini“.

Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/60/EB <sup>(5)</sup> um 14. breytingu á tilskipun 76/769/EBE var bannað, með tilteknum undantekningum, að markaðssetja fyrir almenning efni sem flokkuð eru sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi eða hafa eiturrhif við æxlun í 1. og 2. flokki (CMR-efni) með því að bæta slíkum efnum við I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE.

Í I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE voru þegar efni flokkuð sem CMR-efni sem tilskipun 94/60/EB gildi ekki um.

Einnig ber að banna, með tilteknum undantekningum, að markaðssetja þessi CMR-efni og efnablöndur, sem innihalda þau, fyrir almenning.

Í takmörkununum sem settar eru í þessari tilskipun er tekið tillit til núverandi þekkingar og tækni varðandi öruggari valkosti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 68, 8. 3. 1997, bls. 24, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 201.

(2) Stjtið. EB nr. L 231, 12. 9. 1996, bls. 20.

(3) Stjtið. EB nr. L 398, 30. 12. 1989, bls. 24.

(4) Stjtið. EB nr. L 137, 30. 5. 1990, bls. 31.

(5) Stjtið. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 1.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf bandalagsins þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um vernd starfsmanna og finna má í tilskipun ráðsins 89/391/EBE <sup>(6)</sup> og í einstökum tilskipunum sem byggðar eru á henni, einkum tilskipun ráðsins 90/394/EBE <sup>(7)</sup>.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með hættuleg efni og efnablöndur.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Hér með er I. viðauki við tilskipun 76/769/EBE lagaður að tækniframförum eins og rakið er í viðaukanum við þessa tilskipun.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 31. desember 1997 og tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar í stað. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 30. júní 1998.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(6) Stjtið. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

(7) Stjtið. EB nr. L 196, 26. 7. 1990, bls. 1.

**3. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

Í stað 29., 30. og 31. liðar í I. viðauka komi eftirfarandi:

<p>„29. Efni í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, sem eru í 1. eða 2. flokki krabbameinsvaldandi efna, merkt að minnsta kosti sem „Eitruð (T)“ með hættusetningu H 45: „Getur valdið krabbameini“ eða hættusetningu H 49: „Getur valdið krabbameini við innöndun“, eru skráð á eftirfarandi hátt:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. flokkur krabbameinsvaldandi efna: Sjá 1. skrána í viðbætinum.</li> <li>2. flokkur krabbameinsvaldandi efna: Sjá 2. skrána í viðbætinum.</li> </ol>	<p>Með fyrirvara um aðra liði I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE:</p> <p>Óheimilt er að nota í efni og efnablöndur sem sett eru á markað fyrir almenning í styrkleika sem er jafn eða yfir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- styrkleikanum sem er tilgreindur í I. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE<sup>(1)</sup> eða</li> <li>- styrkleikanum sem er tilgreindur í 6. lið VI. töflu í I. viðauka við tilskipun 88/379/EBE<sup>(2)</sup>, ef styrkleikamörk koma ekki fram í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.</li> </ul> <p>Með fyrirvara um framkvæmd annarra ákvæða bandalagsins sem varða flokkun, umbúðir og merkingar á hættulegum efnum og efnablöndum, skulu umbúðir slíkra efna og efnablandna vera merktar læsilegu og óafmáanlegu letri á eftirfarandi hátt:</p> <p>„Einungis til faglegra nota. Athugið: Varist snertingu - aflíð sérstakra notkunarleiðbeininga“.</p> <p>Sem frávik gildir þetta ákvæði ekki um:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>a) lyf eða dýralyf eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 65/65/EBE<sup>(3)</sup>;</li> <li>b) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun ráðsins 76/768/EBE<sup>(4)</sup>;</li> <li>c) eldsneyti fyrir hreyfla sem fellur undir tilskipun ráðsins 85/210/EBE<sup>(5)</sup>,</li> </ol> <ul style="list-style-type: none"> <li>- jarðolíuvörur sem ætlaðar eru sem eldsneyti fyrir færanleg og föst brennsluver,</li> <li>- eldsneyti sem selt er í lokuðum kerfum (t.d. flöskur með fljótandi gasi);</li> </ul> <ol style="list-style-type: none"> <li>d) liti til listmálunar sem falla undir tilskipun ráðsins 88/379/EBE<sup>(6)</sup>.</li> </ol>
<p>30. Efni í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, sem eru í 1. eða 2. flokki stökkbreytivaldandi efna, merkt að minnsta kosti sem „Eitruð (T)“ með hættusetningu H 46: „Getur valdið arfgengum skaða“, eru skráð á eftirfarandi hátt:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. flokkur stökkbreytivaldandi efna: Sjá 3. skrána í viðbætinum.</li> <li>2. flokkur stökkbreytivaldandi efna: Sjá 4. skrána í viðbætinum.</li> </ol>	<p>Með fyrirvara um aðra liði I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE:</p> <p>Óheimilt er að nota í efni og efnablöndur sem sett eru á markað fyrir almenning í styrkleika sem er jafn eða yfir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- styrkleikanum sem er tilgreindur í I. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE, eða</li> <li>- styrkleikanum sem er tilgreindur í 6. lið VI. töflu í I. viðauka við tilskipun 88/379/EBE, ef styrkleikamörk koma ekki fram í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.</li> </ul> <p>Með fyrirvara um framkvæmda annarra ákvæða bandalagsins sem varðar flokkun, umbúðir og merkingar á hættulegum efnum og efnablöndum, skulu umbúðir slíkra efna og efnablandna vera merktar læsilegu og óafmáanlegu letri á eftirfarandi hátt:</p> <p>„Einungis til faglegra nota. Athugið: Varist snertingu - aflíð sérstakra notkunarleiðbeininga“.</p>

31. Efni í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, sem eru í 1. eða 2. flokki efna sem hafa eiturhrif við æxlun, merkt að minnsta kosti sem „Eitruð (T)“ með hættusetningu H 60: „Getur dregið úr frjósemi.“ og/eða hættusetningu H 61: „Getur skaðað barn í móðurkviði“, eru skráð á eftirfarandi hátt:

1. flokkur efna sem hafa eiturhrif við æxlun: Sjá 5. skrána í viðbætinum.
2. flokkur efna sem hafa eiturhrif við æxlun: Sjá 6. skrána í viðbætinum.

Sem frávik gildir þetta ákvæði ekki um:

- a) lyf eða dýralyf eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 65/65/EBE;
- b) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun ráðsins 76/768/EBE;
- c) eldsneyti fyrir hreyfla sem fellur undir tilskipun ráðsins 85/210/EBE,
  - jarðolíuvörur sem ætlaðar eru sem eldsneyti fyrir færanleg og föst brennsluver,
  - eldsneyti sem selt er í lokuðum kerfum (t.d. flöskur með fljótandi gasi);
- d) liti til listmálunar sem falla undir tilskipun ráðsins 88/379/EBE.

Með fyrirvara um aðra liði I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE:

er að nota í efni og efnablöndur sem sett eru á markað fyrir almenning í styrkleika sem er jafn eða yfir:

- styrkleikanum sem er tilgreindur í I. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE <sup>(1)</sup> eða
- styrkleikanum sem er tilgreindur í 6. lið VI. töflu í I. viðauka við tilskipun 88/379/EBE <sup>(2)</sup>, ef styrkleikamörk koma ekki fram í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.

Með fyrirvara um framkvæmd annarra ákvæða bandalagsins sem varða flokkun, umbúðir og merkingar á hættulegum efnum og efnablöndum, skulu umbúðir slíkra efna og efnablandna vera merktar læsilegu og óafmáanlegu letri á eftirfarandi hátt:

„Einungis til faglegra nota. Athugið: Varist snertingu - aflið sérstakra notkunarleiðbeininga“.

Sem frávik gildir þetta ákvæði ekki um:

- a) lyf eða dýralyf eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 65/65/EBE;
- b) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun ráðsins 76/768/EBE;
- c) eldsneyti fyrir hreyfla sem fellur undir tilskipun ráðsins 85/210/EBE,
  - jarðolíuvörur sem ætlaðar eru sem eldsneyti fyrir færanleg og föst brennsluver,
  - eldsneyti sem selt er í lokuðum kerfum (t.d. flöskur með fljótandi gasi);
- d) liti til listmálunar sem falla undir tilskipun ráðsins 88/379/EBE.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB nr. 196, 16. 8. 1967, bls. 1/67.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB nr. L 22, 9. 2. 1965, bls. 369/65.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

<sup>(5)</sup> Stjtuð. EB nr. L 96, 3. 4. 1985, bls. 25.

<sup>(6)</sup> Stjtuð. EB nr. 187, 16. 7. 1988, bls. 14.“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/10**

**nr. 10/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/97 frá 9. desember 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/65/EB frá 11. október 1996 um fjórðu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 88/379/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum og breytingu á tilskipun 91/442/EBE um umbúðir hættulegra efna sem skulu vera þannig að börn geti ekki opnað þær<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

**1. gr.**

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (tilskipun ráðsins 88/379/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0065:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/65/EB frá 11. október 1996 (Stjttíð. EB nr. L 265, 18. 10. 1996, bls. 15).“.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12b (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/442/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **396 L 0065:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/65/EB frá 11. október 1996 (Stjttíð. EB nr. L 265, 18. 10. 1996, bls. 15).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/65/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 58.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 265, 18. 10. 1996, bls. 15.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/65/EB**

frá 11. október 1996

**um fjórðu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 88/379/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum og breytingu á tilskipun 91/442/EBE um umbúðir hættulegra efna sem skulu vera þannig að börn geti ekki opnað þær(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/18/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 6. og 15. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 4) Til að unnt sé að koma hinum innri markaði á til fulls og til að starfsemi hans verði sem skyldi er mikilvægt að vernda fjárfesta og viðhalda tiltrúnni á fjármálakerfið. Því er nauðsynlegt að hvert aðildarríki um sig komi á bótakerfi fyrir fjárfesta sem tryggi að minnsta kosti samhæfða lágmarksvernd fyrir minni fjárfesta ef fjárfestingarfyrirtæki reynist ófært um að standa við skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum sem eru viðskiptamenn þess.
- 5) Með þessu móti geta minni fjárfestar keypt fjárfestingarþjónustu hjá útibúum fjárfestingarfyrirtækja bandalagsins, eða á grundvelli þjónustu yfir landamæri, með jafnmiklu öryggi og hjá innlendum fjárfestingarfyrirtækjum í þeirri vissu að þeim gefist kostur á samhæfðri lágmarksvernd ef fjárfestingarfyrirtæki reynist ófært um að standa við skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum sem eru viðskiptamenn þess.
- 6) Hafi slík lágmarkssamhæfing ekki átt sér stað gæti gistiríki talið sig geta með réttu gert þá kröfu, í því skyni að vernda fjárfesta, að fjárfestingarfyrirtæki annarra aðildarríkja gerist aðilar að bótakerfi þess ef fyrirtækin eru með útibú eða veita þjónustu yfir landamæri og tilheyra ekki bótakerfi fyrir fjárfesta í heimaríki sínu eða tilheyra kerfi sem telst ekki veita samsvarandi vernd. Þessi krafa gæti skaðað starfsemi innri markaðarins.
- 7) Þótt til sé einhvers konar bótafyrirkomulag fyrir fjárfesta í flestum aðildarríkjunum nær þetta fyrirkomulag yfirleitt ekki til allra fjárfestingarfyrirtækja sem eru handhafar leyfis sem gildir alls staðar í bandalaginu og kveðið er á um í 93/22/EBE.
- 8) Því er rétt að krefjast þess að í hverju aðildarríki sé til eitt eða fleiri bótakerfi fyrir fjárfesta sem öll slík fjárfestingarfyrirtæki verða að tilheyra. Hvert kerfi um sig verður að ná til fjármuna og skjala sem fjárfestingarfyrirtæki hefur í vörslu sinni í tengslum við fjárfestingarstarfsemi fjárfestis og ekki er unnt að skila fjárfestinum ef fjárfestingarfyrirtæki reynist ófært um að standa við skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum sem eru viðskiptamenn þess. Þetta hefur engin áhrif á reglur og málsmeðferð í hverju aðildarríki um sig að því er varðar ákvarðanir sem taka þarf vegna gjaldþrots eða slíta fjárfestingarfyrirtækis.

- 9) Lánastofnanir, sem hafa heimild til að veita fjárfestingarþjónustu, falla undir skilgreiningu á fjárfestingarfyrirtæki. Einnig verður að gera þá kröfu að allar þessar lánastofnanir tilheyri bótakerfi fyrir fjárfesta að því er varðar fjárfestingarstarfsemi þessara stofnana. Þó er ekki nauðsynlegt að krefjast þess að lánastofnun af þessu tagi tilheyri tveimur mismunandi kerfum ef eitt kerfi uppfyllir bæði skilyrði þessarar tilskipunar og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi <sup>(1)</sup>. Þegar um er að ræða fjárfestingarfyrirtæki sem eru lánastofnanir getur í sumum tilvikum reynst erfitt að greina milli innlána, sem tilskipun 94/19/EB nær til, og peninga í vörslu í tengslum við fjárfestingarstarfsemi. Aðildarríkin ættu sjálf að geta ákveðið hvor þessara tveggja tilskipana skuli gilda um slíkar kröfur.
- 10) Samkvæmt tilskipun 94/19/EB má aðildarríki undanþiggja lánastofnun þeirri skyldu að tilheyra innlánatryggingakerfi ef stofnunin tilheyrir kerfi sem ver hana sjálfa og tryggir einkum gjaldhæfi hennar. Ef lánastofnun, sem tilheyrir slíku kerfi, er einnig fjárfestingarfyrirtæki ætti aðildarríkjunum einnig að vera heimilt, með ákveðnum skilyrðum, að undanþiggja stofnunina þeirri skyldu að tilheyra bótakerfi fyrir fjárfesta.
- 11) Samhæfðar lágmarksbætur, sem nema 20 000 ekum á hvern fjárfesti, ættu að nægja til að verja hagsmuni minni fjárfesta ef fjárfestingarfyrirtæki reynist ófært um að standa við skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum sem eru viðskiptamenn þess. Því virðist hæfilegt að ákveða að samhæfðar lágmarksbætur verði 20 000 ekur. Eins og í tilskipun 94/19/EB kann að vera þörf á afmörkuðu fyrirkomulagi til bráðabirgða til að bótakerfin geti uppfyllt þessa kröfu þar eð hún nær einnig til aðildarríkja sem hafa ekki slíkt bótakerfi á þeim tíma sem þessi tilskipun hlýtur samþykki.
- 12) Sama fjárhæð var samþykkt í tilskipun 94/19/EB.
- 13) Til að hvetja fjárfesta til að sýna tilhlýðilega aðgætni í vali sínu á fjárfestingarfyrirtækjum er rétt að heimila aðildarríkjunum að krefjast þess að fjárfestar beri hluta af hugsanlegu tapi. Þó skal fjárfestir vera tryggðar fyrir að minnsta kosti 90% af tapi sínu ef bæturnar sem koma til greiðslu eru lægri en lágmark bandalagsins.
- 14) Kerfi sumra aðildarríkja bjóða tryggingu sem er hærra en samhæfð lágmarksvernd samkvæmt þessari tilskipun. Þó virðist ekki æskilegt að gera kröfu um að þessum kerfum verði breytt að því er þetta varðar.
- 15) Ef í bandalaginu verða áfram kerfi sem bjóða tryggingu sem er hærra en hið samhæfða lágmark getur það leitt til þess að innan sama svæðis verði bætur mismunandi og samkeppnisskilyrði ólík hjá innlendum fjárfestingarfyrirtækjum annars vegar og útibúum fyrirtækja frá öðrum aðildarríkjum hins vegar. Til að veita upp þessa ókosti þurfa útibú að hafa heimild til að tengjast tryggingakerfum gistiríkisins svo að þau geti boðið fjárfestum sínum sömu tryggingu og tryggingakerfin í löndunum þar sem útibúin eru staðsett. Í skýrslu sinni um beitingu þessarar tilskipunar ætti framkvæmdastjórnin að tilgreina að hve miklu leyti útibúin hafa nýtt sér þennan möguleika og um þá erfiðleika sem þau eða bótakerfin fyrir fjárfesta kunna að hafa lent í við framkvæmd þessara ákvæða. Þá er það ekki útilokað að kerfi í heimaríkinu geti sjálf veitt þessa viðbótartryggingu í samræmi við skilmála þeirra kerfa.
- 16) Það getur leitt til markaðsröskunar ef útibú fjárfestingarfyrirtækja með staðfestu í öðru aðildarríki en upprunaríki sínu bjóða hærri tryggingu en fjárfestingarfyrirtæki sem hafa fengið leyfi í gistiríkinu. Það er ekki viðeigandi að fjárhæð eða umfang tryggingar af hálfu bótakerfa sé notað sem samkeppnistæki. Því er nauðsynlegt, að minnsta kosti í fyrstu, að ákveða að trygging, sem kerfi í heimaríkinu býður fjárfestum í útibúum í öðru aðildarríki, verði hvorki hærra né víðtækari en tryggingin sem samsvarandi kerfi í gistiríkinu býður. Fljótlega verður að meta hugsanleg áhrif til röskunar á markaðinum með hliðsjón af fenginni reynslu og þróun í fjármálakerfinu.
- 17) Telji aðildarríki að vissir flokkar fjárfestinga eða fjárfesta, sem eru sérstaklega tilgreindir í skrá, hafi ekki þörf fyrir sérstaka tryggingu, á það að geta útilokað þá flokka frá bótakerfum fyrir fjárfesta.
- 18) Sum aðildarríki hafa bótakerfi fyrir fjárfesta sem eru á vegum fagsamtaka. Í öðrum aðildarríkjum eru kerfi stofnsett og starfrækt samkvæmt lögum. Þessi mismunandi grunnur kerfanna veldur ekki erfiðleikum nema þegar um er að ræða skylduaðild eða útilokun frá kerfum. Það þarf því að setja reglur til að takmarka vald kerfanna á þessu sviði.
- 19) Ekki mega verða ónauðsynlegar tafir á því að fjárfestir fái greiddar bætur eftir að staðfest hefur verið að krafa hans til þeirra sé lögmæt. Í bótakerfinu verður að vera unnt að setja sanngjörn tímamörk fyrir kröfugerð. Ekki skal vera hægt að nota það gegn fjárfesti að fresturinn sé útrunninn ef hann hefur af góðum og gildum ástæðum ekki getað sett fram kröfu sína í tæka tíð.
- 20) Mikilvægur þáttur í að vernda fjárfesta er að upplýsa þá um bótafyrirkomulagið. Í 12. gr. tilskipunar 93/22/EBE er þess krafist að fjárfestingarfyrirtæki upplýsi fjárfesta um möguleikann á því að nýta sér bótakerfi áður en það hefur viðskipti við þá. Því ber í þessari tilskipun að setja reglur um upplýsingar til hugsanlegra fjárfesta um bótakerfi sem tekur til fjárfestingarstarfsemi þeirra.

(1) Stjútíð. EB nr. L 135, 31. 5. 1994, bls. 5.

- 21) Þó kann óheft tilvísun til fjárhæða og umfangs bótakerfis í auglýsingaskyni að hafa áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og tiltrú fjárfesta. Því ber aðildarríkjunum að setja reglur sem takmarka slíkar tilvísanir.
- 22) Samkvæmt tilskipuninni er það meginregla að öll fjárfestingarfyrirtæki tengist bótakerfi fyrir fjárfesta. Tilskipanir um rekstrarleyfi fjárfestingarfyrirtækja með höfuðstöðvar utan bandalagsins, einkum tilskipun 93/22/EBE, gefa aðildarríkjum kost á að ákveða hvort og með hvaða skilyrðum útibú slíkra fjárfestingarfyrirtækja fái leyfi til reksturs á yfirráðasvæði þeirra. Slík útibú njóta ekki ákvæða annarrar málsgreinar 59. gr. sáttmálans um frjáls þjónustuviðskipti né heldur ákvæða um staðfesturétt í öðrum aðildarríkjum en þar sem þau hafa staðfestu. Aðildarríki, sem veitir slíkum útibúum rekstrarleyfi, skal ákveða með hvaða hætti meginreglur þessarar tilskipunar taka til slíkra útibúa í samræmi við 5. gr. tilskipunar 93/22/EBE, með vernd fjárfesta og heilbrigði fjármálakerfisins í huga. Það er mjög mikilvægt að fjárfestar í slíkum útibúum hafi fulla vitneskju um bótakerfið sem þeir falla undir.
- 23) Ekki er bráðnauðsynlegt að samhæfa í þessari tilskipun leiðir til fjármögnunar bótakerfa fyrir fjárfesta, meðal annars vegna þess að fjárfestingarfyrirtækin verða að jafnaði sjálf að bera kostnaðinn við fjármögnun slíkra kerfa og einnig vegna þess að fjárhagsleg geta kerfanna verður að vera í samræmi við bótaskuldbindingar þeirra. Þetta má samt ekki stefna stöðugleika fjármálakerfis hlutaðeigandi aðildarríkis í hættu.
- 24) Þessi tilskipun getur ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart fjárfestum ef þau hafa séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum sem eru opinberlega viðurkennd og tryggja að fjárfestar fái bætur eða vernd í samræmi við skilmálana í þessari tilskipun.
- 25) Að lokum er lágmarkssamhæfing á bótayfirirkomulagi fyrir fjárfesta nauðsynleg til þess að tilkoma innri markaðarins fyrir fjárfestingarfyrirtæki verði að veruleika þar eð slík samhæfing eykur traust fjárfesta á fjárfestingarfyrirtækjum sem þeir eiga viðskipti við, einkum fyrirtækjum frá öðrum aðildarríkjum, og gerir kleift að forðast erfiðleika sem upp kunna að koma þegar gistiland beitir innlendum reglum til verndar fjárfestum sem hafa ekki verið samræmdar á vettvangi bandalagsins. Bindandi tilskipun bandalagsins er eina viðeigandi leiðin til að ná því marki sem stefnt er að þar eð almennt er skortur á bótayfirirkomulagi fyrir fjárfesta sem veitir samsvarandi tryggingu og tilskipun 93/22/EBE. Með þessari tilskipun tekur einungis gildi nauðsynleg lágmarkssamhæfing; tilskipunin gefur aðildarríkjunum kost á að krefjast víðtækari eða hærri tryggingar ef þau óska þess og veitir þeim um leið nauðsynlegt svigrúm viðvíkjandi skipulagningu og fjármögnun bótakerfa fyrir fjárfesta.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### 1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „fjárfestingarfyrirtæki“: fjárfestingarfyrirtæki eins og það er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE,
    - sem hefur starfsleyfi í samræmi við 3. gr. tilskipunar 93/22/EBE,
    - sem hefur leyfi til að starfa sem lánastofnun í samræmi við tilskipun ráðsins 77/780/EBE <sup>(1)</sup> og tilskipun ráðsins 89/646/EBE <sup>(2)</sup>, enda taki leyfið til einnar eða fleiri tegunda þeirrar fjárfestingarþjónustu sem talin er upp í A-þætti í viðaukanum við tilskipun 93/22/EBE;
  2. „fjárfestingarstarfsemi“: fjárfestingarþjónusta eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE og sú þjónusta sem um getur í 1. lið C-þáttar í viðaukanum við þá tilskipun;
  3. „skjöl“: skjölin sem eru talin upp í B-þætti í viðaukanum við tilskipun 93/22/EBE;
  4. „fjárfestir“: hver sá sem hefur falið fjárfestingarfyrirtæki í hendur fé eða skjöl í tengslum við fjárfestingarstarfsemi;
  5. „útibú“: starfsstöð, sem er hluti af fjárfestingarfyrirtæki, án réttarstöðu lögpersónu sem veitir þá fjárfestingarþjónustu sem fjárfestingarfyrirtækið hefur fengið leyfi fyrir; allar þær starfsstöðvar sem komið hefur verið á fót í einu aðildarríki á vegum fjárfestingarfyrirtækis sem hefur höfuðstöðvar sínar í öðru aðildarríki ber að telja sem eitt útibú;
  6. „sameiginleg fjárfestingarstarfsemi“: fjárfesting fyrir hönd tveggja eða fleiri aðila eða sem tveir eða fleiri aðilar eiga hlut í þannig að einn eða fleiri þessara aðila geta ráðstafað fjárfestingunni með undirskrift sinni;
  7. „lögbær yfirvöld“: yfirvöldin sem skilgreind eru í 22. gr. tilskipunar 93/22/EBE; ef við á mega þessi yfirvöld vera þau sömu og skilgreind eru í 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/30/EBE frá 6. apríl 1992 um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli <sup>(3)</sup>.
- <sup>(1)</sup> Fyrsta tilskipun ráðsins 77/780/EBE frá 12. desember 1977 um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjttíð. EB nr. L 322, 17. 12. 1977, bls. 30).
- Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 89/646/EBE (Stjttíð. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1).
- <sup>(2)</sup> Önnur tilskipun ráðsins 89/646/EBE frá 15. desember 1989 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnisýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana og um breytingu á tilskipun 77/780/EBE (Stjttíð. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/30/EBE (Stjttíð. EB nr. L 110, 28. 4. 1992, bls. 52).
- <sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 110, 28. 4. 1992, bls. 52.

**2. gr.**

1. Hvert aðildarríki um sig skal sjá til þess að á yfirráðasvæði þess verði komið á einu eða fleiri bótakerfum fyrir fjárfesta sem eru viðurkennd af stjórnvöldum. Að undanskildum þeim tilvikum sem um segir í annarri undirgrein og í 3. mgr. 5. gr. má ekkert fjárfestingarfyrirtæki með leyfi í viðkomandi aðildarríki stunda fjárfestingarstarfsemi nema það tilheyrir slíku bótakerfi.

Aðildarríki má þó veita lánastofnun, sem þessi tilskipun gildir um, undanþágu frá þeirri skyldu að tilheyra bótakerfi fyrir fjárfesta ef stofnunin hefur þegar undanþágu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/19/EB frá þeirri skyldu að tilheyra innlána-tryggingakerfi, svo fremi fjárfestar fái sömu vernd og upplýsingar og innistæðueigendur og með sömu skilmálum þannig að fjárfestar eigi vísa tryggingu sem er ekki síðri en sú trygging sem bótakerfið fyrir fjárfesta veitir.

Aðildarríki, sem nýta sér þennan kost, skulu greina framkvæmdastjórninni frá því; þau skulu einkum skýra frá því í hverju verndarkerfin felast og hvaða lánastofnanir heyri undir þau, að því er þessa tilskipun varðar, og frá öllum breytingum sem kunna að verða á innsendum upplýsingum. Framkvæmdastjórnin greinir ráðinu frá þessu.

2. Bótakerfið veitir fjárfestum tryggingu í samræmi við 4. gr., ef:

- lögbær yfirvöld hafa ákvarðað að viðkomandi fjárfestingarfyrirtæki sé að þeirra dómi að sinni ekki fært um að standa við þær skuldbindingar sem fylgja kröfu fjárfesta af ástæðum er tengjast beint fjárhagslegri stöðu þess og verði það ekki í náinni framtíð,

eða

- dómstóll hefur af ástæðum, er tengjast beint fjárhagslegri stöðu fjárfestingarfyrirtækisins, kveðið upp úrskurð sem frestar um tíma möguleikum fjárfesta til að leggja fram kröfu á hendur því,

og er sá atburðurinn, sem á undan fer, lagður til grundvallar.

Veita skal tryggingu fyrir kröfum sem stafa af því að fjárfestingarfyrirtæki reynist ófært um:

- að endurgreiða fé sem fjárfestar eiga eða sem tilheyrir þeim og er í vörslu fyrirtækisins fyrir þeirra hönd í tengslum við fjárfestingarstarfsemi,

eða

- skila fjárfestum skjölum sem tilheyra þeim og eru í vörslu fjárfestingarfyrirtækisins eða fyrirtækið hefur umsýslu eða umsjón með fyrir þeirra hönd í tengslum við fjárfestingarstarfsemi,

í samræmi við viðeigandi skilyrði í lögum eða samningum.

3. Ef lögð er fram krafa samkvæmt 2. mgr. á lánastofnun sem fellur í tilteknu aðildarríki bæði undir þessa tilskipun og tilskipun 94/19/EB skal aðildarríkið vísa henni til kerfis sem fellur undir aðra hvora þessara tilskipana, eftir því hvor tilskipunin aðildarríkinu þykir eiga við. Ekki skal greiða bætur samkvæmt báðum tilskipunum fyrir sömu kröfu.

4. Reikna skal fjárhæð kröfu fjárfestans í samræmi við þau skilyrði í lögum eða samningum, einkum um skuldajöfnun og gagnkröfur, sem voru í gildi daginn sem ákvarðað var eða úrskurðað, eins og um getur í 2. mgr., og taka til mats á fjárhæð eða verði, sem er ákvarðað með tilliti til markaðsverðs, þegar unnt er, þeirra skjala sem tilheyra fjárfestanum og fjárfestingarfyrirtækið er ófært um að endurgreiða eða skila.

**3. gr.**

Ekki skal greiða bætur samkvæmt bótakerfi fyrir fjárfesta fyrir kröfur sem má rekja til viðskipta er tengjast refsidómum fyrir peningaþvætti, eins og það er skilgreint í 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/308/EBE frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis <sup>(1)</sup>.

**4. gr.**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að bótakerfin veiti tryggingu sem nemur að minnsta kosti 20 000 eikum fyrir hvern fjárfesti að því er varðar kröfurnar sem um getur í 2. mgr. 2. gr.

Ef trygging er lægri en 20 000 eukur á þeim tíma sem þessi tilskipun er samþykkt mega aðildarríki halda sig við þessa lægri tryggingu fram til 31. desember 1999 enda sé hún ekki lægri en 15 000 eukur. Þessi kostur skal einnig standa til boða þeim aðildarríkjum sem falla undir bráðabirgðaákvæði annarrar undirgreinar 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/19/EB.

2. Aðildarríkin geta ákveðið að vissir fjárfestar skuli útilokaðir frá tryggingakerfinu eða að trygging þeirra skuli vera lægri. Þessar útilokanir eru skráðar í I. viðauka.

3. Þessi grein kemur ekki í veg fyrir að gömul ákvæði séu látin standa eða ný samþykkt sem fela í sér hærri eða víðtækari tryggingu fyrir fjárfesta.

4. Aðildarríkin geta takmarkað trygginguna, sem kveðið er á um í 1. mgr. eða þá sem um getur í 3. mgr., við ákveðinn hundradshluta af kröfu fjárfesta. Tryggði hundradshlutinn skal þó vera minnst 90% af kröfunni ef fjárhæðin, sem greiða skal samkvæmt bótakerfinu, er lægri en 20 000 eukur.

**5. gr.**

1. Ef fjárfestingarfyrirtæki, sem er skylt að tilheyra bótakerfi samkvæmt 1. mgr. 2. gr., uppfyllir ekki skyldur sínar sem aðili að kerfinu skal tilkynna það lögbæru yfirvöldunum sem veittu því leyfi og skulu þau, í samvinnu við bótakerfið, gera allar viðeigandi ráðstafanir, að meðtöldu því að setja viðurlög, til að tryggja að fjárfestingarfyrirtækið uppfylli skyldur sínar sínar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 166, 28. 6. 1991, bls. 77.



2. Ef þessar ráðstafanir duga ekki til þess að fjárfestingarfyrirtækið uppfylli skyldur sínar getur bótakerfið tilkynnt að það hafi í hyggju að útiloka fjárfestingarfyrirtækið frá aðild að kerfinu, svo fremi útilokun aðila sé leyfileg samkvæmt landslögum, með skýru samþykki lögbærra yfirvalda og minnst tólf mánaða fyrirvara. Fjárfestingarstarfsemi, sem fer fram á þessu tímabili, verður áfram tryggð af kerfinu samkvæmt 2. mgr. 2. gr. Ef fjárfestingarfyrirtækið hefur ekki uppfyllt skyldur sínar þegar fresturinn rennur út getur bótakerfið, aftur með skýru samþykki lögbærra yfirvalda, látið útilokunina koma til framkvæmda.

3. Fjárfestingarfyrirtæki, sem er útilokað frá aðild að bótakerfi fyrir fjárfesta, getur haldið áfram að veita fjárfestingarþjónustu, ef landslög heimila það og ef lögbæru yfirvöldin, sem veittu því leyfi, hafa veitt skýrt samþykki sitt, svo fremi það hafi komið á öðru bótafyrirkomulagi fyrir útilokunina sem sér fjárfestum fyrir að minnsta kosti jafnmikilli tryggingu og kerfið sem stjórnvöld hafa viðurkennt og hefur einnig samsvarandi eiginleika og bótakerfið.

4. Ef fjárfestingarfyrirtæki, sem lagt er til að verði útilokað samkvæmt 2. mgr., getur ekki komið á öðru fyrirkomulagi til að uppfylla skilyrðin í 3. mgr. skulu lögbæru yfirvöldin þegar í stað afturkalla leyfið sem þau veittu fyrirtækinu.

#### 6. gr.

Þegar leyfi fjárfestingarfyrirtækis hefur verið afturkallað skal halda áfram að veita tryggingu samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 2. gr. að því er varðar fjárfestingarstarfsemi sem átti sér stað fyrir þann tíma sem leyfið var afturkallað.

#### 7. gr.

1. Bótakerfi fyrir fjárfesta, sem eru stofnsett og viðurkennt af stjórnvöldum í aðildarríki í samræmi við 1. mgr. 2. gr., skulu einnig ná til fjárfesta í útibúum er fjárfestingarfyrirtæki hafa komið sér upp í öðrum aðildarríkjum.

Fram til 31. desember 1999 má veitt trygging hvorki vera hærri né víðtækari, meðal annars hvað hundradshluta varðar, en sú hámarkstrygging sem er veitt af tilsvarendi bótakerfi á yfirráðasvæði gistiríkisins. Fyrir þann dag skal framkvæmdastjórnin semja skýrslu á grundvelli fenginnar reynslu af beitingu þessarar undirgreinar og 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 94/19/EB, sem um getur hér að framan, og meta hvort þörf sé á því að halda þessum ákvæðum. Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja tillögu að tilskipun fyrir Evrópuþingið og ráðið um lengri gildistíma þessara ákvæða.

Ef tryggingin í bótakerfi gistiríkisins verður hærri og víðtækari, meðal annars hvað hundradshluta varðar, en sú trygging sem er veitt í aðildarríkinu þar sem fjárfestingarfyrirtækið hefur fengið leyfi, skal gistiríkið sjá til þess að á yfirráðasvæði þess sé bótakerfi sem stjórnvöld hafa viðurkennt og útibú getur tengst að eigin vild til viðbótar þeirri tryggingu sem fjárfestar hennar njóta þegar vegna aðildar útibúsins að kerfi heimaríkisins.

Kerfið, sem útibúið tengist, skal tryggja þann flokk stofnana sem útibúið tilheyrir eða stendur honum næst í gistiríkinu.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að sett séu hlutlaus og almenn skilyrði fyrir aðild útibúa að öllum bótakerfum fyrir fjárfesta. Útibú getur aðeins gerst aðili ef það uppfyllir viðeigandi skyldur er varða aðild, þar á meðal greiðslur á öllum framlögum og öðrum gjöldum. Aðildarríkin skulu fylgja þeim meginreglum sem koma fram í II. viðauka, við framkvæmd þessarar málsgreinar.

2. Ef útibú, sem hefur að eigin vild gerst aðili að bótakerfi samkvæmt 1. mgr., uppfyllir ekki þær skyldur er það hefur sem aðili að bótakerfi fyrir fjárfesta skal lögbæru yfirvöldunum, sem veittu því leyfi, tilkynnt það og skulu þau gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í samvinnu við bótakerfið til að tryggja að útibúið uppfylli framangreindar skyldur sínar.

Ef þessar ráðstafanir duga ekki til þess að útibúið uppfylli skyldurnar sem um getur í þessari grein getur bótakerfið, að liðnum mest tólf mánaða fyrirvara og með samþykki lögbæru yfirvaldanna, sem veittu leyfið, útilokað útibúið frá kerfinu. Fjárfestingarstarfsemi, sem á sér stað fyrir þann dag sem útilokunin kemur til framkvæmda, er tryggð áfram af bótakerfinu sem útibúið var sjálfviljugur aðili að. Fjárfestum skal greint frá því að viðbótartryggingin falli niður og hvaða dag hún falli úr gildi.

#### 8. gr.

1. Tryggingin, sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. 4. gr., skal gilda um samanlagðar kröfur fjárfesta á hendur sama fjárfestingarfyrirtæki samkvæmt þessari tilskipun, óháð fjölda reikninga, gjaldmiðli eða staðsetningu innan bandalagsins.

Aðildarríkjunum er þó heimilt að ákveða að fjármunir í öðrum gjaldmiðli en gjaldmiðlum aðildarríkjanna og ekum fái ekki tryggingu eða fái lægri tryggingu. Þessi kostur skal ekki gilda um skjöl.

2. Í sameiginlegri fjárfestingarstarfsemi skal tekið tillit til hlutar hvers fjárfestis við útreikning tryggingarinnar sem kveðið er á um í 1., 3. og 4. mgr. 4. gr.

Ef ekki eru til sérstök ákvæði hér um skiptist krafan jafnt milli fjárfesta.

Aðildarríkin geta ákveðið að leggja megi saman kröfur og meðhöndla, að því er varðar útreikning á mörkunum sem kveðið er á um í 1., 3. og 4. mgr. 4. gr., eins og fjárfestingu eins fjárfestis ef þær tengjast sameiginlegri fjárfestingarstarfsemi sem tveir eða fleiri eiga hlut í sem þátttakendur í sameignarfélagi, eða samtökum svipaðs eðlis, sem hefur ekki stöðu löpgersónu.

3. Ef fjárfestir á ekki ótvíræðan rétt til fjárhæða eða skjala sem eru í vörslu skal sá sem á ótvíræðan rétt til þeirra fá bæturnar, að því tilskildu að staðfest hafi verið, eða unnt sé að staðfesta, hver hann sé fyrir þann dag sem ákvörðunin var tekin eða úrskurðurinn, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., féll.

Ef tveir eða fleiri eiga ótvíræðan rétt skal hlutur hvers þeirra, með hliðsjón af þeim ákvæðum er gilda um umsjón fjárhæðanna eða skjalanna, tekinn til greina þegar mörkin í 1., 3. og 4. mgr. 4. gr. eru reiknuð út.

Þetta ákvæði gildir ekki um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu.

#### 9. gr.

1. Bótakerfið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að upplýsa fjárfesta um ákvörðunina eða úrskurðinn sem um getur í 2. mgr. 2. gr. og greiða þeim, eins skjótt og unnt er, bætur sem þeir kunna að eiga rétt á. Bótakerfið getur sett frest sem fjárfestar hafa til að leggja fram kröfur sínar. Þessi frestur má ekki vera styttri en fimm mánuðir frá þeim degi, sem framangreind ákvörðun var tekin eða úrskurður féll, eða frá þeim degi sem ákvörðunin eða úrskurðurinn var gerður opinber.

Bótakerfið getur þó ekki neitað fjárfesti um greiðslu bóta með tilvísun til þess að fresturinn sé úrunninn hafi hann ekki getað sett fram kröfu sína á hendur bótakerfinu í tæka tíð.

2. Bótakerfið verður að geta greitt kröfur fjárfestis eins skjótt og unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að lögmæti og fjárhæð kröfu er staðfest.

Við sérstakar aðstæður og í undantekningartilvikum getur bótakerfi sótt um lengri frest til lögbærra yfirvalda. Slík framlenging má ekki vera lengri en þrjú mánuðir.

3. Þrátt fyrir frestinn sem um getur í 2. mgr. má tryggingakerfið draga greiðslu þar til dómsúrskurður liggur fyrir ef fjárfestir eða annar einstaklingur, sem á rétt á eða hlut í fjárfestingarstarfsemi, hefur sætt ákæru fyrir lögbrot í tengslum við peningþvætti eins og það er skilgreint í 1. gr. tilskipunar 91/308/EBE.

#### 10. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hvert fjárfestingarfyrirtæki geri viðeigandi ráðstafanir til að veita núverandi og væntanlegum fjárfestum nauðsynlegar upplýsingar um hvaða bótakerfi fyrir fjárfesta viðkomandi fjárfestingarfyrirtæki og útibú þess innan bandalagsins eru aðilar að, eða um önnur hugsanleg kerfi sem eru notuð, sbr. aðra undirgrein 1. mgr. 2. gr. eða 3. mgr. 5. gr. Fjárfestar skulu upplýstir um ákvæði varðandi bótakerfið fyrir fjárfesta eða um önnur hugsanleg kerfi, meðal annars um það hversu há og víðtæk tryggingin sé sem býðst í bótakerfinu og um þær reglur sem aðildarríkin kunna að hafa sett samkvæmt 3. mgr. 2. gr. Þessar upplýsingar skulu liggja fyrir á auðskildu máli.

Ef farið er fram á það skal einnig veita upplýsingar um skilyrðin fyrir greiðslu bótafjárhæðar og formsatriðin sem þarf að ganga frá í því sambandi.

2. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu liggja fyrir á þann hátt sem landslög mæla fyrir um, á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem útibúið er.

3. Aðildarríkin skulu setja reglur sem takmarka notkun í auglýsingaskyni á upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. til að koma í veg fyrir að slík notkun hafi áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins eða tiltrú fjárfesta. Einkum geta aðildarríkin takmarkað slíkar auglýsingar við beinar vísanir til þess kerfis sem fjárfestingarfyrirtækið er aðili að.

#### 11. gr.

1. Hvert aðildarríki skal kanna hvort útibú, sem eru stofnuð af fjárfestingarfyrirtæki með höfuðstöðvar utan bandalagsins, hafi samsvarandi tryggingu og mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Ef svo er ekki geta aðildarríkin mælt svo fyrir að útibú, sem eru stofnuð af fjárfestingarfyrirtæki með höfuðstöðvar utan bandalagsins, skuli gerast aðilar að starfandi bótakerfi fyrir fjárfesta á yfirráðasvæði þeirra, sbr. þó 5. gr. tilskipunar 93/22/EBE.

2. Núverandi og væntanlegir fjárfestar í útibúum, sem eru stofnuð af fjárfestingarfyrirtæki með höfuðstöðvar utan bandalagsins, skulu fá allar viðeigandi upplýsingar frá fjárfestingarfyrirtækinu um þau bótakerfi sem tryggja fjárfestingar þeirra.

3. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 2. mgr., skulu liggja fyrir á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem útibúið er, á þann hátt sem landslög mæla fyrir um og á skýru og skiljanlegu máli.

#### 12. gr.

Bótakerfi, sem greiða bætur til fjárfesta, skulu hafa rétt til að ganga inn í kröfuréttindi fjárfestanna við skiptameðferð sem svarar til fjárhæðarinnar sem greidd er án þess að þetta hafi að öðru leyti áhrif á þau réttindi sem kerfin kunna að hafa samkvæmt landslögum.

#### 13. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að réttur fjárfesta til bóta feli í sér að fjárfestir hafi möguleika á að kæra bótakerfið.

#### 14. gr.

Framkvæmdastjórninni ber, eigi síðar en 31. desember 1999, að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar og, ef við á, tillögur um endurskoðun hennar.

**15. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 26. september 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**16. gr.**

Ákvæði 12. gr. tilskipunar 93/22/EBE falli hér með úr gildi frá þeim degi sem um getur í 1. mgr. 15. gr.

**17. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**18. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. mars 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**J. M. GIL-ROBLES**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**M. DE BOER**

forseti.

## I. VIÐAUKI

### SKRÁ YFIR ÚTILOKANIR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 4. GR.

1. Fjárfestar sem hafa fjárfestingu að atvinnu og stofnanafjárfestar, þar með talið:
  - fjárfestingarfyrtæki, sbr. 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE,
  - lánastofnanir, sbr. fyrsta undirlið 1. gr. tilskipunar ráðsins 77/780/EBE,
  - fjármálastofnanir, sbr. 6. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/646/EBE,
  - váttryggingafyrirtæki,
  - fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu,
  - ellilífeyris- og eftirlaunasjóðir.

Aðrir fjárfestar sem hafa fjárfestingu að atvinnu og stofnanafjárfestar.
2. Yfirrákjustofnanir, ríkisstjórnir og ráðuneyti og aðrar ríkisstofnanir.
3. Héraðs-, svæðis- og bæjarstjórnir.
4. Forstjórar, framkvæmdastjórar og félagsmenn fjárfestingarfyrtækja sem eru persónulega ábyrgir, eigendur minnst 5% af eigin fé fjárfestingarfyrtækis, þeir sem bera ábyrgð á lögbundinni endurskoðun reikninga fjárfestingarfyrtækis og fjárfestar með svipaða stöðu í öðrum fyrirtækjum í sömu samsteypu.
5. Náin skyldmenn og þriðju aðilar sem koma fram fyrir hönd fjárfesta sem um getur í 4. lið.
6. Önnur fyrirtæki í sömu samsteypu.
7. Fjárfestar er bera ábyrgð á eða hafa nýtt sér ákveðna málavexti, sem varða fjárfestingarfyrtæki og hafa valdið fyrirtækinu fjárhagsferiðleikum eða átt þátt í að rýra fjárhagsstöðu þess.
8. Félög sem eru af þeirri stærð að þeim er ekki heimilt að semja stytta efnahagsreikning samkvæmt 11. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð <sup>(1)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 222, 14. 8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/8/EB (Stjtið. EB nr. L 82, 25. 3.1994, bls. 33).

## II. VIÐAUKI

### MEGINATRÍÐI TIL HLÍÐSJÓNAR

(sem um getur í fimmta undirlið 1. mgr. 7. gr.)

Sæki útibú um aðild að viðbótartryggingakerfi gistiríkis, setja kerfi gistiríkisins og kerfi heimaríkisins tvíhliða viðeigandi verklagsreglur um greiðslur bóta til fjárfesta hjá því útibúi. Eftirfarandi meginatriði snerta bæði samningu þessara verklagsreglna og skilyrði fyrir aðild útibúsins (sbr. 1. mgr. 7. gr.):

- a) Kerfi gistiríkisins hefur áfram fullan rétt til að beita hlutlægum og almennum reglum sínum gagnvart fjárfestingarfyrirtækjum sem eru aðilar að því; það getur krafist viðeigandi upplýsinga og hefur rétt til að bera þær saman við upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum í heimaríkinu.
- b) Kerfi gistiríkisins verður við kröfum um viðbótarbætur ef lögbær yfirvöld heimaríkisins hafa tilkynnt því um ákvörðun eða úrskurð samkvæmt 2. mgr. 2. gr. Kerfi gistiríkisins hefur áfram ótakmarkaðan rétt til að ganga úr skugga um, í samræmi við staðla sína og verklagsreglur, hvort fjárfestir hafi rétt til viðbótarbóta áður en til greiðslu kemur.
- c) Kerfi heimaríkis og gistiríkis hafa náð samstarf sín á milli til að tryggja að fjárfestar fái strax greiddar réttar bótafjárhæðir. Þau skulu einkum semja um hvaða áhrif gagnkrafa, sem gæti gefið tilefni til skuldajöfnunar hjá öðru hvoru kerfinu, hafi á bætur sem hvort kerfið um sig greiðir fjárfestinum.
- d) Kerfi gistiríkisins hefur rétt til þess að láta útibúin greiða framlag vegna viðbótartryggingar og skal í því sambandi miðað við þá tryggingu sem kerfi heimaríkisins veitir. Til að auðvelda innheimtu slíks framlags hefur kerfi gistiríkisins rétt til að líta svo á að ábyrgð þess takmarkist ætíð við þá tryggingu sem það veitir umfram trygginguna sem heimaríkið veitir, óháð því hvort heimaríkið greiðir í reynd bætur vegna krafna fjárfesta á yfirráðasvæði gistiríkisins.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/13**

**nr. 13/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/97 frá 12. desember 1997<sup>(1)</sup>.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til aðgerðaáætlunar bandalagsins um heilsugæslu innan aðgerðarammans á sviði almannaeilbrigðis (1997 til 2001) (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1400/97/EB)<sup>(2)</sup>.

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til að gera ráð fyrir að þessi aukna samvinna hefjist 1. janúar 1998.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. mgr. 16. gr. í bókun 31 við samninginn:

„ - **397 D 1400:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1400/97/EB frá 30. júní 1997 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins um heilsugæslu innan aðgerðarammans á sviði almannaeilbrigðis (1997 til 2001)(Stjtið. EB nr. L 193, 22. 7. 1997, bls. 1).“.

**2. gr.**

Í stað 2. mgr. 16. gr. í bókun 31 komi eftirfarandi:

„2. EFTA-ríkin skulu taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í fyrstu þremur undirliðum 1. mgr. frá 1. janúar 1996, í áætluninni sem um getur í fjórða undirlið frá 1. janúar 1997 og í áætluninni sem um getur í fimmta undirlið frá 1. janúar 1998.“.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1998.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 193, 9. 7. 1998, bls. 55 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 9.7.1998, bls. 107.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 193, 22. 7. 1997, bls. 1.

## ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1400/97/EB

frá 30. júní 1997

### um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins um heilsugæslu innan aðgerðarammans á sviði almannaheilbrigðis (1997-2001)(\*)

#### EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 129. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(4)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 16. apríl 1997,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í aðgerðaáætlun bandalagsins skal, samkvæmt o-lið 3. gr. sáttmálans, felast framlag til öflugrar heilsuverndar. Í 129. gr. sáttmálans er kveðið skýrt á um valdsvið bandalagsins á þessu sviði, þar eð því ber að stuðla að samvinnu milli aðildarríkjanna og styðja aðgerðir þeirra ef nauðsyn krefur.
- 2) Í ályktun ráðsins frá 27. maí 1993 um framtíðaraðgerðir á sviði almannaheilbrigðis <sup>(5)</sup> var litið svo á að bætt söfnun, greining og dreifing gagna um heilbrigði, svo og að fyrirbyggjandi gögn verði betri og samanburðarhæfari, skipti sköpum við undirbúning framtíðarverkefna.
- 3) Í ályktun Evrópuþingsins um heilbrigðisstefnu eftir Maastricht <sup>(6)</sup> var lögð áhersla á vægi nægra og viðeigandi upplýsinga, sem grundvöll þróunar bandalagsaðgerða á

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 193, 22. 7. 1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 338, 16. 12. 1995, bls. 4 og Stjttíð. EB nr. C 214, 24. 7. 1996, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 174, 17. 6. 1996, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. C 129, 2. 5. 1996, bls. 50.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 17. apríl 1996 (Stjttíð. EB nr. C 141, 13. 5. 1996, bls. 94), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. C 220, 29. 7. 1996, bls. 36) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 23. október 1996 (Stjttíð. EB nr. C 347, 18. 11. 1996, bls. 73). Ákvörðun ráðsins frá 5. júní 1997 og ákvörðun Evrópuþingsins frá 10. júní 1997.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. C 174, 25. 6. 1993, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjttíð. EB nr. C 329, 6. 12. 1993, bls. 375.

sviði almannaheilbrigðis. Evrópuþingið fór þess á leit við framkvæmdastjórnina, að hún safnaði gögnum um heilbrigði frá aðildarríkjunum og skoðaði þau í því augnamiði að greina áhrif opinberrar stefnu í heilbrigðismálum á heilsufar í bandalaginu.

- 4) Æskilegt væri að kanna möguleika þess að koma á fót varanlegu kerfi til að hafa eftirlit með og meta gögn og vísbenda um heilbrigði úr Evrópubandalaginu.

- 5) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 24. nóvember 1993 um ramma áætlunar um að efla almannaheilbrigði var litið svo á að aukin samvinna um stöðlum og söfnun sambærilegra/samrýmanlegra gagna um heilsufar svo og efling heilsugæslu- og eftirlitskerfa væri ein forsenda þess að hægt yrði að skilgreina ramma sem aðildarríkin gætu byggt á stefnu sína og áætlanir. Heilsugæslan í heild, þar með talin gögn um heilbrigði og vísbendar, hefur verið flokkuð sem forgangsverkefni hvað varðar tillögur að áætlunum bandalagsins til margra ára á sviði almannaheilbrigðis.

- 6) Í ályktun sinni frá 2. júní 1994 um ramma áætlunar um að efla heilbrigði í bandalaginu <sup>(7)</sup> kynnti ráðið að söfnun gagna um heilbrigði skyldi hafa forgang og bauð framkvæmdastjórninni að kynna viðeigandi tillögur. Ráðið taldi að meðal gagna og vísbenda sem stuðst væri við, skyldu vera gögn um ráðstafanir sem varða lífsskjör íbúanna, nákvæmt mat á þörfum í heilbrigðismálum, áætlanir um fjölda dauðsfalla sem hefði mátt koma í veg fyrir með sjúkdómavörnum, áhrif félagslegra og efnahagslegra þátta á heilsufar eftir þjóðfélagsþróun og, þar sem við á og telji aðildarríkin þess þörf, gögn um heilbrigðisaðstoð, starfshætti heilbrigðisstétta og áhrif endurbóta.

- 7) Heilsugæsla innan bandalagsins er undirstaða skipulagningar, eftirlits og mats á aðgerðum bandalagsins á sviði almannaheilbrigðis, enn fremur eftirlits og mats á heilsufarslegum áhrifum annarra stefnumála bandalagsins.

<sup>(7)</sup> Stjttíð. EB nr. C 165, 17. 6. 1994, bls. 1.

- 8) Þekking á gögnum tengdum almannaheilbrigði í Evrópu, sem aflað er með heilsugæslukerfi á bandalagsvísu, er ein helsta forsenda þess að unnt verði að fylgjast með framvindu á sviði almannaheilbrigðis og skilgreina forgangsverkefni og markmið á því sviði.
- 9) Að því er varðar þessa ákvörðun tekur heilsugæsla til útreiknings á vísbendum um heilsufar í bandalaginu og söfnunar, dreifingar og greiningar gagna og vísbenda um heilsufar í bandalaginu.
- 10) Í ákvörðun 93/464/EBE frá 22. júlí 1993 um rammaáætlun fyrir forgangsverkefni á sviði hagskýrslugerðar 1993 - 1997 <sup>(1)</sup>, flokkaði ráðið undir fyrirsögninni „Heilbrigðis- og öryggisskýrslur“ greiningu dánartölu og sjúkratölu eftir orsökum meðal forgangsverkefna á áætlanasviði félagsmálaverkefna, efnahagslegrar og félagslegrar samheldni og neytendaverndar.
- 11) Í ákvörðun 94/913/EB frá 15. desember 1994 þar sem samþykkt er sérstök rannsókn- og tækniþróunaráætlun, þar með talið tilraunaverkefni á sviði líflæknisfræði og heilbrigðismála (1994-1998) <sup>(2)</sup>, benti ráðið á sérstakt rannsóknaverkefni er fælist í samræmingu og samanburði evrópskra heilbrigðisgagna, þar á meðal næringarfræðilegra gagna, frá hinum ýmsu aðildarríkjum. Þetta var fellt inn í viðkomandi rannsóknaráætlun.
- 12) Heilsugæsla innan bandalagsins mun gera kleift að mæla heilsufar, framvindu og þá þætti sem ráða úrslitum, auðveldla skipulagningu, eftirlit og mat á áætlunum og aðgerðum bandalagsins, og sjá aðildarríkjunum fyrir upplýsingar um heilbrigði til stuðnings við þróun og mat á stefnu í heilbrigðismálum.
- 13) Svo að unnt sé að standa undir kröfum og væntingum á þessu sviði er rétt að koma á fót heilsugæslukerfi innan bandalagsins, sem felur í sér samantekt á vísbendum um heilsufar, söfnun gagna, einkum þeirra sem verða nauðsynleg þegar fram í sækir til að ná fram samanburðarhæfum vísbendum um heilsufar, koma upp neti til að senda og skiptast á gögnum og vísbendum um heilsufar og þróa starf við greiningu og dreifingu upplýsinga um heilbrigði.
- 14) Skoða ber vandlega fyrirbyggjandi valkosti og möguleika á að þróa ýmsa hluta heilsugæslukerfis innan bandalagsins, að meðtöldum þeim sem fela í sér að efla þau úrræði sem fyrir eru, með tilliti til væntanlegs árangurs, sveigjanleika og arðsemi. Þörf er á sveigjanlegu kerfi sem felur í sér þá þætti sem nú eru taldir æskilegir og getur jafnframt lagað sig að nýjum kröfum og öðrum forgangsverkefnum. Í slíku kerfi ætti að vera skilgreining á öllum vísbendum um heilbrigði í bandalaginu og safn þeirra gagna sem notuð eru til að vinna slíka vísbenda.
- 15) Vísbenda og gögn um heilbrigði innan bandalagsins ber að byggja á fyrirbyggjandi gögnum og vísbendum frá Evrópu, til dæmis þeim sem haldið er til haga í aðildarríkjunum eða sem þau koma á framfæri við alþjóðlegar stofnanir, svo að komist verði hjá óþarfa tvíverknaði.
- 16) Staða mála, hvað varðar gagnasöfnun, er mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Bandalagið getur stutt aðgerðir aðildarríkjanna, þar á meðal þær sem varða gagnasöfnun í tengslum við heilsugæslukerfi á bandalagsvísu, þegar slíkur stuðningur skapar bandalaginu virðisauka.
- 17) Heilsugæslukerfi innan bandalagsins gæti haft hag af því að komið yrði á fót fjarneti til söfnunar og dreifingar gagna og vísbenda um heilbrigði innan bandalagsins.
- 18) Með heilsugæslukerfi innan bandalagsins ætti að vera hægt að leggja fram gögn sem mætti nýta til að vinna skýrslur með reglulegu millibili um heilsufar í bandalaginu og að greina framvindu og heilbrigðisvandamál, einnig mætti nota það til að vinna upplýsingar um heilbrigði og dreifa þeim.
- 19) Stofnun heilsugæslukerfis á vettvangi bandalagsins gengur út frá því að virt séu ákvæði um verndun gagna og ráðstafanir til að tryggja leynd þeirra og öryggi, eins og ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um verndun einstaklinga í tengslum við meðferð persónuupplýsinga og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga <sup>(3)</sup> og reglugerðar ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópu-bandalaganna <sup>(4)</sup>.
- 20) Hrinda ber af stað áætlun til margra ára innan ramma aðgerða á sviði almannaheilbrigðis, svo að unnt verði að koma á fót heilsugæslukerfi framtíðarinnar innan bandalagsins og viðeigandi fyrirkomulagi til að meta það.
- 21) Í samræmi við dreifræðisregluna skal bandalagið því aðeins beita sér fyrir aðgerðum á sviðum sem það hefur ekki eitt lögsögu um, til dæmis aðgerðum á sviði heilsugæslu, að vegna umfangs þeirra og áhrifa sé hagkvæmara að fela bandalaginu þær.
- 22) Stefnur og áætlanir, sem unnið er að og hrundið í framkvæmd á vettvangi bandalagsins, einkum þær sem eru innan ramma aðgerða á sviði almannaheilbrigðis, eiga að samrýmast stefnumiðum og markmiðum aðgerða bandalagsins á sviði heilsugæslu. Framkvæmd bandalagsaðgerða á sviði heilsugæslu taki mið af samsvarandi rannsóknarstarfi innan rammaáætlunar bandalagsins um rannsóknir og tækniþróun. Verkefni um hagnýtingu fjarvirkni í heilbrigðisgeiranum, sem falla undir rannsókn- og tækniþróunaráætlun bandalagsins, skulu

(1) Stjtið. EB nr. L 219, 28. 8. 1993, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 361, 31. 12. 1994, bls. 40.

(3) Stjtið. EB nr. L 281, 23. 11. 1995, bls. 31.

(4) Stjtið. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með aðildarlögum frá 1994.



samhæfð aðgerðum bandalagsins á sviði heilsugæslu. Aðgerðir innan rammaáætlunar bandalagsins um hagskýrslur, verkefni bandalagsins á sviði fjarvirkra gagnaskipta milli stjórnsýslustofnana (IDA) og verkefni sjö helstu iðnríkja heims á sviði heilbrigðismála ber að samhæfa vandlega framkvæmd aðgerða bandalagsins á sviði heilsugæslu. Tekið skal tillit til þess starfs sem þegar er hafið hjá sérhæfðum stofnunum, þeirra á meðal Eftirlitsstofnun Evrópu í fíkniefnamálum (EMCDDA) og Umhverfisstofnun Evrópu.

- 23) Efla ber samvinnu við þar til bærar alþjóðastofnanir, þeirra á meðal Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO) og Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) svo og við þriðju lönd. Aðrir aðilar, svo sem félagasamtök, gætu einnig haft hlutverki að gegna.
- 24) Við framkvæmd þessarar áætlunar ber að standa vörð um og þróa þær fjárfestingar sem hefur verið stofnaði til í þróun netkerfa bandalagsins og samvinnu við til þess bærar alþjóðastofnanir á þessu sviði.
- 25) Mikils er um vert að framkvæmdastjórnin tryggi að áætlunin nái fram að ganga í náinni samvinnu við aðildarríkin.
- 26) Hinn 20. desember 1994 gerðu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin bráðabirgðasamkomulag<sup>(1)</sup> varðandi framkvæmd lagagerða sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum.
- 27) Eins og stendur eru gögn ekki nægilega samanburðarhæf og ber að forðast hugsanlegan tvíverknað með því að þróa sameiginlega skilgreiningar, aðferðir, viðmiðanir og tækni við samanburð og umreikning, enn fremur með því að þróa hentug tæki til gagnaöflunar, til dæmis athuganir, spurningalista eða hluta þeirra, og með því að skilgreina inntak upplýsinga um heilbrigði sem á að dreifa, einkum um fjarnet.
- 28) Með það fyrir augum að auka gildi og áhrif þessarar áætlunar ber stöðugt að leggja mat á þær aðgerðir sem stofnað er til, með sérstöku tilliti til skilvirkni þeirra og þess hvernig miðar að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að, bæði innanlands og á vettvangi bandalagsins og, ef þörf krefur, gera þær breytingar sem eru taldar nauðsynlegar.
- 29) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma, sem gildir meðan áætlunin varir, sem, í skilningi 1. liðar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. mars 1995<sup>(2)</sup>, er grundvallarviðmiðun fyrir fjárveitingavaldið við árlega fjárlagagerð.
- 30) Gildistími þessarar áætlunar skal vera fimm ár til að nægjanlegur tími gefist til að ná settum markmiðum.

(1) Stjttf. EB nr. C 102, 4. 4. 1996, bls. 1.

(2) Stjttf. EB nr. C 102, 4. 4. 1996, bls. 4

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

#### Gerð áætlunarinnar

1. Samþykkja skal aðgerðaáætlun bandalagsins um heilsugæslu, hér á eftir nefnd „áætlunin“, fyrir tímabilið 1. janúar 1997 til 31. desember 2001 sem lið í aðgerðum á sviði almannaheilbrigðis.
2. Markmiðið með áætluninni er að stuðla að því að komið verði á fót heilsugæslukerfi sem gerir það kleift:
  - a) að mæla heilsufar, framvindu og þætti sem ráða úrslitum í öllu bandalaginu;
  - b) að greiða fyrir áætlanagerð, eftirliti og mati á áætlunum og aðgerðum á vegum bandalagsins; og
  - c) að sjá aðildarríkjunum fyrir viðeigandi upplýsingum um heilbrigðismál til að unnt sé að bera þær saman og styðja stefnumið þeirra í heilbrigðismálum;

með því að efla samvinnu milli aðildarríkjanna og, ef þörf krefur, styðja aðgerðir þeirra með því að greiða fyrir því að þau samhæfi stefnumið sín og áætlanir á þessu sviði og hvetja til samvinnu við þriðju lönd og þar til bærar alþjóðastofnanir.

3. Aðgerðunum, sem hrinda á í framkvæmd innan áætlunarinnar, og sértækum markmiðum þeirra er lýst í I. viðauka undir eftirfarandi fyrir sögnum:

- A. Gerð vísbenda um heilbrigði í bandalaginu.
- B. Þróun netkerfis um gervallt bandalagið til dreifingar á gögnum um heilbrigði.
- C. Greining og skýrslugerð.

Í II. viðauka eru birtar tillögur um nokkur þeirra sviða, þar sem hugsanlega mætti vinna vísbenda um heilbrigði.

### 2. gr.

#### Framkvæmd

1. Framkvæmdastjórninni ber að tryggja að aðgerðirnar, sem um getur í I. viðauka, séu framkvæmdar í náinni samvinnu við aðildarríkin í samræmi við ákvæði 5. gr.
2. Framkvæmdastjórninni ber að eiga samstarf við stofnanir og samtök á sviði heilsugæslu.

**3. gr.****Fjárhagsáætlun**

1. Fjárhagsramminn til að hrinda áætluninni í framkvæmd á því tímabili sem um getur í 1. gr. er 13,8 milljónir eka.
2. Fjárveitingavaldið skal heimila árlegar fjárveitingar sem rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

**4. gr.****Samræmi og fyllid**

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að samræmi og fyllid ríki milli aðgerða sem heyra undir þessa áætlun og annarra viðeigandi áætlana og frumkvæðis á vettvangi bandalagsins, bæði sem lið í aðgerðum á sviði almannaheilbrigðis og ekki síst í rammaáætlun um hagskýrslur, verkefnum á sviði fjarvirkra gagnaskipta milli stjórnsýslustofnana og rammaáætlun um rannsóknir og tæknipróun, einkum með því að nota fjarvirkni.

**5. gr.****Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem í eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju aðildarríki undir forsæti fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.
2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal og varða:
  - a) starfsreglur nefndarinnar;
  - b) árlega starfsáætlun þar sem aðgerðum er forgangsraðað;
  - c) tilhögun, viðmiðanir og málsmeðferð að því er varðar val og fjármögnun verkefna samkvæmt áætluninni, meðal annars verkefni sem fela í sér samstarf við þar til bærar alþjóðastofnanir á sviði almannaheilbrigðis og þátttöku þeirra landa sem um getur í 2. mgr. 6. gr.;
  - d) matsaðferðir;
  - e) með hvaða hætti dreifing og sending niðurstaðna fer fram;
  - f) hvernig samstarfi við stofnanir og samtök sem um getur í 2. mgr. 2. gr. skuli háttað;
  - g) ákvæði þau sem gilda um skil á gögnum, yfirfærslu þeirra og aðrar aðferðir við að gera gögnin sambærileg í því augnamiði að ná fram því markmiði sem um getur í 2. mgr. 1. gr.;
  - h) ákvæði um skilgreiningu og val á vísbendum;

- i) ákvæði um forskriftir um inntak sem nauðsynlegar eru til þess að koma netkerfunum á fót og starfrækja þau.

Nefndin skal skila álitu sínu á fyrrnefndum drögum fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin samþykkir ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar lætur framkvæmdastjórnin þó ráðið vita af þeim án tafar. Í því tilviki:

- frestar framkvæmdastjórnin ráðstöfununum, sem hafa verið ákveðnar, um tvo mánuði frá því að þær voru tilkynntar,
- er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirliðnum hér að framan.

3. Auk þess er framkvæmdastjórninni heimilt að ráðfæra sig við nefndina um öll önnur málefni sem varða framkvæmd áætlunarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitu sínu á drögnum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitid skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að fá afstöðu sína bókaða í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

4. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal veita nefndinni reglulega upplýsingar um:

- veitta fjárhagsaðstoð samkvæmt áætluninni (fjárhæð, gildistíma, sundurliðun og styrkþega),
- tillögur framkvæmdastjórnarinnar eða frumkvæði og framkvæmd áætlana bandalagsins á öðrum sviðum sem tengjast því beinlínis að markmið áætlunarinnar nái fram að ganga, í þeim tilgangi að tryggja það samræmi og fyllid sem um getur í 4. gr.

**6. gr.****Alþjóðleg samvinna**

1. Við framkvæmd þessarar áætlunar verður, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr., hvatt til og efnt til samvinnu við þriðju lönd og þar til bærar alþjóðastofnanir á sviði almannahelbrigðis, einkum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og Alþjóðavinnuástandastofnunina (ILO) einnig félagasamtök sem starfa á sviði heilsugæslu.

2. Samstarfsríkjum í Mið- og Austur-Evrópu (ACCEE) er frjálst að taka þátt í áætluninni í samræmi við þau skilyrði sem um getur í viðbótarbókunum við samstarfssamninga sem fjalla um þátttöku í áætlunum bandalagsins og til stendur að gera við þessi lönd. Kýpur og Möltu er frjálst að taka þátt í áætluninni á grundvelli aukafjárveitinga samkvæmt sömu reglum og gilda um EFTA-löndin og í samræmi við málsmeðferð sem semja skal um við þessi lönd.

**7. gr.****Eftirlit og mat**

1. Framkvæmdastjórnin lætur meta þær aðgerðir sem eru gerðar á grundvelli skýrslna aðildarríkjanna og með þátttöku óháðra sérfræðinga ef nauðsyn ber til.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið bráðabirgðaskýrslu fyrir 30. júní 2000 og lokaskýrslu þegar áætluninni verður lokið, þó eigi síðar en 30. júní 2003. Framkvæmdastjórninni ber að fella inn í þessar skýrslur upplýsingar um fjármögnun bandalagsins á hinum ýmsu aðgerðasviðum og um fyllid við aðrar áætlanir og frumkvæði sem um getur í 4. gr., enn fremur niðurstöður matsins sem um getur í 1. mgr. Henni ber einnig að senda efnahags- og félagsmálanefndinni og svæðanefndinni skýrslurnar.

3. Á grundvelli niðurstaðna matsins sem um getur í 1. mgr. getur framkvæmdastjórnin, ef við á, gert viðeigandi tillögur í því augnamiði að áætluninni verði haldið áfram.

Gjört í Lúxemborg 30. júní 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**J. M. GIL-ROBLES**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**A. NUIS**

forseti.

## I. VIÐAUKI

### A. GRUNNUR LAGÐUR AÐ VÍSBENDUM UM HEILBRIGÐI Í BANDALAGINU

#### Markmið

Að komið verði upp samanburðarhæfum vísbendum um heilbrigði í bandalaginu með gagnrýninni endurskoðun á fyrirbyggjandi gögnum og vísbendum um heilbrigði, með því að þróa viðeigandi aðferðir við söfnun æ sambærilegri gagna um heilbrigði sem nauðsynleg eru til að vinna slíka vísbenda.

1. Skilgreining, endurskoðun og gagnrýnin greining á vísbendum um heilbrigði og gögnum sem fyrir eru, bæði á evrópskum vettvangi og á vettvangi aðildarríkjanna, á grundvelli gagna sem staðfest eru af aðildarríkjunum, með það fyrir augum að ákvarða gildi þeirra, gæði og umfang í þeim tilgangi að vinna vísbenda um heilbrigði í bandalaginu.
2. Skilgreining á öllum vísbendum um heilbrigði í bandalaginu, sem fela í sér undirflokk aðalvísbenda til að auðvelda eftirlit með áætlunum bandalagsins og aðgerðum á sviði almannaheilbrigðis og undirflokk aukavísbenda til að auðvelda eftirlit með öðrum stefnumiðum bandalagsins, áætlunum og aðgerðum, svo að aðildarríkjunum verði séð fyrir sameiginlegum kvörðum sem auðvelda samanburð. Í II. viðauka eru birtar tillögur um nokkur þeirra sviða, þar sem hugsanlega mætti vinna vísbenda um heilbrigði.
3. Þróun og stuðningur við kerfisbundna söfnun gagna um heilbrigði sem má gera samanburðarhæf með því að búa til gagnalýsingasöfn, viðeigandi aðferðir og reglur um umbreytingar, og aðrar aðferðir við að ná markmiðinu sem um getur í 2. mgr. 1. gr.
4. Að stuðlað verði að söfnun samanburðarhæfra gagna með því að styðja undirbúning kannana, að meðtöldum könnunum alls staðar í bandalaginu sem að gagni koma við mótun á stefnu bandalagsins, eða við að búa til samþykktar sýniseiningar eða spurningalista til að nota við kannanir sem til eru.
5. Að eflað verði samvinna við til þess bær alþjóðasamtök sem vinna með gögn og vísbenda um heilbrigði í bandalaginu, og að eflað verði netkerfi þar sem skipst er á gögnum um tiltekna þætti almannaheilbrigðis, til að gögnin verði samanburðarhæf.
6. Hvatning og stuðningur við mat á raunhæfi og hagkvæmni þess að safna saman stöðluðum gögnum um úrræði í heilbrigðismálum svo að unnt verði að fella þau inn í fyrirhugað heilsugæslukerfi bandalagsins.
7. Stuðningur við að haldið verði áfram yfirstandandi hagkvæmnisathugun á þeim möguleika að koma á fót varanlegu kerfi til að hafa eftirlit með og meta gögn og vísbenda um heilbrigði innan bandalagsins.

### B. ÞRÓUN NETKERFIS INNAN BANDALAGSINS TIL SAMEIGINLEGS AÐGANGS AÐ GÖGNUM UM HEILBRIGÐI

#### Markmið

Að koma á fót skilvirku og traustu kerfi til flutnings og sameiginlegs aðgangs að gögnum og vísbendum um heilbrigði, einkum með fjarvirkum gagnaskiptum.

8. Hvatning og stuðningur við að komið verði upp netkerfi til flutnings og sameiginlegs aðgangs að gögnum um heilbrigði, einkum með fjarvirkum samskiptum og kerfi dreifðra gagnagrunna og með því að skilgreina gögn og aðferðir sem gilda um aðgang, leit, trúnaðarstig og öryggi ólíkra tegunda upplýsinga sem verða settar inn í kerfið.

**C. GREINING OG SKÝRSLUGERÐ****Markmið**

Að þróa aðferðir og tæki sem nauðsynleg eru við greiningu og skýrslugerð, að styrkja greiningar og skýrslur um heilbrigði, framvindu og þá þætti sem ráða úrslitum, og um áhrif stefnumiða á heilbrigði.

9. Hvatning og stuðningur við að þróa aðstöðu til greiningar með því að efla þau úrræði sem fyrir eru og með hagkvæmnisathugunum á hugsanlegum nýjum kerfum, enn fremur aðferðafræði og tæki til að gera samanburð og spár, sannreyna tilgátur og líkön, og áætlanir og niðurstöður þeirra.
10. Stuðningur við að greina áhrif aðgerða og áætlana innan bandalagsins á sviði almannaheilbrigðis, og við að vinna skýrslur um mat á slíkum áhrifum og dreifa þeim.
11. Stuðningur við að undirbúa, gera uppkast að og dreifa skýrslum, greiningum og öðrum upplýsingum svo að unnt sé að gera samanburð á heilsufari og framvindu, þáttum sem og áhrifum stefnumiða á heilbrigði.

## II. VIÐAUKI

### TILLÖGUR UM NOKKUR ÞEIRRA SVIÐA ÞAR SEM HUGSANLEGA MÆTTI VINNA VÍSBENDA UM HEILBRIGÐI

#### A. Heilsufar

1. Meðalævilengd:
  - meðalævilengd við tiltekinn aldur,
  - heilbrigðislíkur.
2. Dánartíðni:
  - heildartölur,
  - dánarorsakir,
  - lífunarhlutfall við tiltekna sjúkdóma.
3. Fjöldi sjúkdómstilvika:
  - tilteknir sjúkdómar,
  - samverkandi sjúkdómar.
4. Hæfni og lífsgæði:
  - eigið mat á heilsufari,
  - líkamleg fötlun,
  - hömlur á starfsgetu,
  - hæfni/geta til starfa,
  - vinnutap vegna veikinda,
  - geðheilsa.
5. Mannfræðileg einkenni.

#### B. Lífsstíll og heilbrigðisvenjur

1. Tóbaksneysla
2. Áfengisneysla
3. Fíkniefnaneysla
4. Hreyfing
5. Mataræði
6. Kynlíf
7. Annað

#### C. Lífs- og starfsskilyrði

1. Í vinnu/atvinnulaus:
  - atvinna.
2. Vinnuumhverfi:
  - slys,
  - áreitun krabbameinsvaldandi efna og annarra hættulegra efna,
  - atvinnusjúkdómar.
3. Húsnæðisaðstæður.

4. Heimili og tómstundastarf:
  - slys í heimahúsum,
  - tómstundir.
5. Samgöngur:
  - umferðarslys.
6. Ytra umhverfi:
  - loftmengun,
  - vatnsmengun,
  - önnur mengun,
  - geislamengun,
  - áreitun krabbameinsvaldandi efna og annarra hættulegra efna utan vinnustaðar.

#### D. Heilsuvernd

1. Fjármögnunarleiðir.
2. Aðstaða/mannaflí:
  - nýting úrræða heilbrigðisþjónustu,
  - heilbrigðisstéttir.
3. Kostnaður/útgjöld:
  - innlagnir á sjúkrahús,
  - göngudeildarmeðferð,
  - lyfjavörur.
4. Neysla/notkun:
  - innlagnir á sjúkrahús,
  - göngudeildarmeðferð,
  - lyfjavörur.
5. Heilsuefling og sjúkdómavarnir.

#### E. Lýðfræðilegir og félagslegir þættir

1. Kyn
2. Aldur
3. Hjúskaparstaða
4. Búsetusvæði
5. Menntun
6. Tekjur
7. Undirflokkar íbúa
8. Sjúkratryggingar

#### F. Ýmislegt

1. Vöruöryggi
2. Annað





**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/14**

**nr. 14/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á  
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)  
við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/97 frá 29. maí 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 96/97/EB frá 20. desember 1996 um breytingu á tilskipun 86/378/EBE um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna innan almannatryggingakerfa einstakra starfsgreina<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 20. lið (tilskipun ráðsins 86/378/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **396 L 0097:** Tilskipun ráðsins 96/97/EB frá 20. desember 1996 (Stjttíð. EB nr. L 46, 17. 2. 1997, bls. 20).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/97/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 270, 2. 10. 1997, bls. 23 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 41, 2. 10. 1997, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 46, 17. 2. 1997, bls. 20.

## TILSKIPUN RÁÐSINS 96/97/EB

frá 20. desember 1996

### um breytingu á tilskipun 86/378/EBE um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna innan almannatryggingakerfa einstakra starfsgreina(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 119. gr. sáttmálans er kveðið á um að öllum aðildarríkjunum beri að tryggja að þeirri meginreglu sé beitt að karlar og konur hljóti jöfn laun fyrir jafna vinnu. Með „launum“ er átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup ásamt öllu öðru endurgjaldi, hvort heldur er í fé eða fríðu, sem launþegi fær beint eða óbeint frá vinnuveitanda vegna starfs síns.

Dómstóll Evrópubandalaganna viðurkennir, með dómi sínum frá 17. maí 1990 í máli 262/88 (Barber gegn Guardian Royal Exchange Assurance Group) <sup>(4)</sup>, að starfstengdur lífeyrir af öllu tagi sé launaþáttur í skilningi 119. gr. sáttmálans.

Með framangreindum dómi sínum, eins og skýrt er með dómnum frá 14. desember 1993 (mál C-110/91, Moroni gegn Collo GmbH) <sup>(5)</sup>, túlkar dómstóllinn 119. gr. sáttmálans þannig að mismunur karla og kvenna innan almannatryggingakerfa einstakra starfsgreina sé bönnuð almennt og ekki aðeins þegar ákvarða á hvaða aldur veitir réttindi til lífeyris eða þegar starfstengdur lífeyrir er boðinn sem uppbót fyrir uppsögn af efnahagsástæðum.

Í samræmi við bókun 2 varðandi 119. gr. sáttmálans, sem fylgir með stofnsáttmála Evrópubandalagsins, skulu bætur samkvæmt almannatryggingakerfi einstakra starfsgreina ekki teljast til tekna ef og að svo miklu leyti sem unnt er að rekja þær til starfstímabla fyrir 17. maí 1990, nema um sé að ræða launþega, eða þá sem eiga rétt á greiðslum fyrir þeirra hönd, sem fyrir þann dag hafa hafið málarekstur eða lagt fram jafngilda kröfu í samræmi við gildandi innlend lög.

Með dómum sínum frá 28. september 1994 <sup>(6)</sup> (mál C-57/93, Vroege gegn NCIV Instituut voor Volkshuisvesting BV og mál C-128/93, Fisscher gegn Voorhuis Hengelo BV), úrskurðaði dómstóllinn að framangreind bókun hefði ekki áhrif á réttinn til að ganga inn í starfstengt lífeyriskerfi, sem dómurinn frá 13. maí 1986 í máli 170/84 (Bilka-Kaufhaus GmbH gegn Hartz) <sup>(7)</sup>, mun áfram gilda um, og að tímatakörkun dómsins frá 17. maí 1990 í máli C-262/88 (Barber gegn Guardian Royal Exchange Assurance Group) hafi ekki áhrif á réttinn til að ganga inn í starfstengt lífeyriskerfi. Dómstóllinn úrskurðaði einnig að styðjast megi við innlendar reglur, sem varða frest til þess að höfða mál fyrir innlendum rétti, gagnvart launþegum sem halda fram rétti til að ganga inn í starfstengt lífeyriskerfi, að því tilskildu að þær henti ekki síður til málshöfðunar af því tagi en til svipaðra málshöfðana innanlands og að þær geri ekki að verkum að ómögulegt sé að nýta í reynd réttindi samkvæmt bandalagslögum. Dómstóllinn hefur líka bent á að sú staðreynd, að launþegi getur gert afturvirka kröfu um að ganga inn í starfstengt lífeyriskerfi, þýði ekki að hann komist hjá því að greiða iðgjöld fyrir það aðildartímabil sem um ræðir.

Það getur verið óbeint misrétti gagnvart konum þegar launþegar eru útilokaðir frá tryggingakerfi fyrirtækis eða starfsgreinar á grundvelli þess hvers eðlis starfssamningar þeirra eru.

Með dómi sínum frá 9. nóvember 1993 (mál C-132/92, Birds Eye Walls Ltd gegn Friedel M. Roberts) <sup>(8)</sup>, hefur dómstóllinn og tekið fram að það stríði ekki gegn 119. gr. sáttmálans að þegar reiknaður er bráðabirgðalífeyrir, sem vinnuveitandi greiðir starfsmönnum, körlum og konum, sem hafa hætt störfum af

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 46, 17. 2. 1997, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 218, 23. 8. 1995, bls. 5.

(2) Álit var skilað 12. nóvember 1996 (Stjtið. EB nr. C 362, 2. 12. 1996).

(3) Stjtið. EB nr. C 18, 22. 1. 1996, bls. 132.

(4) Dómasafn EB 1990, I-1889.

(5) Dómasafn EB 1993, I-6591.

(6) Dómasafn EB 1994, I-4541 og Dómasafn EB 1994, I-4583.

(7) Dómasafn EB 1986, I-1607.

(8) Dómasafn EB 1993, I-5579.

heilsufarsástæðum fyrir eftirlaunaaldur, og sem er sérstaklega ætlað að bæta upp tekjumissi sem stafar af því að viðkomandi hafa ekki náð þeim aldri sem krafist er til að fá greiddan ellilífeyri frá ríkinu, sé tekið mið af þeirri fjárhæð sem þeir munu fá síðar í ellilífeyri frá ríkinu og að bráðabirgðalífeyrir sé lækkaður í samræmi við það, jafnvel þó að á meðal karla og kvenna á aldrinum 60 til 65 ára sé niðurstaðan sú að fyrrverandi starfsmaður, sem er kona, fái lægri bráðabirgðalífeyri en starfsmaður sem er karlmaður, þar eð munurinn samsvarar þeirri lífeyrisfjárhæð sem konan á rétt á að fá frá ríkinu frá 60 ára aldri miðað við starfsaldur hennar hjá vinnuveitandanum.

Með dómi sínum frá 6. október 1993 (mál C-109/91, Ten Oever gegn Stichting Bedrijfpensioenfonds voor het Glazenwassers- en Schoonmaakbedrijf) <sup>(1)</sup> og með dómum sínum frá 14. desember 1993 (mál C-110/91, Moroni gegn Collo GmbH), 22. desember 1993 (mál C-152/91, Neath gegn Hugh Steeper Ltd) <sup>(2)</sup> og 28. september 1994 (mál C-200/91, Coloroll Pension Trustees Limited gegn Russell o.fl.) <sup>(3)</sup>, staðfestir dómstóllinn, með skírskotun til dómans frá 17. maí 1990 (mál C-262/88, Barber gegn Guardian Royal Exchange Assurance Group), að styðjast megi við bein áhrif 119. gr. sáttmálans, að því er varðar kröfu um jafnrétti með tilliti til starfstengds lífeyris, einungis þegar um er að ræða bætur sem ber að greiða vegna starfstímabíla eftir 17. maí 1990, nema í því tilviki að launþegar, eða þeir sem eiga rétt á greiðslum fyrir þeirra hönd, hafi fyrir þann dag höfðað dómsmál eða lagt fram samsvarandi kröfu samkvæmt gildandi landslögum.

Með framangreindum dómum sínum (mál C-109/91, Ten Oever gegn Stichting Bedrijfpensioenfonds voor het Glazenwassers- en Schoonmaakbedrijf og mál C-200/91, Coloroll Pension Trustees Limited gegn Russell o.fl.), staðfestir dómstóllinn að tímatakmörkun Barber-dómans eigi við um lífeyri eftirlífenda og þar af leiðandi sé aðeins hægt að gera kröfu um jafnrétti með tilliti til starfstímabíla eftir 17. maí 1990, nema í því tilviki að viðkomandi hafi fyrir þann dag hafið málsókn eða sett fram samsvarandi kröfu samkvæmt gildandi landslögum.

Með dómum sínum í máli C-152/91 og máli C-200/91 tekur dómstóllinn enn fremur fram að iðgjöld launþega, karla og kvenna, í lífeyriskerfi, sem er kerfi ákvarðaðra réttinda, verði að vera jafnhá, þar sem fjallað er um þau í 119. gr. sáttmálans, en mishá framlög vinnuveitanda, sem eru greidd innan kerfis ákvarðaðra réttinda, þar sem fjármagn er til í sjóði, og eru tilkomin vegna mismunandi tryggingafræðilegra stuðla eftir kyni, skuli ekki metin í ljósi sama ákvæðis.

Með dómum sínum frá 28. september 1994 <sup>(4)</sup> (mál C-408/92, Smith gegn Advel Systems og mál C-28/93, Van den Akker gegn Stichting Shell Pensioenfonds), bendir dómstóllinn á að 119. gr. sáttmálans komi í veg fyrir að vinnuveitandi, sem gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að fara eftir Barber-dómnum frá 17. maí 1990 (C-262/88), geti hækkað eftirlaunaaldur kvenna til jafns við það sem gildir um karla í tengslum við starfstímabil á bilinu frá 17. maí 1990 og til þess dags sem þær ráðstafanir taka

gildi; að því er tekur til starfstímabíla sem lauk eftir síðari dagsetninguna kemur 119. gr. hins vegar ekki í veg fyrir að vinnuveitandi stígi þetta skref; að því er tekur til starfstímabíla fyrir 17. maí 1990 eru engar skuldbindingar í bandalagslögum sem geta réttlætt afturvirka skerðingu þess ávinnings sem konur hafa notið.

Með framangreindum dómi sínum í máli C-200/91 (Coloroll Pension Trustees Limited gegn Russell og öðrum) úrskurðaði dómstóllinn að viðbótarbætur, sem koma til vegna frjálsra iðgjalda launþega, falli ekki undir 119. gr. sáttmálans.

Í þriðju aðgerðaáætluninni til meðallangs tíma um jöfn tækifæri fyrir konur og karla (1991 til 1995) <sup>(5)</sup>, leggur framkvæmdastjórnin enn á ný áherslu á að samþykktar verði viðeigandi ráðstafanir til að taka tillit til afleiðinga dómans frá 17. maí 1990 í máli 262/88 (Barber gegn Guardian Royal Exchange Assurance Group).

Sá dómur ógildir sjálfkrafa tiltekin ákvæði tilskipunar ráðsins 86/378/EBE frá 24. júlí 1986 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna í almannatryggingakerfum einstakra starfsgreina <sup>(6)</sup> að því er tekur til launþega.

Hvað varðar 119. gr. sáttmálans þá gildir hún án frekari lögfestingar og skírskota má til hennar fyrir innlendum dómstólum gagnvart hvaða vinnuveitanda sem er, bæði einstaklingum og löggjörnum, og þessum dómstólum ber að tryggja þann rétt sem þetta ákvæði veitir einstaklingum.

Með tilliti til réttaröryggis er nauðsynlegt að breyta tilskipun 86/378/EBE til þess að aðlaga ákvæðin sem Barber-fordæmið hefur áhrif á.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 86/378/EBE:

1. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

1. Með „almannatryggingakerfi einstakra starfsgreina“ er átt við kerfi sem ekki heyrar undir tilskipun 79/7/EBE og hafa það að markmiði að greiða launþegum, hvort heldur þeir starfa hjá öðrum eða sjálfstætt, innan fyrirtækis eða í hópi fyrirtækja, í ákveðinni starfsgrein eða á einu starfssviði eða fleiri, bætur sem hugsaðar eru sem viðbót við bætur sem lögbundin almannatryggingakerfi veita, eða sem ætlað er að koma í þeirra stað, án tillits til hvort aðild að slíkum kerfum er skylda eða ekki.

<sup>(1)</sup> Dómasafn EB 1993, I-4879.

<sup>(2)</sup> Dómasafn EB 1993, I-6953.

<sup>(3)</sup> Dómasafn EB 1994, I-4389.

<sup>(4)</sup> Dómasafn EB 1994, I-4435 og Dómasafn EB 1994, I-4527.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. C 142, 31. 5. 1991, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 225, 12. 8. 1986, bls. 40.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

- a) einstaka samninga sjálfstætt starfandi einstaklinga;
- b) kerfi ætluð sjálfstætt starfandi einstaklingum með aðeins einn aðila;
- c) þegar um er að ræða launþega, tryggingasamninga sem vinnuveitandi á ekki aðild að;
- d) valfrjáls ákvæði atvinnuþryggingakerfa sem standa einstökum félögum til boða í þeim tilgangi að tryggja þeim:
  - annaðhvort viðbótarbætur, eða
  - val um dagsetningu þegar greiðsla venjulegra bóta til sjálfstætt starfandi einstaklinga skal hefjast, eða val um mismunandi bótaflokka;
- e) atvinnuþryggingakerfi að því marki sem bætur eru fjármagnaðar með frjálsum iðgjöldum launþega.

3. Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að vinnuveitandi veiti einstaklingum, sem hafa þegar náð eftirlaunaaldri að því er tekur til veitingar lífeyris innan atvinnuþryggingakerfis, en hafa ekki enn náð eftirlaunaaldri að því er tekur til veitingar lögboðsins eftirlaunalífeyris, lífeyrisuppbót með það að markmiði að heildarbætur, sem þessir einstaklingar fá greiddar, verði þær sömu, eða því sem næst, og þær sem einstaklingar af hinu kyninu, sem hafa náð lögboðnum eftirlaunaaldri og eru í sömu aðstöðu, fá greiddar, þangað til einstaklingar, sem njóta þessarar uppbótar, hafa náð lögboðnum eftirlaunaaldri.“

2. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Þessi tilskipun gildir um allt vinnandi fólk, þar með talið sjálfstætt starfandi einstaklinga, fólk sem er tímabundið án vinnu vegna veikinda, barnsburðar, slyss eða atvinnuleysis og fólk í atvinnuleit, sem og um launþega á eftirlaunum og fatlaða launþega og þá sem eiga rétt á greiðslum fyrir þeirra hönd, í samræmi við innlend lög og/eða venjur.“

3. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

1. Til ákvæða, sem eru andstæð meginreglunni um jafnrétti, teljast öll þau ákvæði sem grundvölluð eru, beint eða óbeint, á kynferði, einkum með tilvísun til hjúskapar- og fjölskyldustöðu, í þeim tilgangi að:

- a) ákvarða hverjum er heimil aðild að atvinnuþryggingakerfi;
  - b) ákveða skyldubundna eða valfrjálsa aðild að atvinnuþryggingakerfi;
  - c) setja ólíkar reglur um aldurstakmark vegna aðildar að kerfinu eða lágmarksstarfstíma eða lágmarksaðildar-tíma til að eiga rétt til bóta úr viðkomandi kerfi;
  - d) setja ólíkar reglur, að undanskildu því sem kveðið er á um í h- og i-liðum, um endurgreiðslu iðgjalda þegar launþegi hættir aðild að kerfi án þess að hafa uppfyllt þau skilyrði sem tryggja honum rétt til langtíma bóta síðar meir;
  - e) setja ólík skilyrði fyrir bótagreiðslum vegna kynferðis eða útiloka annað hvort kynið frá slíkum bótum;
  - f) ákveða mismunandi eftirlaunaaldur;
  - g) fresta því að rétti sé náð eða honum haldið í barnsburðarleyfi eða starfsleyfi af fjölskylduástæðum sem veitt eru samkvæmt lögum eða samkomulagi og vinnuveitandi greiðir;
  - h) ákvarða mismunandi bótastig, að undanskildum tilvikum þar sem nauðsynlegt getur talist að taka mið af tryggingafræðilegum reiknistuðlum sem eru mismunandi eftir kynjum þegar um er að ræða kerfi ákvarðaðra iðgjalda.
- Þegar um er að ræða kerfi ákvarðaðra réttinda, þar sem fjármagn er til í sjóði, er mögulegt að viss atriði séu ekki eins (dæmi um þau eru í viðaukanum), þar sem misháar fjárhæðir má rekja til tryggingafræðilegra stuðla sem eru mismunandi eftir kynjum á þeim tíma sem aflað er fjár til kerfisins;
- i) ákvarða mismunandi iðgjaldastig launþega;
- ákvarða mismunandi stig á framlagi vinnuveitanda, nema
- þegar um er að ræða kerfi ákvarðaðra iðgjalda og markmiðið er að jafna lokaupphæð bóttanna eða að þær nálgest það að verða jafnar fyrir bæði kynin,
  - þegar um er að ræða kerfi ákvarðaðra réttinda, þar sem fjármagn er til í sjóði, og framlög vinnuveitanda eiga að tryggja að sjóðirnir séu nógu stórir til að greiða umræddar bætur;

- j) setja mismunandi viðmiðunarreglur eða viðmiðunarreglur sem gilda aðeins um launþega af öðru kyninu, að undanskildu því sem kveðið er á um í h- og i-liðum, hvað varðar tryggingu fyrir rétti til bóta síðar meir, eða því að rétti sé haldið, þegar launþegi hættir aðild að kerfi.
2. Þegar greiðslur bóta, sem heyra undir gildissvið þessarar tilskipunar, eru á valdi stjórnenda einstakra kerfa, ber stjórnendum að taka til greina meginregluna um jafnrétti.“
4. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:
- „8. gr.
1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau ákvæði atvinnuþryggingakerfa fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem brjóta í bága við meginregluna um jafnrétti, verði endurskoðuð og öðlist gildi eigi síðar en 1. janúar 1993.
2. Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að réttindi og skyldur, er tengjast aðildartímabili að atvinnuþryggingakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem liðið er þegar endurskoðun sama kerfis fer fram, haldist í samræmi við ákvæði kerfisins á því tímabili sem um er að ræða.“
5. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:
- „9. gr.
- Hvað varðar kerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga er aðildarríkjunum heimilt að fresta lögboðinni gildistöku meginreglunnar um jafnrétti með tilliti til:
- a) ákvörðunar aldursmarka vegna ellilífeyris- eða lífeyrisgreiðslna og hugsanlegra áhrifa þessa á aðrar bætur:
- annað hvort til þess dags er slíku jafnrétti hefur verið náð í lögskipuðum kerfum,
  - eða, í síðasta lagi, þar til mælt er fyrir um slíkt jafnrétti í tilskipun;
- b) eftirlífendalífeyris þar til meginreglan um jafnrétti samkvæmt bandalagslögum hefur verið tekin upp í lögskipuðum tryggingakerfum;
- c) beitingar fyrri undirgreinar i-liðar 1. mgr. 6. gr. um að taka mið af mismunandi tryggingafræðilegum reiknistuðlum, fram til 1. janúar 1999 í síðasta lagi.“
6. Eftirfarandi grein bætist við:
- „9. gr. a
- Fari karlar og konur fram á sveigjanleg aldursmörk vegna töku lífeyris við sömu skilyrði telst það ekki ósamrýmanlegt þessari tilskipun.“
7. Eftirfarandi viðauki bætist við:
- „VIÐAUKI
- Dæmi um atriði sem mögulegt er að séu ekki eins innan kerfis ákvarðaðra réttinda, þar sem fjármagn er til í sjóði, eins og um getur í h-lið 6. gr.:
- hluta af reglubundnum lífeyri er breytt í peningagreiðslu,
  - flutningur lífeyrisréttinda,
  - eftirlífendalífeyrir greiddur þeim sem á rétt á bótum sem í staðinn afsalar sér hluta lífeyris,
  - skertur lífeyrir þegar launþegi óskar eftir lausn frá starfi áður en eiginlegum eftirlaunaaldri er náð.“
- 2. gr.**
1. Allar ráðstafanir, sem lúta að framkvæmd þessarar tilskipunar hvað varðar launþega, skulu ná yfir allar bætur sem eru leiddar af starfstímabilum eftir 17. maí 1990 og gilda afturvirktil til þess dags, með fyrirvara um launþega, eða þá sem eiga rétt á greiðslum fyrir þeirra hönd, sem hafa fyrir þann dag höfðað dómsmál eða lagt fram samsvarandi kröfu samkvæmt landslögum. Í því tilviki skulu ráðstafanir, sem lúta að framkvæmd, gilda afturvirktil til 8. apríl 1976 og skulu ná yfir allar bætur sem eru leiddar af starfstímabilum eftir þann dag. Að því er tekur til aðildarríkja, sem gerðust aðilar að bandalaginu eftir 8. apríl 1976, kemur í stað þeirrar dagsetningar sá dagur þegar 119. gr. sáttmálans öðlaðist gildi á yfirráðasvæði þeirra.
2. Annar málslíður 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir að styðjast megi við innlendar reglur um frest til að höfða mál samkvæmt landslögum gegn launþegum, eða þeim sem eiga rétt á greiðslum fyrir þeirra hönd, sem hafa höfðað dómsmál eða lagt fram samsvarandi kröfu samkvæmt landslögum fyrir 17. maí 1990, að því tilskildu að þessar reglur henti ekki síður til málshöfðunar af því tagi en til svipaðra málshöfðana innanlands og þær geri ekki að verkum að ómögulegt sé að nýta í reynd réttindi samkvæmt bandalagslögum.

3. Að því er tekur til aðildarríkja, sem gengu í bandalagið eftir 17. maí 1990 og sem voru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið 1. janúar 1994, komi 1. janúar 1994 í stað dagsetningarinnar 17. maí 1990 í 1. og 2. mgr. þessarar tilskipunar.

**3. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari 1. júlí 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku tilskipunar þessarar skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti tekið saman skýrslu um beitingu tilskipunar þessarar.

**4. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**5. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**S. BARRETT**

forseti.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/15**

**nr. 15/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/96 frá 31. maí 1996<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 3. lið (tilskipun ráðsins 85/577/EBE) í XIX. viðauka við samninginn:

„3a. **397 L 0007**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga (Stjttíð. EB nr. L 144, 4. 6. 1997, bls. 19).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 237, 19. 9. 1996, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 41, 19. 9. 1996, bls. 79.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 144, 4. 6. 1997, bls. 19.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/7/EB

frá 20. maí 1997

### um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga(\*)

#### EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 27. nóvember 1996,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að markmiðum innri markaðarins verði náð þarf að gera ráðstafanir í áföngum til að gera hann samsteyptan.
- 2) Frjálsir vöruflutningar og frjáls þjónustustarfsemi hefur ekki einungis áhrif á atvinnurekendur heldur einnig einstaklinga. Þetta þýðir að neytendur ættu að geta haft aðgang að vörum og þjónustu í öðru aðildarríki með sömu skilmálum og íbúar þess ríkis.
- 3) Fyrir neytendur gæti fjarsala milli landa orðið einhver áþreifanlegasti ávinningurinn af því að koma á innri markaðinum, eins og meðal annars er bent á í orðsendingu framkvæmda-stjórnarinnar til ráðsins sem ber heitið „Á leið til eins óskipts dreifingarmarkaðar“. Til að innri markaðurinn geti starfað snurðulaust er nauðsynlegt að neytendur geti átt viðskipti við fyrirtæki utan heimalands síns, jafnvel þótt fyrirtækin hafi útibú í landinu þar sem neytandi hefur fasta búsetu.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 144, 4. 6. 1997, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 156, 23. 6. 1992, bls. 14 og Stjtið. EB nr. C 308, 15. 11. 1993, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 19, 25. 1. 1993, bls. 111.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 26. maí 1993 (Stjtið. EB nr. C 176, 28. 6. 1993, bls. 95), sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. júní 1995 (Stjtið. EB nr. C 288, 30. 10. 1995, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 1995 (Stjtið. EB nr. C 17, 22. 1. 1996, bls. 51). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. janúar 1997 og ákvörðun ráðsins frá 20. janúar 1997.

4) Notkun nýrrar tækni hefur í för með sér að þeim leiðum fjölgar sem neytendur geta nýtt sér til að komast yfir upplýsingar um framboð annars staðar í bandalaginu og senda pantanir. Sum aðildarríki hafa þegar gert mismunandi eða sundurleitar ráðstafanir til að vernda neytendur með tilliti til fjarsölu, en það hefur haft neikvæð áhrif á samkeppni milli fyrirtækja á innri markaðinum. Því er nauðsynlegt að setja fram sameiginlegar lágmarksreglur á þessu sviði á vettvangi bandalagsins.

5) Í 18. og 19. lið viðaukans við ályktun ráðsins frá 14. apríl 1975 um fyrstu áætlun Efnahagsbandalags Evrópu um stefnumörkun að því er varðar neytendavernd og miðlun upplýsinga til neytenda <sup>(4)</sup>, er bent á þörfina á að vernda þá sem kaupa vörur eða þjónustu gegn kröfum um greiðslur fyrir vörur, sem þeir hafa ekki pantað, og gegn ágengum söluaðferðum.

6) Í 33. lið orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins sem ber heitið „Nýr hvati að stefnu varðandi neytendavernd“, sem var samþykkt með ályktun ráðsins frá 23. júní 1986 <sup>(5)</sup>, segir að framkvæmdastjórnin muni leggja fram tillögur um notkun nýrrar upplýsingatækni sem gerir neytendum kleift að senda birgjum pantanir frá heimilum sínum.

7) Í ályktun ráðsins frá 9. nóvember 1989 um seinni tíma forgangsröð til að endurvekja stefnu í neytendavernd <sup>(6)</sup>, er skorað á framkvæmdastjórnina að veita þeim sviðum forgang sem um getur í viðaukanum við ályktunina. Í fyrrnefndum viðauka er getið um nýja tækni sem tengist fjarkaupum. Framkvæmdastjórnin hefur brugðist við fyrrnefndri ályktun með því að samþykkja þriggja ára aðgerðaáætlun um stefnu í neytendamálum í EBE (1990-1992). Samkvæmt þeirri áætlun verður samþykkt tilskipun.

8) Það er aðildarríkjanna að ákveða hvaða tungumál skuli nota í fjarsölusamningum.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. C 92, 25. 4. 1975, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. C 167, 5. 7. 1986, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. C 294, 22. 11. 1989, bls. 1.



- 9) Samningar um fjarsölu eru gerðir með aðstoð eins eða fleiri fjarsamskiptamiðla. Hinir ýmsu samskiptamiðlar eru notaðir sem liður í skipulegu kerfi fjarsölu eða þjónustuveitingar þar sem birgirinn og neytandinn eru ekki til staðar samtímis. Sífelld þróun þessara samskiptamiðla kemur í veg fyrir að unnt sé að setja saman tæmandi skrá, en nauðsynlegt er að skilgreina meginreglur sem gilda jafnvel fyrir þá tækni sem enn er ekki almennt notuð.
- 10) Sömu viðskiptum, sem felast í aðgerðum sem koma hver á eftir annari eða röð aðskilinna aðgerða sem ná yfir tiltekið tímabil, kann að vera lýst lögfræðilega með ólíkum hætti í löggjöf einstakra aðildarríkja. Ekki er unnt að beita ákvæðum þessarar tilskipunar á mismunandi hátt eftir löggjöf einstakra aðildarríkja, með fyrirvara um að þau nýti sér ákvæði 14. gr. Því er ástæða til að ætla að nauðsynlegt sé að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar að minnsta kosti þegar framkvæmd er sú fyrsta af röð aðgerða sem koma hver á fætur annari, eða sú fyrsta af röð aðskilinna aðgerða sem ná yfir tiltekið tímabil og líta má á sem heild, hvort sem um þá aðgerð eða röð aðgerða gildir einn samningur eða aðskildir samningar sem gerðir eru hver á fætur öðrum.
- 11) Notkun fjarsamskiptamiðla má ekki hafa í för með sér að neytandinn fái minni upplýsingar. Því ber að ákveða hvaða upplýsingar er skylt að senda neytandanum, óháð því hvaða samskiptamiðlar eru notaðir. Einnig þurfa upplýsingarnar, sem veittar eru, að vera í samræmi við aðrar reglur bandalagsins sem við eiga, einkum reglurnar í tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar <sup>(1)</sup>. Ef veittar eru undanþágur frá upplýsingaskyldunni er það á ábyrgð neytenda að fara sjálfir fram á upplýsingar um tiltekin grundvallaratriði, svo sem nafn birgis, helstu eiginleika og verð vörunnar eða þjónustunnar.
- 12) Þegar um ræðir samskipti gegnum síma er rétt að neytandinn fái þegar í upphafi samtalsins nægilegar upplýsingar til að geta ákveðið hvort hann vilji halda því áfram.
- 13) Um upplýsingar, sem dreift er með tiltekinni rafeindatekni, gildir að þær eru oft hverfular, þar eð ekki er tekið við þeim á varanlegan miðil. Því er nauðsynlegt að neytandinn fái í hendur með góðum fyrirvara skriflega tilkynningu um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla samninginn á réttan hátt.
- 14) Í reynd getur neytandinn ekki séð vöruna eða kynnst eiginleikum þjónustunnar áður en gengið er frá samningnum. Ef ekki er annað tilgreint í þessari tilskipun ber að kveða á um rétt til að afturkalla samninginn. Til að sá réttur geti orðið meira en aðeins í orði kveðnu þarf að takmarka hugsanlegan kostnað neytandans við að neyta uppsagnarréttarins við beinan kostnað við endursendingu vörunnar. Þessi uppsagnarréttur hefur ekki áhrif á réttindi neytandans samkvæmt innlendum lögum, einkum þegar neytandinn fær gallaða vöru eða þjónustu eða vöru eða þjónustu sem ekki er í samræmi við lýsinguna í tilboðinu um sömu vöru eða þjónustu. Það er aðildarríkjanna að ákveða hvaða önnur skilyrði og fyrirkomulag skuli gilda þegar uppsagnarréttarins er neytt.
- 15) Einnig er nauðsynlegt að setja tímamörk um efndir samnings ef þau eru ekki ákveðin við pöntun.
- 16) Ekki er unnt að leyfa þá kynningartækni sem felst í því að senda neytandanum vöru eða veita honum þjónustu með kröfu um greiðslu án þess að hann hafi farið fram á það eða samþykkt það beinlínis, nema ef um ræðir vöru eða þjónustu sem kemur í stað annarrar.
- 17) Taka ber tillit til meginreglnanna sem settar eru fram í 8. og 10. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950. Viðurkenna ber rétt neytandans til friðhelgi einkalífs, einkum að því er varðar tiltekna sérdeilis ágenga samskiptamiðla. Því ber að setja mörk fyrir notkun slíkra miðla. Aðildarríkjunum ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda vel þá neytendur, sem vilja ekki að haft sé samband við þá með tilteknum samskiptamiðlum, fyrir því að það sé gert, án þess að það hafi áhrif á sérstakar ráðstafanir um verndun persónuupplýsinga og einkalífs, sem neytandinn hefur vöð á samkvæmt löggjöf bandalagsins.
- 18) Mikilvægt er að þær lágmarksreglur í þessari tilskipun sem eru bindandi séu bættar upp þar sem við á með valfrjálsum samningum milli viðkomandi kaupmanna, í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 92/295/EBE frá 7. apríl 1992 um starfsreglur til verndar neytendum við gerð fjarsölusamninga <sup>(2)</sup>.
- 19) Til að ná megi fram sem bestri neytendavernd er mikilvægt að neytendum sé gert nægilega kunnugt um ákvæði þessarar tilskipunar og starfsvenjur sem kunna að tíðkast á þessu sviði.
- 20) Sé ekki farið að ákvæðum þessarar tilskipunar kann það ekki einungis að skaða neytendur, heldur einnig samkeppnisaðila. Því má setja ákvæði sem gera opinberum aðilum eða fulltrúum þeirra, eða neytendasamtökum, sem samkvæmt landslögum eiga réttmætra hagsmuna að gæta í málum er varða neytendavernd, eða fagfélögum, sem hafa réttmætan hag af því að grípa til aðgerða, kleift að fylgjast með beitingu tilskipunarinnar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 250, 19. 9. 1984, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 156, 10. 6. 1992, bls. 21.

- 21) Með tilliti til neytendaverndar er mikilvægt að tekið sé á spurningunni um kvartanir á milli landa eins fljótt og auðið er. Hinn 14. febrúar 1996 gaf framkvæmdastjórnin út aðgerðaáætlun um kærurétt neytenda og lausn deilumála á sviði neytendamála á innri markaðinum. Í aðgerðaáætluninni er meðal annars gert ráð fyrir sérstöku frumkvæði til að leita leiða til að leysa deilumál utan réttarsalar. Stungið er upp á hlutlægum viðmiðunum (II. viðauki) til að tryggja að fyrrnefndar aðferðir séu áreiðanlegar og kveðið er á um notkun staðlaðra kröfueyðublaða (III. viðauki).
- 22) Við notkun nýrrar tækni hefur neytandinn ekki stjórn á þeim samskiptamiðlum sem notaðir eru. Því er nauðsynlegt að kveðið sé á um að sönnunarbyrðin geti hvílt á birginum.
- 23) Í ákveðnum tilvikum er hættu á því að neytandi glati þeirri vernd sem kveðið er á um í þessari tilskipun ef samningurinn er settur undir lög þriðja lands. Því skal setja ákvæði í þessari tilskipun til að koma í veg fyrir þá hættu.
- 24) Aðildarríkin geta bannað, í þágu almannahagsmuna, að tiltekna vörur eða þjónusta séu markaðssettar með fjarsölusamningum á yfirráðasvæði þeirra. Slíkt bann skal vera í samræmi við reglur bandalagsins. Nú þegar eru til ákvæði um slík bönn, t.d. um lyf, samkvæmt tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinnna ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur <sup>(1)</sup> og tilskipun ráðsins 92/28/EBE frá 31. mars 1992 um auglýsingu lyfja sem ætluð eru mönnum <sup>(2)</sup>.

### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

#### 1. gr.

##### Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er að samræma lög og stjórnslufyrirmæli aðildarríkjanna um fjarsölusamninga milli neytenda og birgja.

#### 2. gr.

##### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „fjarsölusamningur“: samningur um vöru eða þjónustu milli birgis og neytanda sem er gerður í gegnum skipulagt kerfi fyrir fjarsölu eða þjónustuveitingu sem rekið er af birgi sem notar, að því er varðar samninginn, eingöngu einn eða fleiri fjarsamskiptamiðla allt fram að og á þeim tíma sem gengið er frá samningnum;

- 2) „neytandi“: einstaklingur sem í samningum, er þessi tilskipun nær til, á viðskipti í öðru skyni en vegna starfs síns;
- 3) „birgir“: einstaklingur eða lögpersóna sem í samningum, er þessi tilskipun nær til, á viðskipti vegna starfs síns;
- 4) „fjarsamskiptamiðill“: miðill sem nota má til þess að ganga frá samningi milli birgis og neytanda án þess að þeir séu viðstaddir samtímis í eigin persónu. Í I. viðauka við þessa tilskipun er að finna leiðbeinandi skrá yfir slíka miðla;
- 5) „sá sem rekur samskiptamiðil“: opinber aðili eða einstaklingur eða lögpersóna sem starfar við að veita birgjum aðgang að einum eða fleiri fjarsamskiptamiðlum.

### 3. gr.

#### Undanþágur

1. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga:
- sem tengjast fjármálaþjónustu, en í II. viðauka er að finna skrá, sem ekki er tæmandi, yfir slíka þjónustu,
  - sem gerðir eru með aðstoð sjálfisala eða sjálfvirkra verslana,
  - sem gerðir eru við þá sem reka fjarskipti með notkun almennra símasjálfsala,
  - sem gerðir eru um byggingu og sölu fasteigna eða tengjast öðrum réttindum sem varða fasteignir, að frátalinni leigu,
  - sem gerðir eru á uppboðum.
2. Ákvæði 4., 5., 6. og 7. (1. mgr.) gr. skulu ekki gilda um:
- samninga um útvegum matvöru, drykkja eða annarrar vöru til daglegrar neyslu sem send er heim til neytandans, til dvalarstaðar hans eða vinnustaðar með sendlum sem fara fastar leiðir,
  - samninga um veitingu gisti-, flutninga-, matsölu- eða tómsundaþjónustu þar sem birgirinn tekst á hendur, þegar samningurinn er gerður, að veita þjónustuna á tilteknum degi eða á tilteknu tímabili. Í undan-tekningartilvikum, þegar um ræðir tómsundaviðburði utandyra, getur birgirinn áskilið sér rétt til að beita ekki 2. mgr. 7. gr. við sérstakar aðstæður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 298, 17. 10. 1989, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 113, 30. 4. 1992, bls. 13.

**4. gr.****Upplýsingar veittar fyrirfram**

1. Veita skal neytandanum upplýsingar um eftirfarandi með góðum fyrirvara áður en gengið er frá fjarsölusamningi:
  - a) nafn birgis og, ef um ræðir samninga þar sem krafist er fyrirframgreiðslu, pósthfang;
  - b) helstu einkenni vörunnar eða þjónustunnar;
  - c) verð vörunnar eða þjónustunnar að meðtöldum öllum sköttum;
  - d) afhendingarkostnað, ef við á;
  - e) fyrirkomulag greiðslu, afhendingar eða uppfyllingar samnings;
  - f) hvort fyrir hendi sé uppsagnarréttur, nema í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. 6. gr.;
  - g) kostnað við notkun fjarskipta, ef hann er reiknaður samkvæmt öðrum taxta en grunntaxta;
  - h) það tímabil sem tilboðið eða verðið gildir;
  - i) ef við á, lágmarksgildistíma samnings þegar um ræðir samninga um að láta í té vöru eða þjónustu varanlega eða endurtekið.
2. Veita skal upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. og gera skal ljóst að eru í viðskiptatilgangi, á skýran og skiljanlegan hátt með hverjum þeim hætti sem hentar fjarsamskiptamiðlinum sem notaður er, einkum með sérstöku tilliti til meginreglna um heiðarleg viðskipti og meginreglna sem vernda þá sem samkvæmt löggjöf aðildarríkjanna geta ekki veitt samþykki sitt, svo sem ólögráða börn.
3. Enn fremur skal, þegar um ræðir símasamskipti, segja skýrt og greinilega frá nafni birgis og viðskiptaæðli símtalsins strax við upphaf samtals við neytanda.

**5. gr.****Skrifleg staðfesting upplýsinga**

1. Neytandinn skal fá skriflega staðfestingu eða staðfestingu á öðrum varanlegum miðli, sem er fánlegur og aðgengilegur fyrir neytandann, um upplýsingarnar sem um getur í a- til f-lið 1. mgr. 4. gr., með góðum fyrirvara meðan verið er að uppfylla samninginn og eigi síðar en þegar varan er afhent, þegar ekki er um það að ræða að varan sé afhent þriðja aðila, nema neytandinn hafi þegar fengið upplýsingarnar í hendur áður en gengið var frá samningnum skriflega eða á öðrum varanlegum miðli sem er fánlegur og aðgengilegur fyrir neytandann.

Undir öllum kringumstæðum skal veita eftirfarandi upplýsingar:

- skriflegar upplýsingar um hvaða skilyrði og málsmeðferðarreglur gilda þegar neytt er uppsagnarréttar í skilningi 6. gr., að meðtöldum þeim tilvikum sem um getur í fyrsta undirlið 3. mgr. 6. gr.,
  - heimilisfang þeirrar starfsstöðvar birgisins sem neytandinn getur beint kvörtunum til,
  - upplýsingar um þjónustu og ábyrgð sem býðst eftir sölu,
  - skilyrði fyrir samningsuppsögn, ef samningurinn er til ótilgreinds tíma eða lengri tíma en eins árs.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um þjónustu sem veitt er með notkun fjarsamskiptamiðils, ef þjónustan er aðeins veitt einu sinni og sá sem rekur fjarsamskiptamiðilinn sendir reikning fyrir hana. Þó skal neytandinn ætíð geta fengið uppgæfið heimilisfang þeirrar starfsstöðvar birgisins sem hann getur beint kvörtunum til.

**6. gr.****Uppsagnarréttur**

1. Neytandi skal hafa að minnsta kosti sjö virkra daga frest til að afturkalla samninginn án viðurlaga og án þess að þurfa að gefa upp ástæðu. Eina greiðslan, sem heimilt er að krefjast af neytandanum vegna þess að hann neytir uppsagnarréttar síns, er beinn kostnaður við að skila vörunni.

Fresturinn til afturköllunar skal hefjast:

- ef um ræðir vörur, á þeim degi sem neytandinn tekur við þeim, ef staðið hefur verið við skuldbindingarnar í 5. gr.,
- ef um ræðir þjónustu, á þeim degi sem gengið er frá samningi, eða á þeim degi sem staðið er við skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. ef staðið er við þær eftir að gengið er frá samningi, að því tilskildu að sá tími sé ekki lengri en þriggja mánaða tímabilið sem um getur í næstu undirgrein.

Ef birgirinn stendur ekki við skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. skal fresturinn vera þrjú mánuðir. Fresturinn skal hefjast:

- ef um ræðir vörur, á þeim degi er neytandinn tekur við þeim,
- ef um ræðir þjónustu, á þeim degi sem gengið er frá samningi.

Ef upplýsingarnar sem um getur í 5. gr. eru veittar innan þessa þriggja mánaða tímabils skal sjö virkra daga fresturinn, sem um getur í fyrstu undirgrein, reiknaður frá þeim tíma.

2. Ef neytandinn hefur neytt uppsagnarréttarins samkvæmt þessari grein er birgirinn skuldbundinn til að endurgreiða þær upphæðir sem neytandinn hefur greitt, honum að kostnaðarlausu. Eina greiðslan, sem heimilt er að krefjast af neytandanum vegna þess að hann neytir uppsagnarréttar síns, er beinn kostnaður við að skila vörunni. Slík endurgreiðsla skal fara fram eins fljótt og auðið er og ávallt innan 30 daga.

3. Neytandinn getur ekki neytt uppsagnarréttarins sem kveðið er á um í 1. mgr. þegar um ræðir samninga:

- um veitingu þjónustu, ef byrjað er að veita þjónustuna, með samþykki neytandans, fyrir lok sjö virkra daga frestsins sem um getur í 1. mgr.,
- um afhendingu vöru eða þjónustu sem er, að því er varðar verðlag, háð sveiflum á fjármálamarkaðinum sem birgirinn hefur ekki stjórn á,
- um afhendingu vöru sem er framleidd samkvæmt forskrift neytandans eða ber skýrt auðkenni neytandans eða sem ekki er unnt að skila vegna eðlis hennar eða líklegt er að hún rýrni eða úreldist fljótt,
- um afhendingu á hljóð- eða myndupptökum eða tölvuhugbúnaði sem neytandinn hefur rofið innsiglið á,
- um afhendingu dagblaða og tímarita,
- um fjárhættuspila- og happdrættisþjónustu,

nema aðilarnir hafi komið sér saman um annað.

4. Aðildarríkin skulu setja ákvæði í lög sín til að tryggja að:

- sé verðið að hluta eða öllu greitt með láni frá birginum, eða
- sé verðið að hluta eða öllu greitt með láni sem þriðji aðili veitir neytanda á grundvelli samnings sem þriðji aðili og birgirinn gera sín á milli,

þá falli lánssamningurinn úr gildi, án þess að það varði viðurlögum, ef neytandi nýtir sér rétt sinn til að segja upp samningi í samræmi við 1. mgr.

Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um uppsögn lánssamninga.

#### 7. gr.

##### Efndir samnings

1. Birginum er skylt að afgreiða pöntunina eigi síðar en 30 dögum eftir að neytandinn sendi pöntun sína til birgisins, nema aðilarnir hafi komið sér saman um annað.

2. Ef birgirinn uppfyllir ekki sinn hluta samningsins af þeirri ástæðu að varan eða þjónustan er ófáanleg ber að benda neytandanum á það og gefa honum færi á að fá endurgreiddar þær upphæðir sem hann hefur greitt eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan 30 daga.

3. Aðildarríkjunum er þó heimilt að mæla fyrir um að birgirinn geti útvegað neytandanum vöru eða þjónustu sem jafngildir þeirri fyrri að því er varðar gæði og verð, að því tilskildu að gert hafi verið ráð fyrir þessum möguleika áður en gengið var frá samningi eða í samningnum. Gera skal neytandanum grein fyrir þessum möguleika á skýran og skiljanlegan hátt. Í þessu tilviki skal kostnaður við að skila vörunni, ef neytandinn neytir uppsagnarréttar síns, hvíla á birginum og ber að gera neytandanum grein fyrir því. Í slíkum tilvikum er óheimilt að líta á útvegum vöru eða þjónustu sem tregðusölu í skilningi 9. gr.

#### 8. gr.

##### Greiðsla með korti

Aðildarríkin skulu sjá til þess að til séu viðeigandi ráðstafanir sem gera neytanda kleift:

- að krefjast þess að greiðsla sé felld niður ef greiðslukort hans hefur verið notað á sviksamlegan hátt í tengslum við fjarsölusamninga sem þessi tilskipun nær til,
- að láta bakfæra þær upphæðir, sem hann hefur greitt, eða fá þær endurgreiddar ef um sviksamlega notkun er að ræða.

#### 9. gr.

##### Tregðusala

Aðildarríkin skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að:

- banna að neytanda sé látin í té vara eða þjónusta án þess að hann hafi pantað hana fyrirfram, ef afhendingunni fylgir krafa um greiðslu,
- leysa neytandann undan greiðslukvöð þegar um ræðir óumbeðna afhendingu, þar eð ekkert svar jafngildir ekki samþykki.

#### 10. gr.

##### Takmarkanir á notkun tiltekinna fjarsamskiptamiðla

1. Birginum er óheimilt að nota eftirfarandi miðla nema neytandinn hafi áður samþykkt það:

- sjálfvirk upphringikerfi sem starfa án þess að fólk komi nærri (sjálfvirkir upphringitæki),

- bréfasíma.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðeins megi nota aðra fjarsamskiptamiðla, sem leyfa samskipti einstaklinga, en þá sem um getur í 1. mgr. ef neytandinn setur sig ekki skýrt á móti því.

#### 11. gr.

##### Málssókn eða kæra

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að til séu viðunandi og skilvirkar leiðir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar í þágu neytenda.

2. Meðal leiðanna sem um getur í 1. mgr. skulu vera ákvæði, sem einn eða fleiri eftirtalinn aðila geta nýtt sér til aðgerða landslögum samkvæmt fyrir dómstólum eða þar til bærum stjórnisýslustofnunum, til að tryggja að beitt sé ákvæðum landslaga um framkvæmd þessarar tilskipunar:

- a) opinberir aðilar eða fulltrúar þeirra;
- b) neytendasamtök með réttmæta hagsmuni til að vernda neytendur;
- c) fagfélög sem hafa réttmætan hag af því að grípa til aðgerða.

3. a) Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að leggja megi á birginn sönnunarbyrði um að neytandinn hafi fyrirfram fengið upplýsingar eða skriflega staðfestingu og að staðið hafi verið við tímamörk og samþykki neytanda fengist.

b) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að birgjar og þeir sem reka samskiptamiðla hætti að beita aðgerðum sem eru ekki í samræmi við ráðstafanirnar sem samþykktar eru samkvæmt þessari tilskipun, ef þeir geta.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um valfrjálst eftirlit sjálfstæðra aðila með því að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar og að leita megi til slíkra aðila til að leysa deilumál, sem viðbót við þær leiðir sem aðildarríkjunum er skylt að sjá fyrir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.

#### 12. gr.

##### Bindandi eðli ákvæðanna

1. Neytanda er óheimilt að afsala sér réttindunum sem hann öðlast við það að þessi tilskipun er tekin upp í landslög.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að neytandinn sé ekki sviptur þeirri vernd, sem þessi tilskipun veitir honum, við það að lög lands utan bandalagsins eru valin sem gildandi lög fyrir samninginn ef hann tengist náð yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja.

#### 13. gr.

##### Reglur bandalagsins

1. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda að því marki sem ekki eru sérstök ákvæði í reglum í lögum bandalagsins um tilteknar gerðir fjarsölusamninga í heild.

2. Þegar í sérstökum reglum bandalagsins eru ákvæði, sem eingöngu gilda um ákveðna þætti afhendingar vöru eða veitingar þjónustu, skulu þau ákvæði gilda um þessa sérstöku þætti fjarsölusamninga í stað ákvæða þessarar tilskipunar.

#### 14. gr.

##### Lágmarksákvæði

Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja eða viðhalda strangari ákvæðum, sem eru í samræmi við ákvæði sáttmálans, á því sviði sem þessi tilskipun tekur til, til þess að tryggja betri neytendavernd. Ef við á skal meðal slíkra ákvæða vera bann, í almannaþágu, við markaðssetningu tiltekinna vara og þjónustu, einkum lyfja, með fjarsölusamningum á yfirráðasvæði þeirra, að teknu tilliti til sáttmálans.

#### 15. gr.

##### Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en þremur árum frá gildistöku hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. Eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar tilskipunar, ásamt tillögu að endurskoðun ef við á.

#### 16. gr.

##### Neytendaupplýsingar

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að veita neytendum upplýsingar um innlend lög sem þessi tilskipun hefur verið lögleidd með og skulu, þar sem við á, hvetja fagfélög til að veita neytendum upplýsingar um starfsreglur sínar.

**17. gr.****Kvartanakerfi**

Framkvæmdastjórnin skal kanna möguleikann á að koma á skilvirku kerfi til að meðhöndla kvartanir neytenda vegna fjarsölu. Innan tveggja ára frá gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um niðurstöður rannsókna, ásamt tillögum ef við á.

**18. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**19. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. maí 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**J.M. GIL-ROBLES**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. VAN AARTSEN**

forseti.

## I. VIÐAUKI

### Samskiptamiðlar í skilningi 4. mgr. 2. gr.

- prentað mál án utanáskriftar
- prentað mál með utanáskrift
- stöðluð bréf
- blaðaauglýsingar með pöntunarseðli
- vörulistar
- sími sem fólk hringir úr
- sími sem fólk kemur ekki nærri (sjálfvirkt upphringitæki, hljóðtexti)
- útvarp
- myndsími (sími með skjá)
- fjargagnasendingar (örtölva og sjónvarpsskjár) með hnappaborði eða snertiskjá
- tölvupóstur
- bréfasími
- sjónvarp (fjarkaup).

## II. VIÐAUKI

Fjármálaþjónusta í skilningi 1. mgr. 3. gr.

- fjárfestingarþjónusta
- trygginga- og endurtryggingastarfsemi
- bankaþjónusta
- starfsemi sem tengist viðskiptum með framvirka staðlaða samninga og kauprétt.

Slík þjónusta er meðal annars:

- fjárfestingarþjónusta sem um getur í viðaukanum við tilskipun 93/22/EBE <sup>(1)</sup>; þjónusta fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu,
- þjónusta sem telst til starfsemi sem er háð þeirri gagnkvæmu viðurkenningu sem um getur í viðaukanum við tilskipun 89/646/EBE <sup>(2)</sup>,
- trygginga- og endurtryggingastarfsemi sem um getur í:
  - 1. gr. tilskipunar 73/239/EBE <sup>(3)</sup>,
  - viðaukanum við tilskipun 79/267/EBE <sup>(4)</sup>,
  - tilskipun 64/225/EBE <sup>(5)</sup>,
  - tilskipunum 92/49/EBE <sup>(6)</sup> og 92/96/EBE <sup>(7)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjttfð. EB nr. L 141, 11. 6. 1993, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjttfð. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/30/EBE (Stjttfð. EB nr. L 110, 28. 4. 1992, bls. 52).

<sup>(3)</sup> Stjttfð. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/49/EBE (Stjttfð. EB nr. L 228, 11. 8. 1992, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Stjttfð. EB nr. L 63, 13. 3. 1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/619/EBE (Stjttfð. EB nr. L 330, 29. 11. 1990, bls. 50).

<sup>(5)</sup> Stjttfð. EB nr. 56, 4. 4. 1964, bls. 878/64. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1973.

<sup>(6)</sup> Stjttfð. EB nr. L 228, 11. 8. 1992, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjttfð. EB nr. L 360, 9. 12. 1992, bls. 1.



**Yfirlýsing ráðsins og þingsins vegna 1. mgr. 6. gr.**

Ráðið og þingið vekja athygli á því að framkvæmdastjórnin mun kanna hvort mögulegt og æskilegt sé að samhæfa aðferðina við að reikna út umþóttunartímann í núgildandi löggjöf um neytendavernd, einkum tilskipun 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva („sala við húsdýr eða í heimahúsum“) (1).

**Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar vegna fyrsta undirliðar 1. mgr. 3. gr.**

Framkvæmdastjórnin viðurkennir mikilvægi þess að vernda neytendur í tengslum við fjarsölusamninga sem tengjast fjármálaþjónustu og hefur gefið út grænbók sem ber heitið: „Fjármálaþjónusta: Komið til móts við væntingar neytenda“. Í ljósi viðbragðanna, sem grænbókin hefur vakið, mun framkvæmdastjórnin kanna leiðir til að taka neytendavernd inn í stefnuna í málum er varða fjármálaþjónustu og hugsanlegar lagalegar afleiðingar þess og gera viðeigandi tillögur ef þörf krefur.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/16**

**nr. 16/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/97 frá 28. nóvember 1997<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/283/EB frá 21. apríl 1997 um samræmdar mælingaraðferðir til að ákvarða massastyrk díoxína og fúrana í útblæstri í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB um brennslu hættulegs úrgangs<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21b (tilskipun ráðsins 94/67/EB) í XX. viðauka við samninginn:

21c. **397 D 0283:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/283/EB frá 21. apríl 1997 um samræmdar mælingaraðferðir til að ákvarða massastyrk díoxína og fúrana í útblæstri í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB um brennslu hættulegs úrgangs (Stjtfð. EB nr. L 113, 30. 4. 1997, bls. 11).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/283/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

<sup>(1)</sup> Stjtfð. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtfð. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 83.

<sup>(2)</sup> Stjtfð. EB nr. L 113, 30. 4. 1997, bls. 11.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 21. apríl 1997****um samræmdar mælingaraðferðir til að ákvarða massastyrk díoxína og fúrana í útblæstri í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB um brennslu hættulegs úrgangs(\*)**

(97/283/EB)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/67/EB frá 31. desember 1994 um brennslu hættulegs úrgangs<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB ber að gera samræmdar mælingaraðferðir um heildarstyrk díoxína og fúrana í útblæstri aðgengilegar á vettvangi bandalagsins í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr.

Til að sinna þessu verkefni nýtur framkvæmdastjórnin aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 16. gr. tilskipunar 94/67/EB.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit þeirrar nefndar.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Samræmdu mælingaraðferðirnar sem um getur í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/67/EB skulu vera mælingaraðferðir pr EN 1948 (júní 1996) „kyrrstæður gjafi útblásturs: ákvörðun massastyrks fjöklóraðra díbensódíoxína (PCDD) og fjöklóraðra díbensófúrana (PCDF), 1. hluti - sýnataka, 2. hluti - skiljun og hreinsun, 3. hluti – auðkenning og mæling“ sem voru lagðar fram af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) til að ákvarða massastyrk díoxína og fúrana í útblæstri. Framangreind tilvísun pr EN 1948 (júní 1996) verður EN 1948 við lokasamþykkt CEN.

**2. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. apríl 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Ritt BJERREGAARD**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 113, 30. 4. 1997, bls. 11, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 34.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/17**

**nr. 17/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,****2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Til að viðhalda einsleitni samningsins á sviði hagskýrslna og til að tryggja vinnslu og dreifingu á samfelldum og sambærilegum tölfræðilegum upplýsingum í þeim tilgangi að skýra og fylgjast með öllum efnahagslegum, félagslegum og umhverfisfræðilegum þáttum Evrópska efnahagssvæðisins, sem máli skipta, er nauðsynlegt að taka upp í XXI. viðauka við samninginn nokkra löggerninga sem voru samþykktir af Evrópubandalaginu á þeim tíma sem liðið hefur frá því síðustu breytingar voru gerðar á XXI. viðauka.

**ÁKVEDID EFTIRFARANDI:****1. gr.**

XXI. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun:

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 95/64/EB<sup>(2)</sup>, tilskipunar ráðsins 95/57/EB<sup>(3)</sup>, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1172/95<sup>(4)</sup>, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/96<sup>(5)</sup>, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 840/96<sup>(6)</sup>, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2744/95<sup>(7)</sup>, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95<sup>(8)</sup>, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/14/EB<sup>(9)</sup>, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/170/EB<sup>(10)</sup>, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 959/93<sup>(11)</sup>, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2597/95<sup>(12)</sup> og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 788/96<sup>(13)</sup>, á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttö. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttö. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttö. EB nr. L 320, 30. 12. 1995, bls. 25.

<sup>(3)</sup> Stjttö. EB nr. L 291, 6. 12. 1995, bls. 32.

<sup>(4)</sup> Stjttö. EB nr. L 118, 25. 5. 1995, bls. 10.

<sup>(5)</sup> Stjttö. EB nr. L 14, 19. 1. 1996, bls. 6.

<sup>(6)</sup> Stjttö. EB nr. L 114, 8. 5. 1996, bls. 7.

<sup>(7)</sup> Stjttö. EB nr. L 287, 30. 11. 1995, bls. 3.

<sup>(8)</sup> Stjttö. EB nr. L 257, 27. 10. 1995, bls. 1.

<sup>(9)</sup> Stjttö. EB nr. L 4, 6. 1. 1996, bls. 14.

<sup>(10)</sup> Stjttö. EB nr. L 47, 24. 2. 1996, bls. 23.

<sup>(11)</sup> Stjttö. EB nr. L 98, 24. 4. 1993, bls. 1.

<sup>(12)</sup> Stjttö. EB nr. L 270, 13. 11. 1995, bls. 1.

<sup>(13)</sup> Stjttö. EB nr. L 108, 1. 5. 1996, bls. 1.

## VIÐAUKI

## við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98

XXI.VIÐAUKA við EES-samninginn (HAGSKÝRSLUR) skal breytt sem hér segir:

## A. FLUTNINGASKÝRSLUR

Fyrirsögnin „Flutninga- og ferðamálastýrslur” komi í stað fyrirsagnarinnar „Flutningaskýrslur”. Eftirfarandi nýir liðir komi undir þessari fyrirsögn aftan við lið 7a (ákvörðun ráðsins 93/704/EB):

„7b. **395 L 0064**: Tilskipun ráðsins 95/64/EB, KBE frá 8. desember 1995 um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó (Stjttíð. EB nr. L 320, 30. 12. 1995, bls. 25).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a. Í 2. mgr. 10. gr. bætist eftirfarandi undirliður við á eftir „- gögnum um þjóðerni sjóflutningsaðilans“:

„- afgreiðslu og skýrslum frá litlum höfnum (ekki völdum höfnum)“;

b. Í V. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni Frönsk yfirráðasvæði í Suður-Íshafi:

0281 Noregur

0282 Noregur (NIS) Alþjóðleg skipaskrá fyrir Noreg.

7c. **395 L 0057**: Tilskipun ráðsins 95/57/EB frá 23. nóvember 1995 um söfnun tölfraðilegra upplýsinga á sviði ferðaþjónustu (Stjttíð. EB nr. L 291, 6. 12. 1995, bls. 32).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) EFTA-ríkin eru ekki skyldug til að sundurliða upplýsingar eftir landshlutum eins og tilgreint er í 6. gr.;

b) Liechtenstein er undanþegið öflun upplýsinga sem krafist er í C-hluta í viðauka við tilskipunina.“

## B. VERSLUNARSKÝRSLUR

1. Fyrirsögnin „Skýrslur um utanríkisverslun” komi í stað fyrirsagnarinnar „Verslunarskýrslur”.

2. Í stað 8. liðar komi eftirfarandi:

„8. **395 R 1172**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 frá 22. maí 1995 um hagskýrslur um vöruviðskipti milli bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins (Stjttíð. EB nr. L 118, 25. 5. 1995, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. og 2. gr. er litið á að „lönd utan bandalagsins“ merki öll önnur lönd en þau sem gefa skýrslu;

b) Í stað textans í 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Hagskýrslusvæði EES skal í grundvallaratriðum ná yfir tollsvæði samningsaðila. Samningsaðilum ber að skilgreina hagskýrslusvæði sín samkvæmt því.

2. Hagskýrslusvæði bandalagsins skal ná yfir tollsvæði bandalagsins eins og það er skilgreint í 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92.
  3. Hagskýrslusvæði EFTA-ríkjanna skal ná yfir tollsvæði þeirra. Hagskýrslusvæði Noregs skal þó ná yfir eyjaklasann Svalbarða og eyjuna Jan Mayen.
- c) Flokkunin sem um getur í 2. mgr. 8. gr. skal gerð að minnsta kosti niður í sex fyrstu stafina.
- d) h-liður 1. mgr. 10. gr. gildir ekki.”
3. Í stað 9. liðar komi eftirfarandi:
- „9. **396 R 0068:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/96 frá 18. janúar 1996 um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess (Stjtið. EB nr. L 14, 19. 1. 1996, bls. 6).”
4. Í stað 10. liðar komi eftirfarandi:
- „10. **396 R 0840:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 840/96 frá 7. maí 1996 um tiltekin ákvæði til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 að því er varðar hagskýrslur um utanríkisverslun (Stjtið. EB nr. L 114, 8. 5. 1996, bls. 7).
- Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:
- a) Tilvísunin í reglugerð (EB) nr. 2454/96 í 1. mgr. 6. gr. gildir ekki;
  - b) Eftirfarandi ný undirgrein bætist við a-lið 1. mgr. 7. gr.:
- „Að því er EFTA-ríkin varðar er „upprunaland” það land sem vörurnar eru frá samkvæmt upprunareglum hvers þeirra;
- c) Eftirfarandi ný undirgrein bætist við 2. mgr. 9. gr.:
- „Að því er EFTA-ríkin varðar skal „tollvirði” skilgreint samkvæmt landslögum hvers þeirra;
- d) 2. mgr. 11. gr. gildir ekki;
  - e) 2. þáttur (16.-19. gr.) gildir ekki.
5. Texti eftirfarandi liða falli niður:
- 11. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3345/80),
  - 12. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 200/83),
  - 13. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3367/87),
  - 14. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3522/87),
  - 15. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3678/87) og
  - 16. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 455/88).

**C. MANNFJÖLDA- OG FÉLAGSMÁLASKÝRSLUR**

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við lið 18a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3711/91):

„18b. **395 R 2744:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2744/95 frá 27. nóvember 1995 um hagskýrslur um launakerfi og dreifingu tekna (Stjtið. EB nr. L 287, 30. 11. 1995, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í viðaukanum bætist eftirfarandi við undir „I. Undanþágur frá viðmiðunartímabilinu”, á eftir „2. Fyrir Austurríki”:

„3. Fyrir Ísland: fjárhagsárið 1997, að því tilskildu að það leggi fram mat fyrir viðmiðunarárið 1996;

4. Fyrir Noreg: fjárhagsárið 1996 og samsvarandi dæmigerður mánuður“;
- b) Í viðaukanum bætist eftirfarandi við undir „II. Undanþágur frá gildissviði könnunarinnar”, á eftir „3. Fyrir Írland”:

„4. Fyrir Ísland: H-, J- og K-þáttur;

5. Fyrir Noreg: H-þáttur“;
- c) EFTA-ríkin eru ekki skyldug til að sundurliða upplýsingar eftir landshlutum eins og krafist er í 1. og 7. mgr. 5. gr.
- d) Liechtenstein er undanþegið öflun upplýsinga sem krafist er í þessari reglugerð.”

**D. ÞJÓÐHAGSREIKNINGAR – VERG LANDSFRAMLEIÐSLA**

1. Fyrirsögnin „Hagtölur” komi í stað fyrirsagnarinnar „Þjóðhagsreikningar – verg landsframleiðsla”. Eftirfarandi nýr liður komi undir þessari fyrirsögn aftan við 19. lið (tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE):

„19a. **395 R 2494:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs (Stjtið. EB nr. L 257, 27. 10. 1995, bls. 1).

Að því er varðar EFTA-ríkin gildir reglugerðin um samræmdar vísitölur neysluverðs til alþjóðlegs samanburðar. Við útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs í sambandi við Efnahags- og myntbandalagið skiptir hún ekki máli.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) c-liður 2. gr., sem og tilvísanir til samræmdrar vísitölu neysluverðs myntbandalagsins (MUICP) í 1. mgr. 8. og 11. gr. gilda ekki;
- b) a-liður 1. mgr. 5. gr. gildir ekki.
- c) 2. mgr. 5. gr. gildir ekki.
- d) Ekki er þörf á samráði við Peningamálastofnun Evrópu eins og tilgreint er í 3. mgr. 5. gr.
- e) Liechtenstein er undanþegið öflun upplýsinga sem krafist er í þessari reglugerð.”

## E. LANDBÚNAÐARSKÝRSLUR

1. Í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88) komi eftirfarandi í stað annars undirliðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/156/EBE)

„- **396 D 0014:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/14/EB frá 19. desember 1995 (Stjtið. EB nr. L 4, 6. 1. 1996, bls. 14), ásamt eftirfarandi færslum sem bætast við í 2. gr. á eftir Svþjóð:

Ísland 30. nóvember 1996  
Noregur 30. nóvember 1996

- **396 D 0170:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/170/EB frá 15. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. L 47, 24. 2. 1996, bls. 23).”

2. Í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88) komi eftirfarandi í stað aðlögunarliðar c):

„Í stað tilvísunarinnar í 2. mgr. 8. gr. í „ákvörðun 83/461/EBE, eins og henni var breytt með ákvörðun 85/622/EBE og 85/643/EBE“ komi tilvísun í „ákvörðun 89/65/EBE og ákvörðun 96/170/EB“. Tvær nýjar neðanmálgreinar bætast við neðst á síðunni: „Stjtið. EB nr. L 391, 30. 12. 1989, bls. 1“ og „Stjtið. EB nr. L 47, 24. 2. 1996, bls. 23“.

3. Í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88) komi eftirfarandi í stað aðlögunarliðar e):

- e) Í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/170/EB er viðeigandi neðanmálgreinum bætt við til marks um að eftirfarandi breytur séu valfrjálssar fyrir tiltekin ríki:

B.02: Valfrjálst fyrir Ísland  
C.03: Valfrjálst fyrir Ísland  
D.14(a): Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg  
D.14(b): Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg  
D.16: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg  
E: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg  
G.05: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg  
G.06: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg  
G.07: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg  
I.01: Valfrjálst fyrir Noreg  
I.02: Valfrjálst fyrir Noreg  
I.07(b): Upplýsingar um getu valfrjálssar fyrir Ísland og Noreg.  
I.08: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg  
J.03: Valfrjálst fyrir Ísland  
J.04: Valfrjálst fyrir Ísland  
J.11: Sundurliðun í grísi, gyltur til undaneldis og önnur svín er valfrjálss fyrir Ísland.  
J.12: Sundurliðun í grísi, gyltur til undaneldis og önnur svín er valfrjálss fyrir Ísland.  
J.13: Sundurliðun í grísi, gyltur til undaneldis og önnur svín er valfrjálss fyrir Ísland.  
J.16: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg  
J.17: Valfrjálst fyrir Ísland og Noreg  
K: Valfrjálst fyrir Ísland  
L: Ísland má láta í té þær upplýsingar sem taflan sýnir í samandregnum formi en þar greinir.”



## 4. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 24. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90):

„24a. **393 R 0959:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 959/93 frá 5. apríl 1993 um tölfraðilegar upplýsingar sem aðildarríkjunum ber að skila um aðrar ræktunaraferðir en korn (Stjtfð. EB nr. L 98, 24. 4. 1993, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í VI. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Breska konungsríkið:

„Ísland: -  
Noregur: -“;

b) Í VIII. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Breska konungsríkið:

Krónos-númer	Aðalræktunarland eða skráð svæði	IS	N
1300	B. Þurrkaðar belgjurtir	-	-
1320	Gráertur	-	-
1311	Aðrar þurrkaðar ertur	-	-
1335	Breiðbaunir og hestabaunir (þar með talið 1338)	-	-
1331	Nýrnabaunir	-	-
1343	Úlfabaunir	-	-
1341			
1342	Aðrar þurrkaðar belgjurtir	-	-
1349			
1350	C. Rótarávextir	.	.
1360	Kartöflur	.	.
1370	Sykurrófur	-	-
1381	Fóðursykurrófur	-	-
1382	Aðrir rótarávextir	-	m
1400	D. Iðnaðarplöntur	.	.
1420	Reppja og arfanæpa	m	.
1430	Sólblómafræ	-	-
1470	Sojabaunir	-	-
1460 + 1520	Trefjalín og línfræ	-	-
1490 + 1540	Spunabaðmull og baðmullarfræ	-	-
1480 (þar með talið 1490)	Önnur olíuauðug fræ (t.d. valmúafrae, sinnepsfræ, sesamfræ, o.s.frv.)	-	-
1530	Hampur	-	-
1550	Tóbak	-	-
1560	Humall	-	-
1570 - 1571	Aðrar iðnaðarplöntur	-	-
2600	E. Allar fóðurjurtir (af akurlandi)	.	.
2610	Grænfóður (af akurlandi)	.	.
2625	Fóðurmaís	-	-
2680	Skammtímagrös og -beitarjurtir	.	.
2612			
2671			
2672			
2673	Annað grænfóður	.	.

1600 + 2260	F. Ferskt grænmeti	m	m
3001	G. Blóm og skrautjurtir	m	m
3310	H. Landsvæði þar sem frærækt fer fram	m	m
2696	I. Ósáð land, m.a. svæði með grænum áburði	m	m

c. Liechtenstein er undanþegið öflun upplýsinga sem krafist er í þessari reglugerð.”

#### F. FISKISKÝRSLUR

Eftirfarandi nýir liðir komi aftan við lið 25b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2018/93):

„25c. **395 R 2597**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2597/95 frá 23. október 1995 um að aðildarríki sem stunda fiskveiðar á tilteknum svæðum utan Norðvestur-Atlantshafs leggi fram aflaskýrslur (Stjtíð. EB nr. L 270, 13. 11. 1995, bls. 1),

25d. **396 R 0788**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 788/96 frá 22. apríl 1996 um skil aðildarríkjanna á hagtölum um afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni (Stjtíð. EB nr. L 108, 1. 5. 1996, bls. 1).”

**TILSKIPUN RÁÐSINS 95/64/EB****frá 8. desember 1995****um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 213. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til þess að framkvæmdastjórnin geti leyst af hendi þau verkefni sem henni eru falin á sviði sameiginlegrar stefnu í sjóflutningamálum verður hún að hafa aðgang að sambærilegum, traustum, samræmdum og reglubundnum tölfraðilegum gögnum um umfang og þróun vöru- og farþegaflutninga á sjó til og frá bandalaginu, milli aðildarríkja og innanlands.

Aðildarríkjum og atvinnurekendum er og mikils um vert að hafa staðgöða þekkingu á sjóflutningamarkaðinum.

Um þessar mundir eru ítarlegar hagtölur um vöru- og farþegaflutninga á sjó ófánlegar á vettvangi bandalagsins.

Í ákvörðun ráðsins 93/464/EBE frá 22. júlí 1993 um rammaáætlun fyrir forgangsverkefni á sviði hagskýrslugerðar 1993 - 1997 <sup>(4)</sup> er lögð áhersla á þörf þess að ítarlegar hagtölur séu teknar saman.

Með því að safna sambærilegum eða samræmdum gögnum á vettvangi bandalagsins er unnt að koma á fót samhæfðu kerfi sem miðlar traustum, einsleitum og nýjum upplýsingum.

Vinna verður gögn um vöru- og farþegaflutninga á sjó þannig að þau séu sambærileg milli aðildarríkja og milli ólíkra flutningsmáta.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stj. tíð. EB nr. L 320, 30. 12. 1995, bls. 25, var nefnd í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stj. tíð. EB nr. C 214, 4. 8. 1994, bls. 12.

(2) Stj. tíð. EB nr. C 151, 19. 6. 1995, bls. 493.

(3) Stj. tíð. EB nr. C 397, 31. 12. 1994, bls. 6.

(4) Stj. tíð. EB nr. L 219, 28. 8. 1993, bls. 1.

Framkvæmdastjórninni ber, þegar þar að kemur, að leggja fram skýrslu þar sem lagt er mat á framkvæmd þessarar tilskipunar.

Kveða ber á um aðlögunartímabil til að gera aðildarríkjunum kleift að laga hagskýrslugerð sína að kröfum þessarar tilskipunar og til að hrinda í framkvæmd áætlun um forkannanir á sértækum vandkvæðum sem fylgja söfnun tiltekinna gagna.

Af þeim sökum ætti bandalagið í fyrstu að veita aðildarríkjunum fjárstuðning til þessa verkefnis.

Með tilliti til beitingar þessarar tilskipunar, þar á meðal nauðsynlegra ráðstafana til að laga hana að efnahags- og tæknipróun, ber að styðjast við hagskýrsluáætlunarnefndina sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE <sup>(5)</sup>.

Samkvæmt dreifræðisreglunni er einungis unnt að semja sameiginlega hagskýrslustaðla, sem gera kleift að afla samhæfðra upplýsinga, á vettvangi bandalagsins. Aðilar og stofnanir sem annast samantekt opinberra hagtalna munu hafa yfirumsjón með söfnun gagna í hverju aðildarríki um sig.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Aðildarríkin skulu safna bandalagshagtölum um vöru- og farþegaflutninga með hafskipum sem koma til hafnar á yfirráðasvæði þeirra.

**2. gr.**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „vöru- og farþegaflutningar á sjó“: vöru- og farþegaflutningar með hafskipum í ferðum þar sem siglt er að öllu leyti eða að hluta til á sjó.

Undir þessa tilskipun falla einnig vörur:

(5) Stj. tíð. EB nr. L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

- a) sem eru fluttar til mannvirkja á hafi úti;
- b) sem safnað er á hafsbotni og skipað upp í höfnum.

Undir tilskipunina falla ekki eldsneyti og vistir til skipa;

2. „hafskip“: skip önnur en þau sem einungis er siglt á skipgengum vatnaleiðum eða sjóleiðum í vari eða í námunda við þær eða á svæðum þar sem reglugerðir um hafnir gilda.

Fiskveiðiskip, fiskvinnsluskip, bor- og könnunarskip, dráttarbátar, stjakkbátar, hafrannsóknaskip, dýpkunarprammar, herskip eða skip einvörðungu til annars en kaupsiglinga falla ekki undir þessa tilskipun;

3. „höfn“: staður þar sem aðstaða er til að festa kaupskip með landfestum og ferma eða afferma eða fyrir farþega að stíga um borð í skip eða fara frá borði;
4. „þjóðerni sjóflutningsaðila“: þegnrettur í því landi þar sem raunverulegar aðalstöðvar fyrir viðskiptastarfsemi flutningsaðilans eru;
5. „sjóflutningsaðili“: einstaklingur, eða annar í hans nafni, sem gerir samning við farmsendanda eða farþega um flutning vöru eða viðkomandi farþega á sjó.

### 3. gr.

#### Eiginleikar gagnasöfnunar

1. Aðildarríkjunum ber að safna gögnum er varða eftirfarandi svið:
  - a) upplýsingar um farm og farþega;
  - b) upplýsingar um viðkomandi skip.

Ekki þarf að safna gögnum um skip undir 100 brúttótonnum.

2. Eiginleikar gagnasöfnunarinnar, það er tölfræðilegar breytur á hverju sviði og flokkunarkerfi þeirra, og einnig skráningartíðni, eru tilgreindir í viðaukunum við þessa tilskipun.
3. Til að draga úr álagi á svarendur ber að byggja gagnasöfnun á fyrirliggjandi heimildum, eftir því sem við verður komið.

### 4. gr.

#### Hafnir

1. Að því er varðar þessa tilskipun ber að semja hafnaskrá, kóðaða og flokkaða eftir löndum og sjávarstrandsvæðum, í samræmi við aðferðina sem er tilgreind í 13. gr.

2. Hverju og einu aðildarríki ber að velja þær hafnir af þessari skrá þar sem yfir ein milljón tonna af vörum fer í gegn á hverju ári eða yfir 200 000 farþegar.

Hverju og einu aðildarríki er heimilt að velja aðeins hafnir þar sem yfir tvær milljónir tonna af vörum fara í gegn á hverju ári eða yfir 400 000 farþegar í þrjú ár hið lengsta eftir að þessi tilskipun öðlast gildi.

Leggja ber fram ítarleg gögn um hverja höfn sem er valin, í samræmi við ákvæði VIII. viðauka, sem varða þau svið (vörur, farþegar) sem viðkomandi höfn uppfyllir valforsendu fyrir og yfirlitsgögn um hitt sviðið, þar sem það á við.

3. Leggja ber fram yfirlitsgögn, í samræmi við gagnasafn A3 í VIII. viðauka, um þær hafnir sem eru ekki valdar af skránni.

### 5. gr.

#### Nákvæmni hagtalna

Aðferðir við gagnasöfnun skulu vera með þeim hætti að hagtölur um sjóflutninga innan bandalagsins sýni þá nákvæmni sem nauðsynleg er vegna þeirra tölfræðilegu gagnasafna sem er lýst í VIII. viðauka. Staðla um nákvæmni skal setja í samræmi við aðferðina sem er tilgreind í 13. gr.

### 6. gr.

#### Úrvinnsla gagna sem er safnað

Í því augnamiði að tölfræðilegar upplýsingar, sem er safnað samkvæmt ákvæðum 3. gr., verði samburðarhæfar ber aðildarríkjunum að vinna úr þeim með hliðsjón af þeirri nákvæmni sem um getur í 5. gr.

### 7. gr.

#### Afhending gagna sem er safnað

1. Aðildarríkin skulu senda þau gögn sem um getur í 3. gr. til Hagstofu Evrópubandalaganna, þar með talin gögn sem aðildarríkin lýsa trúnaðarmál samkvæmt landslögum eða innlendum venjum um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, í samræmi við reglugerð ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins [sic] (1).

2. Afhenda ber gögnin í samræmi við framsetningu þeirra tölfræðilegu gagnasafna sem er lýst í VIII. viðauka. Tæknileg atriði í tengslum við afhendingu gagnanna verða ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 13. gr.

3. Afhenda ber gögnin innan fimm mánaða frá lokum skráningartímabils ef um er að ræða gögn sem ber að skila ársfjórðungslega og innan átta mánaða ef um er að ræða gögn sem ber að skila árlega.

Fyrsta afhending skal ná yfir fyrsta ársfjórðung 1997.

### 8. gr.

#### Skýrslur

1. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem máli skipta um aðferðir sem er beitt við samantekt gagna. Þeim ber og að upplýsa um verulegar breytingar sem verða á aðferðum við gagnasöfnun.
2. Þegar gögnum hefur verið safnað í þrjú ár skal framkvæmda-stjórnin senda ráðinu skýrslu um þá reynslu sem hefur verið aflað með því starfi sem unnið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.

### 9. gr.

#### Dreifing tölfraðilegra gagna

Framkvæmdastjórnin skal dreifa viðeigandi tölfraðilegum gögnum með svipaðri tíðni og niðurstöður berast.

Samþykking ber reglur um það með hvaða hætti framkvæmdastjórnin birtir eða dreifir tölfraðilegum gögnum samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 13. gr.

### 10. gr.

#### Aðlögunartímabil

1. Heimilt er að veita undanþágur samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, í samræmi við málsmeðferðina í 13. gr., á þriggja ára aðlögunartímabili hið lengsta ef um það er að ræða að innlend hagskýrslukerfi þarfnist verulegrar aðlögunar.
2. Á aðlögunartímabilinu, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin samþykking, í samræmi við málsmeðferðina í 13. gr., áætlun um forkannanir sem fjalla um:
  - a) hvort gerlegt sé að safna eftirtöldum upplýsingum og kostnað aðildarríkjanna og svarenda af slíkri söfnun:
    - vörulýsingu samkvæmt skilgreiningu í III. viðauka og VIII. viðauka, gagnasafni B1,
    - fjölda farþega sem er fluttur á stuttum leiðum,
    - upplýsingum um tengiflutninga og flutningakeðjur,
    - gögnum um þjóðerni sjóflutningsaðilans;
  - b) möguleikann á að safna gögnum samkvæmt þeirri tilhögun sem komið var á í tengslum við einföldun viðskiptahátta, samkvæmt vinnureglum Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO), Staðlasamtaka Evrópu (CEN) og alþjóðlegum tollareglum.

Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna ráðinu um niðurstöður forkannana og senda því tillögur varðandi þann kost að nýta það fyrirkomulag sem um getur í þessari tilskipun í víðara samhengi, í þeim tilgangi að koma á reglubundinni söfnun fyrrnefndra upplýsinga.

### 11. gr.

#### Fjárhagsstuðningur

1. Bandalaginu ber að veita aðildarríkjunum fjárstuðning fyrstu þrjú árin sem hagskýrslur, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru gerðar til að mæta kostnaði við þetta verkefni.
2. Ákveða ber árleg fjárframlög vegna fjárstuðningsins sem um getur í 1. mgr. sem lið í árlegri fjárlagagerð.
3. Yfirvöld, sem fara með fjárlagagerð, skulu ákveða fjárveitingu fyrir hvert ár.

### 12. gr.

#### Ítarleg framkvæmdarákvæði

Setja ber ítarleg ákvæði um framkvæmd þessarar tilskipunar, meðal annars ákvæði um með hvaða hætti ber að laga hana að efnahags- og tæknipróun, einkum að því er varðar:

- aðlögun eiginleika gagnasöfnunarinnar (3. gr.) og inntaks viðaukanna við þessa tilskipun, að svo miklu leyti sem slík aðlögun hefur ekki í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir aðildarríkin og/eða aukið álag á svarendur,
- hafnaskrá sem framkvæmdastjórnin uppfærir reglulega, kóðaða og flokkaða eftir löndum og sjávarstrandsvæðum (4. gr.),
- kröfur um nákvæmni (5. gr.),
- tæknilýsingu gagnasafns og kóða vegna niðurstaðna sem senda á framkvæmdastjórninni (7. gr.),
- tilhögun við birtingu eða dreifingu gagnanna (9. gr.),
- undanþágur frá ákvæðum þessarar tilskipunar, sem veita ber á aðlögunartímabilinu, og áætlaðar forkannanir (10. gr.),
- sambærilegt flokkunarkerfi í brúttótonnum fyrir hvern flokk skipa (VII. viðauki),

í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 13. gr.

**13. gr.****Málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykka að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykka ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað.

b) Séu ráðstafanirnar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin greina ráðinu tafarlaust frá þeim.

Í því tilviki:

- skal framkvæmdastjórnin fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda um þrjá mánuði frá því að þær voru lagðar fyrir ráðið.

- er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirliðnum hér að framan.

**14. gr.****Framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun fyrir 1. janúar 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem sett verða um málefni sem þessi tilskipun nær til.

**15. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**16. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. desember 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. BORRELL FONTELLES**

forseti.

## I. VIÐAUKI

### BREYTUR OG SKILGREININGAR

#### 1. TÖLFRÆÐILEGAR BREYTUR

##### a) Upplýsingar um farm og farþega:

- heildarþyngd vöru í tonnum,
- tegund farms, samkvæmt flokkunarkerfinu í II. viðauka,
- vörulýsing, stuðst við flokkunarkerfið í III. viðauka,
- skýrsluhöfn,
- komur eða brottfarir,
- vegna vöru sem er skipað upp: hleðsluhöfn (þ.e. sú höfn þar sem vörunni var skipað út í skipið sem flutti hana til skýrsluhafnar), einstakar hafnir á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) sem er lýst í hafnaskránni og sjávarstrandsvæði utan EES lýst í IV. viðauka,
- vegna vöru sem er skipað út: uppskipunarhöfn (þ.e. sú höfn þar sem vörunni verður skipað upp úr skipi sem flytur hana frá skýrsluhöfn), einstakar hafnir innan EES sem er lýst í hafnaskránni og sjávarstrandsvæði utan EES lýst í IV. viðauka,
- fjöldi farþega sem fara í eða koma úr sjóferð.

Veita ber eftirfarandi viðbótarupplýsingar vegna vara sem eru fluttar í gámum eða ekjueiningum:

- fjöldi gáma með farmi,
- fjöldi gáma án farms,
- fjöldi hreyfanlegra (ekju) eininga með farmi,
- fjöldi hreyfanlegra (ekju) eininga án farms.

##### b) Upplýsingar um viðkomandi skip:

- fjöldi skipa,
- burðargeta skipa eða brúttótonnata,
- land eða yfirráðasvæði þar sem skipin eru skráð samkvæmt skránni í V. viðauka,
- gerð skipa samkvæmt flokkunarkerfinu í VI. viðauka,
- stærð skipa samkvæmt flokkunarkerfinu í VII. viðauka.

## 2. SKILGREININGAR

- a) „Flutningagámur“: flutningatæki,
1. sem er varanlegt og nægilega traust til að þola endurtekna notkun;
  2. sérhannað til að auðvelda vöruflutninga með einum eða fleiri flutningsmátum án þess að koma þurfi til umhleðslu;
  3. með áfestum búnaði sem auðveldar meðhöndlun, einkum yfirfærslu frá einum flutningsmáta til annars;
  4. sem er þannig hannað að auðvelt er að fylla það og tæma;
  5. sem er ekki undir 20 fetum að lengd.
- b) „Ekjueining“: ökutæki til farmflutninga, t.d. vöruflutningabifreið, eftirvagn eða festivagn, sem unnt er að aka eða draga um borð í skip. Eftirvagnar, sem tilheyra höfnum eða skipum, falla undir þessa skilgreiningu. Flokkun skal vera í samræmi við tilmæli nr. 21 frá efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu „Reglur um farmtegundir, umbúðir og umbúðaeefni“ (Codes for types of cargo, packages and packaging materials).
- c) „Gámafarmur“: gámar með farmi í eða tómir sem er lyft um borð eða frá borði skipa sem flytja þá sjóleiðis.
- d) „Ekjufarmur“: gámafarmur og annar farmur á ekjueiningum og ekjueiningar sem er ekið um borð og frá borði skipa sem flytja þau sjóleiðis.
- e) „Heildarþungi vöru“: vörumagn í tonnum sem er flutt, að meðtöldum pakkningum en að frátöldum töruþunga gáma eða ekjueininga.
- f) „Burðargeta (DWT)“: mismunur í tonnum talið milli særýmis skips miðað við sumarhleðslulínu í vatni með eðlisþyngdina 1,025 og eiginþyngdar skips, þ.e. særýmis þess í tonnum án farms, eldsneytis, smurolú, kjölfestuvatns, ferskvatns og drykkjarvatns í tönkum, vista og farþega og áhafnar ásamt eigum þeirra.
- g) „Brúttótonnatala“: heildarmæling á stærð skips, ákvörðuð í samræmi við ákvæði alþjóðasamnings frá 1969 um mælingar skipa.



## II. VIÐAUKI

## FLOKKUN FARMS

<i>Flokkur</i> <sup>(1)</sup>	<i>Kóði</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Magn</i> <i>í tonnum</i>	<i>Fjöldi</i>
Fljótandi búlkafarmur	10	Vara í fljótandi formi í búlkum (engar farneiningar)	x	
	11	Fljótandi gas	x	
	12	Hráolía	x	
	13	Olíuvörur	x	
	19	Annar fljótandi búlkafarmur	x	
Fastur búlkafarmur	20	Vara í föstu formi í búlkum (engar farneiningar)	x	
	21	Málmgrýti	x	
	22	Kol	x	
	23	Landbúnaðarafurðir (t.d. korn, sojabaunir, tapíókamjöl)	x	
	29	Annar fastur búlkafarmur	x	
Gámar	30	Stórir gámar	x	x
	31	20 feta farneiningar	x	x
	32	40 feta farneiningar	x	x
	33	Farneiningar > 20 fet og < 40 fet	x	x
	34	Farneiningar > 40 fet	x	x
Ekjuflutningar (fyrir eigin vélarafli)	50	Hreyfanlegar einingar, knúnar eigin vélarafli	x	x
	51	Ökutæki til vöruflutninga ásamt eftirvögnum	x <sup>(2)</sup>	x
	52	Farþegabifreiðar ásamt eftirvögnum/hjólhýsum		x <sup>(2)</sup>
	53	Stórar farþegabifreiðar		x <sup>(2)</sup>
	54	Ökutæki til innflutnings/útflutnings	x	x <sup>(2)</sup>
	56	Dýr á fæti	x	x <sup>(2)</sup>
Ekjuflutningar (ekki fyrir eigin vélarafli)	60	Aðrar hreyfanlegar einingar	x	x
	61	Eftirvagnar og festivagnar til vöruflutninga án dráttartækis	x <sup>(2)</sup>	x
	62	Hjólhýsi án dráttartækis og aðrir landbúnaðar- og iðnaðar- eftirvagnar til aksturs á vegum	x	x <sup>(2)</sup>
	63	Járnbrautarvagnar, skiptækir eftirvagnar fluttir á milli hafna og skiptækir prammur til vöruflutninga	x <sup>(2)</sup>	x
Annar almennur farmur (þar með taldir litlir gámar)	90	Annar farmur, ekki tilgreindur annars staðar	x	
	91	Skógarafurðir	x	
	92	Járn- og stálvörur	x	
	99	Annar almennur farmur	x	

<sup>(1)</sup> Þessir flokkar eru í samræmi við tilmæli nr. 21 frá efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

<sup>(2)</sup> Heildarfjöldi eininga.

<sup>(3)</sup> Skráð magn er heildarþyngd vara að meðtöldum pakkningum en að frátöldum töruþunga gáma eða ekjueininga.

## III. VIÐAUKI

## VÖRUFLOKKUNARKERFI

Vöruflokkunarkerfið, sem er notað, er í samræmi við NST/R<sup>(1)</sup> uns framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin, ákveður að nota annað í þess stað.

## VÖRUFLOKKAR

Vöru- flokkar	Kafli í NST/R	Flokkar í NST/R	Lýsing
1	0	01	Korn
2		02, 03	Kartöflur, annað grænmeti, ferskt eða frosið, ferskir ávextir
3		00, 06	Lifandi dýr, sykurrófur
4		05	Viður og korkur
5		04, 09	Textílar, textílvörur og tilbúnar trefjar, önnur hráefni úr dýra- eða jurtaríki
6	1	11, 12, 13, 14, 16, 17	Matvæli og dýrafóður
7		18	Olíuauðug fræ og ávextir, fituefni
8	2	21, 22, 23	Eldsneyti úr jarðefnum í föstu formi
9	3	31	Hrá jarðolía
10		32, 33, 34	Jarðolíuafurðir
11	4	41, 46	Járngrýti, járn- og stálúrgangur og salli frá málmbræðsluofnum
12		45	Járnlausar steintegundir ásamt úrgangi
13	5	51, 52, 53, 54, 55, 56	Málmafurðir
14	6	64, 69	Sement, kalk, unnar byggingarvörur
15		61, 62, 63, 65	Hrá og unnin jarðefni
16	7	71, 72	Náttúrlegur og unninn áburður
17	8	83	Kemísk efni úr kolum, tjara
18		81, 82, 89	Kemísk efni að undanskildum kemískum efnum úr kolum og tjöru
19		84	Pappírsmassi og úrgangspappír
20	9	91, 92, 93	Flutningatæki, vélar, tæki og hreyflar, samsett eða ósamsett, og hlutar þeirra
21		94	Framleiðsla úr málm
22		95	Gler, glervörur, leirvörur
23		96, 97	Leður, textílar, fatnaður, ýmsar unnar vörur
24		99	Ýmsar vörur

(<sup>1</sup>) Útgefið af Hagstofu Evrópubandalaganna (útgáfa frá 1968).

## IV. VIÐAUKI

## SJÁVARSTRANDSVÆÐI

Notast ber við geo-flokkunarkerfi sem er viðurkennt fyrir 1993 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 208/93 frá 1. febrúar 1993 um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess<sup>(1)</sup> með eftirfarandi undantekningu: nota ber kóðana 017 og 018 fyrir Belgíu annars vegar og Lúxemborg hins vegar þegar fjalla á um þessi lönd hvort fyrir sig.

Í hverjum kóða eru fjórir tölustafir: þriggja tölustafa kóðinn úr fyrrnefndu flokkunarkerfi með núlli á eftir (t.d. kóðinn 0030 fyrir Holland), nema fyrir lönd sem skiptast í tvö eða fleiri sjávarstrandsvæði sem eru einkennd með fjórða tölustaf sem ekki er núll (frá 1 til 7) samanber eftirfarandi:

*Kóði Sjávarstrandsvæði*

0011	Frakkland: Atlantshaf og Norðursjór
0012	Frakkland: Miðjarðarhaf
0041	Þýskaland: Norðursjór
0042	Þýskaland: Eystrasalt
0043	Þýskaland: Rín
0061	Breska konungsríkið
0062	Mön
0063	Ermarsundseyjar
0111	Spánn: Norður-Atlantshaf
0112	Spánn: Miðjarðarhaf og Suður-Atlantshaf
0301	Svíþjóð: Eystrasalt
0302	Svíþjóð: Norðursjór
0521	Tyrkland: Svartahaf
0522	Tyrkland: Miðjarðarhaf
0751	Rússland: Svartahaf
0752	Eystrasaltshluti Rússlands
0753	Asíuhluti Rússlands
2041	Marokkó: Miðjarðarhaf
2042	Marokkó: Vestur-Afríka
2201	Egyptaland: Miðjarðarhaf
2202	Egyptaland: Rauðahaf
6241	Ísrael: Miðjarðarhaf
6242	Ísrael: Rauðahaf
6321	Sádi-Arabía: Rauðahaf
6322	Sádi-Arabía: Persaflói
4001	Bandaríki Norður-Ameríku: Norður-Atlantshaf
4002	Bandaríki Norður-Ameríku: Suður-Atlantshaf
4003	Bandaríki Norður-Ameríku: Mexíkóflói
4004	Bandaríki Norður-Ameríku: Suður-Kyrrahaf
4005	Bandaríki Norður-Ameríku: Norður-Kyrrahaf
4006	Bandaríki Norður-Ameríku: Vötnin miklu
4007	Púertó Ríkó:
4041	Kanada: Atlantshaf
4042	Kanada: Vötnin miklu og Efri St. Lawrence-flói
4043	Kanada: Vesturströndin
4801	Kólumbía: Norðurströndin
4802	Kólumbía: Vesturströndin
	<i>með viðbótarkóðum</i>
9991	Mannvirki á hafi úti
9992	Samsöfn og sjávarstrandsvæði sem eru ekki tilgreind annars staðar

(<sup>1</sup>) Stjórn EB nr. L 25, 2. 2. 1993, bls. 11.

**V. VIÐAUKI****SKRÁNINGARLAND SKIPS**

Notast ber við *geo*-flokkunarkerfi sem er viðurkennt fyrir 1993 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 208/93 frá 1. febrúar 1993 um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess<sup>(1)</sup> með eftirfarandi undantekningu: nota ber kóðana 017 og 018 fyrir Belgíu annars vegar og Lúxemborg hins vegar þegar fjalla á um þessi lönd hvort fyrir sig.

Í hverjum kóða eru fjórir tölustafir: þriggja tölustafa kóðinn úr fyrrnefndu flokkunarkerfi með núlli á eftir (t.d. kóðinn 0010 fyrir Frakkland), nema fyrir lönd sem hafa fleiri en eina skrá.

Ef um fleiri en eina skrá er að ræða í sama landi verða kóðarnir með eftirfarandi hætti:

- 0011 Frakkland
- 0012 Kergúeleneyjar
  
- 0061 Breska konungsríkið
- 0062 Mön
- 0063 Ermarsundseyjar
- 0064 Gíbraltar
  
- 0081 Danmörk
- 0082 Danmörk (DIS)
  
- 0101 Portúgal
- 0102 Portúgal (MAR)
  
- 0111 Spánn: Norður-Atlantshaf
- 0112 Spánn (Rebeca)
  
- 4001 Bandaríki Norður-Ameríku
- 4002 Púertó Ríkó
  
- 4611 Bresku-Jómfrúreyjar
- 4612 Montserrat
  
- 8141 Nýsjálenska Óseaní
- 8142 Cooks-eyjar
  
- 8901 Önnur pólsvæði
- 8902 Frönsk yfirráðasvæði í Suður-Íshafi

(<sup>1</sup>) Stjórn EB nr. L 25, 2. 2. 1993, bls. 11.

## VI. VIÐAUKI

## FLOKKUNARKERFI FYRIR GERÐIR SKIPA (ICST-COM)

Gerð	Flokkar skipa fyrir hverja gerð
10 Fljótandi búlkafarmur	Olúflutningaskip Efnaflutningatankskip Gasflutningaskip Tankprammar Önnur tankskip
20 Fastur búlkafarmur	Búlkaskip/ólúskip Búlkaskip
31 Gámar	Gámaflutningaskip
32 Skip til sérhæfðra flutninga	Prammamóðurskip Efnaflutningaskip Skip til flutninga á geislavirku eldsneyti Skip til flutninga á húsdýrum Skip til flutninga á ökutækjum Skip til annarra sérhæfðra flutninga
33 Skip til almennra vöruflutninga, ósérhæfðra	Kælliskip Ekju-farþegaferjur Ekju-gámaflutningaskip Ekjuskip til annarra flutninga Fjölnotaskip bæði til almennra vöruflutninga og farþegaflutninga Fjölnotaskip bæði til almennra vöruflutninga og gámaflutninga Skip með einu þilfari Skip með mörgum þilförum
34 Þurrflutningaprammar	Prammar með þilfari Prammar sem losa sig sjálfir Vöruflutningaprammi ( <i>Sea-bee</i> -gerð) Opnir þurrflutningaprammar Lokaðir þurrflutningaprammar Aðrir þurrflutningaprammar, ekki skilgreindir annars staðar
35 Farþegar	Skemmtiferðaskip Önnur skip einungis til farþegaflutninga
41 Fiskveiðar (*)	Fiskveiðiskip (*) Fiskvinnsluskip (*)
42 Starfsemi á hafi úti	Bor- og könnunarskip (*) Aðdrættir á hafi úti
43 Dráttarbátar (*)	Dráttarbátar (*) Stjakkbátar (*)
49 Ýmis konar skip (*)	Dýpkunarprammar (*) Hafrannsókn- og könnunarskip (*) Önnur skip, ekki skilgreind annars staðar

(\*) Fellur ekki undir þessa tilskipun.

## VII. VIÐAUKI

## STÆRÐARFLOKKUN SKIPA

## eftir burðargetu (DWT) eða brúttótonnatölu (GT)

Þessi flokkun gildir aðeins fyrir skip sem eru 100 brúttótonn eða meira.

Flokkur	Neðri mörk		Efri mörk	
	Burðargeta	Brúttótonnatala	Burðargeta	Brúttótonnatala
01	-		allt að 499	
02	500		999	
03	1 000		1 999	
04	2 000		2 999	
05	3 000		3 999	
06	4 000		4 999	
07	5 000		5 999	
08	6 000		6 999	
09	7 000		7 999	
10	8 000		8 999	
11	9 000		9 999	
12	10 000		19 999	
13	20 000		29 999	
14	30 000		39 999	
15	40 000		49 999	
16	50 000		79 999	
17	80 000		99 999	
18	100 000		149 999	
19	150 000		199 999	
20	200 000		249 999	
21	250 000		299 999	
22	300 000 og yfir			

Ath.: Ef skip sem eru undir 100 brúttótonnum að stærð verða felld undir þessa tilskipun ber að úthluta þeim flokkunarkóðanum „99“.

## VIII. VIÐAUKI

### UPPBYGGING TÖLFRÆÐILEGRA GAGNASAFNA

Í þeim gagnasöfnum, sem eru tilgreind í þessum viðauka, kemur fram hve oft ber að taka saman hagtölur um sjóflutninga sem bandalagið óskar eftir. Í hverju gagnasafni kemur fram víxlflokkun sem nær yfir takmarkaðan fjölda þátta á ólíkum þrepum flokkunarkerfanna, þar sem safnað er saman upplýsingum þvert á aðra þætti sem krefjast vandaðra hagtalna.

Ráðið mun að tillögu framkvæmdastjórnarinnar ákveða þau skilyrði sem gilda um söfnun gagna að því er varðar gagnasafn B1, að teknu tilliti til niðurstaðna forkönnunar sem skal gerð á aðlögunartímabili sem nær yfir þrjú ár eins og skilgreint er í 10. gr. þessarar tilskipunar.

#### SAMANTEKNAR OG SUNDURLIÐAÐAR HAGTÖLUR

- \* Gagnasöfn um vörur og farþega, sem skal leggja fram fyrir valdar hafnir, eru A1, A2, B1, C1, D1, E1 og F1.
- \* Gagnasöfn um vörur en ekki farþega, sem skal leggja fram fyrir valdar hafnir, eru A1, A2, A3, B1, C1, E1 og F1.
- \* Gagnasöfn um farþega en ekki vörur, sem skal leggja fram fyrir valdar hafnir, eru A3, D1 og F1.
- \* Það gagnasafn, sem skal leggja fram fyrir hafnir sem eru ekki valdar sérstaklega, er A3.

**Gagnasafn A1** Sjóflutningar til og frá helstu höfnum í Evrópu, að því er varðar hverja höfn, tegund farms og vensl

Hve oft ber að skila: Ársfjórðungslega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Þættir	Gagnasafn	Tveir bók-/tölustafir	A1
	Viðmiðunarár	Fjórir bók-/tölustafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarárs- fjórðungur	Einn bók-/tölustafir	(1, 2, 3, 4)
	Skýrsluhöfn	Fimm bók-/tölustafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn bók-/tölustafir	Inn, út (1, 2)
	Hleðslu-/ uppskipunarhöfn	Fimm bók-/tölustafir	EES-hafnir í hafnaskránni
	Vensl	Fjórir bók-/tölustafir	Sjávarstrandsvæði, IV. viðauki
Tegund farms	Einn bók-/tölustafir	Tegund farms, II. viðauki 1., 2., 3., 5., 6. og 9. flokkur	

Gögn: Brúttóþyngd vöru í tonnum.

**Gagnasafn A2** Sjóflutningar, ekki gáma- eða ekjuflutningar, til og frá helstu höfnum í Evrópu, að því er varðar hverja höfn, tegund farms og vensl

Hve oft ber að skila: Ársfjórðungslega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Þættir	Gagnasafn	Tveir bók-/tölustafir	A2
	Viðmiðunarár	Fjórir bók-/tölustafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarárs- fjórðungur	Einn bók-/tölustafir	(1, 2, 3, 4)
	Skýrsluhöfn	Fimm bók-/tölustafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn bók-/tölustafir	Inn, út (1, 2)
	Hleðslu-/ uppskipunarhöfn	Fimm bók-/tölustafir	EES-hafnir í hafnaskránni
	Vensl	Fjórir bók-/tölustafir	Sjávarstrandsvæði, IV. viðauki
	Tegund farms	Tveir bók-/tölustafir	Tegund farms (að undanskildum gáma- eða ekjuflutningum), II. viðauki (undirflokkar 10, 11, 12, 13, 19, 20, 21, 22, 23, 29, 90, 91, 92 og 99)

Gögn: Brúttóþyngd vöru í tonnum.

**Gagnasafn A3** Upplýsingar sem óskað er frá höfnum þar sem nákvæmra upplýsinga er ekki krafist fyrir (sjá 3. mgr. 4. gr.)

Hve oft ber að skila: Árlega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Þættir	Gagnasafn	Tveir bók-/tölustafir	A3
	Viðmiðunarár	Fjórir bók-/tölustafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarárs- fjórðungur	Einn bók-/tölustafir	(0)
	Skýrsluhöfn	Fimm bók-/tölustafir	Allar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn bók-/tölustafir	Inn, út (1, 2)

Gögn: Brúttóþyngd vöru í tonnum.

Farþegafjöldi.

**Gagnasafn B1** Sjóflutningar til og frá helstu höfnum í Evrópu, að því er varðar hverja höfn, tegund farms, vörur og vensl

Hve oft ber að skila: Árlega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Þættir	Gagnasafn	Tveir bók-/tölustafir	B1
	Viðmiðunarár	Fjórir bók-/tölustafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarárs- fjórðungur	Einn bók-/tölustafir	(0)
	Skýrsluhöfn	Fimm bók-/tölustafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn bók-/tölustafir	Inn, út (1, 2)
	Hleðslu-/ uppskipunarhöfn	Fimm bók-/tölustafir	EES-hafnir í hafnaskránni
	Vensl	Fjórir bók-/tölustafir	Sjávarstrandsvæði, IV. viðauki
	Tegund farms	Einn bók-/tölustafir	Tegund farms, II. viðauki (flokkar 1, 2, 3, 5, 6 og 9)
	Vara	Tveir bók-/tölustafir	Vöruflokkunarkerfi, III. viðauki

Gögn: Brúttóþyngd vöru í tonnum.



**Gagnasafn C1** Sjóflutningar, gáma- eða ekjuflutningar til og frá helstu höfnum í Evrópu, að því er varðar hverja höfn, tegund farms, vensl og hleðslustöðu

*Hve oft ber að skila:* Ársfjórðungslega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Þættir	Gagnasafn Viðmiðunarár Viðmiðunarárs- fjórðungur Skýrsluhöfn Stefna Hleðslu-/ uppskipunarhöfn Vensl Tegund farms	Tveir bók-/tölustafir Fjórir bók-/tölustafir  Einn bók-/tölustafir Fimm bók-/tölustafir Einn bók-/tölustafir  Fimm bók-/tölustafir Fjórir bók-/tölustafir Tveir bók-/tölustafir	C1 (t.d. 1997)  (1, 2, 3, 4) Valdar EES-hafnir í hafnaskránni Inn, út (1, 2)  EES-hafnir í hafnaskránni Sjávarstrandsvæði, IV. viðauki Tegund farms (aðeins gáma- og ekjuflutningar), II. viðauki (undir- flokkar 30, 31, 32, 33, 34, 51, 54, 56, 60, 61, 62 og 63)

*Gögn:* Brúttóþyngd vöru í tonnum (tegund farms: undirflokkar 30, 31, 32, 33, 34, 51, 54, 56, 60, 61, 62 og 63).

Einingafjöldi (tegund farms: undirflokkar 30, 31, 32, 33, 34, 50, 51, 52, 53, 54, 56, 60, 61, 62 og 63).

Einingafjöldi (tegund farms: undirflokkar 30, 31, 32, 33, 34, 50, 51, 60, 61 og 63).

Einingafjöldi (tegund farms: undirflokkar 30, 31, 32, 33, 34, 50, 51, 60, 61 og 63).

**Gagnasafn D1** Farþegaflutningar til og frá helstu höfnum í Evrópu, að því er varðar vensl

*Hve oft ber að skila:* Ársfjórðungslega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Þættir	Gagnasafn Viðmiðunarár Viðmiðunarárs- fjórðungur Skýrsluhöfn Stefna Höfn þar sem stigið er um borð/frá borði Vensl Skráningarland skips	Tveir bók-/tölustafir Fjórir bók-/tölustafir  Einn bók-/tölustafir Fimm bók-/tölustafir Einn bók-/tölustafir  Fimm bók-/tölustafir Fjórir bók-/tölustafir Fjórir bók-/tölustafir	D1 (t.d. 1997)  (1, 2, 3, 4) Valdar EES-hafnir í hafnaskránni Inn, út (1, 2)  EES-hafnir í hafnaskránni Sjávarstrandsvæði, IV. viðauki Skráningarland skips, V. viðauki

*Gögn:* Farþegaafjöldi.

**Gagnasafn E1** Sjóflutningar til og frá helstu höfnum í Evrópu, að því er varðar hverja höfn, tegund farms, vensl og skráningarland skips

*Hve oft ber að skila:* Árlega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Þættir	Gagnasafn	Tveir bók-/tölustafir	E1
	Viðmiðunarár	Fjórir bók-/tölustafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarárs- fjórðungur	Einn bók-/tölustafir	(0)
	Skýrsluhöfn	Fimm bók-/tölustafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn bók-/tölustafir	Inn, út (1, 2)
	Hleðslu-/ uppskipunarhöfn	Fimm bók-/tölustafir	EES-hafnir í hafnaskránni
	Vensl	Fjórir bók-/tölustafir	Sjávarstrandsvæði, IV. viðauki
	Tegund farms	Einn bók-/tölustafir	Tegund farms, II. viðauki (flokkar 1, 2, 3, 5, 6, og 9)
	Skráningarland skips	Fjórir bók-/tölustafir	Skráningarland skips, V. viðauki

*Gögn:* Brúttóþyngd vöru í tonnum.

**Gagnasafn F1** Skipaumferð í helstu höfnum í Evrópu, gerð og stærð skipa sem losa og taka vörur um borð

*Hve oft ber að skila:* Ársfjórðungslega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Þættir	Gagnasafn	Tveir bók-/tölustafir	F1
	Viðmiðunarár	Fjórir bók-/tölustafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarárs- fjórðungur	Einn bók-/tölustafir	(1, 2, 3, 4)
	Skýrsluhöfn	Fimm bók-/tölustafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn bók-/tölustafir	Inn, út (1, 2)
	Gerð skips	Einn bók-/tölustafir	Gerð skips, VI. viðauki
	Stærð skips, burðargeta (DWT)	Tveir bók-/tölustafir	Burðargeta eða flokkar eftir brúttótonnatölu, VI. viðauki

*Gögn:* Skipafjöldi.

Burðargeta skipa í tonnum eða brúttótonnata.

**TILSKIPUN RÁÐSINS 95/57/EB****frá 23. nóvember 1995****um söfnun tölfraðilegra upplýsinga á sviði ferðaþjónustu(\*) m  
000000000 00****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 213. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ályktunum Evrópuþingsins frá 11. júní 1991 <sup>(1)</sup> og 18. janúar 1994 <sup>(2)</sup> er lögð áhersla á að bandalagið gegnir mikilvægu hlutverki í tengslum við úrvinnslu hagtalna á sviði ferðaþjónustu.

Efnahags- og félagsmálanefndin hefur samþykkt að samin verði tilskipun með það fyrir augum að beina í einn farveg kröftum sem um þessar mundir dreifast í ýmsar áttir í einstöku aðildarríkjum <sup>(3)</sup>.

Með ákvörðun 90/655/EBE <sup>(4)</sup> lagði bandalagið grunn að samræmdri aðferðafræði í samantekt hagtalna á vettvangi bandalagsins á sviði ferðaþjónustu.

Niðurstöður tveggja ára áætlunar (1991-1992) um úrvinnslu hagtalna á vettvangi bandalagsins á sviði ferðaþjónustu samkvæmt ákvörðun 90/655/EBE gefa ákveðið til kynna þörf notenda í einkageiranum og hjá hinu opinbera fyrir að hafa, fyrirvaralítið, aðgang að áreiðanlegum og samanburðarhæfum hagtölum um framboð og eftirspurn í ferðaþjónustu á vettvangi bandalagsins.

Með ákvörðun ráðsins 92/421/EBE frá 13. júlí 1992 um aðgerðaáætlun bandalagsins um ferðaþjónustu <sup>(5)</sup> var viðurkennt að úrvinnsla hagtalna á vettvangi bandalagsins á sviði ferðaþjónustu væri mikilvæg.

Treysta má betur viðurkennt hlutverk ferðaþjónustu sem vettvang þróunar og félags- og efnahagslegs samruna með þekkingu á undirstöðuhagtolum á þessu sviði, einkum sem er safnað á tilteknum svæðum.

Ef meta á samkeppnishæfni ferðaþjónustu innan bandalagsins ber nauðsyn til að afla haldbetri þekkingar á umfangi og einkennum ferðaþjónustu, því sem einkennir ferðamanninn og á útgjöldum hans.

Þörf er upplýsinga mánaðarlega ef unnt á að vera að meta árstíðabundin áhrif eftirspurnar á gistirými og aðstoða þannig yfirvöld og atvinnurekendur við að þróa markvissari áætlanir og stefnumið í þeim tilgangi að dreifa leyfunum betur yfir árstíðirnar og auka og bæta það sem ferðamönnum stendur til boða að taka sér fyrir hendur.

Frekari aðgerðir bandalagsins á þessu sviði verða áfram að byggjast á hagsýnissjónarmiðum sem eru í samræmi við dreifraðisregluna.

Tryggja ber nauðsynlega samvirkni milli innlendrar hagskýrslugerðar, alþjóðlegrar hagskýrslugerðar og hagskýrslugerðar á vettvangi bandalagsins, sem fjallar um ferðaþjónustu, í því augnamiði að minnka vinnuálag við söfnun upplýsinga.

Taka ber mið af þeirri aðferðafræði sem er þróuð í samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir, t.d. Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og Alþjóðaferðamálastofnunina (WTO), og ályktunum sem hagskýrslunefnd Sameinuðu þjóðanna samþykkti í mars 1993 í því augnamiði að unnt sé að bera hagtolur á sviði ferðaþjónustu saman með áreiðanlegri hætti á heimsvísu.

Unnt er að fylgjast með áreiðanlegri og áhrifaríkari hætti með því hvernig framboði og eftirspurn í ferðaþjónustu er háttáð og þróuninni á því sviði með því að samþykkja viðeigandi og viðurkennd rammaákvæði bandalagsins.

Með slíku fyrirkomulagi kunna að verða til kostir stórrekstrar og um leið upplýsingar sem koma öllum aðildarríkjum og viðkomandi aðilum að gagni.

Betri árangur í miðlun samanburðarhæfra hagtalna á sviði ferðaþjónustu næst á vettvangi bandalagsins.

Í ákvörðun ráðsins 93/464/EBE frá 22. júlí 1993 um rammaáætlun fyrir forgangsverkefni á sviði hagskýrslugerðar 1993-1997 <sup>(6)</sup> er kveðið á um að komið skuli á fót upplýsingakerfi um framboð og eftirspurn í ferðaþjónustu.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 291, 6. 12. 1995, bls. 32, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 183, 15. 7. 1991, bls. 74.

(2) Stjttíð. EB nr. C 44, 14. 2. 1994, bls. 61.

(3) Stjttíð. EB nr. C 52, 19. 2. 1994, bls. 22.

(4) Stjttíð. EB nr. L 358, 21. 12. 1990, bls. 89.

(5) Stjttíð. EB nr. L 231, 13. 8. 1992, bls. 26.

(6) Stjttíð. EB nr. L 219, 28. 8. 1993, bls. 1.

Tilskipun bandalagsins getur skapað sameiginlegar forsendur fyrir því að aðgerðir innanlands verði sem árangursríkastar.

Tölfræðileg gögn, sem er safnað samkvæmt bandalagsskipulagi, verða að vera áreiðanleg og þannig úr garði gerð að samburður milli aðildarríkjanna sé mögulegur. Því ber nauðsyn til að ákveða sameiginlega viðmiðanir sem gera kleift að mæta þessum kröfum.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Markmið

Aðildarríkin skulu safna, taka saman, vinna úr og senda út samræmdar tölfræðilegar upplýsingar um framboð og eftirspurn í ferðaþjónustu í þeim tilgangi að koma á fót upplýsingakerfi um hagtvölur á vettvangi bandalagsins á sviði ferðaþjónustu.

##### 2. gr.

##### Svið upplýsingasöfnunar og grundvallarskilgreiningar

Í þessari tilskipun skulu þau gögn sem safna á fjalla um eftirfarandi:

a) gistirými gististaða.

Um er að ræða gististaði af því tagi sem hér segir:

1. hótél og áþekk fyrirtæki
2. annars konar gististaðir, meðal annars:
  - 2.1. tjaldstaði
  - 2.2. orlofsdvalarstaðir
  - 2.3. annars konar gististaða;

b) gestafjöldi á gististöðum:

Safna skal upplýsingum um innlenda ferðaþjónustu, þ.e. ferðaþjónustu við heimamenn og við ferðamenn á innleið; merking eftirfarandi hugtaka er sem hér segir: „ferðaþjónusta við heimamenn“: þjónusta við íbúa viðkomandi lands sem ferðast innanlands; „þjónusta við ferðamenn á innleið“: þjónusta við ferðamenn sem eru ekki búsettir í viðkomandi landi;

c) eftirspurn í ferðaþjónustu:

Safna skal upplýsingum um innlenda ferðaþjónustu, þ.e. ferðaþjónustu við heimamenn og þjónustu við ferðamenn á útleið; merking „þjónusta við ferðamenn á útleið“ er sem hér segir: þjónusta við heimamenn sem ferðast til útlanda. Upplýsingar um eftirspurn í ferðaþjónustu skulu fjalla um ferðir sem eru fyrst og fremst orlofs- eða viðskiptaferðir þar sem gist er að heiman að minnsta kosti eina nótt eða fleiri samfelld.

##### 3. gr.

##### Einstök atriði varðandi söfnun upplýsinga

1. Í viðaukanum er birt skrá yfir einstök atriði gagnasöfnunarinnar þar sem kemur fram hve oft þau koma fyrir og hvernig þau skiptast eftir landsvæðum.
2. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., mæla fyrir um þær skilgreiningar sem nota ber um einstök atriði gagnasöfnunarinnar og breytingar á skránni yfir þau.

##### 4. gr.

##### Nákvæmni tölfræðilegra upplýsinga

1. Við söfnun tölfræðilegra upplýsinga skal, þar sem því verður við komið, tryggja að niðurstöður séu í samræmi við lágmarkskröfur sem gerðar eru um nákvæmni. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr., ákvarða þessar kröfur og leiðir til að tryggja samhæfða úrvinnslu kerfisbundinna frávíka. Mæla skal fyrir um lágmarkskröfur um nákvæmni, einkum með skírskotun til fjölda gistinátta á ári innanlands.
2. Aðildarríkjunum ber, að því er varðar þann grundvöll sem upplýsingasöfnunin er reist á, að gera þær ráðstafanir sem þau telja viðeigandi til að tryggja góðar niðurstöður og samburðarhæfni þeirra.

##### 5. gr.

##### Söfnun tölfræðilegra upplýsinga

1. Aðildarríkjunum er, þar sem við á, heimilt að byggja söfnun þeirra tölfræðilegu upplýsinga sem um getur í 3. gr. á fyrirbyggjandi gögnum, heimildum og kerfum.
2. Fyrsta viðmiðunartímabilið, að því er varðar einstök atriði sem gera ber grein fyrir árlega, skal hefjast 1. janúar 1996. Fyrsta viðmiðunartímabilið, að því er varðar einstök atriði sem eiga við dálka þar sem fjallað er um mánaðar- eða ársfjórðungsleg gögn í B- og C-þætti viðaukans, hvorum um sig, skal hefjast 1. janúar 1997.

##### 6. gr.

##### Úrvinnsla gagna

Aðildarríkin skulu vinna úr þeim upplýsingum, sem er safnað samkvæmt ákvæðum 3. gr., í samræmi við kröfur um nákvæmni sem tilskildar eru í 4. gr. og ítarlegar reglur sem samþykktar hafa verið í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr. Gögn um landshluta skulu vera í samræmi við flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) sem gildir hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

**7. gr.****Sending gagna**

1. Aðildarríkin skulu senda út gögn, sem unnið hefur verið úr, samkvæmt ákvæðum 6. gr., meðal annars upplýsingar sem aðildarríkin lýsa trúnaðarmál samkvæmt innlendra löggjöf eða vinnureglum um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, og samkvæmt ákvæðum reglugerðar ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins [sic] <sup>(1)</sup>. Í fyrrnefndri reglugerð eru reglur um trúnaðarupplýsingar.

2. Senda ber út bráðabirgðagögn fyrir árið áður en sex mánaða viðmiðunartímabilið er á enda og endurskoðaðar niðurstöður ársins í síðasta lagi tólf mánuðum eftir að viðmiðunartímabilinu lýkur. Senda ber út mánaðarleg og ársfjórðungsleg bráðabirgðagögn áður en þriggja mánaða tilsvareandi viðmiðunartímabil er á enda og endurskoðaðar mánaðar- og ársfjórðungsniðurstöður í síðasta lagi sex mánuðum eftir að tilsvareandi viðmiðunartímabili lýkur.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr. og í þeim tilgangi að gera þeim aðilum, sem láta upplýsingar í té, auðveldar fyrir, að samþykkja staðlaðar reglur um sendingu gagna og skapa skilyrði fyrir aukinni sjálfvirkri gagnavinnslu og sendingu gagna með rafrænum aðferðum.

**8. gr.****Skýrslur**

1. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, að hennar ósk, til að meta gæði, samanburðarhæfni og fullkomleika tölfraðilegra upplýsinga. Aðildarríkin skulu og láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um breytingar sem síðar kunna að verða á þeim aðferðum sem er beitt.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina skýrslu um fengna reynslu af því starfi sem hefur verið unnið samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar eftir að gögnum hefur verið safnað í þrjú ár.

**9. gr.****Miðlun niðurstaðna**

Setja ber reglur um með hvaða hætti framkvæmdastjórninni ber að miðla gögnunum samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 12. gr.

**10. gr.****Aðlögunartímabil**

1. Með fyrirvara um ákvæði 13. gr. skulu aðildarríkin grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að koma upplýsingakerfi bandalagsins í gang á aðlögunartímabili sem lýkur þremur árum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi að því er varðar mánaðarleg og árleg gögn og fimm árum eftir að þessi tilskipun öðlast gildi að því er varðar ársfjórðungsleg gögn.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt á aðlögunartímabilinu, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr., að samþykkja undanþágur frá ákvæðum tilskipunar þessarar að því marki sem breyta þarf innlendum kerfum fyrir hagtolur í ferðaþjónustu.

**11. gr.****Nefnd**

Að því er varðar aðferðir til að hrinda ákvæðum tilskipunar þessarar í framkvæmd og ráðstafanir sem lúta að aðlögun að efnahagslegri og tæknilegri framvindu, einkum með tilliti til:

- skilgreininga sem ber að nota um einstök atriði upplýsingasöfnunarinnar og breytinga á skránni yfir einstök atriði upplýsingasöfnunarinnar (3. gr.), að því marki að slíkar breytingar gera ekki söfnunarferlið þyngra í vöfum,
- krafna sem gerðar eru um nákvæmni og samhæfðar úrvinnslu kerfisbundinna frávíka (4. gr.),
- úrvinnslu gagna (6. gr.), sendingar gagna (7. gr.) og miðlunar niðurstaðna (9. gr.),
- undanþágna frá ákvæðum tilskipunar þessarar á aðlögunartímabilinu (10. gr.),

ber hagskýrsluáætlunarnefndinni, sem komið var á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE <sup>(2)</sup>, hér á eftir kölluð „nefndin“, að veita framkvæmdastjórninni aðstoð, samkvæmt ákvæðum 12. gr.

**12. gr.****Málsmeðferð**

1. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

<sup>(1)</sup> Stjótíð. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjótíð. EB nr. L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

2. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað.

**14. gr.**

**Gildistaka**

b) Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin þó tilkynna ráðinu um þær án tafar. Í því tilviki:

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

- skal framkvæmdastjórnin fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda um þrjá mánuði frá því að þær voru lagðar fyrir ráðið.

**15. gr.**

**Lokaákvæði**

- er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í fyrsta undirlið hér að framan.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

**13. gr.**

**Framkvæmd tilskipunarinnar**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 23. nóvember 1996.

Gjört í Brussel 23. nóvember 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

**C. WESTENDORP y CABEZA**

forseti.

## VIÐAUKI

## TÖLFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR UM FERÐAÞJÓNUSTU

*Ath.:* Landfræðilega skiptingu heimsins í tengslum við þær upplýsingar, sem er óskað eftir samkvæmt liðum B.1.3, C.1.1.2 og C.1.1.4, er að finna aftast í þessum viðauka.

## A. Gistirými gististaða: staðbundnar einingar á innlendu yfirráðasvæði

## A.1. Upplýsingar sem ber að senda út árlega

Númer	Flokkun gistingar	Breytur	Landfræðileg skipting <sup>(1)</sup>
A.1.1.	Hótel og áþekk fyrirtæki	Fjöldi fyrirtækja Herbergjafjöldi Fjöldi rúma	Á landsvísu og svæðisbundin NUTS III
A.1.2.	Aðrir gististaðir: - tjaldstæði - orlofsdvalarstaðir - annars konar gistiaðstaða	Fjöldi fyrirtækja Fjöldi svefnplássu <sup>(2)</sup>	Á landsvísu og svæðisbundin NUTS III

<sup>(1)</sup> Heimilt er að áætla tölur um fjölda herbergja og svefnplássu að því er lýtur að NUTS III; tekið skal skýrt fram að um áætlun sé að ræða.

<sup>(2)</sup> Hvað varðar tjaldstæði: hafi aðildarríki enga staðla að styðjast við má líta svo á að eitt tjaldstæði jafngildi fjórum svefnplássum.

## B. Fjöldi ferðamanna á gististöðum: ferðaþjónusta við heimamenn og ferðamenn á innleið

## B.1. Upplýsingar sem ber að senda út árlega

Númer	Flokkun gistingar	Breytur	Landfræðileg skipting <sup>(1)</sup>
B.1.1.	Hótel og áþekk fyrirtæki	Komur innlendra gesta Næturgistingar innlendra gesta Komur erlendra gesta Næturgistingar erlendra gesta	Á landsvísu og svæðisbundin NUTS II
B.1.2.	Aðrir gististaðir: - tjaldstæði - orlofsdvalarstaðir - annars konar gistiaðstaða	Komur innlendra gesta Næturgistingar innlendra gesta Komur erlendra gesta Næturgistingar erlendra gesta	Á landsvísu og svæðisbundin NUTS II
B.1.3.	Hótel og áþekk fyrirtæki Aðrir gististaðir	Eftir heimalandi (sundurliðað eftir almanaksmánuði): - Komur erlendra gesta - Næturgistingar erlendra gesta	Á landsvísu

B.2. *Upplýsingar sem ber að senda út mánaðarlega*

Númer	Flokkun gistingar	Breytur	Landfræðileg skipting <sup>(1)</sup>
B.2.1.	Hótel og áþekk fyrirtæki Aðrir gististaðir	Komur innlendra gesta Næturgistingar innlendra gesta Komur erlendra gesta Næturgistingar erlendra gesta	Á landsvísu
B.2.2.	Hótel og áþekk fyrirtæki	Nýting rúma: - brúttó - nettó	Á landsvísu

C. **Eftirspurn í ferðaþjónustu: ferðaþjónusta við heimamenn og ferðamenn á útleið (að frátöldum dagsferðum)**C.1. *Upplýsingar sem ber að senda út af innlendum vettvangi*

Númer	Breytur	Flokkun	Árleg gögn		Ársfjórðungsleg gögn	
			Stutt leyfi, fjórar nætur eða fleiri <sup>(1)</sup>	Orlof <sup>(2)</sup>	Viðskipta ferðir <sup>(3)</sup>	
C.1.1.	Gögn um ferðamannastraum					
C.1.1.1.	Fjöldi ferðamanna (þátttakendur í ferðum)	Alls - heimamenn innanlands - á útleið - heimamenn innanlands og á útleið				
C.1.1.2.	Fjöldi ferða	Alls - heimamenn innanlands - á útleið: landfræðileg skipting heimsins (eftir löndum)		ÁG	ÁG	
C.1.1.3.	Fjöldi ferða (miðað við brottfararmánuð)	Í hverjum almanaksmánuði - alls - heimamenn innanlands - á útleið				
C.1.1.4.	Fjöldi gistinguátta	Alls - heimamenn innanlands - á útleið: landfræðileg skipting heimsins (eftir löndum)		ÁG	ÁG	
C.1.2.	Gögn um einkenni ferða					
C.1.2.1.	Dvalartími	Nætur - 1 til 3 - 4 nætur samfellt eða fleiri - 4 til 7 - 8 til 14 - 15 til 28 - 29 til 91 - 92 til 365	EK EK	EK EK EK EK EK	EK EK EK EK EK	



Númer	Breytur	Flokkun	Árleg gögn		
			Stutt leyfi, fjórar nætur eða fleiri <sup>(1)</sup>	Orlof <sup>(2)</sup>	Viðskipta ferðir <sup>(3)</sup>
C.1.2.2.	Skipulag dvalar	Bókað beint hjá flutningsaðila/gististað Nýting þjónustu ferðaskrifstofa, aðila í ferðaþjónustu: - þ.m.t. pakkaferðir		EK EK EK	EK EK EK
C.1.2.3.	Helsti ferðamáti	Í lofti Á sjó Á landi: - járnbrautir - hópþifreiðir (áætlunar-, hópferðir) - ökutæki, í einkaeign og leigð - annað		EK EK EK EK EK EK	EK EK EK EK EK EK
C.1.2.4.	Helstu kostir í gistingu í ferðaþjónustu: - heimamenn innanlands - á útleið	Hótel og áþekk fyrirtæki  Aðrir gististaðir: - tjaldstæði - orlofsdvalarstaðir - annars konar gistiaðstaða fyrir ferðamenn Sérhæfðir gististaðir Einkagisting: - leigt húsnæði - eigið orlofshúsnæði - annars konar einkagisting		EK EK EK  EK EK EK	EK EK EK  EK EK EK
C.1.3.	Gögn sem sýna þverskurð af ferðamönnum				
C.1.3.1.	Fjöldi ferðamanna	Eftir kyni: - karlar - konur			
C.1.3.2.	Fjöldi ferðamanna	Eftir aldri: - 0 til 14 ára (valfrjálst) EK EK - 15 til 24 ára - 25 til 44 ára - 45 til 64 ára - 65 ára og eldri		EK EK EK EK	EK EK EK EK
C.1.4.	Gögn um útgjöld ferðamanna				
C.1.4.1.	Útgjöld (innlendir gjaldmiðill) í ferðum: - heimamenn innanlands - á útleið	Alls þ.m.t.: - stakar ferðir, orlofsferðir og pakkaferðir		EK	EK

(<sup>1</sup>) Í þessum dálki eru upplýsingar um langar ferðir (þ.e. fjórar nætur samfelld að heiman eða fleiri, aðallega til orlofsdvalar, affreyningar eða tómstundaiðkana).

(<sup>2</sup>) Í þessum dálki eru upplýsingar um orlofsferðir sem heild (þ.e. ferðir sem standa yfir í a.m.k. eina eða fleiri nætur samfelld að heiman, aðallega til orlofsdvalar, affreyningar eða tómstundaiðkana).

(<sup>3</sup>) Í þessum dálki eru upplýsingar um viðskiptaferðalög (þ.e. ferðir sem standa yfir í eina eða fleiri nætur samfelld að heiman, aðallega vegna viðskipta eða atvinnu).

Ath.: ÁG (árleg gögn) merkir að senda ber þessi gögn út ÁRLEGA en ekki ársfjórðungslega.

EK (ekki krafist) merkir að upplýsinga sé ekki krafist fyrir viðkomandi svið.

**LANDFRÆÐILEG SKIPTING**

ALLUR HEIMURINN

ALLT EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

ALLT EVRÓPUSAMBANDIÐ (15)

Belgía  
Danmörk  
Þýskaland  
Grikkland  
Spánn  
Frakkland  
Írland  
Ítalía  
Lúxemborg  
Austurríki  
Holland  
Portúgal  
Finnland  
Svíþjóð  
Breska konungsríkið

ÖLL EFTA-LÖNDIN

Ísland  
Noregur  
Sviss (og Liechtenstein)

ÖNNUR EVRÓPULÖND (að frátöldum EFTA-löndunum)

þar með talin:

Tyrkland  
Pólland  
Tékkland  
Slóvakía  
Ungverjaland

ÖLL AFRÍKA

NORÐUR-AMERÍKA:

Bandaríkin  
Kanada

ÖLL SUÐUR- OG MIÐ-AMERÍKA

ÖLL ASÍA

þar með talið:

Japan

ÁSTRALÍA, EYJAÁLFA OG ÖNNUR YFIRRÁÐASVÆÐI

þar með talin:

Ástralía  
Nýja-Sjáland

ÓTILGREIND SVÆÐI

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1172/95**

frá 22. maí 1995

**um hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 113. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hagskýrslur um utanríkisverslun bandalagsins eru ómissandi tæki við framkvæmd sameiginlegrar viðskiptastefnu og skulu samdar samkvæmt sameiginlegri aðferðafræði í öllum aðildarríkjunum.

Í samræmi við dreifræðisregluna og með tilliti til skilvirkni þess aðildarríkjanna að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að safna gögnum og greina þau en framkvæmdastjórnin sér um að safna og dreifa niðurstöðum bandalagsins.

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1736/75 frá 24. júní 1975 um hagskýrslur um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess <sup>(2)</sup> var mælt fyrir um aðferðafræðilegan grunn slíkra hagskýrslna.

Frá samþykki reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2954/85 frá 22. október 1985 um tilteknar ráðstafanir til að staðla og einfalda hagskýrslur um verslun milli aðildarríkjanna <sup>(3)</sup> og reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3330/91 frá 7. nóvember 1991 um hagtölur yfir vöruskipti milli aðildarríkja <sup>(4)</sup> hefur myndast óvissa um tiltekin ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1736/75.

Hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins skulu áfram gerðar á grundvelli tollafyrirkomulags. Ákvæði, sem enn eru í gildi, skulu einfaldlega aðlöguð til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið á tollalöggjöf með það fyrir augum að innri markaðurinn starfi sem skyldi.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 118, 25. 5. 1995, bls. 10, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 5, 7. 1. 1994, bls. 8.

(2) Stjttíð. EB nr. L 183, 14. 7. 1975, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1629/88 (Stjttíð. EB nr. L 147, 14. 6. 1988, bls. 1).

(3) Stjttíð. EB nr. L 285, 25. 10. 1985, bls. 1.

(4) Stjttíð. EB nr. L 316, 16. 11. 1991, bls. 1.

Samræmdar reglur hafa enn ekki verið settar um hluta þessara hagskýrslna sem fjalla um gegnumflutninga, tollvöruheymslur, frísvæði og fríhafnargeymslur.

Æskilegt er að tæknileg ákvæði, sem tengjast hagskýrslugerð um utanríkisverslun, verði hluti af framkvæmdarákvæðum þessarar reglugerðar.

Í því skyni að auka gagnsæi virðist ráðlegt að gera breytingar á viðeigandi löggjöf með því að steypa saman gildandi textum og skera úr um merkingu tiltekinna hugtaka.

Mikilvægt er að tryggja að þessari reglugerð sé beitt með sama hætti alls staðar og til að svo megi verða sé kveðið á um málsmeðferð bandalagsins sem gerir það kleift að taka upp málsmeðferð til framkvæmdar henni áður en langt um líður. Skipa ætti nefnd til að tryggja nána og skilvirka samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Bandalagið og aðildarríki þess skulu safna hagskýrslum um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

**I. KAFLI****2. gr.****Almenn ákvæði**

Með fyrirvara um einstök ákvæði er merking eftirfarandi hugtaka í þessari reglugerð sem hér segir:

- „vöruviðskipti við lönd utan bandalagsins“: flutningur vara milli lands utan bandalagsins og aðildarríkis eða öfugt;
- „vörur“: allir lausir fjármunir, þar með talinn rafstraumur;

- c) „bandalagsvörur“: vörur sem um getur í 7. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna bandalagsins <sup>(1)</sup>;
- d) „vörur frá löndum utan bandalagsins“: vörur sem um getur í 8. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92;
- e) „lönd utan bandalagsins“: lönd eða yfirráðasvæði sem eru ekki hluti af hagskýrslusvæði bandalagsins í skilningi 3. gr.

### 3. gr.

1. Hagskýrslusvæði bandalagsins og aðildarríkja þess samsvarar tollsvæði bandalagsins eins og það er skilgreint í 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. telst Helgoland hluti af hagskýrslusvæði bandalagsins en hvorki frönsku umdæmin erlendis né Kanaríeyjar eru hluti af því.

### 4. gr.

1. Gera skal hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkja þess við lönd utan bandalagsins um allar vörur sem eiga að sæta lögmætri tollmeðferð eða eru notaðar samkvæmt skilningi 15. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92 eftir flutning inn á hagskýrslusvæði bandalagsins eða út af því.

Umræddar hagskýrslur skulu einnig taka til vara sem ekki geta fengið lögmæta tollmeðferð eða notkun er viðurkennd á og stunduð eru viðskipti með á milli hluta hagskýrslusvæðis bandalagsins og frönsku umdæmanna erlendis eða Kanaríeyja.

Í samræmi við reglur, sem framkvæmdastjórnin setur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., skulu umræddar hagskýrslur einnig taka til tiltekinna vara sem eru ekki fluttar eða geta ekki fengið lögmæta tollmeðferð eða notkun er viðurkennd á.

Þó skulu vörurnar, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3330/91, ekki teknar með í þessum hagskýrslum.

2. Fyrsta málsgrein gildir bæði um vörur frá löndum utan bandalagsins og bandalagsvörur, hvort sem um verslunarviðskipti er að ræða eða ekki.

### 5. gr.

1. Hagskýrslur, sem tengjast vöruviðskiptum bandalagsins og aðildarríkja þess við lönd utan bandalagsins, skulu fela í sér eftirtaldar sértækar hagskýrslur:

- hagskýrslur sem tengjast utanríkisverslun,

- hagskýrslur sem tengjast gegnumflutningum,
  - hagskýrslur sem tengjast tollvörugeymslum,
  - hagskýrslur sem tengjast tollfrjálsum svæðum og tollfrjálsum vörugeymslum.
2. Vörurnar, sem um getur í 4. gr., geta fallið undir fleiri en einn flokk sértækra hagskýrslna.

Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 21. gr., skal framkvæmdastjórnin samþykkja ákvæði sem gera kleift að ákvarða að hve miklu leyti einstaka hagskýrslur skarast.

## II. KAFLI

### Hagskýrslur um utanríkisverslun

### 6. gr.

1. Meðal þeirra vara sem um getur í 4. gr. skal gera hagskýrslur um utanríkisverslun vegna:

- a) þeirra vara sem hafa verið fluttar inn á hagskýrslusvæði bandalagsins og
- hafa verið fluttar þangað samkvæmt tollafyrirkomulagi um að leysa út vörur til frjálsrar dreifingar, virkrar vinnslu eða vinnslu undir tolleftirliti,
  - ef getið er um þær í annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr;
- b) þeirra vara sem eiga að fara út fyrir hagskýrslusvæði bandalagsins og
- hafa verið fluttar þangað samkvæmt fyrirkomulagi um tollútflytning eða óvirka vinnslu,
  - tollákvörðun gerir ráð fyrir að verði fluttar út á ný eftir virka vinnslu eða, ef við á, unnar undir tolleftirliti,
  - ef getið er um þær í annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr;
- c) þeirra vara sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 4. gr.

2. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 21. gr., getur framkvæmdastjórnin samþykkt viðbótarákvæði til að halda gildissviði ákvæðanna sem um getur í 1. mgr., að teknu tilliti til breytinga á tollalöggjöf bandalagsins og ákvæða sem eru háð alþjóðasamningum sem bandalagið og aðildarríki þess eru aðilar að og varða hagskýrslur eða hafa áhrif á hagskýrslumál.

<sup>(1)</sup> Stjótd. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.

**7. gr.**

Með fyrirvara um 23. gr. skal nota samræmda tollskjalið sem hagskýrslugagnamiðil sem, í samræmi við 205. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um setningu ákvæða til framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna bandalagsins <sup>(1)</sup>, nota á í tengslum við yfirlýsingu um eina þeirra lögmætu tollmeðferða eða eitt þeirra lögmætu notkunardæma sem um getur í 6. gr.

**8. gr.**

1. Með fyrirvara um 23. gr. ber að auðkenna vörur í hagskýrslugagnamiðlinum eftir tegundum, í samræmi við tollalöggjöf.

2. Fyrir hverja vörutegund skal, ef um innflutning er að ræða, geta um Taric-kenninúmer sem kveðið er á um í 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtoluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána <sup>(2)</sup> og, þegar um er að ræða útflutning, númer samkvæmt sameinuðu tollnafnaskránni.

3. Vörurnar skulu auðkenndar í samræmi við 1. og 2. mgr., jafnvel þótt önnur lög bandalagsins kveði á um að þær beri samtímis að auðkenna samkvæmt öðrum flokkunarkerfum.

**9. gr.**

1. Með fyrirvara um tollalöggjöf eða 23. gr. skulu lönd þannig auðkennd í hagskýrslugagnamiðlinum að unnt sé að setja þau í þann flokk þar sem þeim er ætlað að vera samkvæmt landaflokkunarkerfi sem framkvæmdastjórnin er að taka upp, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., að því er varðar hagskýrslur um utanríkisverslun og verslun milli aðildarríkjanna.

2. Tilgreina ber kenninúmerið, sem kveðið er á um í landaflokkunarkerfinu og um getur í 1. mgr., fyrir hvert land.

3. Eíngöngu á gagnaöflunarstiginu mega aðildarríkin láta hjá líða að beita 1. og 2. mgr.

**10. gr.**

1. Með fyrirvara um ákvæðin, sem varða samræmda tollskjalið, skal veita eftirtaldir upplýsingar í hagskýrslugagnamiðlinum um hverja vörutegund sem flokkuð er samkvæmt 1. mgr. 8. gr.:

- a) annað hvort lögmætu tollmeðferðina eða notkunina eða hagskýrslumálsmeðferðina;
- b) vegna innfluttu varanna, sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr., skal gefa upp upprunandið eða, ef framkvæmdastjórnin sker úr um mál samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 253, 11. 10. 1993, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 256, 7. 9. 1987, bls. 1.

fyrir um í 21. gr., sendingarlandið;

- c) vegna útfluttu varanna, sem um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr., skal gefa upp ákvörðunarlandið;
- d) vörumagnið er gefið upp sem nettómassi og viðbótareiningar;
- e) hagskýrsluvirði varanna;
- f) flutningsmáti við landamæri;
- g) frá 1. janúar 1996, flutningsmáti innan bandalagsins;
- h) forgangur samkvæmt flokkun sem mælt er fyrir um í tollalöggjöf;
- i) skráningarland flutningatækis sem fer yfir landamæri;
- j) umbúðirnar.

2. Með fyrirvara um tollalöggjöf getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., bætt eftirtöldum upplýsingum í skrána í 1. mgr. enda sé ákveðið í hverju máli fyrir sig frá hvaða degi þær skulu færðar inn í hagskýrslugagnamiðilinn:

- a) reikningsfjárhæð;
- b) eðli viðskipta;
- c) afhendingarskilmálar.

3. Í því skyni að uppfylla innanlandskröfur geta aðildarríkin gert kröfu um að eftirtalið sé skráð í hagskýrslugagnamiðilinn:

- ef um er að ræða vörurnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr., aðildarríki sem er ákvörðunarstaður og, ef um er að ræða vörurnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr., aðildarríkið sem er eiginlegt útflutningsríki,
- upplýsingar aðrar en þær sem um getur í 1. mgr., svo fremi afhending slíkra upplýsinga sé í samræmi við ákvæðin um samræmda tollskjalið.

4. Með fyrirvara um tollalöggjöf skal framkvæmdastjórnin ákvarða eftirfarandi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.:

- skilgreiningu upplýsinganna sem um getur í 1. og 2. mgr. og fyrsta undirlið 3. mgr.,
- reglur um hvernig færa ber þær inn í hagskýrslugagnamiðilinn.

**11. gr.**

Bandalagið og aðildarríki þess skulu taka saman hagskýrslur um utanríkisverslun frá deginum, sem um getur í 1. mgr. 10. gr., samkvæmt ákvæðunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

**12. gr.**

1. Viðmiðunarmörk eru skilgreind sem þær lágmarkstölur, tilgreindar í virði eða nettómassa, sem eru teknar í hagskýrslur.
2. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða viðmiðunarmörk í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

**13. gr.**

1. Aðildarríkin skulu mánaðarlega leggja fram hagskýrslur fyrir hvern mánuð um viðskipti sín við lönd utan bandalagsins, teknar saman með þeim hætti sem kveðið er á um í 11. gr., þar með taldar upplýsingar sem lýstar eru trúnaðargögn samkvæmt innlendra löggjöf eða venjum um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins [sic] <sup>(1)</sup>. Umrædd reglugerð skal vera leiðbeinandi um trúnaðarmeðferð upplýsinga.

2. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin ákveða tæknilega málsmeðferð um slíka afhendingu í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

**14. gr.**

Framkvæmdastjórnin skal taka saman niðurstöður hagskýrslna um utanríkisverslun bandalagsins og aðildarríkja þess á grundvelli niðurstaðnanna sem aðildarríkin senda henni og skal hún gera þær aðgengilegar notendum, sundurliðaðar eftir undirnúmerum sameinuðu tollnafnaskrárinnar.

**15. gr.**

Með fyrirvara um tollalöggjöf skal framkvæmdastjórnin samþykkja ákvæði um einföldum hagskýrslna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

**III. KAFLI****Hagskýrslur um gegnumflutninga, tollvörugeymslur, tollfrjáls svæði og tollfrjálsar vörugeymslur****16. gr.**

1. Samantekt aðildarríkjanna á hagskýrslunum sem um getur í 17. til 19. gr. skal vera valfrjáls.
2. Ef ekki er um samræmingu að ræða á vettvangi bandalagsins skulu ákvæði aðildarríkjanna í þessum efnunum gilda áfram.

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.

**17. gr.**

Upplýsingar um þær vörur, sem um getur í 4. gr. og fluttar eru til hagskýrslusvæðis aðildarríkis, sem eru geymdar þar um skeið eða kunna að verða fyrir töfum, áður en þær eru fluttar þaðan, samkvæmt tilhögun um gegnumflutninga, skulu færðar í hagskýrslur um gegnumflutninga.

**18. gr.**

Upplýsingar um vörur, sem um getur í 4. gr. og eru flokkaðar samkvæmt tilhögun um tollvörugeymslur eða hvernig umrædd tilhögun hefur verið framkvæmd að því er varðar þær vörur í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2913/92, skulu færðar í hagskýrslur um tollvörugeymslur.

**19. gr.**

Upplýsingar um vörur, sem um getur í 4. gr. og fluttar eru til eða frá tollfrjálsum svæðum eða tollfrjálsum vörugeymslum í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2913/92, skulu færðar í hagskýrslur um tollfrjáls svæði eða tollfrjálsar vörugeymslur.

**IV. KAFLI****Hagskýrslunefnd sem tengist vöruviðskiptum við lönd utan bandalagsins****20. gr.**

1. Hagskýrslunefnd, sem tengist vöruviðskiptum við lönd utan bandalagsins (hér eftir kölluð „nefndin“), er hér með sett á stofn og í henni sitja fulltrúar aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Nefndin setur sér starfsreglur.

3. Nefndinni er heimilt að rannsaka öll mál sem tengjast framkvæmd þessarar reglugerðar og formaður hennar tekur fyrir, annað hvort að eigin frumkvæði hans eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

**21. gr.**

1. Ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar þessari reglugerð, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitu sínu á drögunum innan tímamarka, sem formaðurinn setur, eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanirnar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar ber framkvæmdastjórninni að greina ráðinu tafarlaust frá þeim.

Ef svo ber undir skal framkvæmdastjórnin fresta því að ráðstafanirnar, sem hún hefur ákveðið, komi til framkvæmda um einn mánuð hið lengsta frá því að ráðinu var greint frá þeim.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í annarri málsgrein.

## V. KAFLI

### Lokaákvæði

#### 22. gr.

1. Niðurstöðum hagskýrslna, sem eru gerðar samkvæmt þessari reglugerð, skal dreift. Óski útflytjendur eða innflytjendur þess við lögbær innlend yfirvöld skulu þau þó ekki dreifa hagskýrslum, sem eru þannig úr garði gerðar að hægt er að bera kennsl á þá með óbeinum hætti, heldur að öðrum kosti raða hagskýrslunum upp á nýtt þannig að við dreifingu brjóti þær ekki í bága við trúnaðarkvaðir í hagskýrslum.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvæðin sem nauðsynleg eru til að tryggja samræmda beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

#### 23. gr.

1. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 21. gr., og með fyrirvara um tollalöggjöf, getur framkvæmdastjórnin tekið upp einfaldaða málsmeðferð við gagnasöfnun, einkum til að skapa aðstæður til að auka sjálfvirka gagnavinnslu og rafræna gagnaflutninga.

2. Ákvæði aðildarríkjanna á þessu sviði skulu gilda áfram þar til málsmeðferðin sem um getur í 1. mgr. verður tekin upp eða í því skyni að taka tillit til sérstaks stjórnsýslufyrirkomulags þeirra.

#### 24. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún gildir frá þeim degi sem framkvæmdarákvæðin sem um getur í 21. gr. öðlast gildi. Sama dag fellur úr gildi reglugerð (EBE) nr. 1736/75 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 200/83 frá 24. janúar 1983 um að aðlaga hagskýrslur um utanríkisverslun bandalagsins að tilskipunum um samræmdar skráningarreglur fyrir vöruútflutning og innflutning vara til frjálsrar vörudreifingar<sup>(1)</sup>. Litið skal á tilvísanir í fyrrnefndar reglugerðir í núgildandi löggjöf bandalagsins sem tilvísanir í þessa reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

**A. MADELIN**

forseti.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 26, 28. 1. 1983, bls. 1.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 68/96****frá 18. janúar 1996****um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 frá 22. maí 1995 um hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/95 er innleiðing landaflokkunarkerfisins á verksviði framkvæmdastjórnarinnar.

Útgáfan, sem var í gildi 1. janúar 1995, birtist í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3079/94 <sup>(2)</sup>. Frá 1. janúar 1996 er rétt að gera minniháttar breytingar þar á til að mæta nýjum hagskýrslu- og tækniröfum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrslunefndar að því er varðar vöruviðskipti við lönd utan bandalagsins.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Sú landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess, sem var í gildi 1. janúar 1996, er birt sem viðauki við þessa reglugerð.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. janúar 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Yves-Thibault DE SILGUY**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 14, 19. 1. 1996, bls. 6, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 118, 25. 5. 1995, bls. 10.

(2) Stjtið. EB nr. L 325, 17. 12. 1994, bls. 17.



## VIÐAUKI

LANDAFLOKKUN Í HAGSKÝRSLUM UM UTANRÍKISVERSLUN BANDALAGSINS OG  
VIÐSKIPTI MILLI AÐILDARRÍKJA ÞESS

(Gildir frá 1. janúar 1996)

001	Frakkland	Ásamt Mónakó
002	Belgía og Lúxemborg	
003	Holland	
004	Þýskaland	Ásamt Helgoland; að frátöldu yfirráðasvæðinu Büsingen
005	Ítalía	Að frátöldu San Marínó
006	Breska konungsríkið	Stóra-Bretland, Norður-Írland, Bresku Ermarsundseyjarnar og Mön
007	Írland	
008	Danmörk	
009	Grikkland	
010	Portúgal	Ásamt Asoreyjum og Madeira
011	Spánn	Ásamt Baleareyjum; að frátöldum Kanaríeyjum, Ceuta og Melilla
021	Kanaríeyjar	
022	Ceuta og Melilla	Ásamt Peñón de Vélez de la Gomera, Peñón de Alhucemas- og Chafarinaseyjum
024	Ísland	
027	Svalbarði	
028	Noregur	Ásamt Jan Mayen; að frátöldum Svalbarða
030	Svíþjóð	
032	Finnland	Ásamt Álandseyjum
037	Liechtenstein	
038	Austurríki	
039	Sviss	Ásamt þýska yfirráðasvæðinu Büsingen og ítölsku sókninni Campione d'Italia
041	Færeyjar	
043	Andorra	
044	Gíbraltar	
045	Páfagarður	
046	Malta	Ásamt Gozo og Kómínó
047	San Marínó	
052	Tyrkland	
053	Eistland	
054	Lettland	
055	Litháen	
060	Pólland	
061	Lýðveldið Tékkland	
063	Slóvakía	
064	Ungverjaland	
066	Rúmenía	
068	Búlgarí	
070	Albanía	
072	Úkraína	
073	Hvíta-Rússland	
074	Moldavía	
075	Rússland	
076	Georgía	
077	Armenía	

078	Aserbaídsjan	
079	Kasakstan	
080	Túrkmenistan	
081	Úsbekistan	
082	Tadsjikstan	
083	Kirgisistan	
091	Slóvenía	
092	Króaía	
093	Bosnía og Hersegóvína	
094	Serbía og Svartfjallaland	
096	Lýðveldið Makedónía í fyrrverandi Júgóslavíu	
204	Marokkó	
208	Alsír	
212	Túnis	
216	Líbía	
220	Egyptaland	
224	Súdan	
228	Máritanía	
232	Malí	
236	Búrína Fasó	
240	Níger	
244	Tsjad	
247	Grænhöfðaeypjar	
248	Senegal	
252	Gambía	
257	Gínea-Bissá	
260	Gínea	
264	Síerra Leóne	
268	Líbería	
272	Fílabeinsströndin	
276	Gana	
280	Tógó	
284	Benín	
288	Nígería	
302	Kamerún	
306	Mið-Afríkulyðveldið	
310	Miðbaugs-Gínea	
311	Saó Tomé og Prinsípe	
314	Gabon	
318	Kongó	
322	Saír	
324	Rúanda	
328	Búrúndí	
329	St. Helena og hjálendur hennar	Hjálendur St. Helenu: Ascension og Tristan da Cunha-eyjar Ásamt Cabinda
330	Angóla	
334	Eþíópía	
336	Erítrea	
338	Djíbútí	
342	Sómalía	
346	Kenía	
350	Úganda	
352	Tansanía	Tanganjika, Sansíbar og Pemba
355	Seychelleseyjar og hjálendur þeirra	Mahéeyjar, Silhouette, Praslin (ásamt La Digue), Frégate, Mamelles og Récifs, Bird og Denis, Plate og Coëtivy, Amíranteeyjar, Alphonseeyjar, Providenceeyjar og Aldabraeyjar

357	Bresk yfirráðasvæði í Inlandshafi	Chagoseyjaklasinn
366	Mósambík	
370	Madagaskar	
372	Réunion	Ásamt Evrópu, Bassas da India, Juan de Nova, Tromelin og Glorieuseseyjum
373	Máritíus	Máritíus, Rodrigues, Agalega og Cargados Carajos-rif
(St.		Brandoneyjar)
375	Kómoreyjar	Grande Comore, Anjouan og Mohéli
377	Mayotte	Grande Terre og Pamanzi
378	Sambía	
382	Simbabve	
386	Malaví	
388	Suður-Afríka	
389	Namibía	
391	Botsvana	
393	Svasíland	
395	Lesótó	
400	Bandaríki Norður-Ameríku	Ásamt Púertó Ríkó
404	Kanada	
406	Grænland	
408	St. Pierre og Miquelon	
412	Mexíkó	
413	Bermúdaeyjar	
416	Gvatemala	
421	Belís	
424	Hondúras	Ásamt Swaneyjum
428	El Salvador	
432	Níkaragva	Ásamt Korneyjum
436	Kostaríka	
442	Panama	Ásamt fyrrverandi skipaskurðarsvæði
446	Anguilla	
448	Kúba	
449	St. Kristófer og Nevis	
452	Haití	
453	Bahamaeyjar	
454	Turks- og Caicoseyjar	
456	Dóminíkanska lýðveldið	
457	Bandarísku-Jómfrúeyjar	
458	Guadeloupe	Ásamt Marie-Galante, Îles des Saintes, Petite-Terre-eyjar, La Désirade, St. Barthélemy og norðurhluta St. Martin
459	Antígúa og Barbúda	
460	Dóminíka	
462	Martiník	
463	Caymaneyjar	
464	Jamaíka	
465	St. Lúsía	
467	St. Vincent	Ásamt Norður-Grenadineyjum
468	Bresku-Jómfrúeyjar	
469	Barbadoseyjar	
470	Montserrat	
472	Trínidad og Tóbagó	
473	Grenada	Ásamt Suður-Grenadineyjum
474	Arúba	
478	Hollensku Antillaeyjar	Curaçao, Bonaire, St. Eustatius, Saba og suðurhluti St. Martin

480	Kólumbía	
484	Venesúela	
488	Gvæana	
492	Súrínám	
496	Franska Gvæana	
500	Ekvador	Ásamt Galapagoseyjum
504	Perú	
508	Brasilía	
512	Chile	
516	Bólívía	
520	Paragvæ	
524	Úrúgvæ	
528	Argentína	
529	Falklandseyjar	
600	Kýpur	
604	Líbanon	
608	Sýrland	
612	Írak	
616	Íran	
624	Ísrael	
625	Gaza og Jeríkó	
628	Jórdanía	
632	Sádi-Arabía	
636	Kúvæt	
640	Barein	
644	Katar	
647	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Abu Dhabi, Dubai, Sharjah, Ajman, Umm al Qaiwain, Ras al Khaimah og Fujairah
649	Óman	
653	Jemen	Fyrrum Norður- og Suður-Jemen
660	Afganistan	
662	Pakistan	
664	Indland	Ásamt Sikkim
666	Bangladess	
667	Maldíveyjar	
669	Srí Lanka	
672	Nepal	
675	Bútan	
676	Mjanmar	Fyrrverandi Burma
680	Taíland	
684	Laos	
690	Víetnam	
696	Kambódía	
700	Indónesía	
701	Malasía	Malasíuskagi og Austur-Malasía (Sarawak, Sabah og Labúan)
703	Brúnei	
706	Singapúr	
708	Filippseyjar	
716	Mongólía	
720	Kína	
724	Norður-Kórea	
728	Suður-Kórea	
732	Japan	
736	Taívan	
740	Hong Kong	

743	Makó	
800	Ástralía	
801	Papúa Nýja Gínea	Ásamt Nýja-Bretlandi, Nýja-Írlandi, Lavongaí, Admiraltyeyjum, Bougainville, Búka, Græneyjum, d'Entrecasteauxeyjum, Tróbríandeyjum, Woodlark-eyjum og Louisiade-eyjaklasanum ásamt hjálendum
802	Áströlsku Kyrrahafseyjar	Kókoseyjar (Keeling), Jólæyjar, Heard- og McDonaldehyjar, Norfolkeyjar
803	Nárú	
804	Nýja-Sjáland	Að frátalinni Ross-hjálendunni (á Suðurskautslandi)
806	Salómonseyjar	
807	Túvalú	
809	Nýja-Kaledónía og hjálendur hennar	Hjálendur Nýju-Kaledóníu: Furuey, Loyalty, Huon, Belep, Chesterfieldeyjar og Walpole-eyja
810	Bandarísku Kyrrahafseyjar	Bandaríska Samóa, Guam, smærri afskekktar bandarískar eyjar (Baker, Howland, Jarvis, Johnston, Kingman-rif, Midway, Navassa, Palmyra og Varsímaeyja (Wake Island))
811	Wallis- og Fútúnaeyjar	Ásamt Alofi
812	Kíribatí	
813	Pitcairn	Ásamt Henderson-, Ducie- og Oenoeyjum
814	Kyrrahafseyjar Nýja-Sjálands	Tokelau- og Niueeyjar; Cookeyjar
815	Fídjieyjar	
816	Vanúatú	
817	Vináttueyjar (Tonga)	
819	Vestur-Samóa	
820	Norður-Maríönnueyjar	
822	Franska Pólýnesía	Marquesaseyjar, Félagseyjar, Gambiereyjar, Tubuaieyjar og Tuamotueyjaklasinn; einnig Clippertoneyja
823	Sambandsríki Míkrónesíu (Yap, Korsae, Truk, Pohnpei)	
824	Marshalleyjar	
825	Palá	
890	Heimskautasvæði	Norðurskautssvæði sem ekki eru tilgreind eða flokkuð annars staðar; Suðurskautsland; einnig Nýja-Amsterdameyja, St. Pálseyja, Crozeteyjar, Kergueleneyjar og Bouveteyja; Suður-Georgía og Suður-Sandvíkureyjar
950	Vistir og eldsneyti eða	Valfrjálst
951	Vistir og eldsneyti í tengslum við viðskipti milli aðildarríkja	Valfrjálst
952	Vistir og eldsneyti í tengslum við viðskipti við þriðju lönd	Valfrjálst
958	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru skráð eða	Valfrjálst
959	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru tilgreind sérstaklega í tengslum við viðskipti innan bandalagsins	Valfrjálst
960	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru tilgreind sérstaklega í tengslum við viðskipti við þriðju lönd	Valfrjálst

- 977 Lönd og yfirráðsvæði sem ekki eru tilgreind af viðskipta- eða hernaðarlegum orsökum Valfrjálst
- eða
- 978 Lönd og yfirráðsvæði sem ekki eru tilgreind af viðskipta- eða hernaðarlegum orsökum í tengslum við viðskipti innan bandalagsins Valfrjálst
- 979 Lönd og yfirráðsvæði sem ekki eru tilgreind af viðskipta- eða hernaðarlegum orsökum í tengslum við viðskipti við þriðju lönd Valfrjálst

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 840/96****frá 7. maí 1996****um tiltekin ákvæði til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95  
að því er varðar hagskýrslur um utanríkisverslun(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 frá 22. maí 1995 um hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins <sup>(1)</sup>, einkum 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í því skyni að safna hagskýrslum um utanríkisverslun er nauðsynlegt að skilgreina reglur um framkvæmd við söfnun gagna og við vinnslu, sendingu og dreifingu niðurstaðnanna í því skyni að stuðla að samræmi í hagskýrslum.

Mikilvægt er að skýra út efni hagskýrslna um utanríkisverslun, einkum í því skyni að forðast tvöfalda skráningu eða útiloka tiltekin viðskipti, og ákveða hversu oft þær skuli unnar.

Skilgreiningin á þeim gögnum, sem leggja á fram, skal fylgja ásamt reglum um það hvernig vísað er til þeirra í hagskýrslumíðlinum.

Mikilvægt er að skilgreina þær sérstöku vöruhreyfingar sem nauðsynlegt er að sérákvæði gildi um. Nauðsynlegt er að bandalagið samþykki ráðstafanir til samræmingar.

Nauðsynlegt er að ákveða frest til að skila framkvæmdastjórninni niðurstöðum og með hvaða hætti skuli gera leiðréttingar til að tryggja reglulega og samræmda dreifingu niðurstaðna.

Í ljósi þeirra tengsla, sem eru milli hagskýrslna um utanríkisverslun og tollafyrirkomulag, er nauðsynlegt að hafa í huga ákvæðin í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna bandalagsins <sup>(2)</sup>, eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um setningu ákvæða til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna bandalagsins <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 482/96 <sup>(4)</sup>.

Setja ætti nýjar reglur á þessu sviði í stað þeirra sem fyrir eru til að gera þær gagnsærri. Því ætti að fella úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 546/77 <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3678/87 <sup>(6)</sup>, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 518/79 <sup>(7)</sup>, eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 3521/87 <sup>(8)</sup>, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3345/80 <sup>(9)</sup>, reglugerð (EBE) nr. 3678/87 og reglugerð (EBE) nr. 455/88 <sup>(10)</sup>.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrslunefndar um utanríkisverslun.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

## 1. KAFLI

**ALMENN ÁKVÆÐI****1. gr.**

Í þessari reglugerð merkir „innflutningur“ hreyfingar á þeim vörum sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/95, hér á eftir nefnd „grunnreglugerðin“ og „útflutningur“ merkir hreyfingar á þeim vörum sem um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr. grunnreglugerðarinnar.

## 2. KAFLI

**MARKMIÐ OG VIÐMIÐUNARTÍMABIL****2. gr.**

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. grunnreglugerðarinnar skulu hagskýrslur um utanríkisverslun ekki taka til vara:

- sem settar eru í frjálsa dreifingu eftir að hafa undirgengist virka vinnslu eða vinnslu undir tolleftirliti,
- sem er að finna í skránni yfir undanþágur í I. viðauka.
- sem undanþágurnar samkvæmt 23. og 25. gr. gilda um.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 114, 8. 5. 1996, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 118, 25. 5. 1995, bls. 10.

(2) Stjttíð. EB nr. L 302, 19. 10. 1992, bls. 1.

(3) Stjttíð. EB nr. L 253, 11. 10. 1993, bls. 1.

(4) Stjttíð. EB nr. L 70, 20. 3. 1996, bls. 4.

(5) Stjttíð. EB nr. L 70, 17. 3. 1977, bls. 13.

(6) Stjttíð. EB nr. L 346, 10. 12. 1987, bls. 12.

(7) Stjttíð. EB nr. L 69, 20. 3. 1979, bls. 10.

(8) Stjttíð. EB nr. L 335, 25. 11. 1987, bls. 8.

(9) Stjttíð. EB nr. L 351, 24. 12. 1980, bls. 12.

(10) Stjttíð. EB nr. L 46, 19. 2. 1988, bls. 19.

**3. gr.**

1. Viðmiðunarmörkin, sem um getur í 12. gr. grunnreglugerðarinnar, skulu ákveðin fyrir hverja vörutegund þannig að innflutningur eða útflutningur, sem nemur hærri fjárhæð en 800 ekum eða er yfir 1 000 kg að nettómassa, skal færður í hagskýrslur um utanríkisverslun.

2. Hvert aðildarríki um sig skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þau viðmiðunarmörk sem það hefur ákveðið í gjaldmiðli sínum.

**4. gr.**

1. Viðmiðunartímabilið skal ná yfir almanaksmánuðinn þegar vörurnar eru fluttar inn eða út.

2. Þegar samræmda tollskjalið er gagnamiðillinn fyrir hagskýrslur ræður viðtökudagur tollyfirvalda á skjalinu almanaksmánuðinum sem gögnin miðast við.

**3. KAFLI****SKILGREININGAR GAGNA****5. gr.**

Skilgreiningar á gögnunum, sem um getur í 1., 2. og fyrsta undirlið 3. mgr. 10. gr. grunnreglugerðarinnar, og málsmeðferðin sem nota skal við að tilgreina þau í gagnamiðlinum er að finna í 6. til 14. gr.

**6. gr.**

1. „Tollákvörðun“ ræðst af málsmeðferðinni sem kóðarnir, sem segja skal til um, eru gefnir upp fyrir í 38. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2454/93.

2. Með fyrirvara um ákvæðin um samræmda tollskjalið skal hagskýrslumálsmeðferð tilgreind í gagnamiðlinum ef aðildarríkin krefjast ekki tollyfirlýsingar.

3. Hvert aðildarríki um sig, sem notfærir sér valkostinn sem kveðið er á um í 2. mgr., skal láta gera skrá yfir hagskýrslumálsmeðferðir sem tilgreina á í gagnamiðlinum þannig að hægt sé að útvega framkvæmdastjórninni hagskýrslurnar í samræmi við kóðana sem koma fram í 4. mgr.

4. Kóða ber aðferðir við gerð hagskýrslna sem hér segir:

a) innflutningur:

- 1 - venjubundinn,
- 2 - eftir óvirka vinnslu,
- 5 - fyrir virka vinnslu, niðurfellingarkerfi,
- 6 - fyrir virka vinnslu, endurgreiðslukerfi,
- 7 - eftir hagkvæma óvirka vinnslu fyrir textílvörur;

b) útflutningur:

- 1 - venjubundinn,
- 2 - fyrir óvirka vinnslu,
- 5 - eftir virka vinnslu, niðurfellingarkerfi,
- 6 - eftir virka vinnslu, endurgreiðslukerfi,
- 7 - fyrir hagkvæma óvirka vinnslu fyrir textílvörur.

**7. gr.**

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „upprunaland“: landið þar sem vörurnar eru upprunnar í samræmi við 1. þátt 2. kafla II. bóls reglugerðar (EBE) nr. 2913/92;
- b) „sendingarland“: landið þaðan sem vörurnar voru upphaflega sendar til innflutningsaðildarríkisins án þess að komið hafi til tafa eða lögaðgerða í millilandi ótengdum flutningi þeirra; hafi komið til slíkra tafa eða lögaðgerða telst lokamilliland vera sendingarland;
- c) „ákvörðunarland“: síðasta aðildarríkið sem vitað er, á þeim tíma sem innflutningur á sér stað, að afhenda eigi vöruna í;
- d) „útflutnings- eða innflutningsaðildarríki“: aðildarríkið þar sem formsatriði um innflutning eða útflutning eru uppfyllt;
- e) „ákvörðunaraðildarríki“: aðildarríkið sem vitað er, á þeim tíma sem innflutningur á sér stað, að afhenda eigi vöruna í að lokum;
- f) „eiginlegt útflutningsaðildarríki“: aðildarríki, annað en útflutningsaðildarríki, þaðan sem varan var upphaflega send til útflutnings hafi útflytjandi ekki staðfestu í útflutningsaðildarríki.

Hafi vörurnar ekki upphaflega verið sendar frá öðru aðildarríki í þeim tilgangi að flytja þær út eða hafi útflytjandi staðfestu í aðildarríkinu skal útflutningsaðildarríki vera hið sama og eiginlega útflutningsaðildarríkið.

2. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 10. gr. grunnreglugerðarinnar skal gefa upp upprunaland í hagskýrslugagnamiðlinum.

Sendingarland skal engu að síður tilgreint í eftirtöldum tilvikum:

- a) ef um er að ræða vörur af óþekktum uppruna;
- b) ef um er að ræða eftirtaldar vörur, jafnvel þótt uppruni sé þekktur:
  - vörur sem falla undir 97. kafla sameinuðu tollnafnaskrárinnar,
  - vörur fluttar inn eftir óvirka vinnslu,



- endursendar vörur og aðrar vörur upprunnar í bandalaginu.

Með fyrirvara um tollareglur skal ekki skylt að tilgreina upprunaland í þeim tilvikum sem kveðið er á um í a- og b-lið.

3. Að því er varðar sérstakar vöruhreyfingar, sem um getur í 4. kafla, skulu samstarfslöndin, sem um getur í þeim kafla, vera upprunaland eða ákvörðunarland.
4. Löndin, sem eru skilgreind í 1. mgr., skulu auðkennd og kóðuð í samræmi við 9. gr. grunnreglugerðarinnar.

### 8. gr.

Við útreikning á vörumagni, sem tilgreina á í gagnamiðlinum, gildir eftirfarandi:

- a) „nettómassi“: raunmassi vöru að frátöldum umbúðum; tilgreina skal nettómassa í kílógrömmum fyrir hvern undirlið í sameinuðu tollnafnaskránni, nema önnur ákvæði um hið gagnstæða verði samþykkt samkvæmt 4. mgr. 10. gr. grunnreglugerðarinnar;
- b) „viðbótareiningar“: mælieiningar fyrir magn, aðrar en þær sem notaðar eru fyrir massa tilgreindan í kílógrömmum; þær skulu færðar inn í samræmi við upplýsingarnar, sem gefnar eru upp í nógildandi útgáfu sameinuðu tollnafnaskrárinnar, hjá viðkomandi undirliðum, en skrá yfir viðbótareiningarnar er birt í I. hluta tollnafnaskrárinnar, „Inngangsákvæði“.

### 9. gr.

1. „Hagskýrsluvirði“:
  - er, í tengslum við útflutning, virði varanna á þeim stað og á þeim tíma sem þær fara út af hagskýrslusvæði útflutningsaðildarríkis,
  - er, í tengslum við innflutning, virði varanna á þeim stað og á þeim tíma sem þær fara inn á hagskýrslusvæði innflutningsaðildarríkis.
2. Virði varanna sem um getur í 1. mgr. skal reiknað út með þeim hætti sem hér segir:
  - á grundvelli reikningsfjárhæðar fyrir þessar vörur þegar um er að ræða sölu eða kaup,
  - í öðrum tilvikum, á grundvelli fjárhæðar, sem hefði verið lögð fram samkvæmt reikningi, þegar um sölu eða kaup er að ræða.

Ef tollvirði, skilgreint í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2913/92, er þekkt skal það notað til að reikna út virði varanna.

3. Hagskýrsluvirði skal eingöngu fela í sér aukakostnað, svo sem vegna flutnings og trygginga, sem tengist þeim hluta ferðarinnar sem:

- á sér stað innan hagskýrslusvæðis útflutningsaðildarríkis þegar um er að ræða útfluttar vörur,
- á sér stað utan hagskýrslusvæðis innflutningsaðildarríkis þegar um er að ræða innfluttar vörur.

Hagskýrsluvirði skal því ekki fela í sér gjöld á útflutning eða innflutning svo sem tollgjöld, virðisaukaskatt, vörugjald, álögur, endurgreiðslur vegna útflutnings eða önnur gjöld sem hafa svipuð áhrif.

4. Að því er varðar unna vöru skal reikna út hagskýrsluvirði hennar með sama hætti og ef varan hefði alfarið verið framleidd í vinnslulandinu.

5. Hagskýrsluvirðið, sem tilgreina á í gagnamiðlinum, skal gefið upp í innlendum gjaldmiðli. Aðildarríkin geta heimilað að virði sé gefið upp í öðrum gjaldmiðli.

Gengið, sem nota skal til að reikna út hagskýrsluvirði, skal annað hvort vera gengið sem notað er til að reikna út tollvirði eða opinbert gengi þegar útflutningur eða innflutningur fer fram.

Með fyrirvara um tollareglur, ef um er að ræða yfirlýsingu um tiltekinn frest, geta aðildarríkin ákveðið eitt gengi fyrir tímabilið til nota við umreikning í innlendan gjaldmiðil.

6. Að ósk framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin leggja fram upplýsingar sem krafist er til að endurmeta hagskýrsluvirði þannig að það samræmist virði varanna á þeim tíma sem þær fara yfir ytri landamæri bandalagsins.

### 10. gr.

1. Með „flutningsmáta við ytri landamæri“ er átt við flutningsmáta sem ákvarðast af því virka flutningatæki sem vörurnar

- teljast fluttar með af hagskýrslusvæði bandalagsins þegar um útflutning er að ræða,
- teljast hafa komið með inn á hagskýrslusvæði bandalagsins þegar um innflutning er að ræða.

2. Með „flutningsmáta innan bandalagsins“ er átt við flutningsmáta sem ákvarðast af því virka flutningatæki sem vörurnar,

- teljast hafa farið með frá brottfararstað þegar um útflutning er að ræða
- koma með til komustaðar þegar um innflutning er að ræða.

Upplýsinganna skal aðeins krafist ef kveðið er á um slíkt í tollalöggjöf.

3. Þeir flutningsmátar, sem um getur í 1. og 2. mgr., eru eftirtaldir:

A	B	Lýsing
1	10	Sjóflutningar
	12	Járnbrautarvagnar á hafskipi
	16	Aflknúíð ökutæki á hafskipi
	17	Eftirvagn eða festivagn á hafskipi
	18	Skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum
á		hafskipi
2	20	Járnbrautarflutningar
	23	Ökutæki á járnbrautarvagni
3	30	Flutningar á vegum
4	40	Flutningar í lofti
5	50	Póstsendingar
7	70	Föst flutningamannvirki
8	80	Flutningar á skipgengum vatnaleiðum
9	90	Fyrir eigin vélarafli

4. Flutningsmátinn skal tilgreindur í gagnamiðlinum samkvæmt kóðunum í dálki A í skránni sem fram kemur í 3. mgr.

Aðildarríkin geta krafist þess að flutningsmáti sé tilgreindur í gagnamiðlinum með kóðunum í dálki B í umræddri skrá.

5. Taka skal fram ef um er að ræða flutning í gámum í skilningi g-liðar 670. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2454/93, nema flutningsmáti sé tilgreindur með kóðunum 5 (50), 7 (70), 9 (90).

Í þessu skyni eiga eftirtaldir kóðar við:

0 - vörur sem ekki eru fluttar í gámum,

1 - vörur fluttar í gámum.

6. Við ytri landamæri skal einnig tilgreina skráningarland virka flutningatækisins, sem upplýsingar liggja fyrir um við innflutning eða útflutning, nema flutningsmátinn við ytri landamæri bandalagsins sé gefinn upp með kóðunum 2 (20 eða 23), 5 (50), 7 (70) og 9 (90).

Í þessu skyni ber að nota landskóðana sem eru skilgreindir samkvæmt 9. gr. grunnreglugerðarinnar.

7. Með „virku flutningatæki“ er átt við flutningatækið sem leggur til hreyfiaflið; ef um samþætta flutninga er að ræða eða ef mörg flutningatæki koma við sögu skal virka flutningatækið vera það sem leggur til hreyfiaflið fyrir hin.

Skráningarland flutningatækisins skal vera hið sama og vitað er um þegar formsatriðum er fullnægt.

#### 11. gr.

1. Með „forgangi“ er átt við tollakerfi með forgangstollum þar sem álagning tollsins er að hluta eða að fullu niðurfelld samkvæmt samningum, samkomulagi eða sérreglugerðum bandalagsins.

2. Tilgreina ber forgang með viðeigandi kóðum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2454/93.

#### 12. gr.

1. Með „reikningsfjárhæð“ er átt við fjárhæðina sem kemur fram á reikningnum eða öðrum skjölum í stað hans.

2. Með „gjaldmiðli“ er átt við þann gjaldmiðil sem reikningsfjárhæð er gefinn upp í.

#### 13. gr.

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „viðskipti“: starfsemi, hvort sem hún eru í verslunarskyni eða ekki, sem leiðir til vöruhreyfingar sem er færð í hagskýrslur um utanríkisverslun;

b) „eðli viðskipta“: öll sérkenni sem greina ein viðskipti frá öðrum.

2. Skráin yfir viðskiptin er birt í II. viðauka.

Þau skulu tilgreind í gagnamiðlinum með kóðunum í A-dálki eða með samsetningu kóðanna í A-dálki og undirflokkum þeirra í B-dálki eins og fram kemur í skránni sem um getur hér að framan.

#### 14. gr.

1. Með „afhendingarskilmálum“ er átt við ákvæði í sölusamningi þar sem mælt er fyrir um skyldur seljanda og kaupanda í samræmi við Incoterms-kóða Alþjóðaverslunarráðsins (ICC).

2. Tilgreina ber afhendingarskilmálana í gagnamiðlinum með kóðunum og, ef nauðsyn krefur, upplýsingarnar sem veita ber í samræmi við III. viðauka.

## 4. KAFLI

**SÉRSTAKAR VÖRUHREYFINGAR**

## 1. þáttur

**Almenn ákvæði****15. gr.**

1. Með „sérstökum vöruhreyfingum“ er átt við vöruhreyfingar með sérstök einkenni sem gegna mikilvægu hlutverki við túlkun upplýsinganna og eru til komnar, eftir því sem við á, vegna eðlis vöruhreyfingarinnar eða vörunnar, viðskiptanna sem af viðkomandi vöruhreyfingu leiðir eða vegna útflytjanda eða innflytjanda vörunnar.

2. Sérstakar vöruhreyfingar tengjast:

- a) viðgerðum á flutningatækjum;
- b) erlendum og innlendum heraflla;
- c) verksmiðjum;
- d) hlutasendingum á vörum;
- e) eldsneytisbirgðum;
- f) vistum fyrir skip;
- g) sameiginlegri framleiðslu;
- h) póstsendingum;
- i) skipum og loftförum, samkvæmt skilgreiningu í 3. þætti;
- j) úthafsveiðum;
- k) vélknúnum ökutækjum og varahlutum í loftför;
- l) mannvirkjum á hafi úti;
- m) hernaðarvörum;
- n) jarðolíuafurðum.

3. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð eða engin ákvæði sett í samræmi við 21. gr. grunnreglugerðarinnar skal tilgreina sérstakar vöruhreyfingar í samræmi við viðeigandi innlend ákvæði.

## 2. þáttur

**Verksmiðjur****16. gr.**

1. Með „heilli verksmiðju“ er átt við samsafn véla, tækja, áhalda, búnaðar, verkfæra og efna, hér á eftir nefnt „íhlutar“, sem falla undir hina ýmsu vöruliði samræmdu tollskrárinnar og hannaðir eru með það að markmiði að vinna saman sem ein heild til framleiðslu vara eða til að veita þjónustu.

2. Beita má einfaldaðri tilhögun vegna yfirlýsingar til að skrá útflytning heilla verksmiðja. Þeir sem bera ábyrgð á að veita hagskýrsluupplýsingarnar skulu hafa heimild, að eigin ósk, til að beita slíkri einfaldaðri tilhögun í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Allar aðrar vörur sem nota á til smíði heilla verksmiðja má líta á sem íhluta þeirra að því tilskildu að þær séu ekki undanþegnar hagskýrsluskráningu samkvæmt grunnreglugerðinni.

3. Aðeins má beita einfaldaðri tilhögun þegar um er að ræða útflytning heilla verksmiðja ef heildarhagskýrsluvirði hvernar þeirra fer yfir 1,2 milljónir eka, nema um sé að ræða heilar verksmiðjur til endurnotkunar; í því tilviki skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um þær forsendur sem liggja til grundvallar.

Hagskýrsluvirði verksmiðju er reiknað út með því að leggja saman hagskýrsluvirði íhluta þess og hagskýrsluvirði varanna sem um getur í öðrum undirlið 1. mgr.

**17. gr.**

1. Í þessum þætti gilda undirliðirnir sem kveðið er á um í 98. kafla sameinuðu tollnafnaskrárinnar að því er varðar íhlutana í heilar verksmiðjur sem falla undir 63., 68., 69., 70., 72., 73., 76., 82., 84., 85., 86., 87., 90. og 94. kafla með vísun til hvers þessara kafla og einstakra vöruliða sem þeir eru samsettir úr.

2. Að því er varðar þennan þátt eru íhlutar, sem falla undir tiltekinn kafla, flokkaðir í undirlið fyrir heilar verksmiðjur í 98. kafla sem svarar til viðeigandi kafla nema lögbær stofnun, sem tilgreind er í þeim kafla, ákveði að flokka vörurnar í 98. kafla undir viðeigandi undirliði fyrir heilar verksmiðjur í samræmdu tollskránni eða beita ákvæðum 3. mgr.

Einfaldaða tilhögunin skal þó ekki koma í veg fyrir að lögbæra stofnunin flokki tiltekna íhluta samkvæmt viðeigandi undirliðum sameinuðu tollnafnaskrárinnar í skilningi b-liðar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2658/87<sup>(1)</sup>.

3. Ef lögbæra stofnunin sem um getur í 2. mgr. telur virði hluta heilla verksmiðja vera of lágt til að réttlæta skráningu þeirra í undirliðina sem tengjast kaflanum sem þau falla undir skulu sérstakir undirliðir gilda svo sem kveðið er á um í sameinuðu tollnafnaskránni.

**18. gr.**

Samkvæmt sameinuðu tollnafnaskránni eru kóðanúmer fyrir undirliði fyrir heilar verksmiðjur sett saman á eftirfarandi hátt:

1. Kóðinn skal vera átta tölustafir.
2. Fyrstu tveir tölustafirnir skulu vera 9 og 8.
3. Þriðji tölustafurinn, sem á að tákna útflytning á heilum verksmiðjum, skal vera 8.
4. Fjórði tölustafurinn er breytilegur, frá 0 til 9, eftir því hvaða aðalatvinnustarfsemi á að fara fram í heilu verksmiðjunni sem flutt er út og í samræmi við eftirfarandi flokkun:

(1) Stjtið. EB nr. L 256, 7. 9. 1987, bls. 1.

Kóði	Atvinnugreinar	19. gr.
0	Orka (þar með talin framleiðsla og dreifing gufu og heits vatns),	1. Þeir sem bera ábyrgð á að veita upplýsingar til hagskýrslugerðar skulu ekki beita einfölduðu tilhöguninni sem skilgreind er í 3. mgr. 16. gr. án þess að fá heimild til þess áður í samræmi við reglur sem hvert aðildarríki um sig setur innan ramma þessa þáttar.
1	vinnsla orkusnauðra steinefna (þar með talin framleiðsla jarðefna sem hafa að geyma málma og efna sem unnin eru úr mó); vinnsla steinefna annarra en þeirra sem hafa að geyma málma (þar með talin gler- og glervöruframleiðsla),	2. Ef mörg aðildarríki flytja út íhluta í heila verksmiðju skal hvert aðildarríkjanna um sig veita heimild fyrir beitingu einfölduðu tilhögunarinnar að því er varðar þann útflutning. Þó má aðeins veita slíka heimild gegn framvísun skriflegs sönnunargagns þess efnis að heildarverðmæti útflutningsins nái því marki sem tilgreint er í 3. mgr. 16. gr. eða aðrar forsendur réttlæti notkun einfölduðu tilhögunarinnar.
2	járn- og stáliðnaður; framleiðsla málmhluta (að undanskilinni smíði véla og flutningatækja),	3. Ef stofnunin, sem um getur í 2. mgr. 17. gr., er ekki sú stofnun sem ber ábyrgð á gerð hagskýrslna um utanríkisverslun útflutningsaðildarríkis skal hún ekki veita heimild án samþykkis hins síðarnefnda.
3	smíði véla og flutningatækja; verkfærasmíði,	3. þáttur
4	efnaíðnaður (þar með talin framleiðsla gervipráða); gúmmí- og plastiðnaður,	<b>Inn- og útflutningur skipa og loftfara</b>
5	matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksiðnaður,	<b>20. gr.</b>
6	framleiðsla textílefna, leðurs, skófatnaðar og fatnaðar,	Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
7	trjávöru- og pappírsiðnaður (þar með talið prentverk og útgáfustarfsemi); iðnaðarframleiðsla sem ekki er flokkuð annars staðar,	a) „ <i>skip</i> “: skipin, sem notuð eru til sjóflutninga, sem um getur í viðbótarskýringum 1 og 2 við 89. kafla sameiginlegu tollnafnaskrárinnar, og herskip;
8	flutningastarfsemi (að undanskilinni þjónustu í tengslum við flutninga, þjónustu ferðaskrifstofa, flutningamiðlun og annarri þjónustu umboðsaðila farþega- eða vöru- flutningastarfsemi, starfsemi vörugeymsla) og samgöngur,	b) „ <i>loftför</i> “: flugvélar sem falla undir kóðann 8802 í sameiginlegu tollnafnaskránni til borgaralegra nota, að því tilskildu að þær séu notaðar af flugfélögum, eða í hernaðarlegum tilgangi;
9	öflun, hreinsun og dreifing vatns; þjónusta í tengslum við flutninga; atvinnustarfsemi sem er ekki flokkuð annars staðar.	c) „ <i>eignarréttur á skipi eða loftfari</i> “: að einstaklingur eða lögaðili er skráður sem eigandi skips eða loftfars;
5.	Fimmti og sjötti tölustafurinn skulu svara til númers kaflans í sameinuðu tollnafnaskránni sem undirliðurinn tengist. Við beitingu 3. mgr. 17. gr. skal fimmti og sjötti tölustafurinn þó vera 9.	d) „ <i>samstarfsland</i> “:
6.	Í undirliðum fyrir heilar verksmiðjur	- þegar um innflutning er að ræða, þriðja land sem er smíðaland ef skipið eða loftfarið er nýtt; í öðrum tilvikum merkir hugtakið þriðja landið þar sem einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem yfirfærir eignarréttinn á skipinu eða loftfarinu, hefur staðfestu,
-	sem svara til tiltekinna kafla sameinuðu tollnafnaskrárinnar, á sjöundi og áttundi tölustafurinn að vera 0,	- þegar um útflutning er að ræða, þriðja land þar sem einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem eignarréttur á skipi eða loftfari hefur verið yfirfærður til, hefur staðfestu.
-	sem svara til tiltekinna vöruliða samræmdu tollskrárinnar, skal sjöundi og áttundi tölustafurinn samsvara þriðja og fjórða tölustaf viðkomandi vöruliðar.	
7.	Lögbæra stofnunin, sem um getur í 2. mgr. 17. gr., skal mæla fyrir um auðkenni og kóðanúmerin sem nota skal í hagskýrslumiðlinum til að lýsa íhlutum heillar verksmiðju.	

**21. gr.**

1. Hagskýrslur um utanríkisverslun skulu taka til:

- a) yfirfærslu eignarréttar á skipi eða loftfari frá einstaklingi eða lögaðila með staðfestu í þriðja landi til einstaklings eða lögaðila með staðfestu í aðildarríki; slík viðskipti skulu meðhöndluð á sama hátt og innflutningur;
- b) yfirfærslu eignarréttar á skipi eða loftfari frá einstaklingi eða lögaðila með staðfestu í aðildarríki til einstaklings eða lögaðila með staðfestu í þriðja landi; slík viðskipti skulu meðhöndluð á sama hátt og útflutningur;
- c) þess þegar skip eða loftför falla undir tollafyrirkomulag um virka vinnslu og endurútflutning þeirra eftir virka vinnslu til ákvörðunarstaðar í þriðja landi;
- d) þess þegar skip eða loftför falla undir tollafyrirkomulag um óvirka vinnslu og endurinnflutning þeirra eftir óvirka vinnslu.

2. Viðskiptin, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., skulu gerð upp með því að nota eftirfarandi gögn:

- kóðann sem svarar til undirflokka sameiginlegu tollnafnaskrárinnar,
- hagskýrslumálsmeðferðina,
- samstarfslandið,
- magnið, gefið upp í fjölda stykkja og í öðrum viðbótareiningum sem mælt er fyrir um í sameiginlegu tollnafnaskránni, fyrir skip og magn í nettómassa og í viðbótareiningum fyrir loftför,
- hagskýrsluvirðið.

**22. gr.**

Aðildarríkin skulu nota allar tiltækar upplýsingar til að fara að ákvæðum þessa þáttar.

**4. þáttur****Herafli****23. gr.**

Hagskýrslur um utanríkisverslun skulu ekki taka til:

- vara sem fluttar eru út til innanlandsherafla sem staðsettur er utan hagskýrslusvæðisins,
- vara sem fluttar eru inn á ný eftir að innlendir herafli hefur áður flutt þær út fyrir hagskýrslusvæðið,

- vara sem aflað er eða afhentar eru á hagskýrslusvæði aðildarríkis af erlendum herafila staðsettum þar.

**24. gr.**

1. Þegar vörur eru fluttar út til erlends herafila sem staðsettur er fyrir utan hagskýrslusvæði útflutningsaðildarríkisins telst ákvörðunarlandið vera landið þar sem þær eru staðsettar.
2. Þegar vörur eru fluttar inn til erlends herafila sem staðsettur er fyrir utan hagskýrslusvæði innflutningsaðildarríkisins telst upprunalandið vera landið þar sem hann er staðsettur.

**5. þáttur****Viðgerðir á flutningatækjum****25. gr.**

Hagskýrslur um utanríkisverslun skulu ekki taka til:

- vara sem fluttar eru inn til viðgerðar á erlendum flutningatækjum, gámum og tengdum flutningabúnaði sem er staðsettur tímabundið á hagskýrslusvæði innflutningsaðildarríkis en falla ekki undir ákvæði tollefirlits um virka vinnslu,
- vara til viðgerða á flutningatækjum útflutningsaðildarríkis, gámum og tengdum flutningabúnaði sem er staðsettur tímabundið fyrir utan hagskýrslusvæði þess aðildarríkis en falla ekki undir ákvæði tollefirlits um óvirka vinnslu,
- varahluta sem skipt er um meðan á viðgerðunum, sem um getur í fyrsta og öðrum undirlíð, stendur og fara ekki út fyrir hagskýrslusvæðið þar sem viðgerðirnar fara fram.

**5. KAFLI****SAMANTEKT OG SENDING NIÐURSTAÐNA****26. gr.**

Samkvæmt 13. gr. grunnreglugerðarinnar skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni mánaðarlegar niðurstöður utanríkisviðskipta sinna án tafar og ekki síðar en sex vikum eftir að viðmiðunartímabilinu lýkur.

**27. gr.**

1. Ef nauðsynlegt er að leiðrétta gögnin sem er að finna í hagskýrslugagnamiðlinum skulu leiðréttingarnar gerðar á tölum frá viðmiðunartímabilinu.
2. Aðildarríkin skulu senda leiðrétt mánaðarleg gögn að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti ásamt skrá þar sem ársögnum hefur verið safnað saman og þau leiðrétt.

**28. gr.**

Aðildarríkin skulu varðveita hagskýrslugagnamiðlana, sem um getur í 7. og 23. gr. grunnreglugerðarinnar, eða að minnsta kosti upplýsingarnar, sem þar er að finna, í að minnsta kosti tvö ár eftir lok þess árs sem vísað er til í miðlunum.

**6. KAFLI****LOKAÁKVÆÐI****29. gr.**

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni innlendar leiðbeiningar sínar og allar síðari breytingar.

**30. gr.**

Reglugerðir (EBE) nr. 546/77, (EBE) nr. 518/79, (EBE) nr. 3345/80, (EBE) nr. 3678/87 og (EBE) nr. 455/88 falli úr gildi.

Tilvísanir í reglugerðirnar, sem hafa verið felldar úr gildi, teljast tilvísanir í þessa reglugerð.

**31. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Yves-Thibault DE SILGUY***

framkvæmdastjóri.

## I. VIÐAUKI

### Skrá yfir undantekningarnar sem um getur í 2. gr.

Ekki er þörf á upplýsingum um eftirtaldar vörur:

- a) löglega greiðslumiðla og verðbréf;
- b) gulleign seðlabanka;
- c) vörur til hjálpar á svæðum þar sem neyðarástand ríkir;
- d) vörur til diplómátískra eða ámóta nota:
  1. vörur sem njóta tollfrelsis diplómata og ræðismanna eða tilsvareandi tollfrelsis;
  2. gjafir til þjóðhöfðingja, ráðherra eða þingmanna;
  3. hluti sem dreift er í stjórnsýslu- og réttaraðstoð milli ríkja;
- e) eftirtaldar vörur, svo fremi að þær séu ekki verslunarvörur:
  1. orður, heiðursmerki, heiðursverðlaun, minningarmerki og minnispeningar;
  2. ferðabúnað, vistir og aðrar ferðavörur, þar með taldar íþróttavörur ætlaðar til einkanota eða neyslu, sem fylgja, sendar eru á undan eða eftir ferðalangnum;
  3. brúðkaupsbúnað, hluti í búferlaflutningum og erfðagóss;
  4. líkkistur og duftker, útfararskreytingar, hluti til að viðhalda leiðum og legsteinum;
  5. prentað auglýsingaefni, notkunarleiðbeiningar, verðlista og aðra hluti með auglýsingum;
  6. vörur sem orðið hafa ónothæfar eða er ekki hægt að nýta til iðnaðar;
  7. kjölfestu;
  8. ljósmyndir, áteknar og framkallaðar filmur, skissur, teikningar, ljósrit, handrit, skrár og skýrslur, opinbert prentað mál og prófarkir auk allra gagnamiðla sem notaðir eru til upplýsingaskipta á alþjóðavettvangi;
  9. frímerki;
  10. lyfjavörur til nota á alþjóðlegum íþróttamótum;
- f) vörur sem notaðar eru samkvæmt samkomulagi til almennra ráðstafana til verndar mönnum eða umhverfi;
- g) vörur sem falla undir vöruskipti, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, milli manna búsettra á landamærasvæðum skilgreindum af aðildarríkjunum (landamæraumferð); vörur sem framleiðendur landbúnaðarvara afla á landareignum sem eru utan hagskýrslusvæðisins þar sem meginumsvif þeirra eru, en í næsta nágrenni þess.

## II. VIÐAUKI

## Skrá yfir viðskiptin sem um getur í 2. mgr. 13. gr.

A-dálkur	B-dálkur
1. Viðskipti sem fela í sér eiginlega eða fyrirhugaða <i>tilfærslu á eignarrétti gegn greiðslu eða endurgjaldi</i> (fjárhagslegu eða með öðrum hætti) (önnur en viðskiptin sem skráð eru í 2., 7. og 8. lið) <sup>(a)</sup> <sup>(b)</sup> <sup>(c)</sup>	1. Endanleg kaup/-sala <sup>(b)</sup> 2. Vörur sem sendar eru til skoðunar, prufusýni, vörur með skila- rétti og viðskipti sem fela í sér umboðslaun 3. Viðskipti sem fela í sér greiðslu í fríðu 4. Sala til erlendra ferðamanna til einkanota þeirra 5. Fjármögnunarleiga <sup>(c)</sup>
2. Endursending vara þegar skráðra undir kóða 1 <sup>(d)</sup> ; ókeypiskipti á vörum <sup>(b)</sup>	1. Endursendar vörur 2. Skipti á endursendum vörum 3. Skipti (t.d. samkvæmt ábyrgðarskilmálum) á vörum sem ekki eru endursendar
3. Viðskipti (ótímabundin) sem fela í sér <i>yfirfærslu eignarréttar</i> en án endurgjalds (fjárhagslegs eðlis eða með öðrum hætti)	1. Afhending vara sem er liður í áætlunum fjármögnuðum að öllu leyti eða að hluta til af Evrópubandalaginu 2. Önnur opinber aðstoð 3. Önnur aðstoð (einstaklingar, frjáls félagasambönd) 4. Önnur viðskipti
4. Viðskipti þar sem <i>vinnsla fer fram samkvæmt verktakasamningi</i> <sup>(e)</sup> eða viðgerðir <sup>(f)</sup> (annað en viðskiptin sem skráð eru undir kóða 7)	1. Vinnsla 2. Viðgerðir og viðhald gegn greiðslu 3. Ókeypiskipti viðgerðir og viðhald
5. Viðskipti <i>eftir vinnslu samkvæmt verktakasamningi</i> <sup>(e)</sup> eða viðgerðir <sup>(f)</sup> (annað en viðskiptin sem skráð eru undir kóða 7)	1. Vinnsla 2. Viðgerðir og viðhald gegn greiðslu 3. Ókeypiskipti viðgerðir og viðhald
6. Viðskipti sem fela ekki í sér <i>yfirfærslu eignarréttar</i> , t.d. leiga, lán, rekstrarleiga <sup>(g)</sup> og önnur tímabundin not <sup>(h)</sup> , nema vinnsla samkvæmt verktakasamningi og viðgerðir (afhending og skil)	1. Leiga, lán, rekstrarleiga 2. Önnur tímabundin notkun
7. Viðskipti í tengslum við <i>sameiginlegar varnaráætlanir</i> eða aðrar milliríkjaframleiðsluáætlanir (t.d. Airbus)	
8. Afhending <i>byggingarefnis og búnaðar</i> í tengslum við byggingar og mannvirkjagerð sem er liður í almennum samningi <sup>(i)</sup>	
9. Önnur viðskipti	

<sup>(a)</sup> Þessi liður tekur til flests útflutnings og innflutnings, þ.e. viðskipta þar sem:

- eignarréttur er yfirfærður frá innlendu til erlends fyrirtækis eða öfugt,
- greiðsla eða önnur uppbót (greiðsla í fríðu) liggur fyrir eða er væntanleg.

Taka skal fram að þetta gildir einnig um vörur sendar á milli aðila í sama fyrirtæki eða sömu fyrirtækjahópa og um vörur sendar frá/til dreifingarmiðstöðva, nema engin greiðsla eða önnur uppbót liggir fyrir vegna þessara viðskipta (í því tilviki skal skrá slík viðskipti undir kóða 3).

<sup>(b)</sup> Varahlutir og aðrar skiptisendingar gegn greiðslu meðtaldar.

<sup>(c)</sup> Fjármögnunarleiga: leigan er reiknuð þannig að hún taki til alls eða nær alls virðis varanna. Ávinningur og áhætta, sem fylgir eignarrétti, færast yfir til leigutaka. Að samningstíma liðnum verður leigutaki löglegur eigandi.

<sup>(d)</sup> Skrá ætti skil og skipti á vörum sem voru í fyrstu skráð undir kóða 3 til 9 A-dálki undir samsvarandi lið.

<sup>(e)</sup> Vinnsla (hvort sem hún er undir tolfertíli eða ekki) skal skráð undir kóðum 4 og 5 í A-dálki. Vinnsla fyrir eigin reikning tilheyrir ekki þessum liðum og skal skráð undir kóða 1 í A-dálki.

<sup>(f)</sup> Viðgerðir á vörum fela í sér að þeim sé komið aftur í upprunalegt ástand; um getur verið að ræða minniháttar breytingar eða umbætur.

<sup>(g)</sup> Rekstrarleiga: allir leigusamningar aðrir en fjármögnunarleiga (sjá neðanmálgrein <sup>(c)</sup>).

<sup>(h)</sup> Þessi liður tekur til vara sem fluttar eru út/inn í þeim tilgangi að flytja þær síðar aftur út/inn án þess að til eigendaskipta komi.

<sup>(i)</sup> Að því er varðar viðskiptin sem skráð eru undir kóða 8 í A-dálki er ekki lagður sérstaklega fram reikningur fyrir vörunum heldur er lagður fram einn vörureikningur fyrir samanlagt virði varanna. Ef svo er ekki skal skrá viðskiptin undir kóða 1.



## III. VIÐAUKI

## Skrá yfir afhendingarskilmálana sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

Fyrsti undirreitir	Merking	Annar undirreitir
Incoterm-kóði	Incoterm ICC/ECE Genf	Annar undirreitir Uppgefinn staður
EXW	ex-works	staðsetning verksmiðju
FCA	franco carrier	...samþykktur staður
FAS	free alongside ship	samþykkt útskipunarhöfn
FOB	free on board	samþykkt uppskipunarhöfn
CFR	cost and freight (C & F)	samþykkt ákvörðunarhöfn
CIF	cost, insurance, freight	samþykkt ákvörðunarhöfn
CPT	carriage paid to	samþykktur ákvörðunarstaður
CIP	carriage and insurance paid to	samþykktur ákvörðunarstaður
DAF	delivered at frontier	samþykktur afhendingarstaður við landamæri
DES	delivered ex-ship	samþykkt ákvörðunarhöfn
DEQ	delivered ex-quay	samþykkt höfn eftir tollafgreiðslu
DDU	delivered duty unpaid	samþykktur ákvörðunarstaður í innflutningslandi
DDP	delivered duty paid	samþykktur afhendingarstaður í innflutningslandi
XXX	afhendingarskilmálar aðrir en framangreindir	nákvæm útlistun á skilmálum í samningi

*Þriðji undirreitir*

- 1: staður á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkisins;
- 2: staður í öðru aðildarríki;
- 3: aðrir staðir (utan bandalagsins).

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2744/95****frá 27. nóvember 1995****um hagskýrslur um launakerfi og dreifingu tekna(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 213. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í því skyni að framkvæma þau verkefni sem framkvæmdastjórninni er falið, er nauðsynlegt að henni sé greint frá stöðu og þróun launa í aðildarríkjum bandalagsins annars vegar með hliðsjón af sveiflum sem verða vegna samsetningar vinnuafls og hins vegar vegna dreifingar starfsmanna með tilliti til launastigs.

Þróun bandalagsins og starfsemi innri markaðarins auka þörf fyrir samanburðarhæf gögn um launakerfi, einkum í því skyni að greina hvaða árangur hefur orðið á sviði efnahagslegrar og félagslegrar samheldni og til að fá áreiðanlegan samanburð milli aðildarríkjanna og svæða bandalagsins.

Heppilegasta aðferðin til að meta ástandið, að því er varðar launakerfi og dreifingu tekna, er að gera hagskýrslur um launakerfi með því að beita samræmdum aðferðum og skilgreiningum eins og gert var árin 1966, 1972, 1974 og 1978 samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 188/64 <sup>(1)</sup>, (EBE) nr. 2395/71 <sup>(2)</sup>, (EBE) nr. 178/74 <sup>(3)</sup> og (EBE) nr. 495/78 <sup>(4)</sup>.

Vegna breytinga sem verða á uppbyggingu vinnuafls og dreifingu tekna, einkum að því er varðar atvinnustarfsemi, eru niðurstöður fyrri kannana orðnar úreltar og taka ekki til allra aðildarríkjanna.

Upplýsingarnar, sem aðildarríkin hafa nú til umráða, byggjast í heild sinni aðeins á meðaltalstölum og því er ekki að vænta að þær gefi neinar vísbendingar um tengslin milli launa og einstaka sérkenna launþega (einkum aldurs, kyns, stöðu, starfsaldurs) eða um launadreifingu.

Hagskýrsluupplýsingar á þessu sviði eru til reiðu í tilteknum aðildarríkjum eingöngu og þar af leiðandi er ekki unnt að gera marktækan samanburð í þessum efnum. Gerð hagskýrslna um launakerfi verða því að fara fram á grundvelli sameiginlegra skilgreininga og samræmdra aðferða.

Í samræmi við dreifræðisregluna er einungis á vettvangi bandalagsins unnt að setja sameiginlega hagskýrslustaðla sem henta til vinnslu samræmdra upplýsinga. Þessir staðlar verða eingöngu notaðir í hverju aðildarríki fyrir sig undir stjórn þeirra aðila og stofnana sem hafa með höndum samantekt opinberra hagskýrslna.

Samkvæmt ákvörðun 93/464/EBE <sup>(5)</sup> er gerð hagskýrslna bandalagsins um launakerfi eitt af forgangsverkefnum á sviði hagskýrslugerðar 1993 til 1997.

Það virðist við hæfi að setja unndanþáguákvæði fyrir tiltekin aðildarríki og taka til greina vissa tækniörðugleika sem þessi aðildarríki eiga við að etja við söfnun upplýsinga af vissum toga, að því tilskildu að það komi ekki niður á gæðum hagskýrsluupplýsinganna.

Hagskýrsluáætlunarnefndin, sem var komið á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE <sup>(6)</sup>, hefur komist að jákvæðri niðurstöðu að því er varðar tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

**HEFUR SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.****Almenn ákvæði**

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af valdsviði þessara aðila, skulu láta vinna hagskýrslur bandalagsins um launakerfi og dreifingu tekna allra starfsmanna í þeim atvinnugreinum sem skilgreindar eru í 3. gr.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 287, 30. 11. 1995, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins. Stjttíð. EB nr. 214, 24. 12. 1964, bls. 3634/64.

(1) Stjttíð. EB nr. L 249, 10. 11. 1971, bls. 52.

(2) Stjttíð. EB nr. L 21, 25. 1. 1974, bls. 2.

(3) Stjttíð. EB nr. L 68, 10. 3. 1978, bls. 3.

(4) Stjttíð. EB nr. L 219, 28. 8. 1993, bls. 1.

(5) Stjttíð. EB nr. L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

(6) Stjttíð. EB nr. L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

**2. gr.****Viðmiðunartímabil**

Hagskýrslurnar skulu unnar á grundvelli hagskýrsluupplýsinga fyrir fjárhagsárið 1995 og fyrir einn samsvarandi dæmigerðan mánuð, að teknu tilliti til sérákvæða sem um getur í viðaukanum.

**3. gr.****Gildissvið**

Hagskýrslurnar skulu taka til allrar þeirrar starfsemi sem er skilgreind í C-, D-, E-, F-, G-, H-, I-, J- og K-þætti í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, sem nefnist hér á eftir „NACE, 1. endursk.“ og stofnað var til með reglugerð (EBE) nr. 3037/90 <sup>(1)</sup>, sem lýtur sérstökum ákvæðum sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð.

**4. gr.****Hagskýrslueiningar**

Söfnun gagna og gerð hagskýrslna um launakerfi og dreifingu tekna skal byggð á einhverjum hagskýrslueininganna sem skilgreindar eru í reglugerð (EBE) nr. 696/93 <sup>(2)</sup> og skal afla upplýsinga fyrir starfsmenn í staðbundnum einingum þar sem starfa minnst 10 manns og flokkast eftir stærð og meginumsvifum.

**5. gr.****Eðli upplýsinganna sem krafist er**

Safna skal eftirfarandi gögnum:

1. Hvað varðar staðbundnu eininguna sem starfsmennirnir í úrtakinu tilheyra skal eftirfarandi koma fram:

svæðið þar sem vinnustaðurinn er, stærð einingarinnar og hvernig starfsemin er flokkuð samkvæmt NACE, 1. endursk., fyrirkomulag fjármála- og efnahagsstjórnunar í skilningi tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE frá 25. júní 1980 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja <sup>(3)</sup> og tegund launasamnings sem er í gildi.

2. Hvað varðar hvern og einn starfsmann í úrtakinu skal eftirfarandi koma fram:

a) vergar launatekjur fyrir heilt launatímabil fyrir dæmigerðan mánuð, þar með taldir hinir ýmsu kaupaukar sem eru greiddir reglulega, viðbótargreiðslur fyrir yfirvinnu, vaktavinnu, næturvinnu, helgarvinnu og umboðslaun; einnig er innifalið þóknun fyrir fjarvistartíma (leyfi eða

veikindi) greitt að fullu af vinnuveitanda auk fjölskyldugreiðslna og annarra bóta sem mælt er fyrir um samkvæmt sameiginlegum samningum eða með frjálsum hætti innan staðbundnu einingarinnar; heildarlaunatekjur, sem tengjast yfirvinnu og sérgreiðslum fyrir næturvinnu eða helgarvinnu, skulu tilgreindar sérstaklega;

- b) árlegar vergar launatekjur á viðkomandi fjárhagsári, þ.e. vergar launatekjur samkvæmt skilgreiningu í a-lið miðað við ársgrundvöll, ásamt kaupauka sem er greiddur endrum og eins (svo sem orlofslaun, greiðslur fyrir 13. mánuð og hagnaðarhlutdeild); fjárhæð kaupauka, sem er greiddur endrum og eins, skal tilgreind sérstaklega;
- c) fjöldi greiddra klukkustunda eða fjöldi klukkustunda í staðlaðri vinnuviku eða -mánuði sem greitt er fyrir, fjöldi greiddra yfirvinnustunda á greiðslutímabili og fjöldi frídaga að undanskildum árlegum opinberum frídögum;
- d) kyn, aldur og starf flokkað samkvæmt alþjóðlegu starfsgreinaflokkuninni, menntunar- og starfsþjálfunarstig, starfsaldur í fyrirtækinu, vinnufyrirkomulag, þ.e. fullt starf eða hlutastarf og tegund ráðningarsamnings.

**6. gr.****Gagnasöfnun**

1. Gera skal könnun á vegum viðeigandi hagstofa aðildarríkjanna sem ákveða heppilegar aðferðir til að safna upplýsingunum.
2. Að því er varðar tiltekin atriði, svo sem menntun og starfsþjálfunarstig sem og tegund ráðningarsamnings, er aðildarríkjunum heimilt að gera framhaldskannanir á undirúrtaki starfsmanna sem fengið er úr meginkönnuninni.
3. Einstaklingar sem eiga að leggja til upplýsingar, skulu svara spurningunum sannleikanum samkvæmt, ítarlega og innan þeirra tímamarka sem sett eru. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ekki sé staðið við þá skuldbindingu að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 5. gr.
4. Óþarfi er að gera könnunina ef aðildarríkin hafa yfir að ráða upplýsingum frá öðrum viðeigandi heimildum sem eru að minnsta kosti jafngildar að því er varðar nákvæmni, gæði, gildi og aðgang.
5. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) skulu aðildarríkin senda henni allar upplýsingar, einkum um nauðsynlegar aðferðir sem gera kleift að beita ákvæðum þessarar reglugerðar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 293, 24. 10. 1990, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 761/93 (Stjtið. EB nr. L 83, 3. 4. 1993, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 76, 30. 3. 1993, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 195, 29. 7. 1980, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/84/EBE (Stjtið. EB nr. L 254, 12. 10. 1993, bls. 16).

**7. gr.****Skilvirkni**

Í því skyni að tryggja að hagskýrslurnar séu áreiðanlegar og samanburðarhæfar skal úrtakið vera nógu stórt til að hlutfallsleg staðalskekkja sé ekki yfir 3% fyrir breytilegt meðalbrúttótímakaup, miðað við flokka eða undirflokkka ef svo ber undir, að því er varðar 1. endurskoðun í 1. hagskýrslusvæðaflokkun NACE.

**8. gr.****Úrvinnsla niðurstaðna**

Hagstofur aðildarríkjanna skulu vinna úr svörum við spurningunum, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., eða upplýsingum úr öðrum heimildum, sem um getur í 4. mgr. 6. gr., þannig að samanburðarhæfar niðurstöður fáiast.

**9. gr.****Sending niðurstaðna**

Senda ber niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins, þar með talin gögn sem aðildarríkin hafa ákveðið að séu háð trúnaðarkvöðum samkvæmt innlendra löggjöf eða venju að því er varðar trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins [sic] <sup>(1)</sup>.

**10. gr.****Fyrirkomulag framkvæmdar**

Mæla skal fyrir um fyrirkomulag framkvæmdar þessarar reglugerðar, einkum:

- skilgreiningar sem nota skal,

- reglur um nákvæmni og gæði,
- sundurliðun á breytunum,
- viðeigandi form á sendum breytum, og
- skrá yfir töflur sem á að dreifa,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 11. gr.

**11. gr.****Málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndar, sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun 89/382/EBE, KBE, hér eftir kölluð „nefndin“.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögnum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmála EB þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veга eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu þessar ráðstafanir hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin greina ráðinu tafarlaust frá þeim. Ef svo ber undir skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna, sem hún hefur ákveðið að gera, um þrjá mánuði frá dagsetningu orðsendingarinnar.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirgreininni hér að framan.

**12. gr.****Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. nóvember 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

**P. SOLBES MIRA**

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.

**VIÐAUKI****SÉRÁKVÆÐI****I. Undanþágur frá viðmiðunartímabilinu (2. gr.)**

1. Fyrir Frakkland: fjárhagsárið 1994 og samsvarandi dæmigerður mánuður
2. Fyrir Austurríki: fjárhagsárið 1996 og samsvarandi dæmigerður mánuður

**II. Undanþágur frá gildissviði könnunarinnar (3. gr.)**

1. Fyrir Þýskaland: H-þáttur, I-þáttur, 67. deild J-þáttar og K-þáttur
2. Fyrir Grikkland: F- og K-þáttur
3. Fyrir Írland: I-, J- og K-þáttur

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2494/95****frá 23. október 1995****um samræmdar vísitölur neysluverðs(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 213. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum Peningamálastofnunar Evrópu <sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 109. gr. j í sáttmálanum ber framkvæmdastjórninni og Peningamálastofnun Evrópu að gefa ráðinu skýrslu um hvernig aðildarríkjunum miðar við efndir skuldbindinga sinna um stofnun Efnahags- og myntbandalags að því er varðar verðstöðugleika.

Í 1. gr. bókunarinnar um samleitnisviðmiðanir, sem um getur í 109. gr. j í sáttmálanum, er mælt fyrir um að nauðsynlegt væri að meta sjálfbæra verðlagsþróun í aðildarríkjunum á grundvelli verðbólgu sem mælist með vísitölu neysluverðs á sambærilegum grunni að teknu tilliti til mismunandi skilgreininga í hverju landi. Gildandi vísitölur neysluverðs eru ekki unnar á sambærilegum grunni.

Nauðsynlegt er fyrir bandalagið og einkum yfirvöld skatta- og peningamála að hafa reglulegan og tímanlegan aðgang að vísitölum neysluverðs í því skyni að gera samanburð á verðbólgu í þjóðhagslegu og alþjóðlegu tilliti til samanburðar við aðrar vísitölur sem eru til innlendrar- og rekstrarhagfræðilegra nota.

Viðurkennt er að verðbólga er fyrirbæri sem kemur í ljós í tengslum við allar tegundir markaðsviðskipta, þar með talið í tengslum við kaup á fjárfestingarvörum, opinber innkaup, launagreiðslur og innkaup neytenda. Almennt er viðurkennt að til að skilja til hlítar verðbólguþróun innanlands og í hinum ýmsu aðildarríkjum sé nauðsynlegt að hafa aðgang að hagskýrslum af margvíslegum toga, þar sem vísitölur neysluverðs eru snar þáttur.

Hægt er að setja fram sambærilegar vísitölur neysluverðs í staðinn fyrir eða til viðbótar líkum vísitölum neysluverðs sem þegar hafa verið settar fram eða munu verða settar fram af hálfu aðildarríkjanna.

Framsetning vísitalna sem eru sambærilegar felur í sér kostnað sem skiptist á milli aðildarríkjanna.

Í samræmi dreifræðisregluna er eingöngu á færi bandalagsins sjálfs að setja sameiginlega hagskýrslustaðla fyrir vísitölur neysluverðs en gagnasöfnun og samantekt sambærilegra vísitalna neysluverðs mun fara fram í hverju aðildarríki undir forystu þeirra samtaka og stofnana sem bera ábyrgð á gerð opinberra hagskýrslna innanlands.

Með stofnun efnahags- og myntbandalags skapast þörf fyrir vísitölu neysluverðs fyrir bandalagið í heild.

Hagskýrsluáætlunarnefndin, sem var komið á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE <sup>(5)</sup>, hefur skilað jákvæðu álitum um drögin að reglugerðinni.

**HEFUR SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 257, 27. 10. 1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 84, 6. 4. 1995, bls. 7.

(2) Stjtið. EB nr. C 249, 25. 9. 1995.

(3) Álitum var skilað 31. mars 1995 (Stjtið. EB nr. C 236, 11. 9. 1995, bls. 11).

(4) Stjtið. EB nr. C 236, 11. 9. 1995, bls. 11.

(5) Stjtið. EB nr. L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

**1. gr.****Markmið**

Markmiðið með þessari reglugerð er að skapa nauðsynlegan hagskýrslugrunn til að unnt sé að reikna út sambærilegar vísitölur neysluverðs á vettvangi bandalagsins.

**2. gr.****Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „samræmd vísitala neysluverðs (HICP):“ sambærileg vísitala neysluverðs sem tekin er saman af hverju aðildarríki um sig;
- b) „evrópsk vísitala neysluverðs (EICP):“ vísitala neysluverðs sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) setur fram fyrir bandalagið, byggð á samræmdri vísitölu neysluverðs í aðildarríkjunum;
- c) „vísitala neysluverðs myntbandalagsins (MUICP):“ vísitala neysluverðs sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) setur fram í tengslum við Efnahags- og myntbandalagið, byggð á samræmdri vísitölu neysluverðs í þeim aðildarríkjum sem ekki njóta undanþágu samkvæmt 109. gr. k í sáttmálanum, svo fremi sem slíkar undanþágur eru fyrir hendi.

**3. gr.****Gildissvið**

Samræmd vísitala neysluverðs byggist á verði vöru og þjónustu, sem í boði eru á efnahagssvæði aðildarríkisins, í því skyni að uppfylla þarfir neytenda beint. Framkvæmdastjórnin skal skera úr um vafaatriði að því er varðar vægi samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 14. gr.

**4. gr.****Samanburðarhæfni**

Samræmdar vísitölur neysluverðs teljast sambærilegar ef þær endurspegla eingöngu mismun á verðbreytingum eða neyslumynstri milli landa.

Samræmdar vísitölur neysluverðs, sem eru breytilegar vegna mismunandi hugtaka, aðferða eða starfsvenja sem notaðar eru við skilgreiningar og vinnslu þeirra, skulu ekki teljast sambærilegar.

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) setur reglur sem hér fara á eftir til að tryggja samanburðarhæfni samræmdra vísitalna neysluverðs samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 14. gr.

**5. gr.****Tímaáætlun og undanþágur frá henni**

1. Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar til að mynda sambærilegar vísitölur neysluverðs, skulu gerðar í áföngum sem hér segir:

a) *I. áfangi:*

Eigi síðar en í mars 1996 skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna), í samstarfi við aðildarríkin vegna skýrslunnar, sem um getur í 109. gr. j í sáttmálanum („samleitnisviðmiðanir“), leggja fram bráðabirgðasamstæðu vísitalna neysluverðs fyrir hvert aðildarríki um sig. Þessar vísitölur skulu eingöngu byggjast á gögnum sem liggja að baki núgildandi vísitölum neysluverðs, einkum aðlagðar þannig:

- i) að ekki sé reiknað með húsnæði sem eigandi býr sjálfur í;
- ii) að ekki sé reiknað með heilbrigðis- og menntamálum;
- iii) að ekki sé reiknað með tilteknum öðrum þáttum sem mörg aðildarríki taka hvorki til viðmiðunar né meðhöndla með öðrum hætti.

b) *II. áfangi:*

Samræmd vísitala neysluverðs er í upphafi hin sama og vísitalan fyrir janúar 1997. Sameiginlegt viðmiðunartímabil fyrir vísitölu skal vera árið 1996. Áætlaðar verðbreytingar fyrir tólf mánaða tímabil fyrir janúar 1997 og mánuðina þar á eftir skulu metnar á grundvelli vísitalnanna fyrir 1996.

2. Ef nauðsyn krefur getur framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna), að beiðni aðildarríkis og að höfðu samráði við Peningamálastofnun Evrópu, heimilað undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. til eins árs hið mesta með þeim hætti að hlutaðeigandi aðildarríki verður að gera umtalsverðar breytingar á hagskýrslukerfi sínu í því skyni að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.

3. Framkvæmdarákvæði fyrir þessa reglugerð, sem eru nauðsynleg til að tryggja samanburðarhæfni vísitalna neysluverðs og viðhalda og auka áreiðanleika þeirra og mikilvægi, skulu samþykkt, að höfðu samráði við Peningamálastofnun Evrópu, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 14. gr.

**6. gr.****Grunnupplýsingar**

Grunnupplýsingarnar skulu vera verð og vægi vara og þjónustu sem nauðsynlegt er að hafa hliðsjón af í því skyni að tryggja samanburðarhæfni vísitalna samkvæmt 4. gr.

Þessara upplýsinga skal aflað úr hagskýrslueiningum samkvæmt skilgreiningu í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi bandalagsins <sup>(1)</sup> eða úr öðrum heimildum, að því tilskildu að kröfum um samanburðarhæfni vísitalnanna, sem um getur í 4. gr. þessarar reglugerðar, sé fullnægt.

**7. gr.****Heimildir**

Hagskýrslueiningunum, sem aðildarríkin kalla til samstarfs við söfnun eða afhendingu gagna um verð, er skylt að heimila að fylgst verði með raunverulegri verðálagningu og að veita réttar og fullnægjandi upplýsingar þegar þess er óskað.

**8. gr.****Tíðni**

1. Samræmd vísitala neysluverðs, evrópsk vísitala neysluverðs og vísitala neysluverðs myntbandalagsins skulu teknar saman mánaðarlega.

2. Gera skal verðkannanir mánaðarlega. Ef lengra líður milli verðkannana og það kemur ekki í veg fyrir samantekt samræmdrar vísitölu neysluverðs, sem uppfyllir kröfur um samanburðarhæfni samkvæmt 4. gr., getur framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) heimilað undantekningar frá mánaðarlegum verðkönnunum. Þessi málsgrein útilokar ekki tíðari verðkannanir.

3. Vægi samræmdrar vísitölu neysluverðs skal uppfært nægilega oft til að uppfylla kröfur um samanburðarhæfni sem mælt er fyrir um í 4. gr. Þessi málsgrein kallar ekki á að kannanir á tekjum og útgjöldum fjölskyldna fari oftast fram en á fimm ára fresti, nema í aðildarríkjum þar sem staðfest er, samkvæmt málsmeðferðinni í 14. gr., að breytingar á neyslumynstri leiði til þess að nauðsynlegt sé að gera oftast kannanir.

**9. gr.****Niðurstöður fengnar**

Aðildarríkin skulu meðhöndla gögn sem safnað er svo unnt sé að vinna samræmda vísitölu neysluverðs, vísitala með Laspeyres-

sniði sem nær til flokka alþjóðaflokkunarkerfisins COICOP (flokkun einstaklingsneyslu eftir tilgangi) <sup>(2)</sup>, sem skal aðlöguð samkvæmt málsmeðferðinni í 14. gr. Þannig að fram komi sambærilegar samræmdar vísitölur neysluverðs. Ákvarða ber aðferðir, málsmeðferð og forskriftir, sem eiga að tryggja að kröfum um samanburðarhæfni sé fullnægt, með því að beita sömu málsmeðferð.

**10. gr.****Miðlun niðurstaðna**

Aðildarríkin skulu miðla samræmdum vísitölum neysluverðs til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) innan frests sem skal ekki vera lengri en þrjátíu dagar frá lokum þess almanaksmánaðar sem vísitölurnar eiga við.

**11. gr.****Útgáfa**

Samræmd vísitala neysluverðs, evrópsk vísitala neysluverðs, vísitala neysluverðs myntbandalagsins og samsvarandi undirvísitölur fyrir flokkana sem um getur í 9. gr., valdar samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 14. gr., skal gefin út af framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) innan frests sem skal ekki vera lengri en fimm virkir dagar frá lokum frestsins sem um getur í 10. gr.

**12. gr.****Samanburðarhæfni gagna**

Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna), að beiðni hennar, nægilega nákvæmar upplýsingar, meðal annars þær sem safnað er samkvæmt 6. gr., sem nauðsynlegar eru til að meta hvort kröfum um samanburðarhæfni og gæði samræmdra vísitalna neysluverðs sé fullnægt.

**13. gr.****Fjármögnun**

Ráðstafanir, sem lúta að framkvæmd þessarar reglugerðar, skulu samþykktar að teknu ítrasta tilliti til rekstrarhagkvæmni og að því tilskildu að ekki sé þörf á neinu meiriháttar viðbótarfjármagni í aðildarríki, nema framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) beri tvo þriðju hluta viðbótarkostnaðarins til loka annars árs sem ráðstafanirnar standa yfir.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 76, 30. 3. 1993, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Gefið út af Sameinuðu þjóðunum, tafla 6.1, 3. endurskoðun, ritröð F nr. 2, með breytingum OECD (DES/N1/86.9), París 1986.



**14. gr.****Málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunar-nefndar (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögnum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykka að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir.

**15. gr.****Endurskoðun**

Að höfðu samráði við nefndina skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna), leggja fram, innan tveggja ára frá þeim degi sem þessi reglugerð öðlast gildi og aftur innan tveggja ára þaðan í frá, skýrslu til ráðsins um samræmdar vísitölur neysluverðs sem settar eru fram samkvæmt þessari reglugerð og einkum um áreiðanleika þeirra og hvort kröfum um samanburðarhæfni sé fullnægt.

Í skýrslum þessum skal framkvæmdastjórnin greina frá skoðun sinni á framkvæmd málsmeðferðarinnar sem lýst er í 14. gr. og hugsanlega leggja fram breytingar sem hún telur viðeigandi.

**16. gr.****Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 23. október 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

**P. SOLBES MIRA**

forseti.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 19. desember 1995****um fresti til að skila Hagstofu Evrópubandalaganna niðurstöðum kannana um nýtingu bújarða 1995(\*)**

(96/14/EB)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 frá 29. febrúar 1988 um skipulag kannana bandalagsins á nýtingu bújarða frá 1988 til 1997<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/677/EBE<sup>(2)</sup>, einkum 5. lið II. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 571/88 er kveðið á um að tímamörk fyrir aðildarríkin til að skila gögnum um einstakar bújarðir til Hagstofu Evrópubandalaganna verði ákvörðuð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 15. gr. þeirrar reglugerðar; þá mun Hagstofa Evrópubandalaganna mæla fyrir um samræmt skráningarkerfi (einhlið auðkenni), sem ber að nota, í samráði við aðildarríkin.

Samkvæmt 6. lið II. viðauka fær Þýskaland undanþágu frá því að senda gögn um einstakar bújarðir. Þýskalandi ber, samkvæmt lið 8.1, að senda niðurstöður könnunarinnar í formi taflna sem eru ætlaðar BDT-töflugagnabankanum.

Með hliðsjón af mikilvægi niðurstaðna kannana um nýtingu bújarða fyrir sameiginlegu landbúnaðarstefnuna er nauðsynlegt að hraða, eins og við verður komið, tölvuvinnslu könnunar-gagnanna og sendingu þeirra til Hagstofu Evrópubandalaganna.

Þegar frestir til að skila Hagstofu Evrópubandalaganna niður-stöðum kannana verða ákveðnir ber að taka mið af því að tímaáætlun um framkvæmd kannananna er breytileg frá einu aðildarríki til annars.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

1. Aðildarríkjunum ber að skila til Hagstofu Evrópubandalaganna einstökum gögnum úr könnunum um nýtingu bújarða, sem eru gerðar samkvæmt b-lið 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 571/88, og nota til þess samræmt skráningarkerfi sem Hagstofa Evrópubandalaganna mælir fyrir um í samráði við aðildarríkin og um getur í 5. lið II. viðauka við fyrrnefnda reglugerð.

2. Samkvæmt 6. lið og lið 8.1 í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 571/88 ber Þýskalandi að skila Hagstofu Evrópubandalaganna niðurstöðum kannananna, sem um getur í 1. mgr., í formi taflna, sem eru ætlaðar töflugagnabankanum (BDT-bankanum), og nota til þess skráningarkerfi sem Hagstofa Evrópubandalaganna mælir fyrir um í samráði við *Statistisches Bundesamt*.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stj. 1996, EB nr. L 4, 6. 1. 1996, bls. 14, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stj. 1988, EB nr. L 56, 2. 3. 1988, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stj. 1994, EB nr. L 269, 20. 10. 1994, bls. 38.

**2. gr.**

Aðildarríkjunum ber að skila niðurstöðum kannana um nýtingu bújarða 1995, sem um getur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, innan 15 mánaða frá því að vettvangssöfnun gagna lýkur, en áður en frestur sá sem um getur hér á eftir rennur út, að teknu tilliti til fyrirhugaðra tímaáætlana aðildarríkjanna um framkvæmd kannananna:

Aðildarríki	Frestur til að skila gögnum
Belgía	28. 2. 1997
Danmörk	30. 9. 1996
Þýskaland	30. 11. 1996
Grikkland	28. 2. 1997
Spánn	28. 2. 1997
Frakkland	28. 2. 1997
Írland	30. 9. 1996
Ítalía	28. 2. 1997
Lúxemborg	30. 9. 1996
Holland	30. 9. 1996
Portúgal	28. 2. 1997
Breska konungsríkið	30. 9. 1996
Austurríki	30. 9. 1996
Finnland	30. 9. 1996
Svíþjóð	30. 9. 1996

**3. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Yves-Thibault DE SILGUY***

framkvæmdastjóri.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 15. febrúar 1996

**um aðlögun á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 um skipulag kannana bandalagsins á nýtingu bújarða frá 1988 til 1997 og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 89/651/EBE um skilgreiningar könnunaratriða og um skrána yfir landbúnaðarafurðir með tilliti til fyrrnefndra kannana(\*)**

(96/170/EB)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 frá 29. febrúar 1988 um skipulag kannana bandalagsins á nýtingu bújarða frá 1988 til 1997 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/677/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 1. og 2. mgr. 8. gr. og 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við 1. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 571/88 er mælt fyrir um breytingar á skránni yfir könnunaratriði með tilliti til kannananna frá 1995 til 1997 og breytingar á skilgreiningum á könnunaratriðunum og afmörkun landshluta og könnunarhéraða samkvæmt málsmeðferðinni í 15. gr. þessarar reglugerðar, þ.e. með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar eftir að fastanefndin um landbúnaðarskýrslur hefur skilað álit.

Í kjölfar inngöngu Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar er nauðsynlegt að aðlagja I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 571/88 að sérstökum aðstæðum í landbúnaði í þessum löndum.

Niðurstöður úr bandalagskönnunum á nýtingu bújarða, sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 571/88, eru því aðeins sambærilegar alls staðar í Evrópubandalaginu að hugtökin í skránni yfir könnunaratriði séu skilin og notuð á sama hátt.

Einnig er nauðsynlegt að aðlagja ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/651/EBE <sup>(3)</sup>, þar sem mælt er fyrir um skilgreiningar, landshluta og könnunarhéruð sem nota ber í tengslum við kannanirnar 1988 til 1997; við sama tækifæri er og hagkvæmt að bæta við þeim skilgreiningum á könnunaratriðum sem hafa nýlega verið samþykktar af öðrum ástæðum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 571/88 og I. viðauka við ákvörðun 89/651/EBE er breytt, með tilliti til landbúnaðarkannananna 1995 til 1997, í samræmi við I. og II. viðauka við þessa ákvörðun.

**2. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. febrúar 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Yves-Thibault DE SILGUY*

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 47, 24. 2. 1996, bls. 23, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 56, 2. 3 1988, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 269, 20. 10. 1994, bls. 38.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 391, 30. 12. 1989, bls. 1.

## I. VIÐAUKI

Eftirfarandi komi í stað I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88:

### „I. VIÐAUKI

#### SKRÁ YFIR KÖNNUNARATRIÐI

##### A. Lega bújarðar

- |    |               |        |
|----|---------------|--------|
| 01 | Könnunarhérað |        |
| 02 | Harðbýlt land | já/nei |
|    | (a) Fjallendi | já/nei |

##### B. Lögformleg staða og stjórnun bújarðar (á degi könnunar)

- |    |   |        |
|----|---|--------|
| 01 | Er lagaleg og efnahagsleg ábyrgð bújarðar í umsjá einstaklings? <sup>(1)</sup>        | já/nei |
| 02 | Ef svarið er já: er sá einstaklingur (eigandi) líka bústjóri?                         | já/nei |
|    | (a) Ef svarið við spurningu B/02 er „nei“: tilheyrir bústjórinn fjölskyldu eigandans? | já/nei |
| 03 | Búfræðimenntun bústjóra <sup>(2)</sup>  |        |
|    | - eingöngu verkleg reynsla  | já/nei |
|    | - undirstöðunám   | já/nei |
|    | - fullt búfræðinám  | já/nei |
| 04 | Er bókhald fært yfir rekstur bújarðar? <sup>(2)</sup>                                 | já/nei |

##### C. Tegund ábúðar (sem snýr að eiganda) og skipting bújarðar

- |    |                                      |             |
|----|--------------------------------------|-------------|
|    | Hagnýtt land til :                   | ha/a        |
| 01 | sjálfseignarbúskapar                 | ...../..... |
| 02 | leigubúskapar                        | ...../..... |
| 03 | samvinnubúskapar eða annars búskapar | ...../..... |

fjöldi landskika

- |    |  |       |
|----|--|-------|
| 04 | fjöldi landskika á hagnýttu landi <sup>(3)</sup> | ..... |
|----|--|-------|

ha/a

##### D. Akurland

Kornjurtir til þroska (þar með talin fræ):

- |    |                         |             |
|----|-------------------------|-------------|
| 01 | Hveiti og speldi        | ...../..... |
| 02 | Harðhveiti              | ...../..... |
| 03 | Rúgur                   | ...../..... |
| 04 | Bygg                    | ...../..... |
| 05 | Hafrar                  | ...../..... |
| 06 | Maískorn <sup>(4)</sup> | ...../..... |
| 07 | Hrísgrión               | ...../..... |
| 08 | Aðrar korntegundir      | ...../..... |

<sup>(1)</sup> Í Frakklandi teljast GAEC (groupements agricoles d'exploitation en commun - bændasamtök um samnýtingu), EARL (exploitations agricoles à responsabilité limitée - bújarðir með takmarkaðri ábyrgð) og raunveruleg samyrkjubú til bújarða í umsjá einstaklinga.

<sup>(2)</sup> Valfrjálst.

<sup>(3)</sup> Valfrjálst. Á Ítalíu á fjöldi landskika við um allt land sem tilheyrir bújörðinni.

<sup>(4)</sup> Valfrjálst fyrir Finnland og Svíþjóð.

	ha/a
09 Belgjurtafra (þar með talin frae og blöndur úr korni og belgjurtum)	...../.....
(a) þar af sem hreinræktun til skepnufóðurs: ertur, breiðbaunir og hestabaunir, umfeðmingsgras, úlfabaunir <sup>(1)</sup>	...../.....
(b) annað (hrein eða blönduð ræktun) <sup>(1)</sup>	...../.....
10 Kartöflur (þar með taldar sumarkartöflur og útsæði)	...../.....
11 Sykurrófur (þó ekki frae)	...../.....
12 Fóðurrófur og fóðurkál (þó ekki frae) <sup>(2)</sup>	...../.....
13 Iðnaðarjurtir (þar með talin olíuauðug frae graskenndra jurta; þó ekki frae trefjajurta, humals, tóbaks og annarra iðnaðarjurta) þar af :	...../.....
(a) tóbak <sup>(3)</sup>	...../.....
(b) humall <sup>(3)</sup>	...../.....
(c) baðmull <sup>(4)</sup>	...../.....
(d) aðrar olíujurtir eða trefjajurtir og aðrar iðnaðarjurtir:	...../.....
(i) olíufrae (alls) þar af :	...../.....
- repja og næpa <sup>(3)</sup>	...../.....
- sólfífill <sup>(5)</sup>	...../.....
- soja <sup>(6)</sup>	...../.....
(ii) ilmjurtir, jurtir til lækninga og matreiðslu <sup>(7)</sup>	...../.....
(iii) aðrar iðnaðarjurtir <sup>(2)</sup> þar af :	...../.....
- sykurreyr <sup>(8)</sup>	...../.....
Nýjar matjurtir, melónur og jarðarber :	
14 - úti eða undir lágu (óaðgengilegu) skýli þar af:	...../.....
(a) akrar <sup>(2)</sup>	...../.....
(b) garðar <sup>(2)</sup>	...../.....
15 - undir gleri eða öðru (aðgengilegu) skýli	...../.....
Blóm og skrautjurtir (þó ekki gróðrarstöðvar):	
16 - úti eða undir lágu (óaðgengilegu) skýli <sup>(2)</sup>	...../.....
17 - undir gleri eða öðru (aðgengilegu) skýli	...../.....
18 Fóðurjurtir :	
(a) skammæ grös	...../.....
(b) aðrar <sup>(2)</sup>	...../.....

<sup>(1)</sup> Valfrjálst fyrir Breska konungsríkið, Finnland og Svíþjóð.

<sup>(2)</sup> Valfrjálst fyrir Finnland og Svíþjóð.

<sup>(3)</sup> Valfrjálst fyrir Portúgal.

<sup>(4)</sup> Valfrjálst nema fyrir Grikkland, Spán og Ítalíu.

<sup>(5)</sup> Valfrjálst nema fyrir Grikkland, Spán, Frakkland, Ítalíu og Portúgal.

<sup>(6)</sup> Valfrjálst nema fyrir Grikkland, Spán, Frakkland og Ítalíu.

<sup>(7)</sup> Valfrjálst fyrir Breska konungsríkið, Portúgal, Finnland og Svíþjóð.

<sup>(8)</sup> Valfrjálst nema fyrir Spán.

	ha/a
19 Fræ og unglöntur á akurlandi (þó ekki korn, þurrkað grænmeti, kartöflur	...../.....
20 Önnur ræktun á akurlandi <sup>(1)</sup>	...../.....
21 Ósáð land án styrkja	...../.....
22 Ósáð land, sem fellur undir styrkjakerfi fyrir ræktunarlé, ónotað í efnahagslegu tilliti	...../.....
<b>E. Matjurtagarðar <sup>(2)</sup></b>	
<b>F. Bithagar og engi <sup>(3)</sup></b>	
01 Bithagar og engi, þó ekki hrjóstugt beitiland	...../.....
02 Hrjóstugt beitiland	...../.....
<b>G. Fjölær ræktun</b>	
01 Ávaxta- og berjarækt <sup>(1)</sup>	...../.....
(a) nýir ávextir og berjategundir frá tempraða beltinu	...../.....
(b) ávextir og berjategundir frá heittempraða beltinu <sup>(4)</sup>	...../.....
(c) hnetur <sup>(4)</sup>	...../.....
02 Sítrusrækt	...../.....
03 Ólífurækt	...../.....
(a) sem venjulega gefur af sér ólífur til átu <sup>(5)</sup>	...../.....
(b) sem venjulega gefur af sér ólífur til olíuframleiðslu <sup>(5)</sup>	...../.....
04 Vínekrur	
sem venjulega gefa af sér:	
(a) eðalvín	...../.....
(b) annað vín	...../.....
(c) vínber til átu	...../.....
(d) rúsínur <sup>(6)</sup>	...../.....
05 Gróðrarstöðvar <sup>(7)</sup>	...../.....
06 Önnur fjölær ræktun <sup>(7)</sup>	...../.....
07 Fjölær ræktun undir gleri <sup>(8)</sup>	...../.....
<b>H. Annað land</b>	
01 + 03 Land sem ekki er hagnýtt (land sem ekki er lengur nytjað, af efnahagslegum, félagslegum eða öðrum ástæðum, og ekki notað við skiptirækt) og annað land (með byggingum, bæjarhlöðum, vegum, tjörnum, grjótnámum, gróðursnaudu landi, grýttum jarðvegi o.s.frv.)	
<sup>(1)</sup> Valfrjálst fyrir Finnland.	
<sup>(2)</sup> Valfrjálst fyrir Danmörku, Holland, Breska konungsríkið, Finnland og Svíþjóð.	
<sup>(3)</sup> Ítalía, Grikkland, Finnland og Svíþjóð geta sameinað liði 01 og 02.	
<sup>(4)</sup> Valfrjálst nema fyrir Grikkland, Spán, Ítalíu og Portúgal.	
<sup>(5)</sup> Valfrjálst fyrir Frakkland.	
<sup>(6)</sup> Valfrjálst nema fyrir Grikkland og Spán.	
<sup>(7)</sup> Valfrjálst fyrir Finnland og Svíþjóð.	
<sup>(8)</sup> Valfrjálst fyrir Portúgal, Finnland og Svíþjóð.	

ha/a

- 02 Skóglendi ...../.....  
þar af :
- (a) ekki nýtt í atvinnuskyni <sup>(1)</sup> ...../.....  
(b) nýtt í atvinnuskyni <sup>(1)</sup> ...../.....
- og/eða
- (c) laufskógur <sup>(1)</sup> ...../.....  
(d) barrskógur <sup>(1)</sup> ...../.....  
(e) blandaður skógur <sup>(1)</sup> ...../.....

### I. Samræktun og eftirræktun, sveppir, áveitur, gróðurhús, ræktunarhlé akurlands

- 01 Eftirræktun (þó ekki matjurtaræktun og ræktun undir gleri) <sup>(2)</sup>  
þar af: ...../.....
- (a) korn, ekki sem fóður (D/01 til D/08) <sup>(2)</sup> ...../.....  
(b) þurrkað grænmeti, ekki sem fóður (D/09) <sup>(2)</sup> ...../.....  
(c) olíuauðug fræ, ekki sem fóður (D/13, d-, i-liður) <sup>(2)</sup> ...../.....  
(d) önnur eftirræktun <sup>(2)</sup> ...../.....
- 02 Sveppir <sup>(3)</sup> ...../.....
- 03 Áveitusvæði <sup>(4)</sup>:
- (a) áveitusvæði alls ...../.....  
(b) ræktað land sem vatni er veitt á minnst einu sinni á ári <sup>(1)</sup> ...../.....  
þar af :
- (1) harðhveiti ...../.....  
(2) maís ...../.....  
(3) kartöflur ...../.....  
(4) sykkurófur ...../.....  
(5) sólfífill ...../.....  
(6) soja ...../.....  
(7) fóðurjurtir ...../.....  
(8) ávaxtatré, berjalýng og -runnar ...../.....  
(9) sítrusávextir ...../.....  
(10) vínviður ...../.....
- 04 Grunnflötur starfræktra gróðurhúsa ...../.....
- 05 Samræktun <sup>(1)</sup> ...../.....
- (a) jarðyrkja (þar með taldir bithagar og engi) - skógrækt <sup>(1)</sup> ...../.....  
(b) fjölær ræktun - einærar tegundir <sup>(1)</sup> ...../.....  
(c) fjölær ræktun - fjölærar tegundir <sup>(1)</sup> ...../.....  
(d) önnur samræktun <sup>(1)</sup> ...../.....

<sup>(1)</sup> Valfrjálst.

<sup>(2)</sup> Valfrjálst fyrir Finnland og Svíþjóð.

<sup>(3)</sup> Valfrjálst fyrir Portúgal, Finnland og Svíþjóð.

<sup>(4)</sup> Valfrjálst fyrir Þýskaland.



- 07 Aðstaða til að geyma náttúrlegan áburð úr dýraríkinu  
(fastan húsdýraáburð, fljótandi húsdýraáburð og blöndu af hvoru tveggja) <sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup>
- (a) er geymsluaðstaða á bújörð yðar fyrir:
- |  |        |
|--|--------|
| (i) fastan húsdýraáburð?                           | já/nei |
| (ii) fljótandi húsdýraáburð?                       | já/nei |
| (iii) blöndu af föstum og fljótandi húsdýraáburði? | já/nei |
- (b) geymslurými fyrir hendi undir:
- til hve margra heilla mánaða  
án þess að vera tæmt af og til?
- |   |                                    |                              |
|---|------------------------------------|------------------------------|
| (i) fastan húsdýraáburð                           | .....m <sup>2</sup> <sup>(3)</sup> | ..... mánuðir <sup>(4)</sup> |
| (ii) fljótandi húsdýraáburð                       | .....m <sup>3</sup> <sup>(3)</sup> | ..... mánuðir <sup>(4)</sup> |
| (iii) blöndu af föstum og fljótandi húsdýraáburði | .....m <sup>3</sup> <sup>(3)</sup> | ..... mánuðir <sup>(4)</sup> |
- ha/a

08 Svæðum, sem falla undir styrkjakerfi fyrir ræktunarhlé, er skipt upp í:

- |   |             |
|---|-------------|
| (a) ósáð land, ónotað í efnahagslegu tilliti (þegar skráð í D/22)   | ...../..... |
| (b) ræktunarsvæði fyrir landbúnaðarhrávöru til annarra nota en sem matvæli/fóður (t.d. sykurrófur, repja, tré, runnar o.s.frv., þ.m.t. linsubaunir, hrútsertur og umfeðmingsgras, þegar skráð í D og G) | ...../..... |
| (c) svæði umbreytt í bithaga og engi (þegar skráð í F/01 og F/02)   | ...../..... |
| (d) svæði, áður landbúnaðarsvæði, umbreytt í skóglendi eða sem verið er að undirbúa fyrir skógrækt (þegar skráð í H/02)   | ...../..... |
| (e) annað (þegar skráð í H/01 og H/03)  | ...../..... |

J. Búpeningur (á viðmiðunardegi könnunar) Fjöldi dýra

01 *Hófdýr* .....

Nautgripir :

02 Á fyrsta ári .....

(a) nautkálfar <sup>(5)</sup>	.....
(b) kvígur <sup>(5)</sup>	.....

Á öðru ári:

03 Naut .....

04 Kvígur .....

Tveggja ára eða eldri:

05 Naut .....

06 Kvígur .....

07 Mjólkurkýr .....

08 Aðrar kýr .....

<sup>(1)</sup> Valfrjálst fyrir Grikkland, Spán, Írland, Austurríki, Portúgal og Breska konungsríkið.

<sup>(2)</sup> Valfrjálst fyrir Holland vegna könnunarinnar 1995.

<sup>(3)</sup> Valfrjálst fyrir Danmörku, Finnland og Svíþjóð.

<sup>(4)</sup> Valfrjálst nema fyrir Danmörku, Finnland og Svíþjóð.

<sup>(5)</sup> Valfrjálst.

Sauðfé og geitur :

- 09 Sauðfé (öll aldurskeið) .....
- (a) ær .....
- (b) annað sauðfé .....
- 10 Geitur (öll aldurskeið) <sup>(1)</sup> .....
- (a) kynþroska kvendýr <sup>(2)</sup> .....
- (b) aðrar geitur <sup>(2)</sup> .....

Svín :

- 11 Grísir sem vega minna en 20 kíló .....
- 12 Gyltur sem vega 50 kíló og meira .....
- 13 Önnur svín .....

Alifuglar :

- 14 Kjúklingar .....
- 15 Varphænur .....
- 16 Aðrir alifuglar (endur, kalkúnar, gæsir, perluhænsn) <sup>(3)</sup> .....
- 17 Kanínur, kynþroska kvendýr <sup>(4)</sup> .....

Fjöldi býflugnabúa

- 18 Býflugur <sup>(5)</sup> .....
- 19 Annar búpeningur <sup>(5)</sup> .....

já/nei

<sup>(1)</sup> Valfrjálst fyrir Þýskaland, Finnland og Svíþjóð.

<sup>(2)</sup> Valfrjálst nema fyrir Grikkland, Spán, Frakkland, Ítalíu og Portúgal.

<sup>(3)</sup> Valfrjálst fyrir Finnland og Svíþjóð.

<sup>(4)</sup> Valfrjálst fyrir Danmörku, Þýskaland, Írland, Austurríki, Finnland, Svíþjóð og Breska konungsríkið.

<sup>(5)</sup> Valfrjálst.

K. Dráttarvélar, jarðvinnsluvélar, tæki og búnaður<sup>(1)</sup>

Daginn sem könnunin er gerð	Tæki sem hafa verið notuð á síðustu 12 mánuðum <sup>(2)</sup>							
Séreign býlisins	Notað á fleiri en einu býli (eign annars býlis, samvinnufélags eða sameign með öðrum býlum) eða frá tækjaleigu							
1	2							
Fjöldi	(merkið við)							
flokkað eftir vélarafli frá ... til ... (kw)								
	< 25	25 - < 40	40 - < 60	≥ 60				
01 Fjór hjóladráttarvélar, beltadráttarvélar, áhaldavagnar								
02 Jarðvinnsluvélar, herfi, véltætarar, og vélknúnar sláttuvélar <sup>(2)</sup>								
03 Þreskivélar								
04 Upptökuvélar fyrir gröffóður <sup>(2)</sup>								
05 Kartöfluupptökuvélar (að fullu vélknúnar) <sup>(2)</sup>								
06 Sykkurófnauptökuvélar (að fullu vélknúnar) <sup>(2)</sup>								
07 Mjaltavélar (fastur eða hreyfanlegur búnaður)? <sup>(2)</sup>	X							
08 Sérstakt mjaltafjós? <sup>(2)</sup>					já/nei já/nei			
(a) Ef svarið er játandi: Er það að fullu vélvætt? <sup>(3)</sup>								

<sup>(1)</sup> Valfrjálst vegna könnunarinnar 1997.<sup>(2)</sup> Valfrjálst vegna kannananna 1995 og 1997.<sup>(3)</sup> Valfrjálst fyrir Portúgal.

## L. Starfsmenn við bóúð (síðustu 12 mánuðina fyrir daginn sem könnunin er gerð)

Starfsmenn við bóúð	Kyn		Aldurs hópar									Landbúnaðarstörf á býli <sup>(1)</sup>										
	kk	kvk.	<25 <sup>(1)</sup>	25-29	30-34	35-39	40-44	45-49	50-54	55-59	60-64	65 og eldri	Vinustími í hlutastarfi:					Í fullu starfi				
													0	>0- <25%	25- <50%	50- <75%	75- <100%					
(merkið við)													(merkið við)									
01 Eigandi: (a) bóústjóri <sup>(2)</sup>																						
02 Maki eiganda sem starfar við bóúð			( <sup>3</sup> )	( <sup>3</sup> )	( <sup>3</sup> )	( <sup>3</sup> )	( <sup>3</sup> )	( <sup>3</sup> )	( <sup>3</sup> )	( <sup>3</sup> )	( <sup>3</sup> )	( <sup>3</sup> )										
	X		Aldurs hópar <sup>(2)</sup>									Landbúnaðarstörf á býli sem % af vinustíma landbúnaðarverkamanns í fullu starfi á ári										
03a Aðrir í fjölskyldu eiganda sem starfa við bóúð: karlar <sup>(4)</sup> ( <sup>5</sup> )			<25 <sup>(1)</sup>	25-29	30-34	35-39	40-44	45-49	50-54	55-59	60-64	65 og eldri	>0-<25									
03b Aðrir í fjölskyldu eiganda sem starfa við bóúð: konur <sup>(4)</sup> ( <sup>5</sup> )									25-<50													
04a Aðrir fastráðnir starfsmenn: karlar <sup>(4)</sup> ( <sup>5</sup> )									50-<75													
04b Aðrir fastráðnir starfsmenn: konur <sup>(4)</sup> ( <sup>5</sup> )									75-<100													
05 Aðrir starfsmenn sem ekki eru fastráðnir									100													
06													Fjöldi vinnudaga									
05 Karlar <sup>(6)</sup>																						
06 Konur <sup>(6)</sup>																						

(<sup>1</sup>) Eftir skólaskylduáldur.

(<sup>2</sup>) Að heimilisstörfum undanskildum.

(<sup>3</sup>) Fyllist eingöngu út ef svarið við spurningu B/01 eða B/02 er „nei“.

(<sup>4</sup>) Tafla sem ber að gera fyrir hvern flokk (03a til 04b).

(<sup>5</sup>) Þó ekki einstaklingar í L/01 og L/02.

(<sup>6</sup>) Valfrjálst.

(<sup>7</sup>) Valfrjálst vegna könnunarinnar 1997.

L 07 Ef eigandinn er líka bústjóri: hefur hann tekjur af einhverri annarri starfsemi?

- að aðalstarfi?  (merkið við þar sem við á)
- að aukastarfi?

L 08 Hefur maki eiganda, sem starfar á býlinu, tekjur af einhverri annarri starfsemi?:

- að aðalstarfi?  (merkið við þar sem við á)
- að aukastarfi?

L 09 Hafa aðrir í fjölskyldu eiganda, sem starfa á býlinu, tekjur af einhverri annarri starfsemi? <sup>(1)</sup>:

- að aðalstarfi?  (fjöldi einstaklinga)
- að aukastarfi?

L 10 Heildarfjöldi jafngilda vinnudaga í fullu starfi við landbúnaðarstörf, ótalið í lið L 01 til L 06, sem innt eru af hendi á býlinu af einstaklingum sem ekki eru beinlínis ráðnir þar í vinnu (t.d. verktakar, starfsmenn) <sup>(2)</sup>.

Fjöldi jafngilda vinnudaga í fullu starfi síðustu 12 mánuðina fyrir daginn sem könnunin er gerð <sup>(3)</sup>.

<sup>(1)</sup> Valfrjálst fyrir Danmörku, Holland, Finnland og Svíþjóð.

<sup>(2)</sup> Valfrjálst fyrir aðildarríki sem geta gefið heildaryfirlit yfir þetta könnunatriði innanlands.

<sup>(3)</sup> Breska konungsríkið hefur heimild til að leggja þessar upplýsingar fram í formi jafngilda vinnuvikna.

## II. VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við ákvörðun 89/651/EBE:

Eftirfarandi skilgreiningar og útskýringar bætist við undir fyrirsögninni „**A. LEGA BÚJARÐAR**“, lið „A/01 Héruð“:

„AUSTURRÍKI (landsnúmer = 13)

<i>Landshlutar</i>	<i>Héruð</i>
001. Ostösterreich	011. Burgenland 012. Niederösterreich 013. Wien
002. Südösterreich	021. Kärnten 022. Steiermark
003. Westösterreich	031. Oberösterreich 032. Salzburg 033. Tirol 034. Vorarlberg

FINNLAND (landsnúmer = 14)

<i>Landshlutar</i>	<i>Héruð</i>
001. Etelä-Suomi	001. Uusimaa 002. Varsinais-Suomi 003. Ahvenanmaa 004. Satakunta 005. Häme 006. Pirkanmaa 007. Päijät-Häme 008. Kymenlaakso 009. Etel-Karjala
002. Itä-Suomi	010. Etelä-Savo 011. Pohjois-Savo 012. Pohjois-Karjala 018. Kainuu
003. Väli-Suomi	013. Keski-Suomi 014. Etelä-Pohjanmaa 015. Vaasan rannikkoseutu 016. Keski-Pohjanmaa
004. Pohjois-Suomi	017. Pohjois-Pohjanmaa 019. Lappi

## SVÍPJÓÐ (landsnúmer = 15)

<i>Landshlutar</i>	<i>Héruð</i>
001. Stockholm	001. Stockholm län
002. Östra Mellansverige	003. Uppsala län 004. Södermanlands län 005. Östergötlands län 018. Örebro län 019. Västmanlands län
003. Småland med öarna	006. Jönköpings län 007. Kronobergs län 008. Kalmar län 009. Gotlands län
004. Sydsverige	010. Blekinge län 011. Kristianstads län 012. Malmöhus län
005. Västsverige	013. Hallands län 014. Göteborgs och Bohus län 015. Älveborgs län 016. Skaraborgs län
006. Norra Mellansverige	017. Värmlands län 020. Kopparbergs län 021. Gävleborgs län
007. Mellersta Norrland	022. Västernorrlands län 023. Jämtlands län
008. Övre Norrland	024. Västerbottens län 025. Norrbottens län“

Eftirfarandi bætist við undir fyrirsögninni „SAMRÆKTUN OG EFTIRRÆKTUN, SVEPPIR, ÁVEITUR, GRÓÐURHÚS, RÆKTUNARHLÉ AKURLANDS“:

„I/07 Aðstaða til að geyma náttúrlegan áburð úr dýraríkinu (fastan húsdýraáburð, fljótandi húsdýraáburð og blöndu af hvoru tveggja)

I. Fastur húsdýraáburður: húsdýraskítur (með eða án hálmis), hugsanlega eilítið blandaður hlandi.

Fljótandi húsdýraáburður: húsdýrahland, hugsanlega eilítið blandað skít og/eða vatni.

Blanda fasts og fljótandi húsdýraáburðar: fljótandi húsdýraáburður, það er að segja blanda skíts og hlands frá húsdýrum, hugsanlega einnig blandaður vatni og/eða hálm í litlum mæli.

**I/08 Svæðum, sem falla undir styrkjakerfi fyrir ræktunarhlé,**

er skipt upp í:

- a) ósáid land, ónotað í efnahagslegu tilliti (þegar skráð í D/22);
  - b) ræktunarsvæði fyrir landbúnaðarhrávöru til annarra nota en sem matvæli/fóður (t.d. sykurrófur, repja, tré, runnar o.s.frv., þ.m.t. linsubaunir, hrútsertur og umfeðmingsgras; þegar skráð í D og G);
  - c) svæði umbreytt í bithaga og engi (þegar skráð í F/01 og F/02);
  - d) svæði, áður landbúnaðarsvæði, umbreytt í skóglendi eða sem verið er að undirbúa fyrir skógrækt (þegar skráð í H/02);
  - e) annað (þegar skráð í H/01 og H/03).
- I. Svæði sem veitir rétt á fjárhagsstuðningi til viðkomandi bújarðar, í þeim tilgangi að stuðla að ræktunarhléi, samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2328/91<sup>(1)</sup> og einnig reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1765/92<sup>(2)</sup> og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 334/93<sup>(3)</sup> eða, þar sem við á, nýjustu lagaákvæðum.
- II. Þau svæði eru aðeins talin með sem veita rétt á fjárhagsstuðningi til bújarðarinnar og viðmiðunarár könnunarinnar á við um.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 218, 6. 8. 1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 181, 1. 7. 1992, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 38, 16. 2. 1993, bls. 12.



**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 959/93****frá 5. apríl 1993****um tölfraðilegar upplýsingar sem aðildarríkjunum ber að skila um aðrar ræktunarafurðir en korn(\*)****RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að vinna verk sem henni eru falin í sáttmálanum og reglugerðum um sameiginlega landbúnaðarstefnu þarf framkvæmdastjórnin áreiðanleg, samanburðarhæf og ný gögn, sem aflað er á hlutlægan hátt, um ræktunarland, afrakstur og aðra ræktun en kornrækt.

Vegna mikilvægis annarrar ræktunar en kornræktar fyrir skipulag og rekstur búvörumarkaða ættu nauðsynlegar tölfraðilegar kannanir að fara fram í auknum mæli í samræmi við reglur bandalagsins.

Taka skal tillit til margra ára reynslu hagstofa af slíkum könnunum.

Markmiðið með þessari reglugerð er að gera grein fyrir tölfraðilegum upplýsingum sem ber að leggja fram, setja mælikvarða um áreiðanleika, ákvarða fleiri tæknilegar upplýsingar svo unnt sé að meta framleiðslutölur, tryggja hlutlægni og skilvirkni kannana yfir ræktunarland og framleiðslu með því að miðla reynslu á breiðum grundvelli á fundum og í skýrslum, og setja tímamörk.

Einnig er þörf árlegra landshlutaupplýsinga um sumar ræktunarafurðir aðrar en korn.

Eftir þriggja ára reynslu af beitingu þessarar reglugerðar ætti framkvæmdastjórnin að leggja fram skýrslu og, ef nauðsynlegt þykir, tillögur um endurbætur á tölfraðilegum könnunum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 98, 24. 4. 1993, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 335, 18. 12. 1992, bls. 35.

(2) Áliti var skilað 12. febrúar 1993 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

Á aðlögunartímabili þurfa aðildarríkin, vegna þeirra breytinga sem gera skal á tölfraðilegum aðferðum, að leggja fram aukna vinnu sem krefst fjárframlaga frá bandalaginu, sem eru talin nema einni milljón eka á ári, fyrir tímabilið 1993 til 1995.

Enda þótt hagstofum aðildarríkjanna beri áfram að annast söfnun og úrvinnslu gagna og skipulag kannana á innlendum vettvangi skal framkvæmdastjórnin tryggja að söfnun, skipulag og samræming tölfraðilegra upplýsinga fari fram á evrópskum vettvangi og kveða á um samræmda aðferðafræði til að vinna að stefnumiðum bandalagsins.

Viðhalda ber nánú samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmda-stjórnarinnar til að auðvelda beitingu ákvæða þessarar reglugerðar, einkum fyrir milligöngu fastanefndar um landbúnaðarhagskýrslur sem var komið á fót með ákvörðun 72/279/EBE <sup>(3)</sup>.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****I. ÞÁTTUR****Markmið****1. gr.**

Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té ársöggn um ræktun og ræktunarsvæði annarra afurða en korns, eins og tilgreint er í 2. og 6. gr. þessarar reglugerðar, að teknu tilliti til reglugerðar ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins <sup>(4)</sup>.

**II. ÞÁTTUR****Gögn um einstök lönd****2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við þær skilgreiningar sem er að finna í I. viðauka, leggja fram ársöggn um aðal- og eftirræktunarland þar sem greint er frá hvers konar notkun akurlands sem upp er talið í II. viðauka. Aðeins þeim

(3) Stjttíð. EB nr. L 179, 7. 8. 1972, bls. 1.

(4) Stjttíð. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.

aðildarríkjum, sem tilgreind eru í IX. viðauka, er skylt að telja eftirræktunarlönd með í árlegri tölfraðilegri könnun og skila gögnum um þau.

2. Að auki ber aðildarríkjum að leggja fram gögn um aðalræktunarland sem er graslendi að staðaldri og land þar sem fjölær ræktun fer fram og önnur landsvæði eins og fram kemur í K-, L-, M- og N-lið II. viðauka. Unnt er að afla þessara gagna að öllu leyti eða að hluta með jarðfjarkönnunaraðferðum og heimildum öðrum en þeirri heildarkönnun sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og slíkar heimildir þurfa ekki að vera árlegar kannanir.

3. Öll aðildarríkin skulu og leggja fram ársöggn um eftirfarandi:

- meðalafrakstur, og
- uppskorna framleiðslu sundurliðað eftir afurðunum eins og fram kemur í III. viðauka.

### III. ÞÁTTUR

#### Aðferðir og fyrirmæli

##### 3. gr.

1. Til að unnt sé í hverju aðildarríki um sig að tilgreina notkun akurlands sem um getur í II. viðauka skal afla gagna um aðalræktunarland úr árlegri tölfraðilegri heildarkönnun sem skal annaðhvort vera heildarskráning eða úrtakskönnun. Könnunin getur auk þess náð til annars nytjaland í landbúnaði en akurlands.

2. Með samþykki framkvæmdastjórnarinnar geta aðildarríkin samt sem áður stuðst við heimildir úr stjórnsýslu í stað gagna um akurland úr heildarkönnuninni sem um er getið í 1. mgr.

3. Ef hvorki liggja fyrir tölfraðilegar kannanir um fjölæra ræktun, graslendi að staðaldri og aðra hluta nytjaland í landbúnaði (eins og fram kemur í K-, L-, M- og N-lið II. viðauka) fyrir tiltekið ár né áætlaðar árlegar upplýsingar úr bandalagsheimildum um breytta landnýtingu að því er varðar þessa þætti, er aðildarríkjum heimilt að leggja fram áætlaðar upplýsingar fyrir það ár um umrædda þætti.

4. Beita ber viðurkenndum tölfraðilegum aðferðum, sem standast kröfur um gæði, hlutlægni og áreiðanleika, við gerð þeirrar almennu könnunar sem um getur í 1. mgr.

5. Aðildarríkjum, sem talin eru upp í IX. viðauka, er heimilt að velja milli tveggja ólíkra aðferða við gerð landnýtingarkönnunarinnar samkvæmt skilgreiningum í I. viðauka:

- annaðhvort „rauntíma“-mats, sem vísar til aðalræktunarlands á þeim tíma sem könnun er gerð, þar sem viðbótarupplýsinga um eftirræktunarland er aflað síðar,

- eða „mats á landnýtingu gert eftir á“ (ex-post) (þar sem vísar til aðal- og eftirræktunarlands í sömu könnun) sem fer fram í lok ræktunartímabils. Aðeins aðildarríkjum sem um getur í IX. viðauka ber skylda til að tilgreina eftirræktunarland.

6. Heimilt er að afla gagna um landsvæði með takmarkaða þýðingu, sem um getur í VIII. viðauka, úr öðrum heimildum sem uppfylla ekki allar kröfur þessarar reglugerðar.

7. Heimilt er að samþykkja bráðabirgðatilhögun í samræmi við 3. mgr. 8. gr. til að unnt sé að uppfylla kröfur þessa þátta.

##### 4. gr.

1. Ef gerðar eru úrtakskannanir á akurlandi, sem er aðalræktunarland, skal úrtakið tekið þannig að það sé marktækt fyrir að minnsta kosti 95% af öllu slíku akurlandi með aðra ræktun en kornrækt.

Gögnum um aðalræktunarland skal fylgja mat á akurlandi með aðra ræktun en kornrækt, sem úrtakið tekur ekki til, byggt á gögnum úr öðrum heimildum.

2. Kannanir á landi sem er graslendi að staðaldri, landi, þar sem fjölær ræktun fer fram, og öðrum hlutum nytjaland í landbúnaði en akurlandi skulu gefa eins góða mynd af þessum þáttum og við verður komið. Undir graslendi að staðaldri skulu og flokkast þeir hlutar nytjaland í landbúnaði sem liggja utan bújarða.

3. Úrtakskannanir á akurlandi, sem er aðalræktunarland, skulu vera með þeim hætti, að því er varðar hvern einstakan flokk aðalræktunarlands (eins og um getur í IV. viðauka), að minnsta kosti öðru eftirfarandi tveggja skilyrða sé fullnægt í hverju aðildarríki um sig:

- a) að fráviksstuðull sé ekki hærri en sá sem er tilgreindur í IV. viðauka;
- b) að staðalskekkja sé ekki hærri en tilgreint í IV. viðauka.

4. Ákveða ber hve mikillar nákvæmni skal krafist vegna mats á landi sem er graslendi að staðaldri, landi þar sem fjölær ræktun fer fram og öðrum hlutum nytjaland í landbúnaði en akurlandi í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr. eftir að aðildarríkin hafa skilað skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 1. mgr. 8. gr.

##### 5. gr.

1. Við kannanir á framleiðslu eða afrakstri skal beita viðurkenndum tölfraðilegum aðferðum með tilliti til gæða, hlutlægni og áreiðanleika.

2. Að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar er aðildarríkjunum samt sem áður heimilt að styðjast við heimildir úr stjórnsýslu í stað gagna úr könnunum á framleiðslu eða afrakstri eins og um er getið í 1. mgr.

3. Ákveða ber hve mikillar nákvæmni skal krafist vegna framleiðslumats hverrar afurðar sem um getur í III. viðauka í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr. eftir að aðildarríkin hafa skilað skýrslunum sem um getur í 1. mgr. 8. gr. til framkvæmdastjórnarinnar.

4. Ákveða ber, samkvæmt málsmeðferðinni í 12. gr. og eftir að aðildarríkin hafa skilað framkvæmdastjórninni skýrslunum sem um getur í 1. mgr. 8. gr. hvaða viðbótarupplýsingar eru nauðsynlegar til að unnt sé að samræma framleiðslumatið enn frekar með skipulegum hætti.

#### IV. ÞÁTTUR

##### Gögn um einstaka landshluta

###### 6. gr.

1. Senda ber framkvæmdastjórninni árs gögn um ræktunarlönd, afrakstur og uppskorna framleiðslu sem um getur í V. viðauka miðað við einstaka landshluta eins og fram kemur í VI. viðauka. Ræktunarlönd eru tilgreind í V. viðauka.

Ef gögn um einstaka landshluta liggja ekki fyrir að því er varðar fjölæra ræktun, graslendi að staðaldri og aðra hluta nytjalands í landbúnaði (eins og fram kemur í K-, L-, M- og N-lið II. viðauka) fyrir tiltekið ár er aðildarríkjunum heimilt að leggja fram áætlaðar upplýsingar fyrir það ár vegna umræddra þátta eins og um getur í V. viðauka.

2. Aðildarríkjunum er aðeins skylt að leggja fram gögn um landsvæði og afurðir að því er varðar ræktun á landi umfram þau mörk sem gilda fyrir landsvæði með takmarkaða þýðingu eins og tilgreint er í VIII. viðauka.

3. Aðildarríkjunum er aðeins skylt að leggja fram gögn um ræktunarlönd fyrir hverja afurð, sem eru skilgreind í V. viðauka, og uppskorna framleiðslu að því er varðar mikilvægustu landshlutana. Fyrir landshluta, sem samanlagt eru að minnsta kosti 80% af öllu ræktunarlendi undir tiltekna afurð, miðað við allt svæði undir þá afurð í viðkomandi aðildarríki, er skylt að leggja fram gögn um hverja þessara afurða, þannig að tölurnar fari lækkandi.

#### V. ÞÁTTUR

##### Tímamörk, miðlun reynslu og bráðabirgðatilhögun

###### 7. gr.

1. Almanaksárið, þegar uppskeran hefst, nefnist hér á eftir „uppskeruár“.

2. Aðildarríkin skulu, að því er varðar þá landnýtingu sem um getur í II. viðauka, afhenda framkvæmdastjórninni innlend bráðabirgðagögn um ræktunarlönd eigi síðar en 1. október á uppskeruárinu. Endanleg gögn um þessi ræktunarlönd skal leggja fram eigi síðar en 1. apríl árið eftir uppskeruárið.

3. Senda ber upphaflegt mat á afrakstri og framleiðslu í hverju landi varðandi afurðir sem um getur í VII. viðauka eigi síðar en tilgreint er í þeim viðauka. Bráðabirgðatölur um afrakstur og framleiðslu afurða sem um getur í III. viðauka skal leggja fram eigi síðar en 15. apríl og endanlegar tölur eigi síðar en 1. október, hvort tveggja á árinu eftir uppskeruárið.

4. Ef afraksturs- og framleiðslutölur varða endurskoðuð gögn um tiltekin svæði ber einnig að leggja þau fram.

5. Leggja ber fram landshluta gögnin sem um getur í 6. gr. um leið og endanlegar innlendar tölur og skulu þau vera í samræmi við þær.

###### 8. gr.

1. Innan 12 mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni nákvæma aðferðaskýrslu þar sem fram kemur hvernig gagna er aflað að því er varðar svæði, sem er nýtt, akurland og svæði undir ólíka ræktun. Aðildarríkin skulu og gera grein fyrir útreikningum sem lúta að afrakstri og framleiðslumagni í viðkomandi löndum og, þar sem það á við, landshlutum og sýna fram á hve dæmigerðar og áreiðanlegar þessar tölur eru. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, taka saman yfirlit um þessar skýrslur.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, innan þriggja mánaða, um allar breytingar á þeim upplýsingum sem eru láttnar í té samkvæmt 1. mgr.

3. Sýni ákveðnar aðferðaskýrslur að aðildarríki geti ekki farið að kröfum þessarar reglugerðar á næstunni og séu breytingar á tækni og aðferðum við kannanir nauðsynlegar getur framkvæmdastjórnin, í samvinnu við viðkomandi aðildarríki, ákvarðað aðlögunartímabil, sem er tvö ár hið mesta, til að innleiða könnunaráætlun í samræmi við þessa reglugerð.

4. Aðferðaskýrslur, bráðabirgðatilhögunin, aðgengi og áreiðanleiki gagna og annað sem máli skiptir við beitingu þessarar reglugerðar skal kannað tvisvar á ári í þar til bærum vinnuhópi á vegum fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur.

**9. gr.**

Eigi síðar en í árslok 1995 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið:

- skýrslu um reynslu af tölfræðilegum könnunum og mati sem fram hefur farið samkvæmt þessari reglugerð,
- ef þurfa þykir, tillögur um úrbætur og samræmingu á gildandi tilhögun í aðildarríkjunum.

**10. gr.**

Gera skal breytingar á I. til IX. viðauka, eftir því sem þörf krefur, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr.

**VI. ÞÁTTUR****Fjárhagsráðstafanir****11. gr.**

1. Á tímabilinu 1993 til 1995 skal koma árlegt framlag frá bandalaginu til að gera aðildarríkjunum kleift að standa straum af kostnaði við að endurbæta aðferðafræðilegan grunn og samanburðarhæfni þeirra gagna sem um getur í 2. og 6. gr.; nauðsynlegt framlag í þessu sambandi er talið vera ein milljón eka á ári.
2. Fjárlagayfirvaldið skal ákvarða fjárframlög fyrir hvert fjárhagsár.
3. Ákveða ber hve há fjárveiting kemur í hlut hvers aðildarríkis með hliðsjón af óskum aðildarríkjanna og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr.

**VII. ÞÁTTUR****Lokaákvæði****12. gr.**

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í þessari grein ber formanni fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur, hér eftir kölluð „nefndin“, að vísa málinu til hennar annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitin skal samþykkt með 54 atkvæða meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3.a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið enga ákvörðun tekið innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

**13. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 5. apríl 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

**N. HELVEG PETERSEN**

forseti.

## I. VIÐAUKI

### SKILGREININGAR

#### I. KÖNNUNAREINING

Könnunareining er annaðhvort akurland (samanber skilgreiningu í II. viðauka) bújarðar<sup>(1)</sup> eða einn þeirra landskika sem eru valdir sem eining í heildarkönnun á akurlandi tiltekins aðildarríkis.

#### II.A. MAT Á LANDNÝTINGU GERT EFTIR Á (EX-POST)

Aðal- og eftirræktunarlönd könnunareiningar eru flokkuð sem hér segir:

##### Landsvæði könnunareiningar

##### 1. Almenn

Almenna reglan er sú að aðalræktunarland tiltekins skika könnunareiningar er, þ.e. þegar aðeins er um eina uppskeru að ræða á hverju uppskeruári á þeim skika sem um ræðir, ótvírátt skilgreint á forsendum þeirrar notkunar. (Í slíku tilviki er eftirræktunarland þess skika sem um ræðir ekkert).

##### 2. Sértilvik

##### 2.1. Samfelld ræktun

*Aðalræktunarland:* Ef skiki akurlands er nýttur oftar en einu sinni tiltekið uppskeruár (samfelld ræktun) og aðeins ein afurð er ræktuð í senn á landsvæðinu er landsvæðið, sem gefur af sér þá afurð sem hefur hæst framleiðslugildi, aðalræktunarland. Ef ekki er unnt að ákveða út frá framleiðslugildi hvaða afurð er aðalafurð ber að líta svo á að sú afurð, sem lengst hefur verið ræktuð á landsvæðinu, sé aðalafurðin.

*Eftirræktunarland:* Öll önnur nýting.

##### 2.2. Samræktun

*Aðalræktunarland:* Ef skiki akurlands er nýttur allt vaxtartímabilið tiltekið uppskeruár undir sömu fastákveðnu afurðasamsetningu (samræktun) er aðalræktunarlandi skipt hlutfallslega milli þeirra afurða sem um ræðir.

*Eftirræktunarland:* Í þessu tilviki er ekki um neitt eftirræktunarland að ræða.

##### 2.3. Blöndun samfelldrar ræktunar og samræktunar

*Aðalræktunarland:* Ef skiki akurlands er nýttur oftar en einu sinni tiltekið uppskeruár, og þannig að samfelldri ræktun og samræktun er blandað saman, ber að meta sérstaklega hverja samsetningu afurða á viðkomandi ræktunarlandi, sem er ræktuð samtímis, og líta svo á að sú samsetning eða einstök afurð sem hefur hæst framleiðslugildi sé aðalræktunarlandið. Ef aðalræktunarlandið er nýtt til samræktunar skiptist það hlutfallslega milli þeirra afurða sem um ræðir.

*Eftirræktunarland:* Öll önnur landnýting.

<sup>(1)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/651/EBE frá 26. október 1989 (Stjtið. EB nr. L 391, 30. 12. 1989, bls. 1).

**II.B. RAUNTÍMAMAT Á LANDNÝTINGU**

Með aðalræktunarlandi eða skráðu landsvæði á tilteknum skika könnunareiningar er átt við eiginlega nýtingu akurlands á þeim tíma, á því uppskeruári, sem tiltekinn er sem viðmiðunardagsetning fyrir könnun á landnýtingu.

Ef um samræktun er að ræða (sbr. lið 2.2 í II. þætti A) skiptist aðalræktunarland eða skráð landsvæði hlutfallslega milli þeirra afurða sem um ræðir.

## II. VIÐAUKI

## NÁKVÆM LÝSING LANDSVÆÐA SEM UM GETUR Í 1. OG 2. MGR. 2. GR.

Lýsing	Krónos-númer	Aðalræktunarlönd eða skráð svæði(he) (°)	Eftirræktunarlönd eða viðbótar svæði (he) (°)
A. <b>Allt korn</b> (¹)	1050		(*)
- Hrísgrión (¹)	1250		(*)
B. <b>Þurrkaðar belgjur</b>	1300		
- Gráertur (+)	1320		
- Aðrar þurrkaðar ertur	1311		
- Hestabaunir (+)	1335		
	(tekur til 1338)		
- Þurrkaðar baunir (+)	1331		
- Úlfabaunir (+)	1343		
- Aðrar þurrkaðar belgjur	1341, 1342, 1349		
C. <b>Rótarávéxtir</b>	1350		
- Kartöflur (+)	1360		
- Sykkurrófur(+) 1370			
- Fódursykkurrófur (+)	1381		
- Aðrir rótarávéxtir (t.d. fódurkál, næpur)	1382		
D. <b>Iðnaðarplöntur</b>	1400		
- Repja og arfanæpa (+)	1420		
- Sólblómafræ (+)	1450		
- Sojabaunir (+)	1470		
- Trefjalín og línfræ (+)	1520 + 1460		
- Baðmull og baðmullarfræ (+)	1540 + 1490		
- Önnur olíuauðug fræ (t.d. valmúufræ, sinnepsfræ, sesamfræ)	1480		
	(fyrir utan 1490)		
- Hampur (+)	1530		
- Tóbak (+)	1550		
- Humall (+)	1560		
- Aðrar iðnaðarplöntur (t.d. textíllöntur, lækningajurtir, ilmurtir, kryddurtir)	1570 + 1571		
E. <b>Allar fódurjurtir</b> (af akurlandi)		2600	
- Grænfóður af akurlandi:	2610		
- Fódurmaís (+)		2625	
- Annað grænfóður	2612, 2671, 2672 og 2673		
- Skammtímagrös og -beitarjurtir	2680		
F. <b>Ferskt grænmeti</b> (m.a. jarðarber)			
- utan húss eða undir lágu óaðgengilegu skýli (²)	1600 + 2260		(*)
G. <b>Blóm og skrautjurtir</b>			
- utan húss eða undir lágu óaðgengilegu skýli (²)	3001		(*)

Lýsing	Krónos-númer	Aðalræktunarláand eða skráð svæði(he) <sup>(6)</sup>	Eftirræktunarláand eða viðbótar svæði (he) <sup>(6)</sup>
H. Landsvæði þar sem frærækt fer fram <sup>(3)</sup>	3310		(*)
I. Ósáð land, m.a. svæði með grænum áburði	2696		(*)
J. Akurland (A - I) <sup>(2)</sup>	0001		(*)
K. Graslendi að staðaldri	0002		(*)
L. Land undir fjölæra ræktun (f. utan jarðarber)	(0003-2260)		(*)
Þar með talið:			
Aldingarðar	2040		(*)
Vínekrur	2410		(*)
Ólífuekrur	2450		(*)
M. Gróðurhúsaræktun <sup>(4)</sup>	1111		(*)
Þar með talið:			
Ferskt grænmeti	1112	(*)	(*)
Blóm og skrautjurtir	1113	(*)	(*)
Fjölær ræktun	1114	(*)	(*)
N. Önnur svæði, þ.m.t. matjurtagarðar <sup>(5)</sup>	0004		(*)
O. Hagnýtt landbúnaðarsvæði (A - I) + (K - N)	0005		(*)

<sup>(1)</sup> Gögnum um korn og hrisgrjón hefur þegar verið safnað í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90 frá 26. mars 1990.

<sup>(2)</sup> Á ekki við ræktun í gróðurhúsum eða undir háu (aðgengilegu) skýli (nýtingarkönnunarkóðar D/15, D/17 og G/07) og heldur ekki matjurtagarða.

<sup>(3)</sup> Í samræmi við skilgreiningu í I. viðauka, kóði D/19, við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/651/EBE frá 26. október 1989.

<sup>(4)</sup> Ræktun í gróðurhúsum eða undir háu (aðgengilegu) skýli á við ferskt grænmeti, blóm og skrautjurtir og einnig alla fjölæra ræktun.

<sup>(5)</sup> Danmörku, Hollandi og Breska konungsríkinu ber ekki að skila gögnum um landsvæði undir matjurtagarða.

<sup>(6)</sup> Sjá skilgreiningu í I. viðauka.











(+) Viðkomandi afurð er einnig að finna í III. viðauka.

(\*) Merkir að valfrjálst sé að skila gögnum.



## III. VIÐAUKI

## NÁKVÆM LÝSING AFURÐA SEM UM GETUR Í 3. MGR. 2. GR.

Lýsing	Krónosnúmer	Afrakstur (100 kg/he)	Framleiðsla (1 000 t)
<b>B. Þurrkaðar belgurtir</b>	1300		
- Gráertur	1320		
- Breiðbaunir og hestabaunir	1335 (þ.m.t. 1338)		
- Nýrnabaunir	1331		
- Úlfabaunir	1343		
<b>C. Rótarávextir</b>	1350		
- Kartöflur	1360		
- Sykkurrófur	1370		
- Fóðursykkurrófur (*)	1381		
<b>D. Iðnaðarplöntur</b>	1400		
- Repja og arfanæpa	1420		
- Sólblómafræ	1450		
- Sojabaunir	1470		
- Línfræ	1460		
- Baðmullarfræ	1490		
- Spunabaðmull	1540		
- Trefjalín	1520		
- Hampur	1530		
- Tóbak	1550		
- Humall	1560		
<b>E. Valdar fódurafurðir</b>			
Þar með talið:			
- Fóðurmaís (*)	2625		
- Skammæ grös og beitarjurtir (*)	2680		

(\*) Valfrjálst.

 Ekki er krafist upplýsinga um afrakstur.

Ath.: Gögnum um korn og hrísgrjón hefur þegar verið safnað í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90 frá 26. mars 1990.

## IV. VIÐAUKI

**KRÖFUR UM NÁKVÆMNI UPPLÝSINGA SEM AÐILDARRÍKJUNUM BER AÐ LÁTA Í  
TÉ UM FLOKKA LANDSVÆÐA SEM UM GETUR Í 3. MGR. 4. GR.**

Krónos-númer	Lýsing	Hæsti leyfilegi frávíksstuðull (%)	Hæsta leyfilega staðalskekkja (he)
1300	B. Þurrkaðar belgjurtir	3	5 000 he
1350	C. Rótarávextir	3	5 000 he
1400	D. Iðnaðarplöntur	3	5 000 he
2600	E. Allar fóðurjurtir (af akurlandi) <sup>(1)</sup>	2	5 000 he
1600 + 2260	F. Ferskt grænmeti (þ.m.t. jarðarber)	3	5 000 he
2696	I. Ósáð land, m.a. svæði með grænum áburði	3	5 000 he

(<sup>1</sup>) Með öllum fóðurjurtum (af akurlandi) er átt við:








- a) grænfóður af akurlandi (Krónos-númer 2610); og
- b) skammæ grös og beitarjurtir (Krónos-númer 2680).

*Ath.:* Kröfur um nákvæmni að því er varðar korn og hrisgrjón hafa þegar verið settar fram í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90 frá 26. mars 1990.

Hástafirnir B, C, D, E, F og I vísa til fyrirsagna í II. viðauka.

## V. VIÐAUKI

## NÁKVÆM LÝSING LANDSVÆÐA OG FRAMLEIÐSLU SEM UM GETUR Í 6. GR.

Lýsing	Krónos-númer	Ræktuð landsvæði (1 000 he) <sup>(2)</sup>	Framleiðsla (1 000 t)
B. Þurrkaðar belgjur (alls)	1300	.	
Undir C:			
- Sykkurófur	1370	.	
Undir D:			
- Olíuauðug fræ <sup>(1)</sup>	1410	.	
- Repja og arfanæpa	1420	.	
- Sólblómafræ	1450	.	
- Sojabaunir	1470	.	
- Trefjalín og línfræ	1460 + 1520	.	
- Baðmull og baðmullarfræ	1490 + 1540	.	
- Tóbak	1550	.	
I. Ósáð land, m.a. svæði með grænum áburði	2696	.	
J. Akurland (alls)	0001 + 2260	.	
K. Graslendi að staðaldri	0002	.	
L. Land undir fjölæra ræktun	0003 - 2260	.	
- Aldingarðar	2040	.	
- Vínekrur	2410	.	
- Ólífuekrur	2450	.	
O. Hagnýtt landbúnaðarsvæði	0005	.	

<sup>(1)</sup> Fyrir utan landsvæði með olíulín og baðmullarfræ.

<sup>(2)</sup> Ræktuð landsvæði eru summan af aðal- og eftirræktunarlöndum eða skráðum landsvæðum og viðbótarlandsvæðum að því er varðar aðildarríkin sem getið er í IX. viðauka og aðalræktunarlönd að því er varðar öll önnur aðildarríki.

 = Engra upplýsinga óskað.

\* = Veita ber upplýsingar.

Ath.: Hástafirnir B, C, D, I, J, K, L og O vísa til fyrirsagna í II. viðauka.

## VI. VIÐAUKI

## GÖGN UM EINSTAKA LANDSHLUTA SEM UM GETUR Í 6. GR.

Aðildarríki	Skipting í einstök svæði eftir
Belgique – België	Provinces/Provincies – Vlaas Gewest/région wallone
Danmark	-
BR Deutschland	Bundesländer
Ελλάδα	Υπηρεσίες Περιφερειακής Ανάπτυξης <sup>(1)</sup>
España	Comunidades autónomas
France	Régions de programme
Ireland	-
Italia	Regioni
Luxembourg	-
Nederland	Provincies
Portugal	NUTS II <sup>(1)</sup>
United Kingdom	Standard regions

<sup>(1)</sup> Leggja ber fram gögn um einstök svæði í síðasta lagi þremur árum eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

NUTS = Flokkun hagskýrslusvæða.

## VII. VIÐAUKI

## FRESTUR SEM UM GETUR Í 3. MGR. 7. GR. TIL AÐ GERA GREIN FYRIR BRÁÐABIRGÐAMATI Á AFRAKSTRI OG FRAMLEIÐSLUMAGNI VALINNA AFURÐA INNANLANDS

Lýsing	Krónos-númer	Frestur	Áætlaður meðalafrakstur (100 kg/he)	Áætluð uppskorin framleiðsla alls (1 000 t)
B - Gráertur	1320	1. október		
- Breiðbaunir og hestabaunir	1335 til og með 1338	1. október		
C - Kartöflur	1360	1. desember		
- Sykkurrófur	1370	1. desember		
- Fóðursykkurrófur	1381	1. desember		
D - Repja og arfanæpa	1420	1. nóvember		
- Sólblómafræ	1450	1. nóvember		
- Sojabaunir	1470	1. desember		
- Línfræ	1460	1. desember		
- Baðmullarfræ	1490	1. desember		
- Tóbak	1550	1. október		

= Upplýsinga er ekki óskað.

Ath.: Gögn um korn og hrísgrjón hefur þegar verið safnað í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90 frá 26. mars 1990.

VIII. VIÐAUKI

LANDSVÆÐI SEM Hafa TAKMARKAÐA ÞÝÐINGU OG LANDSVÆÐI SEM SKAL FJALLA UM Í REGLULEGUM HAGSKÝRSLUKÖNNUNUM

Krónos-númer	Aðalræktunarland eða skráð landsvæði	B	DK	D	EL	E	F	IRL	I	L	NL	P	UK	
1300	B. <i>Þurrkaðar belgjurtir</i>	m	.	.	.	.	.	m	.	.	.	.	.	1
1320	Gráertur	-	.	.	m	m	.	m	.	.	.	m	.	2
1311	Aðrar baunir	m	m	m	m	m	m	-	m	m	m	m	.	3
1335	Breiðbaunir og hestabaunir (þ.m.t. 1338)	m	-	.	.	.	.	m	.	m	m	m	.	4
1331	Matbaunir	m	-	m	.	m	m	-	.	m	m	.	.	5
1343	Úlfabaunir	-	-	m	m	m	m	-	m	-	-	m	m	6
1341	}													
1342														
1349														
1350	C. <b>Rótarávextir</b>	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	8
1360	Kartöflur	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	9
1370	Sykurrófur	.	.	.	.	.	.	.	.	m	.	m	.	10
1381	Fóðursykurrófur	.	.	.	-	m	.	.	.	m	m	m	m	11
1382	Aðrir rótarávextir	m	m	m	m	m	.	.	.	m	m	m	.	12
1400	D. <b>Iðnaðarplöntur</b>	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	13
1420	Repja og arfanæpa	.	.	.	-	m	.	m	.	.	.	m	.	14
1430	Sólblómafræ	-	-	.	.	.	.	-	.	-	-	.	-	15
1470	Sojabaunir	-	-	m	.	m	.	-	.	-	-	m	-	16
1460 + 1520	Trefjalín og línfræ	.	m	m	-	-	.	m	m	-	m	m	.	17
1490 + 1540	Spunabaðmull og baðmullarfræ	-	-	-	.	.	m	-	m	-	-	m	-	18
1480 (f. utan 1490)	Önnur olíuauðug fræ (t.d. valmúafrae, sinnepsfræ, sesamfræ)	m	m	m	m	m	m	-	m	.	m	m	.	19
1530	Hampur-	-	-	-	-	-	m	-	m	.	-	-	.	20
1550	Tóbak	m	-	m	.	.	.	-	.	-	-	m	-	21
1560	Humall	m	-	.	-	m	m	m	m	.	-	m	m	22
1570 + 1571	Aðrar iðnaðarplöntur	m	-	m	m	m	m	-	m	m	m	m	.	23
2600	E. <b>Allar fóðurjurtir (af akurlandi)</b>	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	24
2610	Grænfóður af akurlandi	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	25
2625	Fóðurmaís	.	.	.	m	.	.	m	.	.	.	.	.	26
2680	Skammtímagrös og –beitarjurtir	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	27
2612	}													
2671														
2672														
2673														

Krónos-númer	Aðalræktunarland eða skráð landsvæði	B	DK	D	EL	E	F	IRL	I	L	NL	P	UK	
1600 + 2260	F. <b>Ferskt grænmeti</b>	.	.	.	.	.	.	m	.	m	.	.	.	29
3001	G. <b>Blóm og skrautjurtir</b>	m	m	.	.	m	.	m	.	m	.	m	.	30
3310	H. <b>Landsvæði þar sem frærækt fer fram</b>	m	.	.	.	m	.	m	.	m	.	m	m	31
2696	I. <b>Ósáð land, m.a. svæði með grænum áburði</b>	.	.	.	.	.	.	.	.	m	.	.	.	32

- = Ber að taka með í reglulegri hagskýrslukönnun sem um getur í 1. mgr. 3. gr.
- m = Landsvæði með takmarkaða þýðingu (þ.e. landsvæði minni en 5 000 ha og undir 1% af ræktunarlandi í viðkomandi aðildarríki).
- = Afurðin er ekki ræktuð.

Ath.: Hástafirnir B, C, D, E, F, G, H og I vísa til fyrirsagna í II. viðauka.

## IX. VIÐAUKI

Eftirtöldum aðildarríkjum ber að fjalla um eftirræktunarlönd í árlegri hagskýrslukönnun:

- Grikklandi
- Spáni
- Ítalíu
- Portúgal.

Skilgreiningu á eftirræktunarlöndum er að finna í I. viðauka.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2597/95****frá 23. október 1995****um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á tilteknum svæðum utan Norðvestur-Atlantshafs, leggi fram aflaskýrslur(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Evrópubandalagið hefur fengið aðild að Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).

Samkvæmt bókuninni milli ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórnin láti Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) í té umbeðnar skýrslur.

Miðað við dreifræðisregluna er einungis hægt að ná markmiðum fyrirhugaðrar aðgerðar á grundvelli lagagernings bandalagsins þar sem framkvæmdastjórninni er einni kleift að koma á nauðsynlegri samræmingu tölfraðilegra upplýsinga á vettvangi bandalagsins en gerð fiskiskýrslna og nauðsynlegt skipulag til að vinna úr og hafa eftirlit með áreiðanleika þeirra er aftur á móti fyrst og fremst á ábyrgð aðildarríkjanna.

Hin sérhæfða aðferð sem er notuð við samantekt umræddra skýrslna bandalagsins, sem byggjast á innlendum hagtolukerfum, krefst sérlega náinnar samvinnu framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, einkum innan fastanefndarinnar um landbúnaðar-skýrslur sem komið var á fót með ákvörðun 72/279/EBE <sup>(3)</sup>.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Hvert aðildarríki skal afhenda framkvæmdastjórninni aflatölur fiskiskipa sem eru skráð í því aðildarríki, eða sigla undir fána þess, og stunda veiðar á tilteknum svæðum utan Norður-

Atlantshafs, og skal taka tilhlýðilegt tillit til reglugerðar ráðsins (KBE/EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins <sup>(4)</sup>.

Aflatölur skulu taka til allra fiskafurða sem hefur verið landað eða umskipað á sjó í hvaða mynd sem er, en ekki til afla sem er hent í sjóinn, neytt um borð eða notaður til beitu um borð. Aflatölur skulu skráðar sem „fiskur upp úr sjó“ (líffþyngd) samsvarandi þeim afurðum sem er landað eða umskipað á hafi úti, jafnað að næsta heila tonni.

**2. gr.**

1. Aflatölur skulu gefnar upp fyrir hvert aðalafslasvæði og svæðishluta þeirra sem eru talin upp í 1. viðauka, lýst í 2. viðauka og sýnd í 3. viðauka. Tegundir hvers aðalafslasvæðis, sem krafist er gagna um, eru skráðar í 4. viðauka.

2. Skila skal aflatölum fyrir hvert almanaksár í síðasta lagi sex mánuðum eftir árslok.

3. Ef skip aðildarríkis samkvæmt 1. gr. hafa ekki veitt á aðalafslasvæði á almanaksárinu skal aðildarríkið tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Hafi hins vegar fiskveiðar verið stundaðar á aðalafslasvæði er þess einungis krafist að lögð sé fram skýrsla um afla sem var skráður á skýrsluárinu, flokkaður eftir tegundum og svæðishlutum.

4. Aflatölur yfir tegundir, sem skip aðildarríkis veiða og skipta litlu máli þar, þarf ekki að færa sérstaklega í skýrslunum og mega þær vera hluti af heildarfærslu að því tilskildu að þyngd afurða, sem skráðar eru á þann hátt, sé ekki meiri en 5% af þyngd heildaraflans á því aðalafslasvæði.

5. Heimilt er að breyta skrá yfir aflaskýrslusvæði, svæðishluta þeirra og tegundir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 270, 13. 11. 1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 329, 25. 11. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 363, 19. 12. 1994, bls. 60.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 179, 7. 8. 1972, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.



**3. gr.**

Ef ekki er kveðið á um annað í ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt sameiginlegri fiskveiðistefnu er aðildarríki heimilt að nota sýnatökuaðferðir við samantekt aflatalna fyrir þann hluta fiskveiðiflotans þar sem heildarskráning hefði í för með sér íþyngjandi stjórnsýslumeðferð. Í skýrslunni, sem lögð er fram samkvæmt 1. mgr. 6. gr., skal aðildarríki veita nánari upplýsingar um sýnatökuaðferðir og um hversu stórt hlutfall heildartölnunnar er fengið með slíkum aðferðum.

**4. gr.**

Aðildarríki skulu standa við skuldbindingar sínar samkvæmt 1. og 2. gr. með því að afhenda gögnin á segulnæmum geymslumiðli og er snið hans gefið upp í 5. viðauka.

Að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar mega aðildarríkin afhenda gögn sem eru með öðru sniði eða á öðrum miðli.

**5. gr.**

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni fastanefndar um landbúnaðarskýrslur, hér á eftir kölluð „nefndin“, að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formanninum er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. EB-sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3.a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

**6. gr.**

1. Innan tólf mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin afhenda framkvæmdastjórninni skýrslu þar sem fram kemur hvernig aflatölur eru reiknaðar og hversu vel þær lýsa aflanum og hversu áreiðanlegar þær eru. Framkvæmdastjórnin skal taka saman yfirlit yfir þessar skýrslur fyrir umræðu í þar til bærnum vinnuhópi á vegum fastanefndar um landbúnaðarskýrslur.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, innan þriggja mánaða, um allar breytingar á þeim upplýsingum sem eru látnar í té samkvæmt 1. mgr.

3. Sýni aðferðaskýrslunnar sem um getur í 1. mgr. að aðildarríki getur ekki þegar í stað farið að kröfum þessarar reglugerðar, og að nauðsynlegt reynist að breyta rannsóknartækni og aðferðum við skýrslugerðina, getur framkvæmdastjórnin, í samvinnu við hlutaðeigandi aðildarríki innan fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur, mælt fyrir um allt að tveggja ára aðlögunartímabil til þess að ná markmiðum reglugerðarinnar.

4. Aðferðaskýrslunnar, bráðabirgðatilhögunin, aðgengi og áreiðanleiki gagna og annað sem máli skiptir við beitingu þessarar reglugerðar skal kannað tvisvar á ári í þar til bærnum vinnuhópi á vegum fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur.

**7. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1995.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 23. október 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

**P. SOLBES MIRA**

forseti.

## 1. VIÐAUKI

### SKRÁ YFIR AÐALAFLASVÆÐI FAO OG SVÆÐISHLUTA ÞEIRRA SEM SKYLT ER AÐ LEGGJA FRAM GÖGN UM

(Í 2. viðauka eru lýsingar á þessum svæðum og svæðishlutum þeirra)

#### MÍÐAUSTUR-ATLANTSHAF (aðalafllasvæði 34)

- 34.1.1. Stranddeilisvæðið við Marokkó
- 34.1.2. Deilisvæðið við Kanaríeyjar og Madeira
- 34.1.3. Stranddeilisvæðið við Sahara
- 34.2 Svæðishluti í norðurúthafi
- 34.3.1. Stranddeilisvæðið undan Grænhöfða
- 34.3.2. Deilisvæðið við Grænhöfðaejar
- 34.3.3. Deilisvæðið Sherbr
- 34.3.4. Deilisvæðið við Vestur-Gíneuflóa
- 34.3.5. Deilisvæðið við Mið-Gíneuflóa
- 34.3.6. Deilisvæðið við Suður-Gíneuflóa
- 34.4.1. Deilisvæðið við Suðvestur-Gíneuflóa
- 34.4.2. Deilisvæði í suðvesturúthafi

#### MÍÐJARÐARHAF OG SVARTAHAF (aðalafllasvæði 37)

- 37.1.1. Deilisvæðið Baleareyjar
- 37.1.2. Deilisvæðið Lionflói
- 37.1.3. Deilisvæðið Sardinía
- 37.2.1. Deilisvæðið Adríahaf
- 37.2.2. Deilisvæðið Jónahaf
- 37.3.1. Deilisvæðið Eyjahaf
- 37.3.2. Deilisvæðið fyrir botni Miðjarðarhafs (Levant)
- 37.4.1. Deilisvæðið Marmarahaf
- 37.4.2. Deilisvæðið Svartahaf
- 37.4.3. Deilisvæðið Asovshaf

#### SUÐVESTUR-ATLANTSHAF (aðalafllasvæði 41)

- 41.1.1. Deilisvæðið Amasón
- 41.1.2. Deilisvæðið Natal
- 41.1.3. Deilisvæðið Salvador
- 41.1.4. Deilisvæði í norðurúthafi
- 41.2.1. Deilisvæðið Santos
- 41.2.2. Deilisvæðið Rio Grande
- 41.2.3. Deilisvæðið Platense
- 41.2.4. Deilisvæði í miðúthafi
- 41.3.1. Deilisvæðið Norður-Patagónía
- 41.3.2. Deilisvæðið Suður-Patagónía
- 41.3.3. Deilisvæði í suðurúthafi

**SUÐAUSTUR-ATLANTSHAF (aðalafslasvæði 47)**

- 47.1.1. Deilissvæðið Palmeirinhöfði
- 47.1.2. Deilissvæðið Salinashöfði
- 47.1.3. Deilissvæðið Cunene
- 47.1.4. Deilissvæðið Krosshöfði
- 47.1.5. Deilissvæðið Oraníuá
- 47.1.6. Deilissvæðið Góðrarvonarhöfði
- 47.2.1. Deilissvæðið Mið-Agulhas
- 47.2.2. Deilissvæðið Austur-Agulhas
- 47.3. Svæðishluti í suðurúthafi
- 47.4. Svæðishlutinn Tristan da Cunha
- 47.5. Svæðishlutinn Sankti Helena og Ascension

**VESTUR-INDLANDSHAF (aðalafslasvæði 51)**

- 51.1. Svæðishlutinn Rauðahaf
- 51.2. Svæðishlutinn Persaflói
- 51.3. Svæðishlutinn Vestur-Arabíuflói
- 51.4. Svæðishlutinn Austur-Arabíuflói, Laccadiveeyjar og Srí Lanka
- 51.5. Svæðishlutinn Sómalía, Kenýa og Tansaníu
- 51.6. Svæðishlutinn sundið milli Madagaskars og Mósambíks
- 51.7. Svæðishluti í úthafi
- 51.8.1. Deilissvæðið Marion- og Edwardeyjar
- 51.8.2. Deilissvæðið Sambesí

## 2. VIÐAUKI

### MÍÐAUSTUR-ATLANTSHAF (aðalafllasvæði 34)

Í A-hluta 3. viðauka eru sýnd mörk og svæðishlutar, deilivæði og deilivæðishlutar Mið austur-Atlantshafs (aðalafllasvæði 34 (Mið austur-Atlantshaf)). Lýsing á svæðinu, svæðishlutum þess, deilivæðum og deilivæðishlutum fylgir með. Í Mið austur-Atlantshafi eru öll hafsvæði Atlantshafsins með línu sem hér segir:

frá punkti við háflæðimark Norður-Afríku á 5°36' vestlægrar lengdar í suðvesturátt eftir háflæðimarki með ströndinni að punkti á Ponta do Padrão (6°04'36" suðlægrar breiddar og 12°19'48" austlægrar lengdar); þaðan eftir kompáslínu í norðvesturátt að punkti á 6°00' suðlægrar breiddar og 12°00' austlægrar lengdar; þaðan í hávestur eftir 6°00' suðlægrar breiddar að 20°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að miðbaug; þaðan í hávestur að 30°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að 5°00' norðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að 40°00' vestlægrar lengdar, þaðan í hánorður að 36°00' norðlægrar breiddar; þaðan í háaustur að Punta Marroqui á 5°36' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að upphafspunkti á strönd Afríku.

Mið austur-Atlantshafi er skipt í deilivæðishluta sem hér segir:

#### Svæðishluti norðurstrandar (svæðishluti 34.1)

a) *Stranddeilivæðið við Marokkó (deilivæði 34.1.1)*

Hafsvæðið sem liggur milli 36°00' norðlægrar breiddar og 26°00' norðlægrar breiddar, og austan línu sem er dregin í hásuður frá 36°00' norðlægrar breiddar eftir 13°00' vestlægrar lengdar að 29°00' norðlægrar breiddar, og þaðan in suðvesturátt eftir kompáslínu að punkti á 26°00' norðlægrar breiddar og 16°00' vestlægrar lengdar.

b) *Deilivæðið við Kanaríeyjar og Madeira (deilivæði 34.1.2)*

Hafsvæðið sem liggur milli 36°00' norðlægrar breiddar og 26°00' norðlægrar breiddar, og milli 20°00' vestlægrar lengdar og línu sem er dregin frá 36°00' norðlægrar breiddar eftir 13°00' vestlægrar lengdar að 29°00' norðlægrar breiddar, og þaðan eftir kompáslínu að punkti á 26°00' norðlægrar breiddar og 16°00' vestlægrar lengdar.

c) *Stranddeilivæðið við Sahara (deilivæði 34.1.3)*

Hafsvæðið sem liggur milli 26°00' norðlægrar breiddar og 19°00' norðlægrar breiddar og austan 20°00' vestlægrar lengdar.

#### Svæðishluti í norðurúthafi (svæðishluti 34.2)

Hafsvæðið sem liggur milli 36°00' norðlægrar breiddar og 20°00' norðlægrar breiddar og milli 40°00' vestlægrar lengdar og 20°00' vestlægrar lengdar.

#### Svæðishluti suðurstrandar (svæðishluti 34.3)

a) *Stranddeilivæðið undan Grænhöfða (deilivæði 34.3.1)*

Hafsvæðið sem liggur milli 19°00' og 9°00' norðlægrar breiddar, og austan 20°00' vestlægrar lengdar.

b) *Deilivæðið við Grænhöfðaeysjar (deilivæði 34.3.2)*

Hafsvæðið sem liggur milli 20°00' norðlægrar breiddar og 10°00' norðlægrar breiddar, og milli 30°00' vestlægrar lengdar og 20°00' vestlægrar lengdar.

c) *Deilivæðið Sherbro (deilivæði 34.3.3)*

Hafsvæðið sem liggur milli 9°00' norðlægrar breiddar og miðbaugs, og milli 20°00' vestlægrar lengdar og 8°00' vestlægrar lengdar.

d) *Deilivæðið við Vestur-Gíneuflóa (deilivæði 34.3.4)*

Hafsvæðið sem liggur norðan miðbaugs, og milli 8°00' vestlægrar lengdar og 3°00' austlægrar lengdar.

e) *Deilivæðið við Mið-Gíneuflóa (deilivæði 34.3.5)*

Hafsvæðið sem liggur norðan miðbaugs, og austan 3°00' austlægrar lengdar.

f) *Deilivæðið við Suður-Gíneuflóa (deilivæði 34.3.6)*

Hafsvæðið sem liggur milli miðbaugs og 6°00' suðlægrar breiddar, og austan 3°00' austlægrar lengdar. Deilivæðinu tilheyrir einnig hafsvæðið við mynni Kongófljóts sem liggur suður af 6°00' suðlægrar breiddar innan línu sem er dregin frá punkti við Ponta do Padrão (6°04'36" suðlægrar breiddar og 12°19'48" austlægrar lengdar) eftir kompáslínu í norðvesturátt að punkti við 6°00' suðlægrar breiddar og 12°00' austlægrar lengdar, og þaðan í háaustur eftir 6°00' suðlægrar breiddar að strönd Afríku og þaðan með strönd Afríku að upphafspunkti við Ponta do Padrão.

**Svæðishluti í suðurúthafi (svæðishluti 34.4)**a) *Deilivæðið við Suðvestur-Gíneuflóa (deilivæði 34.4.1)*

Hafsvæðið sem liggur milli miðbaugs og 6°00' suðlægrar breiddar, og milli 20°00' vestlægrar lengdar og 3°00' austlægrar lengdar.

b) *Deilivæði í suðvesturúthafi (deilivæði 34.4.2)*

Hafsvæðið sem liggur milli 20°00' norðlægrar breiddar og 5°00' norðlægrar breiddar, og milli 40°00' vestlægrar lengdar og 30°00' vestlægrar lengdar; hafsvæðið sem liggur milli 10°00' norðlægrar breiddar og miðbaugs, og milli 30°00' vestlægrar lengdar og 20°00' vestlægrar lengdar.

**MIÐJARÐARHAF OG SVARTAHAF (aðalafllasvæði 37)**

Í B-hluta 3. viðauka eru sýnd mörk og svæðishlutar og deilivæði Miðjarðarhafs og Svartahafs (aðalafllasvæði 37). Lýsing á þessu svæði og deilivæðishlutum þess fylgir með.

Undir skýrslusvæði Miðjarðarhafs og Svartahafs falla hafsvæðin a) Miðjarðarhaf; b) Marmarahaf; c) Svartahaf og d) Asovshaf. Með hafsvæðum er einnig átt við ísölt lón og önnur svæði þar sem fiskar og aðrar sjávarlífverur ríkjja. Vestur- og suðausturmörk eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

- a) vesturmörk: lína sem liggur í hásuður eftir 5°36' vestlægrar lengdar frá Punta Marroqui að strönd Afríku;
- b) suðausturmörk: norðurmynni Súesskurðar (Miðjarðarhaf).

**SVÆÐISHLUTAR OG DEILISVÆÐI SKÝRSLUSVÆÐIS MIÐJARÐARHAFS**

**Vesturhluti Miðjarðarhafs (svæðishluti 37.1)** skiptist í eftirtalin deilissvæði:

a) *Baleareyjar (deilissvæði 37.1.1)*

Hafsvæðið í vesturhluta Miðjarðarhafs sem markast af línu sem byrjar við strönd Afríku á landamærum Alsírs og Túnis og liggur í hánorður að 38°00' norðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að 8°00' austlægrar lengdar; þaðan í hánorður að 41°20' norðlægrar breiddar; þaðan í vesturátt eftir kompáslínu að strönd meginlandsins á austurmörkum landamæra Frakklands og Spánar; þaðan með spænsku ströndinni að Punta Marrouqui; þaðan í hásuður eftir 5°36' vestlægrar lengdar með strönd Afríku; þaðan í austurátt að strönd Afríku að upphafspunkti.

b) *Lionflói (deilissvæði 37.1.2)*

Hafsvæðið í norðvesturhluta Miðjarðarhafs sem markast af línu sem byrjar á strönd meginlandsins á austurmörkum landamæra Frakklands og Spánar og liggur í austurátt eftir kompáslínu að 8°00' austlægrar lengdar 41°20' norðlægrar breiddar; þaðan í norðurátt eftir kompáslínu að strönd meginlandsins við landamæri Frakklands og Ítalíu; þaðan í suðvesturátt eftir strönd Frakklands að upphafspunkti.

c) *Sardínía (deilissvæði 37.1.3)*

Tyrrenahaf og aðliggjandi hafsvæði sem markast af línu sem byrjar á strönd Afríku á landamærum Alsírs og Túnis og liggur í hánorður að 38°00' norðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að 8°00' austlægrar lengdar; þaðan í hánorður að 41°20' norðlægrar breiddar; þaðan í norðurátt eftir kompáslínu að strönd meginlandsins á landamærum Frakklands og Ítalíu; þaðan eftir strönd Ítalíu að 38°00' norðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir 38°00' norðlægrar breiddar að strönd Sikileyjar; þaðan með norðurströnd Sikileyjar að Trapani; þaðan eftir kompáslínu að Bonnhöfða; þaðan í vesturátt með strönd Túnis að upphafspunkti.

**Miðhluti Miðjarðarhafs (svæðishluti 37.2)** skiptist í eftirtalin deilissvæði:

a) *Adríahaf (deilissvæði 37.2.1)*

Adríahaf norðan línu sem liggur frá landamærum Albaníu og fyrrverandi lýðveldisins Júgóslavíu á austurströnd Adríahafs í hávestur að Garganohöfða á strönd Ítalíu.

b) *Jónahaf (deilissvæði 37.2.2)*

Miðhluti Miðjarðarhafs og aðliggjandi hafsvæði, mörkuð af línu sem byrjar á 25°00' austlægrar lengdar á strönd Norður-Afríku og liggur í hánorður að 34°00' norðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að 23°00' austlægrar lengdar; þaðan í hánorður að strönd Grikklands; þaðan með vesturströnd Grikklands og strönd Albaníu að landamærum Albaníu og fyrrverandi lýðveldisins Júgóslavíu; þaðan í hávestur að Garganohöfða á strönd Ítalíu; þaðan með strönd Ítalíu að 38°00' norðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir 38°00' norðlægrar breiddar að strönd Sikileyjar; þaðan með norðurströnd Sikileyjar að Trapani; þaðan eftir kompáslínu frá Trapani að Bonnhöfða; þaðan í austurátt með strönd Norður-Afríku að upphafspunkti.

**Austurhluti Miðjarðarhafs (svæðishluti 37.3)** skiptist í eftirtalin deilissvæði:

a) *Eyjahaf (deilissvæði 37.3.1)*

Eyjahaf og aðliggjandi hafsvæði sem markast af línu sem byrjar á suðurströnd Grikklands á 23°00' austlægrar lengdar og liggur í hásuður að 34°00' norðlægrar breiddar; þaðan í háaustur að 29°00' austlægrar lengdar; þaðan í hánorður að strönd Tyrklands; þaðan með vesturströnd Tyrklands að Kum Kale; þaðan eftir kompáslínu sem liggur frá Kum Kale að Hellashöfða; þaðan með ströndum Tyrklands og Grikklands að upphafspunkti.

b) *Svæðið fyrir botni Miðjarðarhafs (Levant) (deilivæði 37.3.2)*

Hafsvæði í Miðjarðarhafi austan línu sem byrjar á strönd Norður-Afríku á 25°00' austlægrar lengdar og liggur í hánorður að 34°00' norðlægrar breiddar; þaðan í háaustur að 29°00' austlægrar lengdar; þaðan í hánorður að strönd Tyrklands; þaðan með ströndum Tyrklands og annarra landa við austurhluta Miðjarðarhafs að upphafspunkti.

**Svartahaf (svæðishluti 37.4) skiptist í eftirtalin deilivæði:**a) *Marmarahaf (deilivæði 37.4.1)*

Marmarahaf markast í vestri af línu sem liggur frá Hellashöfða að Kum Kale við mynni Hellusunds; og í austri af línu sem liggur yfir Bospórusund frá Kumdere.

b) *Svartahaf (deilivæði 37.4.2)*

Svartahaf og aðliggjandi hafsvæði sem markast í suðvestri af línu sem liggur yfir Bospórusund frá Kumdere og markast í norðaustri af línu sem liggur frá Takilodda á Kerchskaga að Panagijaodda á Tamanskaga.

c) *Asovshaf (deilivæði 37.4.3)*

Asovshaf norðan línu sem liggur meðfram suðurmynni Kerchsunds, og byrjar við Takilodda á 45°06'N og 36°27'A á Kerchskaga, og liggur þvert yfir sundið að Panagijaodda á 45°08'N og 36°38'A á Tamanskaga.

**SUÐVESTUR-ATLANTSHAF (aðalafsvæði 41)**

Í C-hluta 3. viðauka eru sýnd mörk og deilivæðishlutar í Suðvestur-Atlantshafi (aðalafsvæði 41).

Lýsing á þessum svæðum fylgir.

Suðvestur-Atlantshaf (aðalafsvæði 41) er skilgreint sem hafsvæði sem markast af línu sem byrjar á strönd Suður-Ameríku með breiddarbaug 5°00' norðlægrar breiddar að lengdarbaug á 30°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að miðbaug; þaðan í háaustur að lengdarbaug á 20°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 50°00' suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að lengdarbaug á 50°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 60°00' suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að lengdarbaug á 67°16' vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að punkti á 56°22'S 67°16'V; þaðan í háaustur eftir línu á 56°22'S að punkti á 65°43'V; eftirfarandi lína sameinast punktum á 55°22'S 65°43'V, 55°11'S 66°04'V, 55°07'S 66°25'V; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

Suðvestur-Atlantshafi er skipt í eftirtalin deilivæði:

*Deilivæðið Amasón (deilivæði 41.1.1)*

Allt hafsvæðið sem markast af línu sem byrjar á strönd Suður-Ameríku á 5°00' norðlægrar breiddar og liggur eftir þessum breiddarbaug þar til hann skerst við lengdarbaug á 40°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að punkti þar sem þessi lengdarbaugur sker strönd Brasilíu; þaðan í norðvesturátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

*Deilivæðið Natal (deilivæði 41.1.2)*

Hafsvæðið sem markast af línu í hánorður frá strönd Brasilíu með lengdarbaug á 40°00' vestlægrar lengdar þar til hún sker miðbaug; þaðan í háaustur eftir miðbaug að lengdarbaug á 32°00'V; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 10°00' suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur þar sem breiddarbaugur á 10°00'S sker strönd Suður-Ameríku; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

*Deilivæðið Salvador (deilivæði 41.1.3)*

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá strönd Suður-Ameríku á 10°00' suðlægrar breiddar þangað sem hún sker lengdarbaug á 35°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 20°00' suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að strönd Suður-Ameríku; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

*Deilivæði í norðurúthafi (deilivæði 41.1.4)*

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá 5°00'N 40°00'V að lengdarbaug á 30°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að miðbaug; þaðan í háaustur að lengdarbaug á 20°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 20°00' suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að lengdarbaug á 35°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að breiddarbaug á 10°00' suðlægrar breiddar; þaðan í háaustur að lengdarbaug á 32°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að miðbaug; þaðan í hávestur að lengdarbaug á 40°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að upphafspunkti.

*Deilivæðið Santos (deilivæði 41.2.1)*

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá strönd Suður-Ameríku á 20°00' suðlægrar breiddar þangað sem hún sker lengdarbaug á 39°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 29°00' suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að strönd Suður-Ameríku; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

*Deilivæðið Rio Grande (deilivæði 41.2.2)*

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá strönd Suður-Ameríku á 29°00' suðlægrar breiddar þangað sem hún sker lengdarbaug á 45°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 34°00' suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að strönd Suður-Ameríku; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

*Deilivæðið Platense (deilivæði 41.2.3)*

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá strönd Suður-Ameríku á 34°00' suðlægrar breiddar þangað sem hún sker lengdarbaug á 50°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 40°00' suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að strönd Suður-Ameríku; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

*Deilivæði í miðúthafi (deilivæði 41.2.4)*

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá 20°00'S 39°00'V að lengdarbaug á 20°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 40°00' suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að lengdarbaug á 50°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að breiddarbaug á 34°00' suðlægrar breiddar; þaðan í háaustur að lengdarbaug á 45°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að breiddarbaug á 29°00' suðlægrar breiddar; þaðan í háaustur að lengdarbaug á 39°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að upphafspunkti.

*Deilivæðið Norður-Patagónía (deilivæði 41.3.1)*

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá strönd Suður-Ameríku á 40°00' suðlægrar breiddar þangað sem hún sker lengdarbaug á 50°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 48°00' suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að strönd Suður-Ameríku; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

*Deilivæðið Suður-Patagónía (deilivæði 41.3.2)*

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá strönd Suður-Ameríku á 48°00' suðlægrar breiddar þangað sem hún sker lengdarbaug á 50°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 60°00' suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að lengdarbaug á 67°16' vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að punkti á 56°22'S 67°16'V; þaðan eftir kompáslínu sem tengir punktana á 56°22' S 65°43'V; 55°22' S 65°43'V; 55°11' S 66°04'V; 55°07' S 66°25'V; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.



*Deilivæði í suðurúthafi (deilivæði 41.3.3)*

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá 40°00' S 50°00' V að lengdarbaug á 20°00' vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 50°00' suðlægrar breiddar; þaðan í hánorður að upphafspunkti.

**SUÐAUSTUR-ATLANTSHAF (aðalafllasvæði 47)**

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.

**3. gr.****Skilgreiningar**

Skilgreiningarnar, sem ber að styðjast við þegar gögn eru lögð fram, er að finna í II. viðauka. Útiloki innlendar venjur eða stjórnsýslufyrirmæli að þessum skilgreiningum sé fylgt nákvæmlega skal viðkomandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) um þær skilgreiningar sem er stuðst við.

**4. gr.****Gagnasöfnun**

Aðildarríki er heimilt að styðjast við úrtakskannanir eða aðrar viðeigandi heimildir við öflun gagna um helstu þætti í afrakstri eldis og ræktunar í sjó og vatni. Heimilt er að áætla aðra þætti.

Sé heildarársframleiðsla aðildarríkis undir 1 000 tonnum er því heimilt að leggja fram áætlun um heildarframleiðsluna.

Aðildarríkið skal tilgreina hverja og eina tegund, sem er talin upp í III. viðauka, sérstaklega. Fari framleiðsla einstakra tegunda ekki yfir 1 000 tonn og sé hún ekki yfir 10% af þyngd heildarframleiðslunnar er samt sem áður heimilt að áætla framleiðsluna og leggja fram heildargögn um hana.

**5. gr.****Aðlögunartímabil og undanþágur**

1. Geti aðildarríki ekki fullnægt skilyrðum þessarar reglugerðar getur framkvæmdastjórnin mælt fyrir um allt að þriggja ára aðlögunartímabil frá gildistökudegi þessarar reglugerðar til þess að ná fram öllum markmiðum reglugerðarinnar.

Á aðlögunartímabilinu er heimilt að veita aðildarríki tímabundnar undanþágur frá beitingu þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öllum aðildarríkjunum um einstök atriði slíkra undanþágna.

2. Ef það veldur innlendum yfirvöldum erfiðleikum að telja með tiltekinn hluta eldis og ræktunar í sjó og vatni, sem ekki eru í réttu hlutfalli við mikilvægi þess hluta í viðkomandi aðildarríki, er heimilt að veita undanþágu í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr., þar sem umræddu aðildarríki yrði heimilað að undanskilja gögn um þennan hluta í upplýsingum sínum.

3. Undanþágurnar sem veittar eru samkvæmt 2. mgr. skulu ekki gilda lengur en í þrjú ár; þó er heimilt að framlengja þær til þriggja ára í senn. Þegar aðildarríki leggur fram beiðni um framlengingu skal það senda framkvæmdastjórninni niðurstöður úrtakskönnunar þar sem fram kemur hvaða erfiðleika beiting reglugerðarinnar hefur í för með sér. Farið verður með beiðnina samkvæmt málsmeðferðinni í 7. gr.

**6. gr.****Nefnd**

Framkvæmdastjórnin mun setja reglur um framkvæmd þessarar reglugerðar, meðal annars breytingar á afhendingarformi gagna í I. viðauka, skilgreiningunum í II. viðauka og skránni yfir tegundir í III. viðauka, að höfðu samráði við fastanefndina um landbúnaðarskýrslur í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 7. gr.

**7. gr.****Málsmeðferð**

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í þessari grein ber formanni að vísa málinu til fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur, hér á eftir kölluð „nefndin“, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögum innan þeirra tímamarka sem formanninum er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu þessar ráðstafanir hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin greina ráðinu tafarlaust frá þeim. Ef svo ber undir:

- skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna, sem hún hefur ákveðið að gera, um tvo mánuði frá dagsetningu orðsendingarinnar,
- er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirlitnum hér að framan.

**8. gr.****Lokaákvæði**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**W. LUCHETTI**

forseti.



## I. VIÐAUKI

## Magn fisks, krabbadýra, lindýra og þangs sem er afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni

(líffýngd í  
tönnum)

Tegund <sup>(1)</sup>	Annað vatn				Samtals <sup>(2)</sup>
	Ferskvatn <sup>(2)</sup>	Ísalt vatn <sup>(3)</sup>	Sjór <sup>(3)</sup>	Samtals <sup>(2)</sup>	
Fiskur					
Krabbadýr					
Lindýr					
Þang <sup>(4)</sup>					

<sup>(1)</sup> Samkvæmt ákvæðum 4. gr. ber að tilgreina hverja og eina tegund. Í III. viðauka er leiðbeinandi skrá yfir tegundir í eldi og ræktun í sjó og vatni.

<sup>(2)</sup> Lögbundin afhending gagna.

<sup>(3)</sup> Valfrjáls afhending gagna.

<sup>(4)</sup> Blautvigt.

## II. VIÐAUKI

### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „Eldi og ræktun í sjó og vatni“: ræktun lagarlífvera, meðal annars fisks, lindýra, krabbadýra og vatnaplantna. Í ræktun felst að gripið er inn í uppeldi með einum eða öðrum hætti í þeim tilgangi að auka framleiðslu, t.d. með reglulegri endurnýjun á stofni, fóðrun og verndun gegn ránfiskum. Í ræktun felst einnig að stofninn, sem verið er að rækta, er annaðhvort í eigu einstaklings eða félags; í honum kunna enn fremur að vera fólgin samningsbundin réttindi. Við hagskýrslugerð eru lagarlífverur, sem einstaklingur eða félag rækta og hefur átt allan uppvaxtartímann, taldar til ræktunar í sjó og vatni en lagarlífverur, sem almenningur nýtir sem sameiginlega auðlind, með eða án sérstaks leyfis, til fiskveiða.
- „Ferskvatn“: vatn í ám, vatnsföllum, stöðuvötnum, tjörnum og tönkum og annars staðar þar sem selta vatnsins er óveruleg að staðaldri.
- „Annað vatn“: vatn þar sem selta er ekki óveruleg árið um kring. Selta getur verið mikil að staðaldri (t.d. sjór) eða sveiflukennð (t.d. af völdum sjávarfalla eða árstíðabundinna áhrifa).
- „Sjór“: vatn með mikla seltu sem helst tiltölulega stöðug.
- „Ísalt vatn“: vatn með talsverða seltu en ekki mikla að staðaldri. Seltan getur verið talsvert breytileg vegna innstreymis ferskvatns eða sjávar.
- „Afrakstur eldis og ræktunar í sjó og vatni“: neysluafurðir sem verða til með því að beita lágnyttja ræktunaraðferðum eða þauleldi og er talin þar með framleiðsla vatnaplantna til notkunar í iðnaði. Framleiðsla eða afurðir klakstöðva, sem eru notaðar áfram í eldi í sjó og vatni, eru ekki taldar með. Framleiðslu úr dýraríkinu ber að skrá sem jafngildi lífþyngdar í tonnum og framleiðslu vatnaplantna sem blautvigt.

## III. VIÐAUKI

## Skila ber hagtolum um afrakstur með tilliti til eftirtalinna afurða úr eldi og ræktun í sjó og vatni:

Íslenskt heiti	Enskt heiti	Vísindaheiti	3ja bókstafa kóði
<b>FISKAR</b>			
Graskarpi	Grass carp (White amur)	Ctenopharyngodon idella	FCG
Vatnakarpi	Common carp	Cyprinus carpio	FCP
Gedda	Northern pike	Esox lucius	FPI
Eðalkarpi	Bighead carp	Hypophthalmichthys nobilis	BIC
Silfurkarpi	Silver carp	Hypophthalmichthys molitrix	SVC
Ferskvatnsbeinfiskar ót.a.	Freshwater fishes n.e.i.	Osteichthyes	FRF
Rútar	Roaches	Rutilus spp.	FRX
Grunnungur	Tench	Tinca tinca	FTE
Beitarfiskar ót.a.	Tilapias n.e.i.	Oreochromis spp.	TLP
Norður-Afríkugrani	North African catfish	Clarius gariepinus	CLZ
Svarti kattgrani	Black bullhead	Ictalurus melas	ITM
Fengrani	Wels (Som) catfish	Silurus glanis	SOM
Styrjur ót.a.	Sturgeons n.e.i.	Acipenseridae	STU
Bjartáll	European eel	Anguilla anguilla	ELE
Vatnasíld ót.a.	Whitefishes n.e.i.	Coregonus n.e.i	WHF
Silfurlax	Coho (= Silver salmon)	Oncorhynchus kisutch	COH
Regnbogasilungur	Rainbow trout	Oncorhynchus mykiss	TRR
Kyrrahafslaxar ót.a.	Pacific salmon n.e.i.	Oncorhynchus spp.	ORC
Atlantshafslax	Atlantic salmon	Salmo salar	SAL
Urriðar ót.a.	Trouts n.e.i.	Salmo spp.	TRO
Sjóbirtingur	Sea trout	Salmo trutta	TRS
Fjallableikja	Arctic char	Salvelinus alpinus	ACH
Lindableikja	Brook trout	Salvelinus fontinalis	SVF
Bleikjur ót.a.	Chars n.e.i.	Salvelinus spp.	CHR
Sandhverfa	Turbot	Psetta maxima	TUR
Sólflúra	Common sole	Solea vulgaris	SOL
Þorskur	Atlantic cod	Gadus morhua	COD
Barri	Seabass	Dicentrarchus labrax	BSS
Kólguflekkir ót.a.	Porgies, seabreams n.e.i.	Sparidae	SBX
Gullflekki	Gilthead seabream	Sparus auratus	SBG
Hausröndungur	Flathead grey mullet	Mugil cephalus	MUF
Röndungar ót.a.	Mullets n.e.i.	Mugilidae	MUL
Gullinrafi	Greater amberjack	Seriola dumerili	AMB
Túnfiskur	Northern bluefin tuna	Thunnus thynnus	BFT
<b>KRABBADÝR</b>			
Vatnakrabbar	Crayfishes	Astacus spp., Cambarus spp.	AYS
Risa-vatnarækja	Giant river prawn	Macrobrachium rosenbergii	PRF
Japansrækja	Kuruma prawn	Penaeus japonicus	KUP
Ferskvatnshumar	Red swamp crawfish	Procambarus clarkii	RCW
Broddakrabbi	Spinous spider crab	Maja squinado	SCR
Svipuhumrar ót.a.	Palinurid spiny lobsters n.e.i.	Palinurus spp.	CRW
Strandrækja	Common prawn	Palaemon serratus	CPR
Tígrissrækja	Giant tiger prawn	Penaeus monodon	GIT
Svipuhumar	Signal crayfish	Pacifastacus leniusculus	PCL

Íslenskt heiti	Enskt heiti	Vísindaheiti	3ja bókstafa kóði
<b>LINDÝR</b>			
Risaostra	Pacific cupped oyster	Crassostrea gigas	OYG
Ostruætt	Cupped oyster	Crassostrea spp.	OYC
Ostra	European flat oyster	Ostrea edulis	OYF
Kræklingur	Blue mussel	Mytilus edulis	MUS
Miðjarðarhafskræklingur	Mediterranean mussel	Mytilus galloprovincialis	MSM
Drottningardiskur	Queen scallop	Chlamys opercularis	QSC
Risadiskur	Common scallop	Pecten maximus	SCE
Hjartaskel	Common cockle	Cardium edule	COC
Dúkaskel	Grooved carpet shell	Ruditapes decussatus	CTG
Maniluskel	Japanese (Manila) clam	Ruditapes philippinarum	CLJ
Teppisskeljar ót.a.	Carpet shells n.e.i	Tapes spp.	TPS
Freyjuskeljar	Venus clams	Veneridae	CLV
Blefkiskur	Common cuttlefish	Sepia officinalis	CTC
Kaupmannsskel	Hard clam	Mercenaria mercenaria	CLH
<b>ÞANG</b>			
Japönsk þategund ót.a.	Wakame n.e.i	Undaria spp.	UDS

ót.a.= ótilgreint annars staðar

n.e.i. = not elsewhere indicated.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/18**

**nr. 18/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/97 frá 12. desember 1997<sup>(1)</sup>.

Rétt er að breyta bókun 31 við samninginn til að bæta gagnkvæma aðstoð á Evrópska efnahagssvæðinu komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar og efla samvinnu á sviði almannavarna.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi tvær málsgreinar bætist við í 10. gr. (Almannavarnir) í bókun 31 við samninginn:

„ 3. Samningsaðilarnir skulu leitast við að efla samvinnu til að bæta gagnkvæma aðstoð á Evrópska efnahagssvæðinu komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar innan ramma starfsemi bandalagsins sem gæti leitt af eftirfarandi gerð bandalagsins:

- **491 Y 0727(01):** Ályktun ráðsins 91/C 198/01 og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, frá 8. júlí 1991 um að bæta gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar (Stjttíð. EB nr. C 198, 27. 7. 1991, bls. 1).

4. Samningsaðilarnir skulu einkum leitast við að efla samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins sem gæti leitt af eftirfarandi gerð bandalagsins:

- **494 Y 1110(01):** Ályktun ráðsins 94/C 313/01 og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, frá 31. október 1994 um að efla samvinnu á vettvangi bandalagsins á sviði almannavarna (Stjttíð. EB nr. C 313, 10. 11. 1994, bls. 1).“.

**2. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 55 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 107.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/19**

**nr. 19/98**  
**frá 6. mars 1998**

**um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/97 frá 12. nóvember 1997<sup>(1)</sup>.

Ráð Evrópusambandsins hefur samþykkt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2600/97 frá 19. desember 1997<sup>(2)</sup> um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3094/95 frá 22. desember 1995<sup>(3)</sup> um aðstoð til skipasmíða þar sem felldar eru inn skuldbindingar þess samkvæmt OECD-samningnum varðandi eðlileg samkeppnisráðgjafi í skipas-míðaiðnaðinum og skipaviðgerðum.

Fella ber úr gildi aðlögunarlið t) við lið 1b (tilskipun ráðsins 90/684/EBE) í XV. viðauka við samninginn vegna upptöku í EES-samninginn á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95, eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1904/96<sup>(4)</sup>, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/97 frá 12. nóvember 1997.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2600/97 frá 19. desember 1997 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3094/95 um aðstoð til skipasmíða skal tekin upp í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95) í XV. viðauka við samninginn:

„- **397 R 2600:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2600/97 frá 19. desember 1997 (Stjttíð. EB nr. L 351, 23. 12. 1997, bls. 18).“.

**2. gr.**

Aðlögunarliður t) við lið 1b (tilskipun ráðsins 90/684/EBE) í XV. viðauka við samninginn falli niður.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 160, 4. 6. 1998, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 22, 4. 6. 1998, bls. 32.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 351, 23. 12. 1997, bls. 18.

(<sup>3</sup>) Stjttíð. EB nr. L 332, 30. 12. 1995, bls. 1.

(<sup>4</sup>) Stjttíð. EB nr. L 251, 3. 10. 1996, bls. 5.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2600/97****frá 19. desember 1997****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3094/95 um aðstoð til skipasmíða(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum c-lið 3. mgr. 92. gr., 94. og 113. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samningur á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) milli Evrópubandalagsins og tiltekinnna þriðju ríkja um að virða eðlileg samkeppnisskilyrði í skipasmíða- og skipavíðgerðaiðnaði <sup>(2)</sup> hefur enn ekki öðlast gildi.

Af þeim sökum hefur reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95 frá 22. desember 1995 um aðstoð til skipasmíða <sup>(3)</sup> enn ekki öðlast gildi.

Í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 3094/95 gilda viðeigandi ákvæði tilskipunar ráðsins 90/684/EBE frá 21. desember 1990 um aðstoð til skipasmíða <sup>(4)</sup> áfram til bráðabirgða uns OECD-samningurinn öðlast gildi, þó eigi lengur en til 31. desember 1997.

Með tilliti til áframhaldandi óvissu um gildistöku OECD-samningsins, sem kann að dragast enn frekar fram yfir 31. desember 1997, ber nauðsyn til að ráðið geri viðeigandi ráðstafanir þar til ákvarðanir hafa verið teknar um hugsanlegar nýjar ráðstafanir varðandi aðstoð til skipasmíða.

Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 3094/95.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi komi í stað þriðju málsgreinar 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 3094/95.

„Þangað til téður samningur öðlast gildi skulu viðeigandi ákvæði tilskipunar 90/684/EBE gilda, þó eigi lengur en til 31. desember 1998.“

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

**F. BODEN**

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 351, 23. 12. 1997, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Álit var skilað 17. desember 1997 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(2) Stjttö. EB C 375, 30. 12. 1994, bls. 3.

(3) Stjttö. EB L 332, 31. 12. 1995, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1904/96 (OJ L 251, 3. 10. 1996, bls. 5).

(4) Stjttö. EB L 380, 31. 12. 1990, bls. 27.

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/20

nr. 20/98  
frá 6. mars 1998

## um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn

### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/97 frá 12. nóvember 1997<sup>(1)</sup>.

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE frá 18. desember 1996 um bandalagsreglur um ríkisaðstoð við stáliðnaðinn<sup>(2)</sup> sem kemur í stað ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 3855/91/KSE<sup>(3)</sup> um bandalagsreglur um aðstoð við stáliðnaðinn sem féll úr gildi 31. desember 1996.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 3855/91/KSE var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE frá 18. desember 1996 skal tekin upp í samninginn.

### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

Í stað liðar 1a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 3855/91/KSE) í XV. viðauka við samninginn komi:

1a. **396 S 2496:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE frá 18. desember 1996 um bandalagsreglur um ríkisaðstoð við stáliðnaðinn (Stjttíð. EB nr. L 338, 28. 12. 1996, bls. 42).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) hugtakið „framkvæmdastjórn“ lesist sem „þar til bær eftirlitsstofnun eins og hún er skilgreind í 62. gr. EES-samningsins“;
- b) hugtakið „samrýmanlegt hinum sameiginlega markaði“ lesist sem „samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins“;
- c) í 2. gr. bætist við eftirfarandi: „eða, ef EFTA-ríki á í hlut, 14. kafli í Málsmæðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar sem teknar voru upp af Eftirlitsstofnun EFTA 15. maí 1996<sup>(4)</sup>(<sup>5</sup>)“;
- d) í 3. gr. bætist við eftirfarandi: „eða, ef EFTA-ríki á í hlut, 15. kafli í Málsmæðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar sem teknar voru upp af Eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994<sup>(6)</sup>, í samræmi við skilyrði fyrir beitingu þeirra gagnvart stáliðnaði EB, og sambærilegum iðnaði í EFTA-ríkjunum, sem fjallað er um í viðauka við þessa ákvörðun“;
- e) í viðauka við ákvörðunina lesist „leiðbeiningar bandalagsins um ríkisaðstoð“ sem „Málsmæðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar sem teknar voru upp af Eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994“;
- f) fyrsti málslíður 1. mgr. 4. gr. lesist „aðstoð vegna greiðslna til starfsmanna í stálfyrirtækjum EB og sambærilegum fyrirtækjum í EFTA-ríkjunum sem sagt er upp störfum vegna samdráttar í rekstri eða sem fallast á snemmbær eftirlaun getur talist samrýmast sameiginlega markaðinum að því tilskildu að: “;
- g) í c-lið 1. mgr. 4. gr. bætist við eftirfarandi: “eða, ef um er að ræða EFTA-ríki að aðstoðin í hlutfalli við greiðslurnar verði ekki meiri en stálfyrirtæki í EB fengi við svipaðar aðstæður“;

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 160, 4. 6. 1998, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 22, 4. 6. 1998, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 338, 28. 12. 1996, bls. 42.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 362, 31. 12. 1991, bls. 57.

<sup>(4)</sup> Ákvæði 3. og 4. mgr. í lið 14.5.3 í Málsmæðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar um rannsóknarverkefni sem samrýmist markmiðum sérstaks verkefnis eða áætlunar sem er hluti af gildandi rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir og tækniþróun gilda einnig um aðstoð vegna rannsóknarverkefnis sem er hluti af verkefni eða áætlun KSE á sviði rannsókna og tækniþróunar í tengslum við stál.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 245, 26. 9. 1996, bls. 20.

<sup>(6)</sup> Stjttíð. EB nr. L 231, 3. 9. 1994, bls. 1.



- h) í 1. mgr. 6. gr. skal „samkvæmt EB-sáttmálanum” hljóða „samkvæmt EB-sáttmálanum eða samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“;
- i) í 4. og 5. mgr. 6. gr. skal „88. gr. sáttmála KSE” hljóða „88. gr. sáttmála KSE og tilsvareandi málsmeðferð samkvæmt samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR nr. 2496/96/KSE****frá 18. desember 1996****um bandalagsreglur um ríkisaðstoð við stáliðnaðinn(\*)****(Texti sem varðar EES)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu, einkum fyrstu og annari málsgrein 95. gr.,

með einróma samþykki ráðsins og að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

**I**

Samkvæmt c-lið 4. gr. sáttmálans er aðildarríkjunum bannað að veita stáliðnaði nokkurs konar aðstoð, hvort heldur hún er afmörkuð eða víðtæk.

Reglur sem heimila að stáliðnaðinum sé veitt aðstoð í ákveðnum tilvikum og settar eru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 3855/91/KSE<sup>(1)</sup>, ná til hvers konar aðstoðar sem aðildarríkin fjármagna, hvort heldur hún er afmörkuð eða víðtæk.

Með reglunum átti fyrst og fremst að koma í veg fyrir að stáliðnaðurinn yrði af aðstoð til rannsókna og þróunarmála, svo og umhverfisverndarmála. Reglurnar heimila einnig félagslega aðstoð sem ætlað er að stuðla að því að dregið sé úr starfsemi iðjuvera eða standa straum af kostnaði við að hætta allri KSE-starfsemi hjá þeim fyrirtækjum sem eru síst samkeppnishæf. Þó er veitt undanþága vegna svæðisbundinnar aðstoðar í tilteknum aðildarríkjum og takmarkast hún nú við Grikkland. Öll önnur aðstoð er bönnuð.

Þær ströngu reglur sem þannig eru settar hafa stuðlað að sanngjarnri samkeppni í þessari atvinnugrein á síðustu árum. Þær samræmast tilganginum með stofnun innri markaðar. Því er rétt að beita þeim áfram, þó með nokkrum tæknilegum breytingum.

Ákvörðun nr. 3855/91/KSE fellur úr gildi 31. desember 1996.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 338, 28. 12. 1996, bls. 42, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 362, 31. 12. 1991, bls. 57.

Því er bandalagið í stöðu sem ekki eru sérstök ákvæði um í sáttmálanum en þó er aðgerða þörf. Við þær aðstæður verður að grípa til þeirra úrræða sem kveðið er á um í fyrstu málsgrein 95. gr. sáttmálans, til að bandalagið geti unnið áfram að þeim markmiðum sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. gr. hans.

**II**

Þessari ákvörðun er ætlað að gilda til 22. júlí 2002 þannig að hún spanni tímabilið þar til sáttmálinn fellur úr gildi.

Ef tryggja á stáliðnaðinum og öðrum atvinnugreinum jafnan aðgang að aðstoð til rannsókna og þróunarstarfa og aðstoð til umhverfisverndar, verður einnig að meta hvernig þessar áætlanir um aðstoð samræmast hinum sameiginlega markaði í ljósi rammaákvæða bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna og þróunarmála<sup>(2)</sup> og rammaákvæða um ríkisaðstoð til umhverfisverndar<sup>(3)</sup>. Þau síðastnefndu kveða á um að dregið verði úr hámarksaðstoð vegna aðlögunar að nýjum, lögboðnum stöðlum miðað við ákvæði ákvörðunar nr. 3855/91/KSE, og gera ráð fyrir aukinni aðstoð vegna fjárfestinga sem leiða til umhverfisverndar en eru töluvert yfir lágmarksstöðlum. Enn fremur veita þau nokkurt svigrúm til rekstrarástoðar, einkum hvað varðar undanþágu frá umhverfissköttum þegar svo háttar til að nauðsynlegt reynist að tryggja að fyrirtækin séu ekki verr sett en keppinautar þeirra í löndum þar sem slíkar ráðstafanir tíðkast ekki.

Hætti fyrirtæki allri KSE-starfsemi er heimilt að veita aðstoð án tillits til þess hvers eðlis stálframleiðsla fyrirtækisins er. Reglur ákvörðunar nr. 3855/91/KSE um aðstoð vegna lokunar fyrirtækja áttu aðeins við þau tilvik þegar fyrirtækið, sem lokar stáliðjuverum sínum, tilheyrir ekki samsteypu sem nær til annarra KSE-fyrirtækja, og því höfðu þær takmörkuð áhrif í raun. Til að draga megi enn frekar úr framleiðslugetu í stáliðnaði er rétt að þessi ákvörðun heimili einnig aðstoð við lokun fyrirtækja sem mynda samsteypur með öðrum stálfyrirtækjum, að því tilskildu að fyrirtækið sem nýtur aðstoðar sé sjálfstætt í raun og að samsteypan færi ekki út eftirstandandi rekstur sinn á næstu fimm árum.

(2) Stjtið. EB nr. C 45, 17. 2. 1996, bls. 5.

(3) Stjtið. EB nr. C 72, 10. 3. 1994, bls. 3.

Ef komast á hjá mismunun vegna þess hve mismunandi ríkisaðstoð getur verið verður tilfærsla á fjármagni frá ríkinu til almennings- eða einkafyrirtækja í stáliðnaðinum, svo sem kaup á hlutabréfum, útvegum stofnfjár eða samskonar fjármögnun, að lúta sömu reglum og um aðstoð væri að ræða svo að framkvæmdastjórnin geti ákvarðað hvort um sé að ræða aðstoð. Svo mun verða þegar tilfærsla fjármagns er ekki raunverulegt framlag áhættufjármagns samkvæmt almennri fjárfestingarvenju í markaðshagkerfi. Framkvæmdastjórnin metur hvernig slík aðstoð samræmist reglum sáttmálans í ljósi þeirrar viðmiðunar sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun. Í þessu sambandi skal alltaf tilkynna framkvæmdastjórninni þegar fé er miðlað með þessum hætti og eigi er heimilt að hefjast handa fyrir en að loknu stöðvunartímabili sem kveðið er á um í 6. mgr. 6. gr. Áður en því lýkur sker framkvæmdastjórnin úr um hvort um aðstoð sé að ræða og komist hún að þeirri niðurstöðu að svo sé hrindir hún í framkvæmd þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 5. mgr. 6. gr.

Beita ber ákvæðum þessarar ákvörðunar í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar bandalagsins varðandi ríkisaðstoð til stáliðnaðarins.

Framkvæmdastjórnin tekur saman árlega skýrslu um framkvæmd þessarar ákvörðunar til þess að umfjöllun um aðstoð verði opin skárrí.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

### 1. gr.

#### Meginreglur

1. Aðstoð við stáliðnaðinn, hvort sem hún er afmörkuð eða víðtæk, sem aðildarríkin standa straum af eða héraðs- eða sveitarstjórnir þeirra með opinberum fjármunum í hvaða mynd sem er skal teljast bandalagsaðstoð og þar með samrýmanleg eðlilegri starfsemi hins sameiginlega markaðar þá og því aðeins að hún fullnægi ákvæðum 2.-5. gr.

2. Hugtakið „aðstoð“ nær einnig til aðstoðar, sem felst í flutningi fjármuna frá ríkinu, héraðs- eða sveitarstjórnnum eða öðrum aðilum, til stálfyrirtækja í mynd hlutafjárkaupa, fjárfraflaga eða svipaðrar fjármögnunar (t.d. verðbréf sem breyta má í hlutabréf eða lán sem ekki eru veitt í ábataskyni og sem vextir eða afborganir greiðast af eftir fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins, og eru lánatryggingar og millifærslur fasteigna meðtaldar) sem ekki verður talin eiginlegt framlag áhættufjárá samkvæmt viðtekinni fjárfestingarvenju í markaðshagkerfi.

3. Aðstoð, sem fellur undir þessa ákvörðun, má einungis veita eftir að reglunum, sem mælt er fyrir um í 6. gr., hefur verið framfylgt og skal hún ekki greidd út eftir 22. júlí 2002.

### 2. gr.

#### Aðstoð til rannsókna og þróunar

Aðstoð, sem veitt er stálfyrirtækjum til að standa straum af kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna, getur talist samrýmanleg hinum sameiginlega markaði ef hún samrýmist þeim reglum sem mælt er fyrir um í rammaákvæðum um ríkisaðstoð til rannsókna og þróunar, eins og þær birtast í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* nr. C 45 frá 17. febrúar 1996 <sup>(1)</sup>.

### 3. gr.

#### Aðstoð til umhverfisverndar

Aðstoð til umhverfisverndar getur talist samrýmanleg hinum sameiginlega markaði ef hún samrýmist þeim reglum sem mælt er fyrir um í rammaákvæðum um ríkisaðstoð til umhverfisverndar, eins og þær birtast í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* nr. C 72 frá 10. mars 1994, í samræmi við viðmiðanir um beitingu þeirra í stáliðnaði KSE, sem er lýst í viðaukanum við þessa ákvörðun.

### 4. gr.

#### Aðstoð vegna lokunar

1. Aðstoð til að inna af hendi greiðslur til launþega sem sagt er upp störfum eða fer á eftirlaun fyrir en ella getur talist samrýmanleg hinum sameiginlega markaði að því tilskildu að:

a) greiðslurnar stafi beinlínis af því að stáliðjuver, sem var í samfelldum rekstri allt til þess tíma að tilkynnt var um aðstoðina, hefur dregið saman seglin eða hætt starfsemi og að ekki hafi þegar verið reiknað með lokun fyrirtækisins við beitingu ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar nr. 257/80/KSE <sup>(2)</sup>, nr. 2320/81/KSE <sup>(3)</sup>, nr. 3484/85/KSE <sup>(4)</sup>, nr. 218/89/KSE <sup>(5)</sup>, nr. 322/89/ KSE <sup>(6)</sup>, nr. 3855/91/KSE <sup>(7)</sup>, 94/257/KSE <sup>(8)</sup>, 94/258/KSE <sup>(9)</sup>, 94/259/KSE <sup>(10)</sup>, 94/260/KSE <sup>(11)</sup>, 94/261/KSE <sup>(12)</sup>, 94/1075/KSE <sup>(13)</sup>, 96/315/KSE <sup>(14)</sup> um aðstoð við stáliðnaðinn, eða laganna um aðild Spánar og Portúgals;

<sup>(1)</sup> Ákvæði liðar 5.10.3 í rammaákvæðum, sem átt geta við um rannsóknarverkefni sem eru í samræmi við markmið sérstaks verkefnis eða áætlunar í tengslum við núverandi rammaáætlun bandalagsins um rannsóknir og tækniþróun (RTD), eiga einnig við um rannsóknarverkefni sem unnið er í tengslum við KSE-verkefni eða -áætlun um rannsóknir og tækniþróun á sviði stáliðnaðar.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 29, 6. 2. 1980, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 228, 13. 8. 1981, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 340, 18. 12. 1985, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 86, 31. 3. 1989, bls. 76.

<sup>(6)</sup> Stjttíð. EB nr. L 38, 10. 2. 1989, bls. 8.

<sup>(7)</sup> Stjttíð. EB nr. L 362, 31. 12. 1991, bls. 57.

<sup>(8)</sup> Stjttíð. EB nr. L 112, 3. 5. 1994, bls. 52.

<sup>(9)</sup> Stjttíð. EB nr. L 112, 3. 5. 1994, bls. 58.

<sup>(10)</sup> Stjttíð. EB nr. L 112, 3. 5. 1994, bls. 64.

<sup>(11)</sup> Stjttíð. EB nr. L 112, 3. 5. 1994, bls. 71.

<sup>(12)</sup> Stjttíð. EB nr. L 112, 3. 5. 1994, bls. 77.

<sup>(13)</sup> Stjttíð. EB nr. L 386, 31. 12. 1994, bls. 18.

<sup>(14)</sup> Stjttíð. EB nr. L 121, 21. 5. 1996, bls. 16.

- b) greiðslurnar séu ekki hærri en tíðkast samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru í aðildarríkjnum 1. janúar 1996; og
- c) aðstoðin sé ekki meiri en nemur 50% af þeim hluta slíkrar greiðslu sem aðildarríkið og/eða bandalagið innir ekki af hendi samkvæmt c-lið 1. mgr. eða b-lið 2. mgr. 56. gr. sáttmálans samkvæmt þeim reglum sem mælt er fyrir um í tvíhliða samningum en á að greiðast af fyrirtækinu.

2. Aðstoð til stálfyrirtækja, sem hætta alfarið framleiðslu á járn- og stálvörum KSE, getur talist samrýmanleg eðlilegri starfsemi hins sameiginlega markaðar að því tilskildu að fyrirtækin:

- a) hafi verið orðin lögaðili fyrir 1. janúar 1996;
- b) hafi framleitt járn- og stálvörur KSE samfleytt allt til þess dags er tilkynnt var um aðstoðina í samræmi við 6. gr.;
- c) hafi ekki endurskipulagt framleiðslu eða iðjuver eftir 1. janúar 1996; og
- d) lúti hvorki beint né óbeint, í skilningi ákvörðunar hins háa yfirvalds nr. 24/54 <sup>(1)</sup>, né stjórn beint eða óbeint öðru fyrirtæki sem er sjálft stálfyrirtæki eða stjórnar öðrum stálfyrirtækjum;
- e) láti loka og eyðileggja iðjuver, sem notuð voru til framleiðslu á járn- og stálvörum KSE, innan sex mánaða frá því framleiðslu er hætt eða innan sex mánaða frá því að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðina, hvort heldur sem gerist síðar; og
- f) að lokun iðjuvera þeirra hafi ekki enn verið tekin til greina við framkvæmd ákvarðananna sem um getur í a-lið 1. mgr. í lögnum um aðild Spánar og Portúgals eða í sambandi við jákvæða álitserð samkvæmt 54. gr. sáttmálans.

Fjárhæðin sem greidd er í aðstoð má ekki vera hærri en hærri talan af eftirfarandi tveimur tölum, sem fengnar eru úr skýrslu óháðs sérfræðings:

- a) núvirði framlegðar viðkomandi iðjuvers til að mæta fastakostnaði um þriggja ára skeið, að frádregnum ávinningi sem fyrirtækið hefur af því að loka; eða
- b) niðurlagsverð iðjuvera, að frátöldum þeim hluta endurmats frá 1. janúar 1996 sem er hærri en innlent verðbólguþig.

3. Aðstoð við stálfyrirtæki, sem uppfylla skilyrðin sem vísað er til í a-, b-, c-, e- og f-lið í fyrstu undirgrein 2. mgr., en eru beint eða óbeint undir stjórn fyrirtækis í stáliðnaði eða stjórna beint eða óbeint slíku fyrirtæki, getur talist samrýmanleg hinum sameiginlega markaði, að því tilskildu að:

- a) fyrirtækið, sem ráðgert er að loka, hafi í raun og að lögum verið aðgreint frá samsteypunni eigi skemur en sex mánuði þegar aðstoðin kemur til greiðslu; og
- b) óháður endurskoðandi, sem framkvæmdastjórnin viðurkennir, votti að bókhald fyrirtækisins, sem ráðgert er að loka, gefi rétta og raunsanna mynd af eignum og skuldum þess;
- c) sannanlega sé hægt að sýna fram á raunverulegan samdrátt í framleiðslugetu sem geti orðið greininni til framdráttar með tímanum þegar litið er til samdráttar í framleiðslugetu járn- og stálvara KSE á þeim tíma þegar fyrirtækinu var lokað og um fimm ára skeið frá lokunardegi, eða frá síðasta greiðsludegi aðstoðar sem viðurkennd er með tilliti til ákvæða þessarar greinar, ef það gerist síðar, og leiði það almennt til aukins samræmis milli framboðs og eftirspurnar á markaðinum; og
- d) umrædd lokun hafi ekki enn verið tekin til greina við framkvæmd ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar frá 19. október 1994 <sup>(2)</sup>.

Fjárhæðin sem greidd er í aðstoð má ekki vera umfram meðaltal eftirfarandi tveggja talna, sem fengnar eru úr skýrslu óháðs sérfræðings:

- a) núvirði framlegðar viðkomandi iðjuvers til að mæta fastakostnaði um þriggja ára skeið, að frádregnum ávinningi sem fyrirtækið hefur af því að loka; eða
- b) niðurlagsverð iðjuvera, að frátöldum þeim hluta endurmats frá 1. janúar 1996 sem er hærri en innlent verðbólguþig.

4. Öll aðstoð, sem samþykkt er samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr., skal lögð fyrir óháðan endurskoðanda sem framkvæmdastjórnin viðurkennir, svo tryggt sé að ekki sé farið fram úr þeim mörkum, sem kveðið er á um í annarri undirgrein 2. mgr. og annarri undirgrein 3. mgr., og að það sem ofgreitt kann að reynast fáist endurgreitt.

## 5. gr.

### Sérákvæði

Aðstoð sem veitt er stálfyrirtækjum til fjárfestingar samkvæmt almennri byggðaáætlun getur, allt til 31. desember 2000, talist samrýmanleg hinum sameiginlega markaði að því tilskildu að fyrirtækið sem aðstoðar nýtur sé staðsett í Grikklandi, að heildarfjárhæð aðstoðarinnar sé ekki yfir 50 milljónir eka og að fjárhagsaðstoðin leiði ekki til aukinnar framleiðslugetu.

<sup>(1)</sup> Stjttú. KSE nr. 9, 11. 5. 1954, bls. 345/54.

<sup>(2)</sup> Stjttú. EB nr. C 390, 31. 12. 1994, bls. 20.

**6. gr.****Málsmeðferð**

1. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um öll áform um að veita eða breyta aðstoð af þeirri gerð sem um getur í 2. - 5. gr. með góðum fyrirvara svo að hún geti gert athugasemdir. Þá skal enn fremur greina henni frá áformum um að veita stáliðnaðinum aðstoð samkvæmt áætlunum sem þegar hefur verið tekið ákvörðun um samkvæmt EB-sáttmálanum.

Tilkynningar um fyrirhugaða aðstoð samkvæmt ákvæðum 4. gr., þar sem aðildarríki lætur í té aðstoð vegna áforma um lokun á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skulu sendar framkvæmdastjórninni af báðum aðildarríkjunum sameiginlega.

Tilkynningar um áætlanir um aðstoð þurfa að berast framkvæmdastjórninni eigi síðar en 31. desember 2001.

2. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um öll áform um flutning fjármuna frá ríki, héraðs- eða sveitarstjórnnum eða öðrum aðilum til stálfyrirtækja í mynd hlutafjárkaupa, fjárframlaga, lánatrygginga, bóta eða svipaðrar fjármögnunar og skal það gert með góðum fyrirvara svo að hún geti gert athugasemdir og eigi síðar en 31. desember 2001.

Framkvæmdastjórnin ákveður hvort í flutningi fjármunanna felist einhvers konar aðstoð í skilningi 2. mgr. 1. gr. og ef svo er, hvort hún sé samrýmanleg hinum sameiginlega markaði samkvæmt ákvæðum 2. - 5. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal falast eftir álitu aðildarríkjanna á áformum um aðstoð vegna lokunar og á öðrum mikilsháttar tillögum um aðstoð sem henni er tilkynnt um áður en hún tekur afstöðu til þeirra. Hún skal tilkynna aðildarríkjunum um afgreiðslu hverrar tillögu um aðstoð og greina jafnframt frá gerð og umfangi aðstoðarinnar.

4. Ráðstafanirnar sem um getur í 1. og 2. mgr. koma því aðeins til framkvæmda að framkvæmdastjórnin hafi samþykkt þær og með þeim skilyrðum sem hún setur.

Þegar framkvæmdastjórnin hefur gefið viðkomandi aðildarríki tækifæri til að gera athugasemdir getur hún tekið ákvörðun í samræmi við ákvæði fyrstu málsgreinar 88. gr. sáttmálans og farið fram á að aðildarríki fresti hvers kyns greiðslum þar til hún hefur veitt samþykki sitt. Ákvæði 88. gr. sáttmálans skulu gilda komi til þess að aðildarríki hlíti ekki áður nefndri ákvörðun.

Þegar framkvæmdastjórnin hefur gefið viðkomandi aðildarríki tækifæri til að gera athugasemdir getur hún tekið ákvörðun í samræmi við ákvæði fyrstu málsgreinar 88. gr. sáttmálans og

farið fram á að aðildarríki afturkalli til bráðabirgða hvers kyns greiðslur sem brjóta í bága við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar og c-lið 4. gr. sáttmálans. Endurgreiðslur fari fram í samræmi við gildandi málsmeðferð og ákvæði laga í viðkomandi aðildarríki, að viðbættum vöxtum á gengi sem notað er sem viðmiðunargengi við mat á aðstoð í héraði og reiknast frá útborgunardegi. Ákvæði 88. gr. sáttmálans skulu gilda komi til þess að aðildarríki hlíti ekki áður nefndri ákvörðun.

5. Telji framkvæmdastjórnin að tiltekin fjárhagsleg ráðstöfun geti falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. gr., eða efist hún um að aðstoð samræmist ákvæðum þessarar ákvörðunar, skal hún tilkynna viðkomandi aðildarríki um afstöðu sína eftir að hafa gefið hlutaðeigandi aðilum og öðrum aðildarríkjum tækifæri til að gera athugasemdir. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, að fengnum athugasemdum og þegar viðkomandi aðildarríki hefur verið veitt tækifæri til andsvara, að viðkomandi ráðstöfun samrýmist ekki ákvæðum þessarar ákvörðunar, skal hún taka ákvörðun eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berast þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta fyrirhugaða ráðstöfun. Ákvæði 88. gr. sáttmálans skulu gilda komi til þess að aðildarríki hlíti ekki áður nefndri ákvörðun.

6. Ef framkvæmdastjórnin hefur ekki málsmeðferð þá sem kveðið er á um í 5. mgr. eða gerir afstöðu sína kunna innan tveggja mánaða frá því henni berst tilkynning um fyrirhugaðar ráðstafanir, er viðkomandi aðildarríki heimilt að hrinda fyrirhuguðum ráðstöfunum í framkvæmd að því tilskildu að aðildarríkið tilkynni framkvæmdastjórninni fyrst um fyrirætlunina. Leiti framkvæmdastjórnin álitu aðildarríkjanna samkvæmt ákvæðum 3. mgr. skal ofangreindur frestur vera þrjú mánuðir.

**7. gr.****Skýrslur aðildarríkjanna**

Aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu tvisvar á ári um þá aðstoð sem greidd hefur verið út á næstliðnum sex mánuðum, hvernig hún var notuð og hvaða árangri hún skilaði á sama tímabili. Í skýrslunum skal enn fremur greina frá öllum fjárhagslegum aðgerðum aðildarríkis eða héraðs- eða sveitarstjórna gagnvart stálfyrirtækjum í almannaeigu. Skýrslur þessar skulu afhentar innan tveggja mánaða frá lokum þess sex mánaða tímabils sem þær fjalla um.

**8. gr.****Skýrslur framkvæmdastjórnarinnar**

Framkvæmdastjórnin gefur ráðinu á hverju ári skýrslu um framkvæmd þessarar ákvörðunar og einnig fá Evrópuþingið og ráðgjafarnefndin hana í upplýsingarskyni.

**9. gr.****Gildistími**

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Hún gildir til 22. júlí 2002.

Ákvörðun þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Karl VAN MIERT***

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

### VIÐMIÐANIR UM BEITINGU RAMMAÁKVÆÐA BANDALAGSINS UM RÍKISAÐSTOÐ VIÐ STÁLÞNADINN TIL UMhverfisverndar

Í öllum tilvikum um ríkisaðstoð vegna umhverfisverndar mun framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, setja ströng skilyrði og gera öryggisráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að almenn aðstoð við fjármögnun nýrra iðjuvera eða nýs búnaðar verði veitt undir yfirskini umhverfisverndar. Framkvæmdastjórnin hyggst nýta sér aðstoð óháðra sérfræðinga þegar slík tilvik eru athuguð og hafa samráð við aðildarríkin.

Aðstoð sem er veitt fyrirtækjum til að laga iðjuver sín að nýjum bindandi umhverfisstöðlum

- a) Við túlkun á lið 3.2.A í rammaákvæðum bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar, með tilliti til aðstoðar við fjárfestingu, mun framkvæmdastjórnin aðeins heimila aukningu aðstoðar við lítil og meðalstór fyrirtæki.
- b) Kjósi fyrirtæki að reisa nýtt iðjuver og setja upp tæki sem standast nýjar kröfur, fremur en að laga að nýjum kröfum iðjuver og tæki sem fyrir eru og orðin eru tveggja ára gömul eða eldri, verður eftirfarandi háttur hafður á:
  - i) kostnaður við aðlögun iðjuvers eða tækja sem fyrir eru (þ.e. forsenda þess að aðstoð komi til greina) skal metinn af fjárfesti, og ef þörf krefur einnig af óháðum sérfræðingum;
  - ii) framkvæmdastjórnin greini efnahagslegar og vistfræðilegar forsendur ákvörðunar um að skipta út iðjuverum eða tækjum sem fyrir eru. Meginreglan er sú að ekki komi til álita að veita aðstoð ef tekin er ákvörðun um nýja fjárfestingu sem hefði hvort eð er reynst nauðsynleg af efnahagslegum ástæðum eða sökum aldurs iðjuvera eða tækja sem fyrir eru. Talsvert verður að vera eftir af líftíma þess iðjuvers sem fyrir er (að minnsta kosti 25%), eigi aðstoð við nýja fjárfestingu að koma til álita.

Aðstoð til að hvetja fyrirtæki til að stuðla að verulega bættri umhverfisvernd

- a) Ákveði fyrirtæki að bæta umhverfisvernd verulega umfram það sem lögboðnir staðlar krefjast, og uppfylli það auk þess viðmiðanirnar sem um getur í ii-lið b-liðar hér að framan, skal fjárfestirinn sýna fram á að tekin hafi verið skýr ákvörðun um að setja strangari staðla sem hafi krafist aukinnar fjárfestingar, það er, að til hafi verið ódýrari lausn sem hefði staðist hina nýju umhverfisstaðla. Hvað sem öðru líður tekur hærri aðstoð aðeins til aukinnar umhverfisverndar sem náð hefur fram að ganga umfram staðla. Verði verulega bætt umhverfisvernd til þess að lækka framleiðslukostnað telst sú lækkun til frádráttar.
- b) Fyrirtæki, sem beitir sér fyrir verulega bættri umhverfisvernd, skal uppfylla viðmiðanirnar sem um getur í ii-lið b-liðar hér að framan, enn fremur kemur ávinningur af lækkuðum framleiðslukostnaði, sem stafar af verulega bættri umhverfisvernd, til frádráttar.
- c) Í tengslum við ofangreindar viðmiðanir verða fjárfestingar, sem miða eingöngu að umhverfisvernd, athugaðar með tilliti til þess hve vel þær samrýmast viðmiðunum sem settar eru fram í rammaákvæðum bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar <sup>(1)</sup>.

(1) Stjtið. EB nr. C 72, 10. 3. 1994, bls. 3.